

Efnisyfirlit

Leiklist í víðu samhengi	10
Leiksýning sem kennslufræðilegt afl – hvað þarf til?	10
List augnabliksins. Börn og leikhús, rannsókn á gildi leiklistar í skólastarfi.....	10
Leikritun í kennslu sem skapandi spunaferli	10
Textíll: Sjálfbærni, nám, verndun og varðveisla I	11
Rafrænar verkefna- og ferilmöppur fyrir textílnemendur í grunnskóla	11
Stafrænt handverk til sjálfbærni fyrir nám og störf í fatahönnun.....	11
Íslensk lopapeysa / Icelandic Lopapeysa sem verndað afurðarheiti.....	11
Með verkum handanna: Íslenskur refilsaumur fyrri alda.....	12
Textíll: Sjálfbærni, nám, verndun og varðveisla II	12
Vefsíða – Sjálfbærar og umhverfisvænar textílaðferðir	12
Skapandi vettlingaprjón fyrir byrjendur	13
Textíll í mynd	13
Útsaumspakkingar til varðveislun og sölu.....	13
Rannsóknir á verk- og starfsmenntun	14
Rannsóknir á verk- og starfsmenntun: Til hvers og fyrir hvern?	14
Kynjaviðinn í starfi leik- og grunnskóla í Litháen og Íslandi – Gender in preschools and compulsory schools in Lithuania and Iceland	15
Lithuanian teachers in the 21st century: Challenges and opportunities	15
Opinn efniviður og val barna á leikjum í ljósi kynjajafnréttismenntunar. Rannsókn í sex leikskólum	15
Þrengsli og kyn í leikrými barna.....	15
„Ég er bara ein með þau öll og er þá bara með tvo stuðninga“. Ungar kennslukonur í grunnskólum veturinn 2021–2022	16
Ekki öll eins en jafnmikils virði - Lýðræði í styðjandi/hvetjandi leikskólaumhverfi	16
Þar sem öll geta verið þau sjálf. Jafnrétti í leikskólastarfi	16
Valdeflandi matmálstímar	17
Athuganir í leikskólum.....	17
Að skapa örheima í leik með stafrænan efnivið.....	18
Gæði kennslu í grunnskólum á Íslandi og Norðurlöndum	18
Stigskiptur stuðningur í kennslu: Greining á gæðum kennslu á unglingsstigi.....	18
Samræður í kennslustund	19
Nám og kennsla á netinu: Viðbrögð norrænna unglingsstigskenndara við upphaf COVID-19 faraldursins.....	19
Hvað einkennir framúrskarandi kennslustundir? Hugræn virkjun í átta norrænum kennslustundum í stærðfræði.....	19
Námsmat, skólagerð og skuldbinding leikskólakennara.....	20

Sjónarmið skólasamfélags um námsmat: Eigindlegur hluti.....	20
Sjónarmið skólasamfélags um námsmat: Megindlegur hluti.....	20
Stjórnunarhættir í heildstæðum grunnskóla: Þriggja landa sýn.....	21
Skuldbinding leikskólakennara til vinnustaðar.....	21
Afdrif menntaumbóta og námsmat í fræðilegu samhengi.....	22
Greining á afdrifum menntaumbóta	22
Námsmatsrammi fyrir grunnskólastigið.....	22
Námsmatsrammi sem verkfæri til að skilja námsmat í ólíkum löndum.....	22
Íslensk kennslubókmenntasaga	23
Ríkið sem bókaútgefandi. Aðdragandi stofnunar Ríkisútgáfu námsbóka og útgáfa fyrstu lestrarbókanna	23
Nauðsynleg leiðindi? Athugun á forsendum námsefnis um Íslendingasögur	23
Þögn er ekki sama og samþykki: Þáttur hins sagða í skólamálfræði skyldunámsskólanna og áhrif á íslenska málstefnu.....	24
Stærðfræðimenntun.....	24
Skapandi stærðfræði fyrir fjölbreyttan nemendahóp.....	24
Að brjóta niður veggj viðmiða í stærðfræðistofunni. Starfendarannsókn á breytingum á viðmiðum innan stærðfræðistofunnar þegar kennt er eftir hugmyndum um hugsandi kennslurými.....	25
Stærðfræðileg orðræða og orðræða skólastarfs í samræðum nemenda við lausnarleit með GeoGebru: hvað sannfærir nemendur?.....	25
Myndlæsi, listir, lýðræði og gagnrýnin hugsun	25
Sjónarafli: Þróunarverkefni í myndlæsi í Listasafni Íslands	26
Hvað nú? Teiknimyndasaga um skólagöngu á seinni hluta tuttugustu aldar.....	26
Gluggi inn í reynslu annarra	26
Myndlæsi og menningarheimar	27
Íslenska æskulýðsrannsóknin 2022 – Heilsa og líf skjör íslenskra skólabarna	27
Gagnagöt í spurningakönnunum meðal íslenskra unglinga	27
Gæði gagna eftir tegund tækja í Íslensku æskulýðsrannsókninni.....	28
Fjórði hver nemandi í 6. bekk tilkynnti einelti skólaárið 2021-22.....	28
Jaðarsvörin í æskulýðsrannsóknnum	28
Félagsleg staða barna sem eiga annað foreldrið af íslenskum uppruna en hitt af erlendum.....	29
Menntaflétta – Námssamfélög í skóla- og frístundastarfi.....	29
„Ég hugsaði á dýpri hátt um hvernig hægt væri að miðla starfsháttum mínum til annarra.“	29
Efling námssamfélags stærðfræðikennara á Menntafléttunámskeiði.....	29
Námskeið Menntafléttunnar um stærðfræði í leikskóla: Stuðningur við mótun námssamfélaga í leikskólum.....	30
Þátttakendur í námskeiðum Menntafléttu	30
Inngildandi háskólamenntun í fjölþjóðlegu ljósi: Erasmus+ samstarfs- og þróunarverkefni.....	31
JoinIn – Vertu með! Þróun inngildandi háskólanáms í Evrópu	31

„Má ég í alvöru koma með?“ Upplifun nemenda í starfstengdu diplómanámi við Háskóla Íslands af námsferð til Cork í Írlandi.....	31
Hversu inngildandi er starfstengt diplómanám fyrir nemendur með þroskahömlun við Háskóla Íslands? Mat starfsfólks og nemenda.....	31
Hver er staða starfstengds diplómanáms og hvert er ferðinni heitið? Þróun námsins, áskoranir og framtíðarsýn.....	32
Ungt fatlað fólk á elliheimilum á 20. öld.....	32
Ungt fólk á elliheimilum.....	32
Bíbí í Berlín: Samvinnurannsókn.....	33
Ung kona á elliheimili.....	33
Framhaldsskólinn á umbrotatímum.....	34
Hvernig var framhaldsskólinn stytur? Kortlagning á inntaki náms til stúdentsprófs.....	34
Úr viðjum vanans. Áhrif skólamenningar á sjálfræði og sjálfstæði framhaldsskólakennara til breytinga í og í kjölfar heimsfaraldurs.....	34
Togstreita og andstæð sjónarmið: Sýn kennara og skólustjórnenda á þróun og framtíðarmöguleika framhaldsskólans.....	35
Foreldrar framhaldsskólanema í nýju hlutverki á tímum COVID-19.....	35
Methodological challenges encountered in research: Symposium I.....	35
Methodological challenges of doing research in a foreign culture.....	35
Doing participatory action research with children – challenges, experiences, and learning.....	36
Whose story is this? On the importance of awareness of one’s own biases and preconceptions while conducting a qualitative study.....	36
Methodological challenges encountered in research: Symposium II.....	37
Fostering researcher’s reflexivity in research with immigrant students.....	37
Swimming against the current: A self-study of a preschool teacher.....	37
Making it challenging, or saving it from the challenge: The need for methodological inventiveness in self-study research.....	38
Byrjendur í lestri: Áhættuþættir, skimun og stuðningur.....	38
Til að vita hvert á að fara þarf fyrst að vita hvar maður er. Mat á stafa- og hljóðþekkingu nemenda í 1. bekk.....	38
Identifying risk factors for poor reading performance among 1st graders in Iceland.....	38
Samvinna við foreldra til að styðja við heimalestur barna í lestrarvanda.....	39
Málproski leikskólabarna: Íhlutun og mat.....	39
Orðaheimur – málörvunarefni fyrir leikskólabörn.....	39
LANIS skimunarlisti á málproska 3 ára barna – orðaforði.....	40
LANIS skimunarlisti – framburður þriggja ára barna.....	40
Sögur barna: Þróun starfshátta til eflingar hlustunarskilnings og tjáningarfærni leikskólabarna. ...	41
Hagnýt atferlisgreining í skólastarfi og uppeldi.....	41
Áhrif hvatningarkerfis með Beanfee hugbúnaðinum á námsástundun og hegðun nemenda með sögu um langvarandi hegðunarvanda.....	41

„Má ég fá meiri tíma til að leika?“ Háskólanemum kennt að ýta undir tjáningu nemenda til þess að veita þeim aukin áhrif á námsumhverfi sitt, bæta líðan og þol fyrir kröfum	42
Forathugun á foreldraviðtölum til að bæta daglegar rútínur á heimilum barna með ADHD og áhrif þeirra á mótþróa, styrk- og veikleika	42
Áhrif beinnar kennslu og fimiþjálfunar á sjálfsmynd nemenda í lestrarvanda	42
Málþroski og læsi grunnskólabarna: Þróun, íhlutun og mat	43
Segðu mér sögu; persónulegar frásagnir 10 ára íslenskra barna	43
Áhrif íslenskrar þýðingar á námsefninu Story Champs á frásagnarfærni nemenda með námsörðugleika	43
Íslenskur námsorðaforði.....	44
Málstofa verkefna unnin í samstarfi Menntamálastofnunar og Sálfræðideildar HÍ	44
Einkunnaverðbólga í lokamati grunnskóla á árunum 2016-2022	44
Kennslustundaathuganir: Hver er staðan og hvað hefur breyst frá árinu 2013?.....	44
Athugun á samræmi og ósamræmi í lokamati grunnskóla og niðurstöðum samræmdra könnunarprófa.....	45
Hvernig breytast tengsl lesfimi og lesskilnings yfir skólagöngu nemenda?	45
Hegðun og tilfinningar barna og ungmenna: Mikilvægi gagnreyndra aðferða í skólasterfi	46
Af innleiðingu og viðhaldi SMT skólafærni í einu sveitarfélagi: Áskoranir en vel unnið verk	46
Félags- og tilfinningafærni í skólum: Kerfisbundin samantekt rannsókna á ART-þjálfun	46
„Ef við náum ekki bekkjarstjórn þá getum við gleymt þessu“: Mat á námskeiði í bekkjarstjórnun fyrir grunnskólakennara	47
Áhrif endurgjafar kennara á námsástundun: Rannsóknir í tveimur grunnskólum.....	47
Viðhorf, aðferðir og kennsluefni: Hlutverk kennara í siðferðilegri menntun	48
Forsendur siðfræðimenntunar	48
Vöxtur í gegnum tungumál sem menntatæki hugans	48
Mannkostamenntun í myndmenntastofunni: Hlutverk kennarans andspænis áskorunum og sóknarfærum	48
Íslendingasögurnar — frá sál til sálar	49
Lystigarður möguleikanna.....	49
Astrid Loftslagsfræðsla – tilurð, markmið og framtíðarsýn	49
Skapandi leiðir í Lystigarði möguleikanna. Aðgerðir og áhrif loftslagsbreytinga	50
Lystigarður möguleikanna: Loftslagsfræðsla í sýndarveruleika	50
Háskólar: Fjölbreyttur nemendahópur	50
Er fjarnám lykillinn að inngildandi háskólaumhverfi?	51
Samanburður á tengslamyndun og brotthvarfi nemenda úr námi á tveimur sviðum Háskóla Íslands fyrir og eftir COVID-19.....	51
Viðhorf nemenda til fjarkennslu/fjarnáms og tengslamyndun nemenda og kennara í slíkum aðstæðum	51
Háskólar: Að efla nám nemenda.....	52
Notkun litvíska til að auka skilning á þvotti og útdrætti í verklegri efnafræði.....	52

Development of Flip Lab Teaching in Environmental Engineering Major Courses and its Effectiveness on Students' Lab Performance	52
Hefur inngangsnámskeið í lögreglusálfræði áhrif á ranghugmyndir nemenda?	53
The use of student generated multiple choice questions (MCQs) in an undergraduate 1st year psychology course	53
Háskólar: Háskólanám og samfélag	53
Mannfræði; Til prófs, starfs og lífs	53
„Þetta er highlightið í mínu námi!“ - Samvinna Eistlands og Íslands E-CBA's	54
Erum við að gleyma að leggja áherslu á mjúkri færni í viðskiptafræði?.....	54
Háskólar: Háskólar og rafræn kennsla	55
Raundæmi sem grunnur fyrir gervigreind í formi spjallmennis	55
Providing formative assessment opportunities using the online math learning platform Möbius in mathematics and physics teaching in Frumgreinadeild at Reykjavik University	55
Prófun á fýsileika rafræns kennsluefnis um verki (PEIR).....	55
Heilbrigði og vellíðan með gleði, hamingju og bjartsýni að leiðarljósi	56
A Conceptual Model for increasing joy, happiness and optimism among staff and children within the Reykjavik Department of Education and Youth	56
Leyndarmál Rauðhólsgleðinnar	57
Hvað veitir níu ára gömlum börnum gleði árið 2022?	57
Language policy, practice, and participation at school and at home	57
Tungumálastefna og starfshættir fjölbreyttra fjölskyldna innflytjenda á Íslandi og áhrif þeirra á menntun	58
Þátttaka fjöltýngdra barna í mótun tungumálafestu fjölskyldna og skóla.....	58
Samskipti kennara við foreldra að erlendum uppruna um námsárangur og vellíðan barna: Dæmi úr formlegum og óformlegum námsrýmum á höfuðborgarsvæðinu	59
(Multi)cultural and linguistic perspectives in Icelandic education	59
Sjónarhorn íslenskra kennaranema á menningarmiðaðar kennsluáferðir og hugmyndir þeirra um leiðir til notkunar tungumála barnanna í kennslu.....	59
Hæfniramar í íslensku fyrir fjöltýngd börn í leikskóla	60
Vietnamese Refugees' heritage in Iceland: Their children's culture, language, and identity.....	60
Framtíðaráform og skólaval ungmenna í ljósi félagslegs réttlætis	61
Val fyrir hvern? Framhaldsskólaval í ljósi félagslegs réttlætis.....	61
Framtíðaráform stúdentsefna: Náms- og skólaval á háskólastigi	61
Frjálst að velja hvaða framhaldsskóla sem er? Tilviksathugun á innritun í framhaldsskóla	62
Áskoranir framtíðar til að inngilda nemendur í hættu á jaðarsetningu.....	62
Uppruni, námsval og afdrif í framhaldsskólum	62
Brothættir menntunarmöguleikar nemenda af erlendum uppruna við lok grunnskóla: Málamiðlanir gagnvart framtíðinni.....	63
Framhaldsskólabraut: Upplifun og reynsla nemenda og fagaðila.....	63
Framtíðaráherslur UNESCO og stefnumótun á Íslandi	64

Critical Pedagogy	64
Kennsla í framhaldsskólum í ljósi inngildingar, menningarlegs margbreytileika og mannréttinda ..	64
Teachers' pedagogic practices: challenges and possibilities for transformative human rights education in Icelandic upper secondary schools.....	65
Að þróa sjónrænar og þátttökumiðaðar aðferðir í anda hnattrænnar borgaravitundar með fjölbreyttum nemendahópi í ólíkum framhaldsskólum	65
A reflection on developing transformative pedagogical approaches within the IPIC project	65
Háskólar: Starfsþróun háskólakennara	66
Samræður og samfélög – viðhorf fastráðinna kennara til þróunar eigin kennslu	66
Viðhorf umsækjenda og stjórnenda til Kennsluakademíu opinberu háskólanna	66
Hvað þarf til að komast inn í Kennsluakademíu opinberu háskólanna?	67
Félags- og tilfinningahæfni leikskólabarna sem lykill að fullgildri þátttöku	67
Félagsleg hæfni er mikilvægur grunnur fyrir þátttöku í Lýðræðissamfélagi	67
Efling félags- og tilfinningahæfni leikskólabarna: viðhorf starfsfólks.....	67
Verkfærakista til að efla félags- og tilfinningahæfni barna	68
Áskoranir og skólakerfið.....	68
Upplifun og líðan grunnskólakennara í upphafi starfs	68
Einhverfar konur, hvað segja þær sjálfar? Umbreytandi rannsókn	69
Supporting student neurodiversity in our teaching design.....	69
Skólakerfið og COVID-19 heimsfaraldurinn.....	69
Samheldni og umburðarlyndi kom okkur í gegnum COVID-19	69
Tengsl COVID-19 við heilsu og líðan grunnskólakennara	70
Skyggst í reynslu og umboð skólameistara og aðstoðarskólameistara framhaldsskólanna til nýrra afskipta í heimsfaraldri.....	70
Heilsa á tímum COVID-19	71
Svefnvenjur og hreyfing íslenskra háskólanema á tímum COVID-19: Þversniðsrannsókn mæld með svefn- og hreyfímælum	71
Hreyfing háskólanema á tímum heimsfaraldurs	71
Faggreinakennsla í grunnskólum	72
Tilgangur og gildi náttúruvísindamenntunar samkvæmt gildandi Aðalnámskrá grunnskóla	72
Hvað varð um fætur hvalsins? Forhugmyndir nemenda um þróun lífs	72
Tilgangur og gildi náttúruvísindamenntunar samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla 1999	73
Að leika á als oddi: Fjölmenningarleg áhersla á hugtakanám í hönnun smíði	73
Farsæld barna og unglinga.....	73
Netsamskipti og andleg líðan meðal 15 ára ungmenna árin 2003 og 2015.....	71
Virk þátttaka og farsæld barna.....	73
Sólin vermi blessuð skólabörnin – Barnafræðsla í Fljótum í Skagafirði 1880-1946	74
Lýðræðisleg forysta í leikskólum	74

Fjölmenning: kennsluhættir og frístund	75
Kynning á Hæfnirömmum í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla Error! Bookmark not defined.	
Kennarar sem skapa námsrými fyrir alla í fjölbreyttum nemendahópum og fjölmenningu	75
Tengsl, þátttaka og virkni barna og unglunga í Breiðholti.....	75
Gripíð til eigin ráða: Gagnrýnin ígrundun mæðra á menningarbakgrunni sínum í tengslum við þáttaskil leik- og grunnskóla.....	76
Vefurinn tengjumst.hi.is til að styðja foreldra grunnskólubarna af erlendum uppruna	76
Framhaldsskólinn: Fyrri hluti.....	76
Gulur, rauður, grænn – eða hvað?	76
Nemendamiðuð málfræðikennsla: Í átt að jákvæðri og sjálfstæðri umfjöllun um tungumálið.....	77
Vinnustaðanám – samstarf skóla og vinnustaða VET@work.....	77
Framhaldsskólinn: Seinni hluti	78
Væntingar um framtíðina og brotthvarf frá námi.....	78
Framhaldsskólinn: Inngildandi en samt aðgreinandi og starfar í anda félagslegs réttlætis en viðheldur samt ójöfnuði. Áskoranir, mótsagnir og tækifæri í útfærslu stefnunnar um skóla án aðgreiningar	78
„Lærdómssamfélag - samfélag til framtíðar“ Nýsköpunar- og listabraut í Fjölbautaskólanum við Ármúla	79
Student´s voices - Raddir nemenda.....	79
Háskólakennsla	79
Raunfærnimat í leikskólakennarafræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands	79
Læra nemendur af því að fá einkunnir fyrir heimaðemi?	79
Raddir nemenda: „Intensive course“ námskeið í fjórum löndum 2017-2022	80
Dante – menntahugsuður fyrir okkar tíma.....	80
Heilsa og líðan nær og fjær	81
Langtímarannsókn á líkamlegri og andlegri heilsu íslenskra ungmenna.....	81
Einmanaleiki, hamingja, hreyfing og streita hjá ólíkum aldurshópum: Heilsa og líðan Íslendinga ...	81
Notkun tóbaks meðal unglunga sem ganga í skóla í Bissá, Gíneu-Bissá.....	82
Velsældarmenntun – virkar hún? Áhrif íhlutunar á lífsánægju/velsæld og sjálfsvinsemd framhaldsskólanemenda í Flensborg 2017-2022 – auk samanburðarhóps 2022	82
Hreyfing og heilsa	83
Áhætta á hlutfallslegum orkuskortum meðal íslenskra íþróttakvænna, metin út frá LEAF-Q spurningalistanum.....	83
Hugardans, hvað gerist ef við setjum hreyfingu sem er byggð á hreyfiþroskamynstrum barna inn í kennslustofuna?	83
Schoolyard Affordances for Physical Activity: A Pilot Study in 6 Nordic–Baltic Countries.....	84
Íslenska sem annað mál.....	84
Íslenskuþorpið í grunnskólum í Grafarvogi og Kjalarnesi: Reynsla og tækifæri	84
Viltu tala íslensku við mig? Kennsluverkefni í íslensku sem öðru máli	84

Hagnýtt íslenskunámskeið fyrir foreldra barna með fjölmennningarlegan bakgrunn á grunnskólaaldri: Þróunarverkefni í Sveitarfélaginu Árborg.....	85
Leiðir til læsis	85
Kerfisbundinn og markviss stuðningur við lestrarnám.....	85
Læsi til náms: læsislíkan á þremur stigum.....	86
Áhrif tónlistarnáms á lestrarfærni og lesblindu: Samantekt á niðurstöðum nýlegra rannsókna á áhrifum tónlistariðkunar á skynjun og úrvinnslu málhljóða	86
Felast töfrar í tölum?	87
Leikskólastarfið og rannsóknir	87
Að skrá og meta leikskólastarf í undirbúningstíma	87
Reynsla og styrkleikar einstaklinga sem sinna stuðningi í leikskólum.....	87
Flæði og samþætting – þróunarverkefni fjögurra leikskóla	88
Á milli stúdentsprófs og heimsreisu	88
What characterizes Icelandic preschool education research in the 21st century	89
Mál og samskipti leikskólabarna	89
Lengi býr að fyrstu gerð – Málörvunarstundir í leikskóla.....	89
Leikur sem meginnámsleið barna	89
Vinsælustu ljóðabækurnar í leikskólanum	90
Óyrt tjáskipti tveggja ára barna: Samtalsgreining	90
Vinsælast í <i>Vísnaþókinni</i>	91
Mæður og feður	91
Fullkomin og frábær: Lýsingar mæðra á börnum sínum í opinberum viðtölum 1970-1979 samanborið við 2010-2019.....	91
Fósturbarn og hvað svo? Staða fyrrum fósturbarna á fullorðinsárum.....	91
„Allt í einu er bara kominn ... lítill einstaklingur ... og það snýst allt um hann“: Upplifun feðra af ábyrgð, þroska og breyttri lífssýn	92
Næring og heilsa	93
Bragðlaukaþjálfun: Rannsókn á matvæðni barna með og án taugaþroskaraskana og fjölskyldum þeirra – Breytingar á hegðunarvanda barna í tengslum við máltíðir	93
Household food security and nutrition knowledge – examining barriers and enablers to food choice	93
Fæðuöryggi í íslenskum háskólum	94
Bragðlaukaþjálfun: Fæðumiðuð íhlutun í leikskólum með þátttöku leikskólastarfsólks og foreldra	94
Sköpun, kennsla og stuðningur	94
Family musicking as a tool for fostering the identity of immigrant families with young children in Iceland	94
The Concept of the Faroese in Music Education - Negotiating Identity and Notions of Tradition ...	95
„Mér finnst miklu skemmtilegra að nota ímyndunaraflíð. Þá er maður frjáls“ Austur-Vestur verkefnið á þriðja ári.	95

Stjórnun á mismunandi skólastigum.....	96
„Þetta er bara djúpa laugin“: Reynsla leikskólakennara af upphafi deildarstjóraferilsins.....	96
Samskipti í grunnskólum – Reynsla stjórnenda og kennara.....	96
Þjónandi forysta í grunnskólum – úr íslenskum og enskum raunveruleika	97
Reynsla stjórnenda og gæðastjóra í framhaldsskólum af innleiðingu og notkun gæðakerfis	97
Hringborðsumræður	97
Hringborðsumræða um stöðu náttúruvísindamenntunar í almenna skólakerfinu Stefán Bergmann, fyrrverandi dósent við MVS HÍ, Haukur Arason, dósent, MVS HÍ og Meyvant Þórólfsson, prófessor emeritus, MVS HÍ.....	97
Hringborð náttúrunnar - um menntun og meðferð	98
Veggspjöld	98
Preschool children’s assessment of participating in a case study	98
„Næst því að missa móður sína sé fátt hollara úngum börnum en að missa föður sinn“: Staða barna sem hafa misst mæður sínar af völdum ofbeldis í nánu sambandi.....	99

Leiklist í víðu samhengi

Rannveig Björk Þorkelsdóttir

Leiksýning sem kennslufræðilegt afl – hvað þarf til?

Rannveig Björk Þorkelsdóttir, dósent, MVS HÍ og Jóna Guðrún Jónsdóttir, aðjúnkt, MVS HÍ

Að horfa á leikrit getur hjálpað okkur að skilja sögu, menningu og samfélag í heild um leið og það hjálpar nemendum að þroskast sem persónur að taka þátt í að skapa og flytja eigin texta og annarra; að geta gagnrýnt og rökrætt leikið efni á sviði á uppbyggjandi hátt og sett það í menningarlegt og sögulegt samhengi. Leiklist getur haft félagsleg, fagurfræðileg og tilfinningaleg áhrif á fólk. Að auki stuðlar leiklist og leiksýning að skilningi á menningararfi og listrænum verðmætum sem felast í leikbókmenntum og leiksýningum. Markmið rannsóknarinnar, Leiksýning sem kennslufræðilegt afl, er að stuðla að aukinni þekkingu í listkennslu með því að skoða hvort og hvernig leiksýning getur verið notuð sem kennslufræðilegt afl, og hvað þarf til, og um leið að auka aðgengi ungs fólks að leikhúsi. Í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna nr. 31 er talað um að öll börn eigi rétt á þátttöku í menningarlífi. Menningarlæsi og menningarþátttaka eru talin veigamikil atriði í uppvexti barna og unglinga og þarf aðgengi að menningarþátttöku að vera tryggð. Aðgengi þeirra að menningu eykur þeim víðsýni og umburðarlyndi, og þátttaka í menningarstarfi eykur vitund um lýðræði, réttlæti og sögulegt samhengi. Spurningin sem við viljum velja fyrir okkur í þessu erindi er: Hvað þarf leiksýning að bjóða upp á til að geta kallast kennslufræðilegt afl (Theater in education)?

List augnabliksins. Börn og leikhús, rannsókn á gildi leiklistar í skólasterfi

Jóna Guðrún Jónsdóttir, aðjúnkt, MVS HÍ og Rannveig Björk Þorkelsdóttir, dósent, MVS HÍ

Miklar breytingar hafa orðið í menntamálum á Íslandi síðustu áratugi. Til að takast á við áskoranir nútíma menntunar þarf skólakerfið fjölbreytt tæki og tól til að koma til móts við nemendur. Það er hægt t.d. í gegnum listir. Í þessu erindi gefum við innsýn í yfirstandandi rannsóknarverkefni þar sem tilgangur og markmiðið er að öðlast skilning á viðhorfi, reynslu og áhuga kennara og nemenda á að nota kennsluáferðir leiklistar í kennslu fyrir nemendur á miðstigi grunnskóla. Sérstaða leiklistarinnar felst í því að nemendur vinna jöfnum höndum með vitsmuni, sköpun og líkamlegt atgervi. Þannig er hún umbreytandi og getur styrkt samfélagslegan og tilfinningalegan þátt nemenda. Vísindalegur ávinningur rannsóknarinnar er m.a. fólgin í því að efla listkennslu í skólakerfinu og starfsþróun kennarans ásamt því að stuðla að rannsóknum á sviði menningar og lista. Rannsóknin byggir á eigindlegri rannsóknarhefð og fellur undir hönnunarmiðaða rannsókn (e. Design-Based Research, DBR) á grunni félags- og menningarkenningar. Við teljum að hönnunarmiðuð rannsóknarnálgun sé leið til að þróa kennsluhætti og námsefni í samstarfi við þá kennara sem taka þátt. Frumniðurstöður sýna að áferðir leiklistar geta nýst nemendum og kennurum þar sem kennarar geta haft áhrif á kennsluefnið og tekið þátt í að móta það og þar með eflt notkun leiklistar sem kennsluáferð á miðstigi grunnskóla.

Leikritun í kennslu sem skapandi spunaferli

Ólafur Guðmundsson, aðjúnkt, MVS HÍ

Í þessu erindi mun ég kynna þróunarverkefni sem ég hef unnið að undanfarin ár í Menntaskólanum við Hamrahlíð. Verkefnið gengur út á að opna huga nemenda í leiklist fyrir leikritun sem skapandi spunaferli og þjálfar þau í að skrifa senur og stutt leikrit sem sett eru upp í leiklistaráföngum. Hugmyndin að verkefninu sprettur út frá þremur leiklistaráföngum. Í fyrsta lagi er það senuvinnuáfangi með það að markmiði að nemendur vinni með senur úr ýmsum leikritum og nálgist þannig persónusköpun og vinnu með fyrir fram skrifaðan texta. Í öðru lagi er það áfangi sem ég kalla

Barna- og unglíngaleikhús. Þar er markmiðið að skapa leiksýningu sem farið er með í grunnskóla eða leikskóla í nágrenni MH. Í þriðja lagi er það leikritunaráfangi þar sem ég vinn markvisst með þessar aðferðir í leikritun. Þær aðferðir og hugmyndir sem ég kynni spretta út úr þessari þróunarvinnu. Ég hef stuðst við ýmsar aðferðir og hugmyndir annarra í þessari vinnu, einkum frá Noël Greig, og mun ég kynna þær stuttlega í málstofunni. Það sem er markvert við þetta starf er að ég hef áttað mig á hversu gagnlegt og gefandi það getur verið fyrir nemendur að komast upp á lag með að skrifa texta á þennan hátt. Það getur hjálpað þeim mikið í vinnu með persónusköpun og að skilja þær aðferðir og hugmyndir sem liggja þar að baki. Þar vísa ég í aðferðir Konstantíns Stanislavskis um vinnu leikarans. Að auki eflir þetta ritfærni og skapandi skrif.

Textíll: Sjálfbærni, nám, verndun og varðveisla I

Ásdís Jóelsdóttir

Rannsóknarstofa í textíl

Rafrænar verkefna- og ferilmöppur fyrir textílnemendur í grunnskóla

Auður Björt Skúladóttir, meistaranemi MVS HÍ. Leiðbeinandi: Ásdís Jóelsdóttir, lektor, MVS HÍ

Í rannsóknarverkefninu var unnið með innihald og skipulag á rafrænum verkefna- og ferilmöppum fyrir nemendur í textíl. Markmiðið var að safna saman ljósmyndum af öllum verkefnum nemenda frá hugmynd að fullvinnslu, í hverjum hópi í hverjum árgangi á sem fljótverkastan hátt. Ferilmöppurnar tengjast hverju aldursþrepi; 1.-4., 5.-7. og 8.-10. bekk og gerðar aðgengilegar aðstandendum. Í rannsókninni var skoðað hvaða forrit vinna saman til að auðvelda færslu, flokkun og geymslu ljósmynda eftir hverja verkefnaviku. Niðurstöður sýndu að hentugast var að vinna verkefnamöppurnar í Google Slide þar sem hver nemandi getur haft sína eigin glærुकynningu. Verkefnamöppurnar eru síðan geymdar á Google Drive sem er rafrænt geymslusvæði þar sem hver árgangur hefur sína eigin árgangsmöppu. Inni í hverri möppu eru fjórar til fimm hópamöppur. Í hverjum hópi erum 10 til 14 nemendur. Allt er skráð inn á Google aðgang sem tengdur er við snjallsíma sem staðsettur er í kennslustofunni. Nemendur nota símann til að taka ljósmyndir af verkefnum sínum í lok hvers tíma. Þannig geta þeir ásamt kennara fylgst með framvindu verkefna frá hugmynd yfir í vinnslu og tilbúið verkefni. Í erindinu verður farið yfir vinnuferlið og þróun verkefnis og hver sé ávinningurinn af slíku skipulagi.

Stafrænt handverk til sjálfbærni fyrir nám og störf í fatahönnun

Björg Ingadóttir, fatahönnuður, rekur fatahönnunarfyrirtæki

Markmiðið með rannsókninni var að búa til námsefni þar sem samtengdar eru aðferðir í 2D sniðagerð og 3D þrúfusaumi sem nýjung í fatahönnunarnámi á framhalds- og háskólastigi. Markmiðið með námsefninu er að stafrænt handverk sé metið til jafns á við annað handverk í skólakerfinu. Námsefnið samanstendur af myndböndum þar sem kennd er grunnfærni í hönnunarforritinu CLO3D. Höfundur hafði tækifæri til að þróa og móta námsefnið í kennslu á framhaldsskólastigi og með námskeiðahaldi. Nemendur lærðu á helstu verkfæri og viðmót í forritinu. Eftir að grunnfærni í forritinu var náð hafa nemendur möguleika á að vinna einstaklingsverkefni þar sem vinnuferlið frá frumstigi er metið með leiðsagnar- og símati. Notkun á 3D fatatækni er mikilvægur valkostur þegar draga þarf úr kolefnissporum og umhverfisspjöllum af völdum tískuiðnaðarins þegar á upphafsstigi vöruþróunar. Þannig hefur hlutverk og störf fatahönnuða breyst mikið frá því sem áður var. Í erindinu er fjallað um sjálfbærni í tískuiðnaðinum og þau verkfæri sem notuð eru til að ná þeim markmiðum og hvernig það hefur áhrif á þróun og mótun náms á framhalds- og háskólastigi.

Íslensk lopapeysa / Icelandic Lopapeysa sem verndað afurðarheiti

Ásdís Jóelsdóttir, lektor, MVS HÍ

Árið 2020 féllst Matvælastofnun á að afurðarheitið „Íslensk lopapeysa / Icelandic Lopapeysa“ yrði skráð sem verndað afurðarheiti með vísan til uppruna. Skráningin byggist á lögum nr. 130/2014 um vernd afurðarheita sem vísa til uppruna, landsvæðis eða hefðbundinnar sérstöðu. Undanfari að þessu markmiði var samvinna höfundar að rannsókn á íslensku lopapeysunni, við Handprjónasamband Íslands og handverkshópa með sölustaði víða um land. Rannsóknin sem gefin hafði verið út í ritrýndri bók árið 2017 var undirstaðan fyrir því að mögulegt var að fara í umsóknarferlið. Til viðbótar fór höfundur af stað með ítarlegri rannsókn á uppruna og gerð lopapeysunnar sem söluvöru. Þær niðurstöður voru síðan færðar saman sem rök fyrir því að hún yrði skráð sem verndað afurðarheiti. Umsóknin tók mið af fyrrnefndum lögum, en færa þurfti rök fyrir uppruna og tilvist íslensku lopapeysunnar 30 ár aftur í tímann. Markmið umsóknarinnar var að stuðla að neytendavernd og rekjanleika afurðarinnar eins og tilgangur laganna segir til um. Aðeins þannig yrði ljóst fyrir neytandann hvaða vöru hann væri að kaupa og að hann gæti á auðveldan hátt gert greinarmun á handprjónaðri vöru sem prjónuð er á Íslandi og þeirra sem eru hand- eða vélprjónaðar erlendis. Í erindinu verður farið yfir gagnasöfnunina og niðurstöður, umsóknina og vinnuferlið við skráninguna hjá MAST sem m.a. fól í sér andmælarétt hagsmunaaðila.

Með verkum handanna: Íslenskur refilsaumur fyrri alda

Lilja Árnadóttir, fræðimaður, áður sviðsstjóri munasafns Þjóðminjasafns Íslands

Í erindinu verður dregin upp mynd af rannsóknnum Elsu E. Guðjónsson (1924–2010), textíl- og búningafræðings, á forna íslenska refilsaumnum sem hún helgaði sig í áratugi. Höfundur erindis, Lilja Árnadóttir, aðstoðaði Elsu með rannsóknina seinustu æviár hennar. Rannsóknir Elsu sýna að varðveist hafa 15 verk frá síðmiðöldum og síðari öldum, en yngst af þeim er hökulkross frá 17. öld. Allir eru textílarnir varðveittir á söfnum og hluti þeirra á erlendum söfnum. Refilsaumuðu klæðin eru dæmi um þróaða listsköpun fyrri alda á Íslandi. Ritheimildir greina frá því að umtalsverður fjöldi textíla prýddi kirkjur og híbýli á fyrri öldum, hér má nefna veggtjöld, refla og altarisklæði. Refilsaumur hefur tíðkast lengi og er saumgerðin auðþekktanleg þar sem stærsti hluti útsaumsgarnsins er á réttunni en á röngunni sjást merki þess hvernig yfirþræðir hafa verið festir niður í grunnefnið. Eðli refilsaums gerir það mögulegt að draga upp fingerðar myndir og segja með þeim sögur líkt og í málverki. Segja má að nálin hafi verið notuð á svipaðan hátt og penslar til að draga upp myndir. Í erindinu verður fjallað um rannsóknir og niðurstöður Elsu E. Guðjónsson og innihald bókarinnar. Á næstunni mun Þjóðminjasafn Íslands gefa út bók með rannsóknarniðurstöðum Elsu. Ritstjóri bókarinnar er auk Lilju Mörður Árnason.

Textíll: Sjálfbærni, nám, verndun og varðveisla II

Ásdís Jóelsdóttir

Rannsóknarstofa í textíl

Vefsíða – Sjálfbærar og umhverfisvænar textílaðferðir

Kristína Berman, meistaranemi MVS HÍ. Leiðbeinandi: Ásdís Jóelsdóttir, lektor, MVS HÍ

Höfundur vann verkefni til MT-gráðu á námskeiðinu *Sjálfstætt verkefni í list- og verkgreinum með áherslu á textíl*. Fyrir einu ári fékk höfundur styrk úr Nýsköpunarsjóði námsmanna til að vinna að rannsókn á náttúrulitun undir leiðsögn Ásdísar Jóelsdóttur, lektors í textíl við MVS HÍ. Í kjölfar þeirrar vinnu hafði höfundur tækifæri til að nýta þá rannsókn og prufa að kenna efnið með nemendum í starfsnámi sínu í þeim tilgangi að hanna síðan náms- og kennsluefni í formi vefsíðu. Á vormisseri 2022 vann höfundur síðan að hönnun vefsíðunnar. Rannsóknin bar heitið „Sjálfbærar og umhverfisvænar textílaðferðir“ þar sem prófaðar voru textílaðferðir til náttúrulitunar en litagjafarnir voru þeir sem finna má í nánasta umhverfi okkar, hér jurtir og ryð. Markmiðið var síðan að nýta niðurstöðurnar til textílkennslu. Höfundi gafst tækifæri til að nýta litunaraðferðirnar sem fengust með rannsókninni með nemendum í raunverulegum aðstæðum og á þeim tímaramma sem skólastarf býður upp á. Þær niðurstöður voru síðan nýttar til að útbúa náms- og kennsluefni fyrir byrjendur og lengra komna í

sjálfbærum og umhverfisvænum textílaðferðum. Vefsíðan er einföld í framsetningu og myndræn þannig að innihaldið höfði til ólíkra einstaklinga óháð tungumálakunnáttu og aldri. Í erindinu verður fjallað um markmið, gerð og innihald vefsíðunnar.

Skapandi vettlingaprjón fyrir byrjendur

Sara Birgitta Magnúsdóttir, meistaranemi MVS HÍ

Vettlingaprjón hefur í gegnum tíðina verið vinsælt prjónaverkefni í grunnskólum enda eru vettlingar eitthvað sem allir þurfa á að halda og því nýtsamleg prjónakunnátta. Til eru nokkrar prjónabækur sem innihalda uppskriftir fyrir vettlinga þar sem mögulega má nota einstakar uppskriftir til kennslu fyrir grunnskólanemendur. Síðan nýtist bókin ekki að öðru leyti. Auk þess þyrfti mögulega að endurgera uppskriftina til þess að hún höfði til nemenda. Í Aðalnámskrá grunnskóla er lögð áhersla á eigin sköpun þar sem fylgt er eftir hugmynd til fullvinnslu. Lítið er um prjónabækur eða námsefni þar sem unnið er markvisst með skapandi vettlingaprjón. Því er þörf fyrir kennslubók eða kennsluhefti sem er sérstaklega ætlað fyrir vettlingaprjón með áherslu á skapandi nálgun og þar sem verkefninu er fylgt eftir frá hugmynd að fullvinnslu. Út frá þessari hugmynd og þörf var farið af stað með verkefnið Skapandi vettlingaprjón fyrir byrjendur og eftirfarandi rannsóknarspurningu varpað fram: Hvernig má kenna nemendum á mið- og unglíngastigi grunnskóla skapandi vettlingaprjón? Við innihald og uppbyggingu kennsluheftisins var tekið mið af hæfniviðmiðum í Aðalnámskrá grunnskóla og auk þess var leitað heimilda á útgefnum prjónabókum. Unnið er út frá því að nemendur hafi þegar lært grunnatriði í prjóni og geti, í gegnum kennsluheftið, bætt við þekkingu sína, þróað eigin hugmynd og hannað og prjónað vettlingapar eftir eigin uppskrift. Markmiðið er að nemendur skrái hugmynd sína og samsetta vettlingauppskrift í vinnuskýrslu sem auðveldar þeim að fylgja eftir vinnuferlinu frá hugmynd að fullvinnslu.

Textill í mynd

Judith Amalía Jóhannsdóttir, meistaranemi MVS HÍ

Í rannsókninni Textill í mynd eru tekin fyrir þrjú megin svið textílgreinarinnar: Vefnaður, prjón og þrykk. Um er að ræða námsefni sem samanstendur af tólf kennslumyndböndum fyrir börn á grunnskólaaldri. Þrjú myndbönd eru lengri og innihalda umfjöllun um sögu og hefð hvers af fyrrnefndum þremur sviðum. Níu myndbönd eru styttri og lýsa stökum verkefnum sem nemendum er ætlað að vinna að, þ.e. þrjú verkefni af hverju áður nefndum sviðum. Með því að nota þessa þrískiptingu og raða verkefnum niður eftir þessum þremur yfirsviðum er markmiðið að auka skilning nemenda á því að hver textílaðferð fyrir sig á sína sögu og hefðir. Tilgátan sem býr að baki verkefninu er sú að textílnám verði markvissara og ánægjulegra fyrir nemendur þegar þeir gera sér ljóst að sú tækni og þær aðferðir sem þeir tileinka sér eru hluti af langri og ríkulegri hefð. Verkefni sem kann að virðast lítilvægt og óáhugavert eitt og sér getur orðið stórmerkilegt þegar það er skoðað í samhengi við sögulegar hliðstæður. Með slíkum samanburði er vonast eftir því að nemendur skilji betur tilganginn með verkefninu og fái þar með aukna hvatningu. Myndböndin tólf eru hugsuð sem viðbót við fremur lítið framboð af íslenskum kennslumyndböndum um textílaðferðir sem ætluð eru grunnskólabörnum. Í erindinu verður fjallað um gerð og innihald kennslumyndbandanna og hver sé ávinningurinn af slíku námsefni.

Útsaumspakkingar til varðveislu og sölu

Lára Magnea Jónsdóttir, textílhönnuður

Tilgangur verkefnisins var að útbúa söluvöru í tengslum við sýninguna „Karólína vefari“, en sýningin var samstarf milli Borgarsögusafns Reykjavíkur/Árbæjarsafns og Heimilisiðnaðarfélags Íslands. Verkefnið gekk út á það að rannsaka útsaumsmynstur Karólínu Guðmundsdóttur vefara og vinna útsaumspakkingar til sölu. Gerður var samstarfssamningur milli höfundar og Heimilisiðnaðarfélags Íslands um verkefnið. Höfundur skoðaði gögn Karólínu, bæði er varðar útsaumsgerðir,

útsaumsmyndur, garn og útsaumsefni. Fyrir valinu urðu nokkur myndur sem gætu verið aðgengileg fyrir alla, reynda sem óreynda. Valið var einnig að vinna eingöngu með krosssaum. Garn og strammi var valið saman og eftir töluverða yfirlegu var ekkert íslenskt hráefni sem kom til greina. Litasamsetningar voru hugsaðar þannig að flestir gætu fundið það sem félli að þeirra smekk. Umbúðir voru hafðar plastlausar og reitamyndur skýr og stór svo auðvelt væri að vinna eftir þeim. Verkefnið var krefjandi í vinnslu og margar áskoranir sem þurfti að takast á við í vinnuferlinu. Niðurstaðan urðu 18 mismunandi útsaumpakkningar sem hafa selst vel. Í erindinu verður fjallað um þær áskoranir sem fylgdu verkefninu og áherslur í verndun handverks og viðhaldi á sölumarkaði séð til framtíðar.

Rannsóknir á verk- og starfsmenntun

Elsa Eiríksdóttir
RannVERK

Í málstofunni verður fjallað um tilgang rannsókna á verk- og starfsmenntun á Íslandi og sérstaklega hvernig rannsóknir geta nýst og verið nýttar af skólasamfélaginu, atvinnulífinu og stefnumótunaraðilum. Málstofan er á vegum rannsóknarstofu um verk- og starfsmenntun, RannVERK, og verður með óhefðbundnu sniði þar sem lögð verður áhersla á umræður. Sjónum verður beint að ólíkum áherslum í gagnasöfnun og rannsóknum á sviði starfsmenntunar og hvernig mætti stuðla að betri nýtingu hvoru tveggja. Jón Torfi Jónasson, fyrrverandi prófessor við Menntavísindasvið HÍ, mun hafa framsögu um efnið á málstofunni en í framhaldi munu Helen Gray hjá Iðunni fræðslusetri og Ársæll Guðmundsson, skólameistari Borgarholtsskóla, flytja styttri innlegg um efnið út frá undangenginni umræðu tveggja rýnihópa. Rýnihóparnir voru haldnir til að undirbúa umræður á málstofunni og skoða útgangsspurningar málstofunnar með fulltrúum af vettvangi starfsmenntamála. Fyrri umræðufundurinn var með aðilum úr atvinnulífinu og haldinn í samvinnu við Samtök iðnaðarins. Síðari umræðufundurinn var með fulltrúum skólasamfélagsins. Eftir framsögu og innlegg verða almennar umræður á málstofunni, þar sem bæði verður byggt á ramma sem lagður verður fyrir umræðuhópana og því efni sem þar kom fram. Ný heimasíða RannVERK verður opnuð formlega. Umræðustjórn verður í höndum Elsu Eiríksdóttur, dósents á Menntavísindasviði HÍ, og í lokin verður stutt samantekt á efninu.

Rannsóknir á verk- og starfsmenntun: Til hvers og fyrir hvern?

Jón Torfi Jónasson, prófessor emeritus MVS HÍ

Erindið mun fjalla um rannsóknir á verk- og starfsmenntun á Íslandi almennt, en sjónum verður sérstaklega beint að umræðu um tilgang þeirra og hagnýtingu fyrir vettvang og stefnumótun. Gengið verður út frá tveimur tengdum spurningum. (1) Hver eru brýnustu viðfangsefni rannsókna á þessu sviði á Íslandi? (2) Hvernig geta rannsóknir á verk- og starfsmenntun, bæði á Íslandi og annars staðar, stutt við þróun starfsmenntunar til framtíðar? Lögð verður áhersla á samtal og samvinnu við þá sem starfa á vettvangi og koma að stefnumótun í þessum málaflokki. Átt er þá sérstaklega við atvinnulífið og framhaldsskóla, en einnig menntamálayfirvöld. Byggt verður á umræðu tveggja rýnihópa af vettvangi, annars vegar úr atvinnulífinu og hins vegar úr skólasamfélaginu og í framhaldi munu þeir aðilar af vettvangi flytja styttri innlegg um efnið út frá framsögunni og undangenginni umræðu rýnihópanna. Á síðustu áratugum hefur starfsmenntakerfið á Íslandi glímt við ýmsar áskoranir og á undanförunum áratug hafa verið gerða ýmsar breytingar á framhaldsskólastiginu sem og lagaramma starfsmenntunar sem ekki er útséð um hvernig munu skila sér. Eins hefur spunnist töluverð umræða um stjórnábylgju, stöðu og framtíð starfsmenntunar. Aftur á móti hafa rannsóknir á starfsmenntun lítið verið ræddar og skortur á upplýsingum gjarnan torvelað umræðu – sérstaklega um horfur og stefnu

til framtíðar. Markmiðið með málstofunni er að hvetja til samtals og samvinnu um þessi mál og vekja athygli á mikilvægi rannsókna á verk- og starfsmenntun.

Kynjavíddin í starfi leik- og grunnskóla í Litháen og Íslandi – Gender in preschools and compulsory schools in Lithuania and Iceland

Ingólfur Ásgeir Jóhannesson
Rannsóknastofa um þróun skólastarfs

Lithuanian teachers in the 21st century: Challenges and opportunities

Karolina Kunceviciute, MA in international studies in education, School of Education UI

After Lithuania gained independence in 1990, significant reforms and educational transformations have taken place. The aim of the reforms has been to create an advanced educational system that would allow Lithuania to catch up with the supposedly more developed Western countries. However, despite significant efforts to reform Lithuanian education, the Lithuanian teaching profession is confronted with challenges and difficulties, and is subject to severe criticism. The teaching community, which is strongly feminized in Lithuania, is aging, and that has already resulted in teacher shortages in some schools. Therefore, this interview study aimed to analyze how the post-Soviet educational transformations and reforms in Lithuania had affected the teaching profession and teachers' professionalism, and what were the gendered implications for the teaching profession in Lithuania. The data was collected through semi-structured interviews with eight qualified primary school women teachers who had 25–45 years of professional teaching experience in Lithuania. Thematic analysis was used to analyze the collected data. To answer the research questions of this study, a critique of the neoliberal paradigm was used, as well as a feminist approach. The findings reveal intensification of the teachers' job and other complexities that relate to respect and attractiveness of the teaching profession. In addition, the findings suggest that primary school teaching tended to be perceived as women's jobs, due to existing social norms and gendered stereotypes that sustain a gender-based occupational segregation.

Opinn efniviður og val barna á leikjum í ljósi kynjafnréttismenntunar. Rannsókn í sex leikskólum

Sólveig Björg Pálsdóttir, leikskólakennari, Laugasól og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, prófessor, MVS HÍ

Skoðað var leikefni í sex leikskólum út frá kynjafræðilegu sjónarhorni og könnuð viðhorf leikskólakennara til leiks og leikefnis barna. Skólarnir voru valdir af handahófi á höfuðborgarsvæðinu og í nágrenni þess en þess gætt að deildarstjóri á elstu deild væri kennaramenntaður. Fylgst var með starfinu hluta úr degi og tekin viðtöl við sex deildarstjóra í elstu deildum. Fram kom að í leikskólunum var lögð mikil áhersla á að nota bæði margvíslegan opinn efnivið, svo sem kubba, en einnig verðlausan efnivið, svo sem skyrdósir, tauefnisbúta, pappakassa og skartgrip. Einnig var mikil áhersla á að börnin veldu sjálf við hvað og hvernig þau lékju sér en að fylgst væri vel með því að leikurinn færi vel fram, til dæmis að samskipti barnanna væru góð og engin börn væru skilin útundan. Loks kom fram að í flestum skólunum, nema einum, var fremur lítið unnið að því markvisst að skoða starfið frá kynjafnréttissjónarhorni. Helst væru bækur skoðaðar af sjónarhóli kynjafnréttis. Engu að síður kom vel fram að sjá mætti í barnahópunum margvíslega kynjaskiptingu í vali leikja og efniviðar til að leika sér með. Leiða má að því líkur að hin mikla áhersla skólanna á opinn efnivið og verðlausan efnivið, og á að börnin velji frjálst hvernig þau leika sér, geti leitt til þess að síður sé horft á leikumhverfið frá kynjafræðilegu sjónarhorni.

Þrengsli og kyn í leikrými barna

Hörður Svavarsson, leikskólakennari, Aðalþing

Greint er frá fyrstu niðurstöðum rannsóknar um rými í leikskólum. Tilgangur með rannsókninni er að varpa ljósi á leikrými barna í leikskólum á höfuðborgarsvæðinu: hversu rúmt eða þröngt það væri, hvernig það væri notað og hvort sú notkun væri kynjuð. Menntapólitískt samhengi rannsóknarinnar er tvíþætt: Uppi eru sterkar grunsemdir um að leikrými barna sé mjög þröngt og einnig er byggt á kenningum um að rými sé aldrei hlutlaust eða núllstillt út frá kynjasjónarhorni því að skipulag þess geti átt þátt í að viðhalda og ýta undir ríkjandi staðalmyndir og mikilvægt sé að kennarar geri sér grein fyrir því. Mældar voru nákvæmlega 38 leikskóladeildir í 30 leikskólum, teknar ríflega 500 ljósmyndir í þessum deildum og tekin viðtöl við deildarstjóra í þriðjungi þeirra skóla þar sem mælingar fóru fram. Beitt var aðferðum tölfræði við úrvinnslu mælinganna en orðræðugreiningu og þemagreiningu á ljósmyndir og viðtöl. Gögnin sem safnað var benda til þess að leikrýmið sé mjög þröngt, sérstaklega þegar dregið hefur verið frá pláss fyrir húsgögn sem ekki nýtast í leiknum. Niðurstöðurnar staðfesta því grunsemdir um þrengsli í leikrými barna. Margs konar hópaflökun var greinanleg í skipulagi á veggjum og sáust vísbendingar um að í skipulagi væri ætlað að blanda kynjum saman, sem er kynjað skipulag í sjálfu sér. Í viðtölunum kom þó fram að deildarstjórnir töldu sig ekki skipuleggja rýmið með tilliti til mismunandi kynja.

„Ég er bara ein með þau öll og er þá bara með tvo stuðninga“. Ungar kennslukonur í grunnskólum veturinn 2021–2022

Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, prófessor, MVS HÍ, Valgerður S. Bjarnadóttir, lektor, MVS HÍ, Maríanna Jónsdóttir Maríudóttir, grunnskólakennari, HA og Aðalheiður Anna Erlingsdóttir, meistaranemi MVS HÍ

Markmiðið er að rannsaka hvernig nýlega brautskráðum kennslukonum vegnar í starfi í grunnskólakennslu og að hvaða leyti reynsla þeirra sé tengd kyni þeirra og að hvaða leyti ekki. Tvenns konar rannsóknir og kenningar liggja að baki þessu verkefni: Um kyngervi og um starf nýliða í hópi kennara. Rannsóknin hófst haustið 2021 með viðtölum við 11 nýlega brautskráðar kennslukonur, sem höfðu þó flestar kennt í eitt til þrjú ár, og er áætluð að fylgja þeim með þremur viðbótarviðtölum til vors 2023. Þær kenna í ólíkum skólum í nokkrum landshlutum. Viðtölin fara fram eftir hálfopnum spurningaramma og er unnið úr þeim eftir hefðum eigindlegra rannsókna. Við munum fjalla um þrjú þemu sem birtast skýrt í fyrstu tveimur viðtalsumferðunum (haustið 2021 og vorið 2022): 1) Mikið er um teymisvinnu og teymiskennslu og gerðu sumir viðmælendur skýran greinarmun á þessu tvennu í samræmi við fræði þar að lútandi. Af orðum viðmælenda má ráða að það að vinna í teymis-samstarfi sé beinlínis valdeflandi, bæði í gegnum stuðninginn við starf nýliðans auk þess sem mögulega hefur orðræðan um teymi jákvæð áhrif. 2) Samvinna í skólastofunum og utan þeirra við sérkennara, þroskaþjálfara, stuðningsfulltrúa, sem voru í nokkrum tilvikum kallaðir „stuðningar“, og fleiri. Meðal þess sem komið hefur í ljós er að afleysing fyrir stuðningsfulltrúa sem fara í leyfi er fallvölt og það er kynjaskipting í því hvernig viðmælendum fundust stuðningsfulltrúar vinna. 3) Nokkrir viðmælenda ræddu mikilvægi þess að tileinka sér kæruleysi til að þurfa ekki að vera eins og „hamstur í hjóli“, eins og ein þeirra orðaði það.

Ekki öll eins en jafnmikils virði - Lýðræði í styðjandi/hvetjandi leikskólaumhverfi

Kristín Dýrfjörð

LeikA - Háskólinn á Akureyri

Þar sem öll geta verið þau sjálf. Jafnrétti í leikskólastarfi

Anna Elísa Hreiðarsdóttir, lektor HA

Jafnrétti hefur verið opinbert viðfangsefni leikskóla frá og með aðalnámskrá 1999. Í námskránni 2011 er jafnrétti skilgreint enn skýrar sem viðfangsefni leikskólakennslu og er nú ein af sex grunnstöðum menntunar á öllum skólastigum. Markmið rannsóknarinnar sem hér er kynnt er að skoða af hverju og

hvernig valdir leikskólakennarar vinna með jafnrétti í leikskólastarfi. Um er að ræða forkönnun sem er ætlað að leggja drög að stærri rannsókn og voru þátttakendur valdir með markmiðsúrtaki, allt fólk sem á það sameiginlegt að vinna markvisst með jafnrétti í starfi sínu og hefur gert um árábil. Fólkið svaraði tveimur rannsóknarspurningum, í fyrsta lagi; Hver er krafan um að leikskólakennarar vinni með jafnrétti? Í öðru lagi: Hvernig geta leikskólakennarar unnið með jafnrétti? Niðurstöður sýna að kennararnir fimm afgreiða fyrri spurninguna með því að vísa í aðalnámskrá allra skólastiga og aðalnámskrá leikskóla en einnig áherslur sveitarfélaga og segja kennara ekki hafa val um að vinna með jafnrétti, það er hluti af starfsskyldum þeirra. Seinni spurningin hefur fjölbreyttari svör en að sama skapi eru atriði sem koma fram ítrekað og tengjast markvissri nálgun og gagnrýnu samtali starfsfólks, vali á kennslu efni og viðfangsefnum og virðingu fyrir einstaklingunum. Af niðurstöðum má álykta að jafnrétti er, og á að vera, viðfangsefni leikskólakennara, hjá því er ekki komist. Það er einnig ljóst að jafnrétti í leikskóla á sér margar hliðar sem sérhver skóli þarf að vinna með bæði á dýptina og víddina. Þannig eru viðhorf starfsfólks og vinnubrögð hluti af vinnu með jafnrétti og skipulag umhverfis og leikefni hefur áhrif.

Valdeflandi matmálstímar

Guðrún Alda Harðardóttir, leikskólakennari, leikskólinn Aðalþing og Kristín Dýrfjörð, dósent HA

Í erindinu verður fjallað um nálgun leikskólabarna í matmálstímum þar sem þau stýra m.a. hvaða mat þau snæða, hvar þau setjast og samræðum. Samkvæmt rannsóknnum eru hefðbundnir matmálstímar leikskóla gjarnan fullorðinsstýrðir, þar sem kennarar ákveða bæði hvar börnin sitja og umræðuefni en í rannsóknnum hefur komið fram að börn reyni gjarnan að ná eignarhaldi á samræðunum. Kennarar í leikskólanum Aðalþingi töldu mikilvægt að endurskoða hefðbundið form matartíma með það í huga að stuðla að aukinni valdeflingu barnanna með því að breyta valdahlutföllum í matmálstímum og færa þá frá því að vera kennarastýrðir yfir í aukin áhrif barnanna. Tilgangur rannsóknarinnar er að varpa ljósi á hvernig börnin nálgust matmálstímann í þessu breytta formi. Rannsóknin er starfendarannsókn undir áhrifum gagnrýninnar kenningar, með áherslu á valdeflingu barna. Rannsóknargögn eru 145 myndbönd sem tekin voru yfir 8 ára tímabil, frá ágúst 2012 til febrúar 2020. Við gagnagreiningu var einblínt á að skoða hvernig börnin nálgust matmálstímana, hvað einkenndi samræður og samskipti þeirra. Niðurstöður sína að barnstýrðir matmálstímar henta börnum vel og stuðlar að valdeflingu þeirra. Það er áberandi hve börnin voru afslöppuð og glöð í matmálstímunum. Algengt var að þau ræddu sín á milli um gæði matarins á meðan þau borðuðu og almennt borðuðu þau vel. Börnin ræddu einnig um það sem efst var á baugi hjá þeim hverju sinni, umræðuefni voru misjöfn, til dæmis um námið, vináttu, sjálfstæði, leik og reglur. Þau gerðu matmálstímana að sameiginlegu viðfangsefni og samfélagi sem þau tilheyra og eru virkir þátttakendur í.

Athuganir í leikskólum

Helena Sjørup Eiríksdóttir, helenaeriks@simnet.is, leikskólakennari, Akureyrarbæ og Anna Elísa Hreiðarsdóttir, lektor HA

Athuganir eru mikilvægur þáttur í starfi leikskóla og tilgangurinn margþættur, svo sem að skrásetja framfarir og stöðu, að rýna í námsumhverfi barnanna eða að safna upplýsingum fyrir samræðu við foreldra svo eitthvað sé nefnt. Markmið rannsóknarinnar var að fá skýrari sýn á hvaða leiðir eru notaðar við athuganir í leikskólum og sjónum beint að því í hvaða tilgangi athuganir eru unnar og hvernig þær eru framkvæmdar. Rannsóknin byggir á spurningakönnun meðal starfsfólks leikskóla og unnið var úr 249 svörum við spurningum sem voru ýmist lokaðar eða hálfopnar, hér er unnið að mestu með svör við hálfopnum spurningum. Í kynningunni er lögð áhersla á niðurstöður sem tengjast þeim aðferðum sem styrkja lýðræði og valdeflingu barna. Niðurstöður sýna að fjölbreyttum og ólíkum aðferðum er beitt við athuganir í leikskólum til að fá sem víðasta sýn á börnin. Þær leiðir sem flestir nota eru atferlisathuganir eða uppeldisfræðileg skráning en athuganir eiga undir högg að sækja því starfsaðstæður eru krefjandi og staðlaðir listar taka tíma. Flestallir þátttakendur hafa fengið einhverja þjálfun og/eða fræðslu til að framkvæma athuganir, flestir í námi sínu en einnig á námskeiðum.

Athuganir miða að fjölbreyttum markmiðum og starfsfólk með ólíkan bakgrunn í menntun og reynslu framkvæmir athuganir. Niðurstöður vekja spurningar um hlut staðlaðra lista í leikskólastarfi á kostnað aðferða með opnari möguleikum og hvaða áhrif þessi þróun hefur á leikskólastarf með áherslu á þroska, líðan og nám leikskólabarna.

Að skapa örheima í leik með stafrænan efnivið

Kristín Dýrfjörð, dósent HA

Í fyrirlestrinum er skoðað hvernig kóðanleg leikföng eru notuð til að þróa sköpunargáfu í leik barna. Sérstakur gaumur er gefinn að því hvernig börn nota frásagnir sem hluta af leiknum og hvernig persónusköpun og rýmissköpun byggðist á búsetu, félags- og menningarlegum bakgrunni. Byggt er á kenningum um leik og sköpun. Leikur er athöfn þar sem hægt er að fylgjast með sköpunargáfunni þegar hún á sér stað. Einn þáttur sem styður við sköpunargáfu í leikskólaumhverfi er að búa til örheima sem hefur verið bent á að geti stutt þróun frásagna og ýtt undir sundurhverfa hugsun, sem eru talin mikilvægur þáttur sköpunargáfu. Læsi á umhverfi er hluti lýðræðislegs samfélags og mikilvæg stoð í leikskólauppeldi. Gagnasöfnunin fór fram með myndbandsupptökuvélum, Go-pro myndavélum, ljósmyndum, vettvangsskýrslum og rannsóknardagbókum. Þátttakendur voru fimm ára börn í leikskóla sem tóku þátt í sköpunarsmiðjum. Þau lærðu undirstöðuatriði forritunar í gegnum vinnu með vélmenni þar sem skapandi efni og leikur voru lykilefniviður. Upplýsts samþykki var aflað frá öllum hlutaðeigandi yfirvöldum, kennurum, foreldrum og börnum, og rannsóknin fylgdi viðeigandi siðferðilegum verklagsreglum. Niðurstöður benda til þess að börn noti stafrænan efnivið á skapandi hátt fái þau tækifæri til. Þau gerðu sögur tengdar eigin umhverfi og útbjuggu leiksvið fyrir kóðuðu tækin sem voru mjög staðbundin. Það sama á við um persónur þeirra, þær voru byggðar á barnamenningu. Börnin notuðu efnivið saman sem dæmi legókubba til að byggja þrívíddarumhverfi ofan á tvívíddarleiksviðin. Börnin bjuggu til sínar eigin sögur og léku þær með vélmenninum, sem þau persónugerðu gjarnan.

Gæði kennslu í grunnskólum á Íslandi og Norðurlöndum

Berglind Gísladóttir

Rannsóknarstofa um þróun skólastarfs

Stigskiptur stuðningur í kennslu: Greining á gæðum kennslu á unglingsstigi

Birna Svanbjörnsdóttir, dósent HA og Sólveig Zophoníasdóttir, aðjúnkt HA

Almennt er viðurkennt að gæði kennslu skipta máli fyrir nám nemenda. Hvað nákvæmlega er átt við með gæði kennslu er hins vegar umdeilt en vaxandi samstaða er um að gæði kennslu einkennist af stigskiptum stuðningi, faglegum kröfum, skýrum markmiðum og framsetningu efnis og frjóum námsaðstæðum. Norrænum menntakerfum er oft lýst sem einsleitum en niðurstöður rannsókna þar sem upptökum úr kennslu ásamt fleiri gögnum úr skólastofunni hefur verið safnað um kennsluhætti kennara og samskipti í kennslustofum á Norðurlöndum gefa til kynna ákveðinn mun á milli landa, skóla og námsgreina. Hér á landi benda nýlegar skólastofurannsóknir til þess að bein kennsla og einstaklingsbundin vinna þar sem vitsmunalegar kröfur eru litlar og þátttaka nemenda takmörkuð einkenni kennsluhætti. Í erindinu eru kynntar frumniðurstöður íslensks hluta norrænnar rannsóknar sem byggja á greiningu á gæðum kennslu og snúa að stigskiptum stuðningi. Upptök úr 120 kennslustundum á unglingsstigi í íslensku, samfélagsfræði og stærðfræði (haust 2018) voru greindar og kóðaðar með hliðsjón af PLATO greiningarrammanum sem var hannaður og notaður til að greina gæði kennslu. Niðurstöðurnar eru einnig bornar saman við niðurstöður greininga á upptökum úr sænskum kennslustundum. Niðurstöður þessarar rannsóknar virðast staðfesta fyrirliggjandi niðurstöður úr rannsóknum í íslenskum skólum og eru vísbendingar um að nokkur munur sé á gæðum kennslu milli námsgreina þegar horft er til þátta í stigskiptum stuðningi. Niðurstöðurnar geta skapað grundvöll til samræðna um gæði kennslu og verið leiðarljós í starfsþróun kennara á vettvangi og í kennaranámi.

Samræður í kennslustund

Berglind Gísladóttir, lektor, MVS HÍ

Rannsóknin er hluti af Norrænu öndvegissetri um gæði kennslu á Norðurlöndum (Quality in Nordic Teaching). Myndbandsgögnum var safnað í tíu íslenskum skólum sem valdir voru með hentugleika í þeim tilgangi að reyna að tryggja fjölbreytileika úrtaksins. Þessi rannsókn byggir á greiningu myndbandsgagna úr 35 kennslustundum í 8. bekk í stærðfræði hjá ellefu stærðfræðikennurum. Til að meta gæði kennslunnar var greiningarrámminn PLATO (Protocol for Language Arts Teaching Observation) nýttur við greiningu myndbands gagnanna. PLATO inniheldur 12 gæðaviðmið sem metinn eru á fjögurra punkta kvarða. Eitt þeirra gæðaviðmiða er samræður í kennslustundum. Í þessu erindi er litið til þess hvernig samræður í kennslustund birtast í stærðfræðikennslu í íslenskum grunnskólum. Í greiningarrámmnum beinast „samræður í kennslustundum“ að þeim tækifærum sem nemendur hafa til samræðna við kennarann og á meðal jafningja í kennslustundum. Viðmiðið beinist að innihaldi samræðanna sjálfra, þ.e. að hvaða marki þær eru markvissar og uppbyggjandi eða ómarkvissar og gagnslitlar. Auk þess tekur gæðaviðmiðið til þess hvernig kennarinn vinnur með hugmyndir nemenda, þ.e. að hve miklu leyti hann samþykkir órókstudd eða óskýr svör nemenda eða hvort hann virkjar hugmyndir nemenda og hvetur þá til að skýra og rökstyðja mál sitt. Rannsóknir hafa sýnt að samræður í kennslustund eru afar mikilvægur þáttur í námi nemenda og nauðsynlegt sé að nemendur fái tækifæri til greinandi og skapandi hugsunar og þurfi að færa rök fyrir máli sínu. Niðurstöður greininga úr íslenskum kennslustundum sýna að það er rými til bóta þegar kemur að samræðum í kennslustundum í stærðfræðikennslu á unglingsstigi.

Nám og kennsla á netinu: Viðbrögð norrænna unglingsstigs kennara við upphaf COVID-19 faraldursins

Sólveig Zophoníasdóttir, aðjúnkt HA

Í heimsfaraldrinum COVID-19 stóðu skólar frammi fyrir því að þurfa að breyta hefðbundnu skólastarfi með stafrænum lausnum, færa skólastarf á form netkennslu og skapa stafrænt námsumhverfi á ótrúlega skömmum tíma. Í erindinu verður sagt frá niðurstöðum rannsóknar sem gerð var til að varpa ljósi á reynslu norrænna kennara af upphafstímabili COVID-19 heimsfaraldursins. Þrjár rannsóknarspurningar voru hafðar að leiðarljósi í rannsókninni: (1) Hvaða áskoranir og kennsluaðferðir er hægt að greina í lýsingum kennara á kennslu á meðan heimsfaraldurinn braust út? (2) Hvaða hlutverk virðist stafræn tækni hafa þegar kemur að þessum áskorunum og kennsluaðferðum? (3) Hvernig má skilja viðbrögð og forgangsröðun í skólastarfi þessara norrænu skóla á upphafstímabili heimsfaraldursins? Fræðileg umgjörð rannsóknarinnar byggir á hugmyndum Biesta um megintilgang menntunar og þrjú meginvið hennar: að öðlast hæfni (qualification), félagsmótun (socialization) og manneskjan sjálf (subjectification). Rannsóknargögnin eru eigindleg og samanstanda af einstaklingsviðtölum sem tekin voru á neti við alls 17 unglingsstigs kennara frá Danmörku, Finnlandi, Íslandi og Svíþjóð. Viðtalsgögnin voru flokkuð og þau aðgreind í þrjú meginþemu sem tengdust skipulagi kennslu, samræðum og mati á árangri. Niðurstaða greiningarinnar leiddi í ljós að ásamt því að hafa aðgang að stafrænum búnaði við upphaf kreppunnar ultu viðbrögð skóla þeirra kennara sem tóku þátt í rannsókninni á hæfni þeirra til að bregðast við á sjálfstæðan hátt og finna faglegar lausnir við upphaf heimsfaraldursins. Kennararnir sátu ekki og biðu eftir leiðbeiningum um hvað ætti að gera heldur tóku frumkvæði og stýrðu aðstæðum eins vel og þeim var unnt með því að nýta sér faglega hæfni sína.

Hvað einkennir framúrskarandi kennslustundir? Hugræn virkjun í átta norrænum kennslustundum í stærðfræði

Jóhann Örn Sigurjónsson, doktorsnemi, MVS HÍ

Markmið rannsóknarinnar var að auðga skilning á samskiptum kennara við nemendur í kennslustundum með hugræna virkjun (e. cognitive activation) á háu stigi. Átta kennslustundir sem

metnar voru framar öðrum í að virkja hugsun nemenda samkvæmt PLATO greiningarráttum voru valdar með markmiðsúrtaki. Kennslustundirnar koma úr norrænum myndbands gagnagrunni með 125 kennslustundum í stærðfræði á unglingsáttum. Greindar voru upptökur af kennslustund átta mismunandi kennara frá Danmörku, Íslandi, Noregi og Svíþjóð. Samskiptin voru greind með þemagreiningu og snið kennslustundanna með innihaldsgreiningu. Bekkjarumræður og hópvinna voru algengustu sniðin í kennslustundunum. Þó innihéldu allar kennslustundir einhverja stuttlega beina kennslu. Í nokkrum kennslustundum kom einstaklingsvinna fyrir, en þá í stuttum sprettum og aldrei lengur en 15-20 mínútur í senn. Þrjú þemu voru þróuð til að lýsa einkennum samskiptanna: 1) fjölbreyttar tegundir samskipta og tíð skipti á milli þeirra, 2) endurgjöf til leiðsagnar og skýr hlutverk nemenda, og 3) tengslasköpun milli hugtaka í námsefni við bæði heim stærðfræðinnar og reynsluheim nemenda. Niðurstöðurnar eru í nokkru samræmi við fyrri rannsóknir en varpa skýrara ljósi á hvernig hugræn virkjun birtist í kennslu á Norðurlöndum. Þá geta þær verið nytsamlegar fyrir kennaramenntun og starfsþróun kennara með það markmið að styrkja þennan þátt í kennslu og stuðla þannig að því að fleiri nemendur upplifi ánægju og árangur í stærðfræðinámi sínu.

Námsmat, skólagerð og skuldbinding leikskólakennara

Ingileif Ástvaldsdóttir

Rannsóknarstofa um þróun skólastarfs

Menntamálastofnun vinnur nú, í samráði við mennta- og barnamálaráðuneyti, að þróun og útfærslu á námsmati sem leysa skal samræmd könnunarpróf af hólmi. Hugmyndin er sambland matstækja sem notuð verði af öllum skólum en einnig valfrjáls matstæki sem kennarar geti nýtt í almennu skólastarfi. Hluti af vinnu við undirbúning nýs námsmats fólst í rannsókn á sjónarmiðum hagsmunaaðila í skólasamfélaginu.

Sjónarmið skólasamfélags um námsmat: Eigindlegur hluti

Guðrún Birna Einarsdóttir, gæðastjóri, Nói Kristinsson, Guðbjörg Rut Þórisdóttir, Katrín Friðriksdóttir, Inga Úlfisdóttir, Skúli Pétursson og Auðun Valborgarson, doktorsnemi, MVS HÍ. Höfundar eru starfsmenn Menntamálastofnunar

Hér verður fjallað um niðurstöður úr samráðsfundum og rýnihópaviðtölum sem voru hluti af rannsókninni. Haldnir voru 7 rýnifundir með 14 til 35 þátttakendum úr hópi kennara, annars starfsfólks skóla og forsjáraðila og einnig 10 rýnifundir með 6 til 7 nemendum. Fulltrúar úr skólasamfélaginu voru tilnefndir af fræðsluskrifstofunum og nemendur tilnefndir af skólunum. Meginstef í sjónarmiðum kennara og forsjáraðila voru mikilvægi námsmats í grunnþáttum í íslensku og stærðfræði, niðurstöður sem gefa kost á samanburði á stöðu nemenda, að niðurstöðurnar séu leiðbeinandi, að kennarar hafi aðgang að sameiginlegum prófabanka/verkfærakistu og að mat sé framkvæmt á tilteknu tímabili frekar en tiltekna daga. Hjá nemendum voru meginþemu að námsmat þyrfti að vera fjölbreytt, að unnt sé að sjá stöðu sína samanborið við heild, að endurgjöf bendi á hvernig hægt sé að bæta sig, og að námsmat sé samræmt milli skóla til að tryggja að allir nemendur sitji við sama borð. Nemendur töldu almennt skorta skýra endurgjöf að loknu námsmati og að notkun á hæfniviðmiðum væri ómarkviss þar sem lítill skilningur væri á eðli þeirra, matsviðmið of opin og víð og skortur á samræmi milli skóla.

Sjónarmið skólasamfélags um námsmat: Meginlegur hluti

Nói Kristinsson, sérfræðingur, Guðrún Birna Einarsdóttir, Auðun Valborgarson, doktorsnemi, MVS HÍ, Inga Úlfisdóttir og Sigurgrímur Skúlason, auk þess eru allir höfundar starfsmenn Menntamálastofnunar

Hér verður fjallað um niðurstöður úr spurningalista- eða viðhorfskönnun um námsmat sem voru hluti af rannsókninni. Hlekkur á viðhorfskönnun um námsmat var sendur á skólastjóra og þeir beðnir um að áframsenda á kennara og foreldra og bjóða þeim að taka þátt. Svör bárust frá 100

skólastjórnendum, 434 kennurum og 2882 forsjáraðilum. Notaðar voru 25 staðhæfingar sem lutu að ólíku hlutverki eða notkun á námsmati, byggðar á hugmyndum úr íslensku efni tengdu námsmati og erlendum fræðilegum skrifum. Heilt á litið eru viðhorf til námsmats jákvæð. Mest sátt ríkir um að tilgangur námsmats eigi að vera að finna nemendur sem þurfa aukinn stuðning eða þurfa á meira krefjandi námsefni að halda, að nauðsynlegt sé að fylgjast með stöðu nemenda í einstökum námsgreinum og námsframvindu nemenda og að niðurstöður úr námsmati skuli vera nýttar til þess að fá upplýsingar um stöðu menntakerfisins almennt. Ólíkari sjónarmið komu fram um birtingu niðurstaðna á stöðluðu eða markbundnu formi, hvaða upplýsingar skuli birta um skóla eða sveitarfélag og framkvæmd námsmats. Niðurstöðurnar draga fram mikilvægi þess að miðlægt námsmat bjóði upp á fjölbreytileg matstæki og endurgjöf.

Stjórnunarhættir í heildstæðum grunnskóla: Þriggja landa sýn

Ingileif Ástvaldsdóttir, aðjúkt, MVS HÍ

Um er að ræða samstarfsverkefni þriggja háskóla og þriggja grunnskóla í Wales í UK, á Spáni og Íslandi. Rannsókninni er bæði ætlað að auka skilning á starfsháttum heildstæðra skóla (1.–10. bekk) og að styrkja þann þekkingargrunn sem þegar er til um kennsluhætti og stjórnun slíkra skólagerða. Markmiðið er að varpa ljósi á möguleg tengsl stjórnunar- og kennsluhátta á líðan nemenda í löndunum þremur. En niðurstöður nokkurra rannsókna hafa sýnt fram á að skipulag heildstæðra skóla hafi jákvæð áhrif á líðan og nám nemenda. Rannsóknin skiptist í þrjá hluta. Í þeim fyrsta var lagður fyrir spurningalisti fyrir nemendur í 7. bekk í einum skóla í hverju landi um líðan þeirra. Í öðrum hluta voru tekin viðtöl við 12 skólastjórnendur, bæði í heildstæðum grunnskólum og í skólum af annarri gerð, í löndunum þremur og í þeim þriðja voru gerðar vettvangsathuganir og tekin rýnihópaviðtöl við kennara. Í þessari málstofu verður sjónum einkum beint að stjórnunarháttum. Niðurstöður benda til að þrátt fyrir að stjórnskipulag og skipurit skólanna sé mismunandi í löndunum þremur þá virðast áskoranir skólastjóranna til að tryggja velferð og framfarir nemenda ekki vera frábrugðnar á milli landa. Skólastjórar kalla eftir formlegum vettvangi þar sem þeir geta leitað eftir faglegum stuðningi og fræðslu og deilt hagnýtum ráðum sín á milli um það hvernig dreifa megi forystu og efla samstarf, óháð því hvort þeir starfa við heildstæða skóla eða skóla með einu eða tveimur skólastigum.

Skuldbinding leikskólakennara til vinnustaðar

Rakel Ýr Isaksen, aðstoðarleikskólastjóri Álfaheiði Kópavogi. Leiðbeinendur: Ingileif Ástvaldsdóttir, aðjúkt, MVS HÍ og Kristján Ketill Stefánsson, lektor, MVS HÍ

Markmið rannsóknar var að greina tengsl hvataþátta (sem framkalla starfsánægju leikskólakennara) og hollustuþátta (sem geta valdið óánægju í starfi) við skuldbindingu leikskólakennara til vinnustaðar. Tilgangur var að bæta stöðu þekkingar og koma auga á vísbendingar um hvernig megi varðveita hæfni og sérþekkingu starfandi leikskólakennara innan fyrsta skólastigsins. Rannsóknaraðferð var meginleg, rýnt var í fyrirbyggjandi gögn og þau greind með lýsandi tölfræði og fjölbreytuaðhvarfsgreiningu. Gagnasafnið voru svör 1250 leikskólakennara víðs vegar á Íslandi við spurningakönnun Skólaláttamálsins fyrir leikskóla, sem svarað var vorin 2020 og 2021. Tvær stefnutilgátur voru prófaðar, annars vegar að: Leikskólakennarar sem upplifa starfsánægju eru líklegir til að sýna skuldbindingu til vinnustaðar. Hins vegar að: Leikskólakennarar sem upplifa mikið álag í starfi eru ólíklegir til að sýna skuldbindingu til vinnustaðar. Tvíþáttakenning (e. Motivation hygiene theory) Frederik Herzberg og félaga var lögð til grundvallar varðandi skiptingu þáttanna í tvö líkön, annars vegar jákvætt hvataþáttalíkan og hins vegar neikvætt hollustuþáttalíkan. Niðurstöður rannsóknar bentu til að hvataþættirnir: starfsandi, jákvæðar áskoranir í starfi og ræktun mannauðs ýti undir starfsánægju og gegni lykilhlutverki fyrir skuldbindingu leikskólakennara til vinnustaðarins. Niðurstöðurnar gáfu jafnframt til kynna að vinnuálag og starfsumhverfi leikskóla gegni hlutverki í orsakakeðju sem dregur úr jákvæðum áhrifum hvataþátta og veldur mögulega ótímabæru brotthvarfi

leikskólakennara úr starfi. Brýnt er að leita leiða til að styðja við hvatabundna þætti á fyrsta skólastiginu og draga úr álagsvekjandi þáttum í starfsumhverfi leikskóla.

Afdrif menntaumbóta og námsmat í fræðilegu samhengi

Anna Kristín Sigurðardóttir
Rannsóknarstofa um þróun skólastarfs

Greining á afdrifum menntaumbóta

Anna Kristín Sigurðardóttir, prófessor, MVS HÍ, Gerður G. Óskarsdóttir og Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, forstöðumaður Félagsvísindastofnunar FVS HÍ

Tilgangur rannsóknarinnar var að kanna afdrif umbótaverkefna á sviði menntamála. Sjónum var beint að menntaumbótum hjá Reykjavíkurborg fyrsta áratug grunnskólans hjá sveitarfélaginu, árin 1996-2005. Skoðaðar voru samtímalýsingar, einkum í starfsáætlunum og ársskýrslum, á innleiðingu umbótaverkefna tengdum fimm megináhersluþáttum í framtíðarsýn borgarinnar þessi ár. Síðan var leitast við að varpa ljósi á afdrif þeirra og áhrif með hliðsjón af niðurstöðum fyrirbyggjandi rannsókna á skólastarfi og öðrum upplýsingum frá síðustu tveimur áratugum. Loks voru aðgerðirnar greindar í ljósi þátta sem fræðimenn hafa talið stuðla að farsælli framkvæmd menntaumbóta yfirvalda. Niðurstöður bentu til að áherslur tengdar ytri umgjörð skólastarfs væru enn við lýði, svo sem einsetnir grunnskólar, breytt hönnun húsnæðis og nemendamötuneyti. Sama átti við um jöfnuð í umgjörð með áherslu á nemendamiðaðar rammafjárveitingar, mannauðsráðgjöf og fjölgun starfsstétta í skólunum, svo sem námsráðgjafa, skólaliða og millistjórnenda. Áhersla á leiðtogahlutverk stjórnenda virtist ekki hafa náð fullri fótfestu. Áhrif stefnu um nám og kennslu undir merkjum einstaklingsmiðaðs náms og skóla án aðgreiningar sýndust meiri í orði en á borði, hugtakið er lifandi í opinberri umræðu. Sú niðurstaða studdi kenningar um sífellda endurtekningu eldri hugmynda og íhaldssemi í kerfinu. Sjálfsmynd nemenda og þættir tengdir henni eru enn í brennidepli og stöðugt kannaðir, en erfitt að meta þróun í þeim efnum. Á heildina litið virtist stefnumörkun og umbótaaðgerðir frá umræddu tímabili engu að síður hafa einkennst af flestum þáttum sem fræðimenn hafa talið farsæla: áhersla var á nám og kennslu, faglega forystu skólastjórnenda, jöfnuð í umgjörð skólastarfs, víðtækt samstarf, samvirkni áhersluþátta og nýtingu hlutlægra upplýsinga og rannsókna.

Námsmatsrammi fyrir grunnskólastigið

Sigurgrímur Skúlason, sérfræðingur, Menntamálastofnun

Námsmat hefur ólíkan tilgang og hlutverk eftir því samhengi sem það gerist í. Engu að síður er algengt að umræður og umfjöllun um námsmat séu út frá þróngu sjónarhorni. Til að ná utan um ólík sjónarmið og væntingar sem fram hafa komið í vinnu við undirbúning að nýju matskerfi fyrir grunnskóla var dreginn upp námsmatsrammi eða heildarmynd af námsmati í grunnskólastigi. Tilgangurinn er einnig að varpa ljósi á ólík hlutverk námsmats og samhengi milli matsækja sem gegna ólíku hlutverki. Námsmatsramminn er skilgreindur út frá því samhengi sem námsmat gerist í. Einkum er horft til þess hvort niðurstöður og endurgjöf taka tillit til einstakra nemenda eða stærra félagslegt samhengi og þess hvort niðurstöður og endurgjöf afmarkast við eitt skipti eða tengist niðurstöðum á öðrum tímapiðum. Út frá þessum forsendum er námsmatsramminn skilgreindur í fimm þrepum: skimun við upphaf skólagöngu, staðbundið mat á stöðu nemenda, almennt stöðu og framvindu nemenda, mat á skólakerfi og mat á stöðu Íslands í alþjóðlegu samhengi.

Námsmatsrammi sem verkfæri til að skilja námsmat í ólíkum löndum

Sverrir Óskarsson, sviðsstjóri, Menntamálastofnun

Það er krefjandi að fjalla um námsmat og fá fram heildstæða mynd af eðli námsmats. Enn flóknara er að reyna að bera saman námsmat á milli landa, ólíkan tilgang, skilgreiningar og draga fram kjarna þess. Í fyrirlestrinum verður fjallað um námsmat ákveðinna landa og aðferðir til að greina

fyrirkomulag þess. Hugtakið námsmatsrammi og að hluta til hugtakið námsmatslæsi verða notuð til að fjalla um meginþætti námsmats með gagnrýndum hætti. Fram kemur að námsmatsrammi er nýtilegur við samanburð á námsmati milli landa og til að skilja fyrirkomulag námsmats á Íslandi. Þá getur hann verið nýtilegur sem grunnur til stefnumótunar og ákvarðanatöku varðandi námsmat. Hins vegar kemur í ljós að námsmatsrammi gefur ekki innihaldsríka heildarmynd út frá sjónarhorni nemenda og skólafólks, og unnt að gagnrýna ákveðna þætti aðferðarinnar. Því er jafnframt velt upp hvort hugtakið námsmatslæsi geti nýst betur í umræðu um fyrirkomulag námsmats og ólíkan tilgang þess. Í ljósi þessara tveggja hugtaka verður fjallað um niðurstöður úr samanburðarathugun á námsmatsrömmum átta landa. Dregin verða fram dæmi um námsmatsramma frá Hollandi, Englandi, Danmörku, Portúgal og Frakklandi. Í niðurstöðum kemur fram að tilgangur og fyrirkomulag námsmats milli landa er mjög ólíkt og tilraun til flokkunar á ákveðnum þáttum námsmats er flókin og ófullnægjandi.

Íslensk kennslubókmenntasaga

Jón Yngvi Jóhannsson
Íslenskustofa

Ríkið sem bókaútgefandi. Aðdragandi stofnunar Ríkisútgáfu námsbóka og útgáfa fyrstu lestrarbókanna

Jón Yngvi Jóhannsson, lektor, MVS HÍ

Útgáfa kennslubóka fyrir grunnskóla á Íslandi hefur nokkra sérstöðu þegar hún er borin saman við önnur Evrópulönd. Á Íslandi hefur verið starfandi ríkisútgáfa á námsbókum frá því árið 1937 og ríkið gefur út nær allar kennslubækur fyrir grunnskóla á Íslandi. Saga þessarar útgáfu hefur lítið verið rannsökuð og þær námsbækur sem komið hafa út á vegum ríkisins síðastliðin 85 ár hafa sjaldnast verið settar í samhengi við íslenska bókmenntasögu. Í fyrirlestrinum verða kynntar fyrstu niðurstöður rannsóknarverkefnis um sögu kennslubóka í íslensku sem höfundur vinnur að ásamt öðrum. Fjallað verður um aðdraganda stofnunar Ríkisútgáfu námsbóka og þær hugmyndafræðilegu forsendur sem lágu henni til grundvallar. Þá verður athyglinni sérstaklega beint að fyrstu lestrarbókunum sem útgáfan gaf út á fyrstu starfsárum sínum. Á árunum 1938-42 komu út fyrstu lestrarbækurnar á vegum Ríkisútgáfunnar, alls 17 hefti. Ritstjóri þeirra var Freysteinn Gunnarsson. Í fyrirlestrinum verða þessar bækur og efni þeirra til umfjöllunar og þær verða tengdar við íslenska skólasögu og sögu íslenskra bókmennta á fjórða áratugnum. Einkum verður athyglinni beint að því hvaða forsendur lágu að baki efnisvali í þessar fyrstu lestrarbækur með hliðsjón af ríkjandi hugmyndum í samtíma þeirra um þjóðerni, stétt, trúarbrögð og menntun. Á útgáfutíma fyrstu lestrarbókanna var íslenskt þjóðerni og þjóðarsjálfsmynd í deiglu eins og fyrri rannsóknir hafa sýnt fram á. Lestrarbækurnar eru mikilvægur þáttur í þeirri umræðu en þær eiga sér líka aðra hlið – í þeim birtast nútímalegar hugmyndir ritstjórans um bókmenntir og menntun og um mikilvægi barnabókmennta.

Nauðsynleg leiðindi? Athugun á forsendum námsefnis um Íslendingasögur

Arngrímur Vídalín, lektor, MVS HÍ

Óformlegar kannanir lagðar fyrir nemendum á íslenskukjörsviði Menntavísindasviðs síðustu þrjú ár, um það hvort og þá hvers vegna skuli kenna Íslendingasögur í grunn- og framhaldsskólum, bera allar að sama bruni: ekki aðeins sé það sjálfsagt, heldur sé annað óhugsandi, enda sé þetta sjálfur menningararfur þjóðarinnar. Sömu nemendum viðurkenna jafnframt áhugaleysi á Íslendingasögum og að þeim hafi almennt þótt þær leiðinlegur skólalærdómur – nauðsynleg leiðindi, engu að síður, eftir á að hyggja. Í þessum fyrirlestri verður leitast við að athuga hvaða mynd er dregin upp af Íslendingasögum í námsefni þeim tengdum, einkum í formálum og skýringargreinum skólaútgáfna af sögunum annars vegar og sýnisbóka hins vegar. Með því verður grennslast fyrir um hvort sjá megi hvort nokkur tiltekinn þráður sé til staðar í viðhorfum námsefnishöfunda sem og í ætluðum móttökum hins innbyggða lesanda, og þá ekki síst hvort greina megi í þeim breytileg viðhorf milli

tímabila. Þannig má ef til vill komast nær því að greina þau skilaboð sem bæði kennurum og nemendum grunn- og framhaldsskóla eru send með tilteknu námsefni í íslensku, þ.e. hvaða forsendur námsefnishöfundar gefa sér, og þá jafnframt hvort líklegt sé að þær sömu forsendur höfði til nemenda á komandi öðrum aldarfjórðungi tuttugustu og fyrstu aldar.

Þögn er ekki sama og samþykki: Þáttur hins sagða í skólamálfraði skyldunámsskólanna og áhrif á íslenska málstefnu

Heimir F. Viðarsson, aðjúnkt, MVS HÍ

Sögulegar rannsóknir á íslenskri málstefnu hafa einkum beinst að tilurð og mótun íslensks málstaðals á 19. öld annars vegar og hins vegar þeirri kennslubókarhefð sem skólamálfraði Björns Guðfinnssonar markaði um og eftir miðja 20. öld. Hefðbundin skólamálfraði varð þó ekki til í tómarúmi og nauðsynlegt er að skoða hana meðal annars í ljósi almennrar skólaskyldu frá 1907. Vísbendingar eru um að skólaskyldan hafi leitt til breytinga á íslenskri málstefnu, sem muni hafa verið einfölduð í takt við þroska nýs markhóps, þar sem talað sé um óviðurkennda málnotkun með afdráttarlausari hætti en áður hafði tíðkast, auk þess að beinast meira að talmáli nemenda. Þetta atriði í íslenskri kennslubókmenntasögu hefur hins vegar verið lítt rannsakað. Í fyrirlestrinum verða skoðaðar fyrstu málfræðibækurnar sem kenndar voru í skyldunámsskólunum á fyrri hluta 20. aldar, þ.á m. bækur sem birtust í Ríkisútgáfu námsbóka, og þær settar í sögulegt samhengi. Áhersla verður lögð á að draga fram á hvaða hátt bækurnar eru frábrugðnar öðrum og mat lagt á þátt þeirra í fyrrnefndum breytingum. Hafa ber í huga að þótt greina megj mun á framsetningu málviðmiða er ekki sjálfgefið að um eiginlega breytingu sé að ræða. Venjan fram til þessa hafði verið að lýsa æskilegum málafræðingum en fordæmingu máltilbrigða yfirleitt sleppt. Sú útilokandi aðferð „ósýnileikavæðingar“ (e. *invisibilisation*) eða „útstrokunar“ (e. *erasure*) sver sig m.a. í ætt við danska kennslubókarhefð. Færa má rök fyrir að hún leiði í raun að sama marki, þar sem þögn er ekki sama og samþykki.

Stærðfræðimenntun

Ingólfur Gíslason

Rannsóknarstofa um stærðfræðimenntun

Skapandi stærðfræði fyrir fjölbreyttan nemendahóp

Ósk Dagsdóttir, sérfræðingur í stærðfræðimenntun

Stærðfræði er skapandi fræðigrein og margir stærðfræðingar vinna á skapandi hátt og leita að lausnum í óljósum heimi. Vísindamenn í fjölda greina nýta stærðfræði á sveigjanlegan hátt í samstarfi við aðra. Þrátt fyrir það hefur stærðfræðin sem kennd hefur verið í skólum oft falið í sér að nemendum er gert að fylgja fyrirfram gefnum reikniritum og fyrirmælum um hvernig á að leysa verkefni. Með sköpun sem grunnþætti Aðalnámskrár og grundvallarþáttur í Menntastefnu Reykjavíkurborgar eru margir íslenskir kennarar sem vilja efla sköpun í stærðfræðikennslu. Í erindinu segir frá niðurstöðum úr starfendarannsókn sem gerð var með kennurum í íslenskum grunnskóla. Rannsakað var starfsþróunarverkefni sem miðaði að því að efla sköpun í stærðfræðinámi. Í niðurstöðum kom fram að kennarar upplifðu að starfsþróun af þessu tagi styrkti þá sem fagmenn og studdi þá til þess að þróa eigin kennslu á jákvæðan hátt. Sér í lagi fannst kennurunum skapandi námsaðferðir í stærðfræði virka vel þegar um fjölbreyttan nemendahóp var að ræða og ólíka getu nemenda. Þeir lýstu því hvernig þeir gátu nýtt verklegt nám, umræður og leiki til þess að styðja nemendur til sköpunar og eflingar hugtakaskilnings. Þeim fannst þeir sjá mun á þátttöku í námi og árangri nemenda. Niðurstöðurnar geta stutt við þá sem vilja efla sköpun í stærðfræðinámi og eiga erindi við nemendur, kennara og skólastjórnendur. Með því að efla sköpun í stærðfræðinámi er von til að hægt sé að mennta nemendur sem eru færir um sjálfstæða hugsun og geti nýtt sér stærðfræði á sveigjanlegan hátt í lífi sínu, námi og fjölbreyttum störfum.

Að brjóta niður veggviðmiða í stærðfræðistofunni. Starfendarannsókn á breytingum á viðmiðum innan stærðfræðistofunnar þegar kennt er eftir hugmyndum um hugsandi kennslurými

Eypór Eiríksson, framhaldsskólakennari, Menntaskólinn í Kópavogi

Hægt er að segja að meginmarkmið stærðfræðikennara sé að láta nemendur hugsa. Þó virðist stærðfræðikennsla í íslenskum framhaldsskólum hafa fest í ákveðnum viðmiðum sem virðast sniðganga hugsun, skilning, umræður og rökræður. Að brjóta niður þessi viðmið getur reynst kennurum flókið og jafnvel ómögulegt. Tilgangur rannsóknarinnar sem fjallað verður um var að kanna hvort hægt væri að brjóta niður þessi viðmið með því að nota hugmyndir um hugsandi kennslurými. Hugsandi kennslurými er rými þar sem hugsun er í fyrirrúmi, rými þar sem nemendur vinna saman að verkefnum, hönnuð til að byggja upp skilning á nýjum hugtökum og hugmyndum, rými þar sem nemendur leita skilnings í gegnum samræður við samnemendur og kennara. Rannsóknin er starfendarannsókn þar sem höfundur vann í sjö vikur að uppbyggingu hugsandi kennslurýmis hjá fjórum stærðfræðihópum í íslenskum framhaldsskóla og greindi breytingar á viðmiðum innan kennslurýmisins. Í tveimur af fjórum hópum náðist að brjóta niður viðmið innan kennslurýmisins og byggja upp ný viðmið sem krefjast hugsunar af bæði nemendum og kennara. Meðal viðmiða sem breyttust voru aukin sjálfstæð vinnubrögð nemenda, nemendur leituðu upplýsinga hjá samnemendum, viðhéldu eigin flæði, sýndu þrautseigju og voru tilbúnir að hugsa. Þetta olli meðal annars því að nemendur reiddu sig ekki eins mikið á svör frá kennaranum heldur á svör út frá samvinnu við samnemendur, virkni nemenda í verkefnum jókst sem og áhugi nemenda á stærðfræðitímum. Í hinum tveimur hópnum náðist ekki að brjóta niður viðmið innan kennslurýmisins sem voru til staðar.

Stærðfræðileg orðræða og orðræða skólastarfs í samræðum nemenda við lausnarleit með GeoGebru: hvað sannfærir nemendur?

Ingólfur Gíslason, aðjúnkt, MVS HÍ

Tilgangur rannsóknarinnar er að skilja betur þau tækifæri og áskoranir sem felast í notkun kvikra rúmfræðiforrita í stærðfræðikennslu til að draga nemendur inn í stærðfræðilega orðræðu. Stærðfræðileg orðræða í þessu samhengi snýst um að kanna stærðfræðilega eiginleika og vensl, setja fram tilgátur og reyna að sannfæra sjálfan sig og aðra um tilgáturnar með vísan í stærðfræðilega eiginleika. Athygli var sérstaklega beint að því hvað sannfærði nemendur um að þeir höfðu leyst verkefni sín. Þátttakendur voru í fyrsta áfanga í stærðfræði í framhaldsskóla og unnu í litlum hópum að verkefnum með GeoGebru sem eru um kartesísk tengsl algebru og rúmfræði. Þrjú þættir (myndskeið) úr kennslustundum voru greindir ítarlega með aðferðum samræðugreiningar. Í fyrsta þætti breyttu nemendur gildi stika með rennstíku. Í öðrum þætti gáfu nemendur skipanir um að búa til hnit út frá breytistærðum. Í þriðja þættinum gáfu nemendur upp jöfnur á fyrirfram ákveðnu formi. Í öllum þáttunum sýndu nemendur augljósa ánægju þegar þeir töldu sig hafa gert það sem beðið var um. Í fyrsta þættinum notuðu nemendur orðræðu um sjónrænt útlit og leituðu staðfestingar kennivalds til að finna og sannreyna lausnir. Í hinum þáttunum tveimur settu nemendur fram tilgátur um lausn á grundvelli eiginleika og rökstuddu lausnir til að sannfæra sjálfa sig, samnemendur og kennarann um réttmæti lausnanna. Orðræða skólastarfs sem snýst um fyrirsmæli og dóma kennara og kröfur skólans til nemenda kom fyrir í öllum þáttunum og myndaði togstreitu við stærðfræðilega orðræðu.

Myndlæsi, listir, lýðræði og gagnrýnin hugsun

Ingimar Ólafsson Waage

Rannsóknarstofa í listkennslufræðum

Sjónarafl: Þróunarverkefni í myndlæsi í Listasafni Íslands

Ragnheiður Vignisdóttir, verkefnisstjóri viðburða og fræðslu við Listasafn Íslands og Marta María Jónsdóttir, fræðslufulltrúi Listasafns Íslands

Listasafn Íslands hóf á haustmánuðum nýtt þróunarverkefni sem ber heitið Sjónarafl – Þjálfun í myndlæsi en verkefnið miðar að því að auka þekkingu og skilning ungmenna á myndlist og sjónrænum menningararfi þjóðarinnar. Listasafn Íslands er höfuðsafn á sviði myndlistar og gegnir lögbundnu menntunarhlutverki. Með þessu verkefni veitir safnið mikilvæga menntun í samvinnu við skólakerfið þar sem virkilega er stutt við kennslu í mynd- og menningarlæsi með faglegum hætti í beinum tengslum við listaverkæign þjóðarinnar. Í málstofunni verður þróunarverkefnið Sjónarafl kynnt en það stóð yfir tvær skólaannir 2021–2022 í samstarfi við Barnaskóla Hjallastefnunnar. Í verkefninu eru notaðar kennsluáðferðir sem markvisst þjálfa nemendur í myndlæsi, tjáningu, virkri hlustun og rökhugsun. Þróunarverkefnið með nemendum Hjallastefnunnar gaf tækifæri á því að meta markvisst árangur nemenda sem tóku miklum framförum á tímabilinu þar sem geta þeirra til þess að lesa í myndir, menningu og beita aðferðum myndlæsis varð áberandi góð, sjálfstraust nemenda í tjáningu jókst og færni í rökhugsun. Þá miðar verkefnið einnig að því að skapa þekkingu á íslenski myndlist sem greinilega sat eftir í hugum nemenda að loknu verkefninu. Nánar verður fjallað um niðurstöður verkefnisins og aðferðafræðina að baki árangursmælingunum. Safnfræðslufulltrúar Listasafns Íslands, Ragnheiður Vignisdóttir og Marta María Jónsdóttir, kynna verkefnið og þann árangur sem náðst hefur með nýrri nálgun í safnfræðslu og kennslu þar sem listaverkin og safnið er nýtt sem námsvettvangur. Enn fremur verður kynnt nýtt námsefni sem unnið var út frá þróunarverkefninu.

Hvað nú? Teiknimyndasaga um skólagöngu á seinni hluta tuttugustu aldar

Halldór Baldursson, sjálfstætt starfandi skopteiknari, listamaður og myndlistarkennari, Myndlistaskólinn í Reykjavík

Í þessu erindi segi ég frá meistaraverkefni mínu þar sem ég rannsakaði hlutverk myndasögunnar í skólastarfi. Viðfangsefnið er tvíþætt, annars vegar er það innihald sögunnar en þar fer ég yfir eigin skólagöngu og skoða námsferilinn í samhengi við kennslufræði þar sem ég hef aðkomu sem nemandi, kennari og listamaður. Hins vegar er það myndasöguformið sjálft sem er til skoðunar og hvernig frásagnarmáti þess og myndmál þess nýtist við að koma þekkingu og fróðleik til skila. Mitt aðalframlag í verkefninu er byggt á reynslu minni sem höfundur samfélagslegs skops og myndskreyttra bóka af öllu tagi síðastliðin 30 ár. Þannig er verkið líka autoetnografísk listranssókn þar sem mín eigin listsköpun er dregin inn á svið kennslufræðinnar. Einnig legg ég starfskenningu mína sem kennari á borð þar sem ég leitast við að koma óvæntum fróðleik að í sögunni á sambærilegan hátt og getur átt sér stað í kennslustofunni. Við gerð myndasögunnar viðaði ég að mér heimildum úr ýmsum áttum til að dýpka á útkomunni. Ég átti samtöl við fyrrum samnemendur sem gátu gefið minningum mínum aukið vægi. Í sumum tilvikum staðfestu þessi samtöl það sem mig minnti og í öðrum tilvikum fengu þau mig til að endurmeta og setja í nýtt samhengi. Ég talaði við sálfræðing um áreiðanleika minninga og leitaðist við að láta fræðilegar vísanir endurspeglast í frásögninni. Titill verksins „Hvað nú?“ ber með sér spurninguna en svarið mótast í framvindu verksins þar til niðurstaða fæst sem er í stuttu máli sú að menntun bjóði okkur upp á val.

Gluggi inn í reynslu annarra

Halla Birgisdóttir, listamaður, myndlistarkennari og myndskáld, sjálfstætt starfandi listamaður og stundakennari við Listaháskóla Íslands

Útgangspunktur listranssóknar sem hér er kynnt er bókin *Tók ég eftir því þá eða tók ég eftir því eftir?* þar sem höfundur fjallar um reynslu sína af því að missa tókin á raunveruleikanum og fara í geðrof. Hún notar samspil teikninga og texta til þess að miðla reynslunni á listrænan máta og kannar þannig hvernig bókin geti hjálpað öðrum og virkað sem útgangspunktur fyrir samtál. Út frá hugmyndum um

líkamnaða merkingarsköpun skoðar höfundur hvernig við getum notað myndhverfingar til þess að setja okkur í spor annarra og fá innsýn inn í þeirra reynslu. Hún fékk sjö einstaklinga til þess að lesa bókina og í framhaldi áttu þær samtál sem niðurstöður rannsóknarinnar eru byggðar á. Við úrvinnslu gagnanna var notuð þemagreining og í framsetningu lögð mikil áhersla á frásögnina, til þess að lesandinn nái að mynda tengsl við það sem fjallað er um, að hún hafi áhrif á hann og hægt sé að sökkva sér í lesninguna. Myndræn frásögn spilar þar stórt hlutverk, þar sem ekki er einungis sagt frá, heldur sýnt. Við greiningu urðu til þrjú þemu: Ólík sjónarhorn, Þögn og Brú. Þegar við tókum frásagnir úr okkar innri veröld og setjum þær myndrænt fram þannig að þær mæti skilningi annarra, getum við upplifað tengsl á milli frásagna okkar. Innri heimar okkar skarast og snertast þegar þeir hittast, í gegnum listir, í raunveruleikanum. Geðrof er ekki eitthvað eitt og birtingarmynd þess verður ekki steypt í mót. Með því að veita innsýn inn í reynsluna er hægt að gera umfjöllunarefnið síður ósýnilegt.

Myndlæsi og menningarheimar

Magnús Dagur Sævarsson, grunnskólakennari

Í meistaraverkefninu mínu frá listkennsludeild í LHÍ fjallaði ég um hlutverk kennslu í myndlæsi á grunnskólastigi. Til þess að svara þessari spurningu rannsakaði ég í hverju felast grunnþættir myndlæsis hvernig form, litir og tákni hafa áhrif á upplifun okkar. Einnig kannaði ég hvort markviss kennsla í myndlæsi geti hjálpað nemendum að skilja eigin samtíma betur, ólíka menningarheima og gert okkur víðsýnni og gagnrýnni. Í þessum fyrirlestri mun ég segja frá því hvernig ég hef unnið að því að þróa áfram niðurstöðurnar úr rannsókn minni sem og hvernig þær hafa hjálpað mér að þróa áfram hugmyndir mínar um kennslu í myndlæsi. Ég hef starfað sem myndmenntakennari í unglingaskóla síðustu 4 árin þar sem ég hef unnið markvisst að tilraunum til að þróa kennslu í myndlæsi til dæmis með að sýna nemendum hvernig litir hafa áhrif á neysluvenjur okkar, upplifun okkar á stofnunum, stjórnmalaflokkum og hvernig tákni eru notuð til að fá okkur til að samþykkja ákveðna hugmyndafræði. Einnig hef ég unnið að því að fá nemendur til að túlka og tjá sig um myndlist út frá eigin reynsluheimi. Ég mun deila reynslu minni af þeim möguleikum sem markviss kennsla í myndlæsi hefur til að efla hugtakaskilning, siðferðisprosa, víðsýni og lýðræðislega hugsun nemenda. Niðurstöður mínar sýna glögg hlutverk myndlæsis við að auka hugtakaskilning nemenda og orðaforða. Einnig mun ég taka dæmi um hvernig litir, form og tákni hafa áhrif á daglega upplifun okkar á heiminum og hvernig við drögum merkingu út frá myndum bæði ómeðvitað og meðvitað.

Íslenska æskulýðsrannsóknin 2022 – Heilsa og líf skjör íslenskra skólabarna

Hans Haraldsson

Íslenska æskulýðsrannsóknin

Gagnagöt í spurningakönnunum meðal íslenskra unglunga

Hans Haraldsson, verkefnastjóri, Menntavísindastofnun, HÍ

Í íslenskum grunnskólum eru margar spurningakannanir lagðar reglulega fyrir nemendur. Nokkuð er um atriðabrottfall í slíkum könnunum, bæði vegna þess að svarendur sleppa einstökum spurningum og vegna þess að þeir heltast úr lestinni. Síðarnefnda tegund brottfalls eykst eftir því sem könnun er lengri. Markmið rannsóknar var að kanna hvort spurningalistar í íslenskum grunnskólakönnunum væru svo langir að atriðabrottfall ógnaði réttmæti niðurstaðna. Atriðabrottfall í þremur könnunum sem lagðar voru fyrir á árunum 2018, 2019 og 2022 var greint. Um var að ræða HBSC 2018, bakgrunnspurningalista PISA-könnunarinnar 2018, ESPAD 2019 og HBSC 2022 (sem fór fram undir merkjum Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar). Allar kannanirnar voru lagðar fyrir rafrænt. Niðurstöður sýna að atriðabrottfall var umtalsvert í könnunum sem fóru fram 2018 og 2019. Í ESPAD könnuninni koma fram nokkuð afgerandi merki um að brottfall væri tengt þeirri hegðun sem spurt er

um í könnuninni og gæti þess vegna bjagað niðurstöður. Í könnuninni 2022 jókst atriðabrottfall svo mun hraðar eftir því sem leið á könnunina. Atriðabrottfall er veruleg og vaxandi ógn við réttmæti niðurstaðna grunnskólakannana. Líklegt er að aukningin á milli kannana skýrist að stórum hluta af því að rafrænum könnunum er oftast svarað á öðrum tækjum 2022 en 2018 og 2019. Það er sennilegt að spurningakannanir sem lagðar verða fyrir í framtíðinni þurfi að vera styttri en áður og að framsetningu þurfi að breyta.

Gæði gagna eftir tegund tækja í Íslensku æskulýðsrannsókninni

Unnar Geirdal Arason, verkefnastjóri, Menntavísindstofnun, HÍ

Netkönnunum er hægt að svara með mismunandi tækjum. Í ljósi þess hve fjölbreytt úrval tækja er á markaðnum er mikilvægt að skilja takmarkanir hvers með tilliti til gæði gagna. Gæði gagna, eins og brottfallstíðni, fjöldi gagnagata og tíma sem það tekur þátttakanda að fylla út spurningalistann getur verið mismunandi eftir því hvort svarað sé á fartölvu, spjaldtölvu eða síma. Gagnasafn Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar er tilvalið til að leggja mat á tengsl gæði gagna og tegunda tækja meðal barna og unglunga. Á undanförunum árum hefur Ísland tekið miklum framförum í innleiðingu á tölvum og spjaldtölvum í grunnskólakerfinu. Þessi rannsókn miðar að því að meta gæði gagna eftir því hvaða tæki svarendur nota þegar þeir svara Íslensku æskulýðsrannsókninni. Misjafnt er eftir skólum hvort nemendur fái fartölvu eða spjaldtölvu. Upplýsingum var safnað um tegund tækja í skólum á höfuðborgarsvæðinu til að framkvæma samanburðinn. Könnun okkar gefur til kynna umfang breytileika í brottfallstíðni, fjölda gagnagata og tíma sem það tekur að klára könnunina þegar mismunandi gerðir tækja eru notaðar af svarendum.

Fjórði hver nemandi í 6. bekk tilkynnti einelti skólaárið 2021-22

Kristján Ketill Stefánsson, lektor, MVS HÍ

Málum hjá bráðateymi Barna- og unglingsgeðdeildar (BUGL) fjölgaði um 25% á árunum 2019–2021 og eru flest málanna tilkomin vegna alvarlegrar sjálfsskaða- eða sjálfsvígshættu. Erlendar yfirlitsrannsóknir hafa sýnt fram á sterk tengsl milli eineltis og geðrænna vandamála s.s. þunglyndis, kvíða, og sjálfsskaðahugsana. Tilgangur rannsóknarinnar var að skoða hvort greina mætti aukningu á tilkynntu einelti í íslenskum grunnskólum á undanförunum árum í ljósi aukins málafjölda hjá BUGL. Rannsóknin var eftirvinnsla (e. post-analysis) á gögnum úr Íslensku æskulýðsrannsókninni og Skólapúlsinum. Mikill meirihluti nemenda í 6., 8. og 10. bekk á Íslandi (um 3 þús. nemendur í hverjum árgangi) svöruðu könnunum. Niðurstöður beggja kannana bentu til þess að tilkynnt einelti hefði aukist töluvert í 6., 8. og 10. bekk á síðustu 5 skólaárum. Mest tilkynnt einelti 2022 mældist í 6. bekk eða 26% í Íslensku æskulýðsrannsókninni og hafði þá aukist um 4 prósentustig frá árinu 2018. Sama hlutfall mældist 25% í Skólapúlsinum og hafði þá aukist um 5 prósentustig frá árinu 2018. Fjallað verður um réttmæti eineltismælinga í Íslensku æskulýðsrannsókninni og Skólapúlsinum en notast er við ólíka úrtaksgerð og ólíkar skilgreiningar á einelti og tímalengd í hvorri könnun fyrir sig. Fjallað verður um niðurstöðurnar í tengslum við erlendar rannsóknir sem tengja dalandi andlega líðan unglunga m.a. við aukna nýmiðlanotkun (e. new media use).

Jaðarsvörun í æskulýðsrannsóknnum

Ólöf Ragna Einarsdóttir, verkefnastjóri Menntavísindastofnunar, HÍ

Ekki er alltaf hægt að taka öllum söfnuðum rannsóknagögnum sem gildum sannleika um raunveruleikann. Þegar unnið er með gagnasöfn þarf að huga að mörgum áhrifabáttum. Undanfarið hefur aðferðum fjölgað til að bera kennsl á þessa þætti svo hægt sé að fjarlægja þá úr gögnunum svo niðurstöðurnar sýni sem raunverulegustu mynd. Rannsóknir hafa sýnt fram á nokkra veigamikla þætti sem geta haft áhrif á niðurstöður. Þar má nefna tímalengdina sem það tekur að svara könnuninni, svarstíll þar sem sami svarkostur er alltaf valinn og misræmi í svörun. Í erindinu verður fjallað um ýkta svörun nemenda sem svöruðu Íslensku æskulýðsrannsókninni sem lögð var fyrir í grunnskólum

landsins vorið 2022. Ekki hafa verið gerðar margar rannsóknir sem fjalla um þennan hóp svarenda sem eiga það til að svara í hálfkæringi. Fyrri skoðanir okkar á eldri gögnum æskulýðsrannsókna hafa bent til þess að svarstílar þátttakenda geti haft nokkur áhrif á niðurstöður rannsókna sérstaklega þegar um fátíða hegðun er að ræða.

Félagsleg staða barna sem eiga annað foreldrið af íslenskum uppruna en hitt af erlendum

Ingibjörg Kjartansdóttir, verkefnastjóri Menntavísindastofnunar, HÍ

Í erindinu verður sjónum beint að þeim börnum sem eiga annað foreldrið af íslenskum uppruna og hitt af erlendum. Ekki hefur verið mikið fjallað um þennan hóp í íslenskum æskulýðsrannsóknum. Af 9.100 svarendum, sem voru með engin vöntunargildi varðandi fæðingarstað foreldra, voru tæp 12% sem áttu annað foreldrið fætt erlendis. Frumniðurstöður okkar á gögnum Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar frá vorinu 2022 benda til að félagslegir þættir þessara barna séu nokkuð frábrugðnir þáttunum meðal ungmenna sem eiga báða foreldra fædda á Íslandi eða erlendis. Miðað við samanburðarhóp, börn sem eiga báða foreldra fædda á Íslandi, eru vísbendingar um að hærra hlutfall barnanna eigi foreldra sem ekki búa saman, þau finna oftast fyrir einmanaleika, geta síður rætt vandamál sín við fjölskylduna og færri þeirra telja bekkjarfélagana taka sér eins og þau séu.

Menntaflétta – Námssamfélög í skóla- og frístundastarfi

Oddný Sturludóttir

Rannsóknarstofa um þróun skólastarfs

„Ég hugsaði á dýpri hátt um hvernig hægt væri að miðla starfsháttum mínum til annarra.“

Oddný Sturludóttir, aðjúnt, MVS HÍ, Ingileif Ástvaldsdóttir, aðjúnt, MVS HÍ og Jenny Gunnbjörnsdóttir, verkefnastjóri HA

Í erindinu verður fjallað um starfsþróunarverkefnið Menntaflétta – námssamfélög í skóla- og frístundastarfi, með áherslu á námssamfélög á þrenns konar vettvangi; Námssamfélag í teyminu sem stýrir verkefninu, námssamfélag sem myndast á námskeiðunum sjálfum og loks námssamfélag í skólum þátttakenda. Nýtt verða gögn úr námsígrundunum, sólarögum og lokamati þátttakenda í Menntafléttunni, sjálfsrýni og gögn verkefnastjórategymis og ígrundun kennara úr Menntafléttusamfélaginu. Stuðst verður við þemagreiningu við greiningu gagnanna. Niðurstöður benda til þess að svipað hátt hlutfall þátttakenda á námskeiðum Menntafléttunnar gekk vel eða mjög vel annars vegar og illa eða mjög illa hins vegar, að mynda námssamfélög á vettvangi um viðfangsefni námskeiðanna. Niðurstöður benda einnig til þess að þátttaka í framkvæmd verkefnisins, hvort sem er í hópi verkefnastjóra eða kennara námskeiðanna, hefur haft jákvæð áhrif á hæfni þeirra í að þróa skólastarf. Rannsókninni er ætlað að varpa ljósi á þau skilyrði sem verða að vera til staðar í skólum til að námssamfélög kennara nái fótfestu. Rannsókninni er einnig ætlað að greina þau áhrif sem þátttaka í skipulagi og framkvæmd Menntafléttunnar hefur á hlutaðeigendur. Menntafléttan – námssamfélög í skóla- og frístundastarfi er viðamesta og fjárfrekasta starfsþróunarverkefni stjórnvalda hin síðari ár og því er mikilvægt að draga lærdóm af framkvæmdinni og þeim áhrifum sem námskeið Menntafléttunnar hafa á þróun náms og kennslu.

Efling námssamfélags stærðfræðikennara á Menntafléttunámskeiði

Birna Hugrún Bjarnardóttir, verkefnisstjóri MVS HÍ

Tilgangur rannsóknarinnar var að skoða hvað einkennir þróun námssamfélaga stærðfræðikennara á námskeiði Menntafléttunnar og hvernig líkan hennar nýtist til að efla námssamfélög. Markmiðið var einkum að skoða hvernig grunnuppbygging námskeiða Menntafléttunnar nýtist við að efla stærðfræðikennara í starfi. Gerð var starfendarannsókn þar sem gögnum var safnað um þróun námssamfélags í einum grunnskóla og skoðað hvernig efni námskeiðsins Hugtakaskilningur í stærðfræði nýtist til að efla stærðfræðikennslu. Rannsóknin fór fram skólaárið 2020-2021 og var

rannsakandi háskólakennari á viðkomandi námskeiði. Eigin vettvangsnótur og gögn frá fundum í skólanum sem fylgst var sérstaklega með voru megingögn rannsóknarinnar ásamt fundargerðum af fundum háskólakennara sem kenndu á námskeiðinu með rannsakanda. Auk þess var spurningalisti lagður fyrir leiðtoga allra þeirra skóla sem tóku þátt í námskeiðinu. Helstu niðurstöður sýna að námskeiðslíkan Menntafléttunnar virðist henta kennurum vel til starfsþróunar og fannst þeim námsefnið nýtast til að styðja við stærðfræðikennslu. Kennarar töldu sig hafa gagn af þátttöku í námskeiðinu þó að undirbúningur þeirra fyrir fundina hafi verið misjafn og mismunandi hve mikið þeir náðu að rýna í og nýta efnið til hlítar í kennslu. Niðurstöður sýna einnig að námssamfélagið sem var sérstaklega rannsakað eflist á meðan rannsókn stóð yfir. Til að námssamfélög eflist í skólum þarf markvissan stuðning skólastjórnenda við faglega samvinnu kennara og gefa þarf þeim tíma til starfsþróunar. Hafa þarf í huga að breytingar á skólamenningu taka tíma og það tekur meira en eitt ár fyrir námssamfélag að festa rætur.

Námskeið Menntafléttunnar um stærðfræði í leikskóla: Stuðningur við mótun námssamfélaga í leikskólum

Margrét S. Björnsdóttir, aðjúnt, MVS HÍ og Jónína Vala Kristinsdóttir, dósent, MVS HÍ

Tilgangurinn með erindinu er að varpa ljósi á þriggja ára þróunarverkefni um menntun stærðfræðileiðtoga í leikskólum sem hófst haustið 2020. Markmið verkefnisins er að byggja upp námssamfélag í leikskólum með áherslu á að læra að greina og styðja við stærðfræðileg viðfangsefni barna í leik og starfi. Námskeiðið Stærðfræði í leikskóla er á vegum Menntafléttunnar og byggir á efni frá Skolverket í Svíþjóð. Því er skipt upp í þrjú námskeið og er hverju þeirra skipt í fjóra þróunarhringi. Leiðtogarnir sækja námskeið með háskólakennurum og vinna svo með samstarfsfólki sínu að því að greina stærðfræðina í athöfnum barnanna. Á næsta námskeiðsdegi er sagt frá samstarfinu í leikskólanum og næsti þróunarhringur undirbúinn. Unnið var með 5-6 leiðtogum úr þremur leikskólum í tvö skólaár og rannsakað hvernig efnið hentaði leikskólum á Íslandi. Haustið 2021 var leikskólakennurum um allt land boðið að taka þátt í fyrsta námskeiðinu og tóku leiðtogar úr 20 skólum þátt. Gögnum var safnað með skráningu minnisþunkta á námskeiðsdögum, heimsóknum í leikskóla, námssögum og svörum leiðtogganna við opnum spurningum. Unnið var úr gögnunum frá upphafi og niðurstöður nýttar til að þróa verkefnið. Rannsóknin nýttist vel til að laga námskeiðið að leikskólanum og aðstæðum þar. Leiðtogarnir gátu nýtt sér námskeiðið til að byggja upp námssamfélag innan leikskólans og meðal annarra leiðtoga. Sóknarfærin varðandi stærðfræði í leikskólum eru mikil og starfsmenn áhugasamir. Haustið 2022 verður efnið sett á opinn vef og verður fylgst með kennurum í tveimur leikskólum sem ætla að nýta sér efnið. Það er mikilvægt svo unnt verði að þróa efnið.

Þátttakendur í námskeiðum Menntafléttu

Ellen Dröfn Gunnarsdóttir, aðferðafræðingur, Menntavísindastofnun, HÍ, Anna Kristín Sigurðardóttir, prófessor, MVS HÍ og Ingileif Ástvaldsdóttir, aðjúnt, MVS HÍ

Menntafléttan er starfsþróunarverkefni á vegum Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri og Kennarasambands Íslands sem fór formlega af stað haustið 2021. Í tengslum við hana eru boðin fjölmörg námskeið fyrir kennara allra skólastiga og starfsfólk frístundamiðstöðva um allt land. Í öllum námskeiðunum er lögð áhersla á mótun námssamfélags í skólum. Frá byrjun árs 2021 og til vors 2022 voru 20 námskeið í boði. Námskeiðin eru metin með heildstæðum hætti til að meta áhrif á þekkingu og starfshætti þátttakenda. Í þessum fyrirlestri er fjallað um forsendur og aðferðir við mat á verkefninu í heild sinni og kynntar niðurstöður úr mati á þessum fyrstu námskeiðum. Sjónum er einkum beint að því hverjir tóku þátt og hvernig þátttakendur mátu áhrif á starfshætti sína. Gagna var aflað með spurningalistum sem þátttakendur svöruðu við upphaf og lok námskeiðs. Samtals skráðu um 1042 manns sig á námskeið. Þátttakendur komu úr leik-, grunn- og framhaldsskólum og dreifðust nokkuð jaft um landið. Tæplega þriðjungur þátttakenda voru kennarar sem höfðu starfað sem slíkir skemur en fimm ár. Flestir þeirra sem svöruðu lokamati voru ánægðir með þátttöku sína í

námskeiðinu en voru sammála um að erfiðlega hafi gengið að mynda námssamfélag með samstarfsfólki. Niðurstöður verða nýttar til að þróa Menntafléttunámskeiðin enn frekar.

Inngildandi háskólamenntun í fjölþjóðlegu ljósi: Erasmus+ samstarfs- og þróunarverkefni

Ágústa Björnsdóttir

Námsnefnd um starfstengt diplómanám

JoinIn – Vertu með! Þróun inngildandi háskólanáms í Evrópu

Kolbrún Þ. Pálsdóttir, sviðsforseti, MVS, Ruth Jörgensdóttir Rauterberg, aðjúnt, MVS HÍ og Bergljót Gyða Guðmundsdóttir, dósent, MVS HÍ

Í erindinu verður sagt frá Erasmus+ verkefni um inngildandi háskólanám í Evrópu, sem Háskóli Íslands hefur átt aðild að ásamt háskólum í Austurríki, Þýskalandi og á Írlandi. Verkefnið snýr að þróun námstilboða fyrir fólk með þroskahömlun en allir samstarfsaðilar bjóða upp á slíkt nám. Markmið verkefnisins var að skapa upplýsinga-, samskipta- og þróunarvettvang fyrir inngildandi háskólanám í Evrópu. Í verkefninu voru eftirfarandi spurningar hafðar að leiðarljósi: Hvað þarf til þess að geta boðið upp á inngildandi háskólanám? Hvernig er best að fræða starfsfólk og nemendur um slíkt nám? Hvernig er best að miðla þekkingu og reynslu um inntak, skipulag og framkvæmd inngildandi háskólanáms? Í erindi verða kynnt námstilboð fyrir fólk með þroskahömlun við Háskóla Íslands og í samstarfsháskólum. Sagt verður frá vinnunni sem fór fram í ramma verkefnisins og þeim afurðum sem hún hefur skilað. Þróaður var rammi og leiðarvísir um inngildandi háskólanám (e. curriculum framework) sem háskólar geta nýtt til þess að meta eigið námsframboð eða setja upp ný. Einnig voru settir saman fræðslupakkar fyrir starfsfólk og nemendur. Stofnað var vefsetur sem fékk nafnið JoinIn – European Network for Inclusive Higher Education, þar sem háskólar í Evrópu, sem bjóða upp á nám fyrir fólk með þroskahömlun, geta skráð sig og komið upplýsingum um námið á framfæri. Allar afurðir verkefnisins eru aðgengilegar á vefnum. Þátttaka í verkefninu var gagnleg og þýðingarmikil fyrir inngildandi háskólanám, sér í lagi þróun náms fyrir fólk með þroskahömlun, við Menntavísindasvið og Háskóla Íslands.

„Má ég í alvöru koma með?“ Upplifun nemenda í starfstengdu diplómanámi við Háskóla Íslands af námsferð til Cork í Írlandi.

Ágúst Arnar Þráinsson, verkefnastjóri starfstengds diplómanáms, MVS HÍ

Nemendur í starfstengdu diplómanámi fyrir fólk með þroskahömlun fóru í námsferð til Cork (University College Cork) þar sem markmiðið var að kynna háskólanámi fyrir fólk með þroskahömlun í öðrum evrópskum háskólum. Eftir ferðina fengu nemendur spurningar um hvernig námið á Íslandi er í samanburði við sambærilegt nám í evrópskum háskólum. Hvað er vel gert? Hvað má bæta? Hvernig gerum við háskólanám aðgengilegra? eru meðal þeirra spurninga sem verður svarað. Einnig verða áskoranir við ferðalög fatlaðs fólks ræddar. Upplifun nemenda af þessum samanburði er nokkuð góð og staðan á margan hátt góð í Háskóla Íslands. Það er þó alltaf áskorun að tryggja að nemendur með þroskahömlun fái tækifæri til að rækta áhugamál sín og styrkleika. Niðurstöður og upplifun og reynsla nemenda af ferðalaginu verða kynnt í þessu erindi.

Hversu inngildandi er starfstengt diplómanám fyrir nemendur með þroskahömlun við Háskóla Íslands? Mat starfsfólks og nemenda

Bergljót Gyða Guðmundsdóttir, dósent, MVS HÍ, Ruth Jörgensdóttir Rauterberg, aðjúnt, MVS HÍ og Ágúst Arnar Þráinsson, verkefnastjóri MVS HÍ

Í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks er kveðið á um að aðildarríki tryggi fötluðu fólki aðgengi að námi á háskólastigi og starfsþjálfun, án mismununar og til jafns við aðra. Þrátt fyrir

Þessa skýru kröfu er framboð háskólanáms fyrir fólk með þroskahömlun mjög takmarkað, bæði héraðs og erlendis, og því nauðsynlegt að fjölga tækifærum þessa nemendahóps til inngildandi (e. inclusive) og vandaðs náms á háskólastigi. Háskóli Íslands tók þátt í Erasmus+ verkefni um inngildandi háskólanám í samstarfi við háskóla í Austurríki, Írlandi og Þýskalandi, þar sem eitt markmiðið var að setja saman leiðarvísir um innihald slíks náms (e. curriculum framework). Í leiðarvísinum eru m.a. settir fram fimm gátlistar/gæðavísar, s.s. um stefnu og uppbyggingu náms, algilda hönnun í námi, inngilding, persónumiðaðan stuðning og áhrif, en segja má að inngilding sé rauður þráður í leiðarvísinum í heild sinni. Starfsfólk og nemendur mátu starfstengt diplómanám fyrir fólk með þroskahömlun við HÍ með gátlista/gæðavísir sem beinist sérstaklega að inngilding og birtingarmynd hennar innan námsins. Í þessu erindi verður sagt frá fyrstu niðurstöðum og ljósi þannig varpað á mögulega styrkleika og takmarkanir námsins. Einnig verður rætt um það hvernig þessar niðurstöður og leiðarvísirinn geta nýst við áframhaldandi þróun inngildandi háskólanáms, bæði innan og utan HÍ.

Hver er staða starfstengds diplómanáms og hvert er ferðinni heitið? Þróun námsins, áskoranir og framtíðarsýn

Ágústa Björnsdóttir, verkefnastjóri starfstengds diplómanáms MVS HÍ og Ragnar Smáráson, aðstoðarmaður, MVS HÍ

Starfstengt diplómanám fyrir fólk með þroskahömlun hóf göngu sína haustið 2007. Námið er staðsett í deild heilsueflingar, íþróttar og tómstunda á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Diplómanámið er einstaklingsmiðað og starfsmiðað og nemendur stunda bóklegt nám í háskólanum og verklegt nám á starfsvettvangi. Tilgangur námsins er að veita fólki með þroskahömlun möguleika til fullgildrar samfélagsþátttöku í inngildandi skólaumhverfi. Námið er skipulagt í samræmi við yfirlýsta alþjóðlega stefnu hagsmunasamtaka fólks með þroskahömlun, mannréttindasáttmála og þá sérstaklega samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, stefnu Háskóla Íslands og stefnu um skóla án aðgreiningar. Frá því að námið hóf göngu sína hefur það þróast og breyst töluvert. Í erindinu verður leitast við að svara áleitnum spurningum er varða þróun námsins bæði á Menntavísindasviði og á önnur svið Háskólans. Hver er staða námsins í dag og hvert er ferðinni heitið? Námið hefur staðið frammi fyrir margs konar áskorunum og má þar nefna fjöldatakmörkun nemenda, námskeiðsúrval og þátttöku allra við inngilding nemenda. Í erindinu verður fjallað um þessa þætti og hvað þurfi til að festa námið enn frekar í sessi og styrkja stöðu þess. Þá verður fjallað um gildi þess að fá tækifæri til taka þátt í Erasmus+ verkefni og hvernig það getur átt þátt í þróun námsins.

Ungt fatlað fólk á elliheimilum á 20. öld

Guðrún V. Stefánsdóttir
Rannsóknaverkefnið Bíbí í Berlín

Ungt fólk á elliheimilum

Atli Þór Kristinsson, meistaranemi HUG HÍ. Leiðbeinandi: Sigurður Gylfi Magnússon, prófessor HUG HÍ

Reglulega berast í fjölmiðlum fréttir af fólki sem vistað er á elliheimilum fyrir aldur fram, ungu fólk sem í mörgum tilfellum er fatlað og þarfnast langvarandi þjónustu. Í kjölfar slíkra fregna fylgir alla jafnan ákall um úrbætur en stjórnvöld bera iðulega við skorti á plássi eða fjármagni til skýringar á þessu úrræðaleyzi. En hvernig skyldi þessu hafa verið farið á árum áður, þegar stofnanir á borð við dvalar- og hjúkunarheimili komu fyrst fram á sjónarsviðið í íslensku samfélagi? Í þessu erindi verða frumniðurstöður rannsóknar á sögu þess að vista ungt fólk á dvalarheimilum fyrir aldraða kynntar, en markmið rannsóknarinnar er tvíþætt. Í fyrsta lagi verður tilkoma og þróun hinna ýmsu dvalarheimila og sjúkrastofnana sem til urðu og þróuðust á 20. öldinni kortlögð, en í því sambandi er einkum spurt hverjum þessar stofnanir voru ætlaðar og hvað réði því hver hafnaði hvar. Í öðru lagi er ætlunin að beita aðferðum einsögunnar við rannsóknir á lífshlaupi valinna einstaklinga sem allir áttu það sameiginlegt að dveljast ungir á öldrunarstofnunum, í því skyni að öðlast innsýn í persónulega hagi þeirra sem komið var í slíka vist. Hér er komist að þeirri niðurstöðu að fram eftir miðri 20. öld hafi

Þetta verið nokkuð algengt úrræði, en að slíkum tilfellum hafi fækkað með tilkomu sértækari úrræða á síðari hluta aldarinnar. Með því að þekkja forsöguna er betur hægt að átta sig á því hvar við erum stödd, þannig getum við tekið upplýstar ákvarðanir sem samfélag um það hvert við viljum stefna í þessum málaflokki.

Bíbí í Berlín: Samvinnurannsókn

Guðrún V. Stefánsdóttir, prófessor, MVS HÍ og Helena Gunnarsdóttir, meistaranemi MVS HÍ

Hluti af rannsóknarverkefninu *Bíbí í Berlín, fötlunarfræði og einsaga mættast* felst í samvinnurannsókn. Þær eiga sér rætur í femínískum sjónarhornum í rannsóknum og hafa verið að þróast allt frá því snemma á áttunda áratug síðustu aldar. Samvinnurannsóknir spretta upp úr gagnrýni á hefðbundnar rannsóknir meðal annars fyrir áhersluna á fræðilegt hlutleysi sem meðal annars fólst í að litið var á þátttakanda í rannsókn sem áhrifalaust viðfang vísindanna og að hlutverk fræðifólks væri að gefa hlutlæga sanna lýsingu á veruleikanum. Femínistar bentu á að þessi afstaða til fræðanna og vinnubrögðin sem hún hafði í för með sér hafi leitt til ósýnileika kvenna og annarra jaðarhópa í rannsóknum, viðhaldið úreltum staðalímyndum og afbakað reynslu þessara hópa. Það sem einkennir samvinnurannsóknir innan fötlunarfræða er nán rannsóknarsamvinna á milli fatlaðs fólks og fræðimanna/kvenna á jafnréttisgrundvelli og virk þátttaka þess í öllu rannsóknarferlinu. Samvinnurannsóknir hafa meðal annars verið að þróast í samstarfi við fólk með þroskahömlun, sérstaklega í Bretlandi og Ástralíu. Á síðustu árum hefur fólk með þroskahömlun í auknum mæli gert sínar eigin rannsóknir og fræðafólk er þá í því hlutverki að veita stuðning í rannsóknarferlinu. Algengara er þó að fatlað fólk og fræðifólk vinni saman í slíkum rannsóknum eins og gert er í rannsóknarverkefninu sem hér er fjallað um. Í erindinu verður þróun samvinnurannsóknna rakin og sagt frá aðferðafræði og bakgrunni rannsóknarinnar um Bíbí í Berlín.

Ung kona á elliheimili

Helena Gunnarsdóttir, meistaranemi, MVS HÍ, Arnbjörg K. Magnúsdóttir, rannsakandi, Inga Hanna Jóhannesdóttir, rannsakandi, Katrín Guðrún Tryggvadóttir, rannsakandi, Jónína Rósa Hjartardóttir rannsakandi og Guðrún V. Stefánsdóttir, prófessor, MVS HÍ

Í erindinu verður sjónum sérstaklega beint að þeim 17 árum sem Bíbí dvaldi á ellideild Héraðshælisins á Blönduósi. Byggt er á samvinnurannsókn sem enn er yfirstandandi og er hluti af rannsóknarverkefninu *Bíbí í Berlín*. Rannsakendur í samvinnurannsókninni sem hér um ræðir eru fjórar konur með þroskahömlun en þeirra hlutverk er í samvinnu við ófatlaða rannsakendur að greina sögu Bíbíar. Tilgangurinn er að skapa dýpri þekkingu og skilning á lífi hennar og aðstæðum, draga fram lærdóma af sögu Bíbíar og yfirfæra á stöðu kvenna með þroskahömlun í nútímanum. Í erindinu mun samvinnurannsóknarhópurinn beina sjónum að því hvernig Bíbí fann lífi sínu farveg við oft og tíðum erfiðar og útilokandi aðstæður sem ung kona á elliheimili. Þá munu konurnar í rannsóknahópnum lýsa reynslu sinni af þátttöku í rannsókninni og með hvaða hætti þær yfirfæra sögu Bíbíar á stöðu fatlaðra kvenna í nútímanum.

Skráning og uppsetning brúðusafns Bíbíar í Berlín

Guðlaug Dröfn Gunnarsdóttir, meistaranemi FVS HÍ. Leiðbeinandi: Sigurjón Baldur Hafsteinsson, prófessor, FVS HÍ

Bíbí í Berlín skildi eftir sig umfangsmikið brúðusafn (yfir 100 brúður) sem nú er í eigu Þjóðminjasafns Íslands. Viðfangsefni þeirrar rannsóknar sem hér er byggt á felst í skráningu og uppsetningu sýningar á brúðusafninu. Dúkkusöfnun fólks er ekki óalgeng og á sér mismunandi hliðar og uppruna. Bíbí dreymdi um að eignast eiginmann og börn – fjölskyldu. Í sögu sinni skrifar hún um drauma sem hefðu getað orðið. Draumar þessir fengu að einhverju leyti útrás í þróun og fatasaum á dúkkurnar og garðyrkju í Fagrahvammi, garðinum hennar. Þessa iðju stundaði hún ekki síst á meðan hún dvaldi á elliheimilinu ung manneskja og fann með því lífi sínu og draumum farveg. Sjálfsævisaga Bíbíar er

öflugt verkfæri sem getur gagnast til að fræða og jafnvel breyta viðhorfum. Mýtan um fatlað fólk sem annaðhvort fórnarlömb aðstæðna sinna eða hina duglegu hetju virðist enn þrautseig. Samtal við fatlað fólk í upphafi handritsgerðar að þeirri sýningu sem stefnt er að er því mikilvægt þar sem þarf að taka afstöðu, mið af viðfangsefninu og íhuga sanngildi. Í þessu skyni verður því haft samráð við hópinn (konurnar fjórar) sem vinnur að samvinnurannsókninni sem er til umfjöllunar í málstofunni. Í erindinu verður fjallað um þá þætti sem leggja grunn að handriti að sýningu um Bibí, líf og söfnun hennar.

Framhaldsskólinn á umbrotatímum

Guðrún Ragnarsdóttir

Rannsóknarstofa um þróun skólastarfs

Hvernig var framhaldsskólinn stytur? Kortlagning á inntaki náms til stúdentsprófs

María Jónasdóttir, doktorsnemi, MVS HÍ. Leiðbeinendur Elsa Eiríksdóttir, dósent, MVS HÍ og Guðrún Ragnarsdóttir, dósent, MVS HÍ

Árið 2014 ákváðu stjórnvöld að stytta allar stúdentsprófsbrautir íslenskra framhaldsskóla úr fjórum árum í þrjú. Það kom í hlut starfsfólks framhaldsskólanna að ákveða hvernig styttingin skyldi útfærð innan þeirra marka aðalnámskrár frá árinu 2011. Hingað til hefur ekki verið til yfirlit yfir það hvernig styttingin fór fram. Áhrif styttingarinnar á inntak stúdentsprófsbrautanna er því að miklu leyti ekki þekkt. Erindið byggir á kortlagningu höfunda á áhrifum styttingarinnar á inntak nógildandi stúdentsprófsbrauta. Rannsóknin byggir á gagnrýnum menntastefnufræðum (e. critical policy analysis) og er ætlað að kanna hvernig framkvæmd og útfærsla styttingarinnar varð á vettvangi og hvaða afleiðingar hún hefur haft fyrir inntak stúdentsprófsbrautanna. Upplýsingar um samþykktar námsbrautir framhaldsskólanna á vef Menntamálastofnunar voru notaðar til að útbúa yfirlit yfir nógildandi námsleiðir til stúdentsprófs og þær bornar saman við þær námsleiðir sem í gildi voru fyrir styttingu náms til stúdentsprófs. Niðurstöðurnar benda til þess að stytting stúdentsprófsbrautanna hafi unnið gegn markmiðum aðalnámskrár framhaldsskólanna frá 2011 sem var í grófum dráttum að auka fjölbreytni náms á framhaldsskólastigi og auka frelsi framhaldsskóla með því að veita þeim tækifæri á að móta eigin sérstöðu. Jafnvel þó svo að námsbrautum hafi fjölgað gríðarlega virðist fjölbreytileiki þeirra hafa minnkað. Niðurstöðurnar benda einnig til þess að styttingin hafi aukið á stigveldi námsgreina. Sumar námsgreinar virðast hafa haldið eða jafnvel styrkt stöðu sína innan brautanna á meðan aðrar hafa dregist verulega saman eða horfið alveg. Frjálst val virðist einnig hafa dregist mikið saman og í einstaka tilvikum er ekki gert ráð fyrir neinu frjálssu vali á stúdentsprófsbrautum.

Úr viðjum vanans. Áhrif skólamenningar á sjálfræði og sjálfstæði framhaldsskólakennara til breytinga í og í kjölfar heimsfaraldurs

Þorsteinn Árnason Sürmeli, doktorsnemi, MVS HÍ, Súsanna Margrét Gestsdóttir, lektor, MVS HÍ og Guðrún Ragnarsdóttir, dósent, MVS HÍ

Í þessu erindi er fjallað um áhrif COVID-19 heimsfaraldursins á kennara í framhaldsskólum í ljósi viðbragða þeirra, vinnuálags, kennsluhátta og samstarfs og samskipta þeirra við stjórnendur og aðra kennara. Farið verður yfir hvernig skólamenning virðist hafa áhrif á sjálfræði og sjálfstæði kennara þegar bregðast þarf við breyttum aðstæðum. Einnig verður fjallað um þann stuðning sem þeir sóttu til stjórnenda og samstarfsfélaga á meðan takmarkanir á hefðbundnu skólastarfi voru í gildi frá mars 2020 til ársloka en þá voru viðtölin við kennarana tekin. Byggt er á viðtölum við tólf kennara sem störfuðu í þremur ólíkum framhaldsskólum; tveimur á höfuðborgarsvæðinu og einum á landsbyggðinni; tveimur fjölbrautaskólum og einum bekkjarskóla. Niðurstöður rannsóknarinnar verða ræddar í ljósi kenninga um mismunandi gerðir og samsetningu skóla, sjálfræði og sjálfstæði framhaldsskólakennara og fyrri rannsókna á kennsluháttum í íslenskum framhaldsskólum. Niðurstöður benda til að skólamenning hafi haft áhrif á hvernig kennarar brugðust við takmörkunum

á skólastarfi, samstarf þeirra á milli og vilja og getu þeirra til að byggja á reynslunni og breyta kennsluháttum þegar litið er til framtíðar. Þó að starf framhaldsskólakennara sé gjarnan bundið ákveðnum námsgreinum er samstarf innan kennarahópsins sem og traust og stuðningur skólastjórnenda mikilvægir þættir þegar stigin eru skref breytinga. Þessi rannsókn skoðar það í samhengi við reynslu íslenskra framhaldsskólakennara á tímum heimsfaraldurs.

Togstreita og andstæð sjónarmið: Sýn kennara og skólastjórnenda á þróun og framtíðarmöguleika framhaldsskólans

Súsanna Margrét Gestsdóttir, lektor, MVS HÍ og Guðrún Ragnarsdóttir, dósent, MVS HÍ

Þegar starfsemi íslenskra framhaldsskóla hafði farið fram með fjarfundabúnaði í um það bil heilt ár vegna COVID-19 faraldursins leitaði spurningin um framtíðarþróun skólastigsins á mörg þeirra sem láta sig skólamál varða. Markmið þessarar rannsóknar var að varpa ljósi á sýn kennara og stjórnenda á þróun framhaldsskólans og framtíðarmöguleika með hliðsjón af þeirri reynslu sem kreppuástand heimsfaraldursins hafði veitt fram að því. Tekin voru viðtöl við tólf kennara og sex stjórnendur þriggja ólíkra framhaldsskóla. Skólarnir og viðmælendur voru valdir með tilgangsrátt til að fá sem mesta breidd í niðurstöðurnar. Þrjú meginþemu voru áberandi í gögnunum. Þau varða fjarkennslu og félagslegar þarfir, þróun kennsluhátta og tækni og möguleika á sveigjanlegra skólastarfi.

Niðurstöðurnar sýna áhugaverða togstreitu og andstæð sjónarmið viðmælenda. Þátttakendur leggja áherslu á umhyggju fyrir nemendum og að farsóttin hafi skerpt á hugmyndum um félagslegt gildi framhaldsskólans. Einnig bentu þeir á tækniframfarir í kennslu sinni og veltu fyrir sér opnara og sveigjanlegra skólastarfi til að koma til móts við þarfir ólíkra nemenda og kennara. Jafnframt fjölluðu þátttakendur um margvíslegar áskoranir í því samhengi. Niðurstöðurnar eru mikilvægt innlegg í áframhaldandi umræðu um þróun framhaldsskólans. Þær sýna reynslu kennara og skólastjórnenda sem staddir voru í óvæntu breytingaferli og hugmyndir þeirra um þróun og framtíðarmöguleika skólastigsins. Höfundar leggja áherslu á að raddir skólafólks verði sterkar í samræðum um mótun framhaldsskóla framtíðarinnar.

Foreldrar framhaldsskólanema í nýju hlutverki á tímum COVID-19

Ómar Örn Magnússon, doktorsnemi, MVS, HÍ. Leiðbeinandi: Guðrún Ragnarsdóttir, dósent, MVS HÍ

Jöfnuður í íslensku skólakerfi er almennt talinn mikill líkt og hjá öðrum Norðurlandaþjóðum. Erlendar rannsóknir benda til þess að jöfnuður hafi aukist í skólakerfum á tímum samkomutakmarkana meðan á COVID-19 faraldrinum stóð. Fjarnám krefst meira sjálfstæðis frá nemendum og þeir þurfa í auknum mæli að leita í tengslanet sitt þar sem foreldrar gegna mikilvægu hlutverki. Ýmislegt bendir til þess að þeir nemendur sem höllustum fæti stóðu fyrir, hafi farið verst út úr faraldrinum. Fjallað verður um reynslu foreldra framhaldsskólanema af fjarnámi og hugmyndir þeirra og orðræða settar í samhengi við kenningar Basil Bernstein um félagslegt réttlæti í menntakerfum. Umfjöllunin byggir á 12 viðtölum við foreldra í þremur framhaldsskólum sem eru þátttakendur í rannsókninni Framhaldsskólinn á tímum COVID-19: Kreppa, áskoranir og aðlögun. Fyrstu niðurstöður sýna að aðstæður nemenda eru mjög mismunandi. Niðurstöðurnar vekja áleitnar spurningar um fyrirkomulag náms á tímum COVID-19 og ýmislegt bendir til að fyrirkomulagið hafi aukið félagslegt ójafnræði.

Methodological challenges encountered in research: Symposium I

Svanborg R. Jónsdóttir

SVANHAF samfélag leiðbeinenda og doktorsnema

Methodological challenges of doing research in a foreign culture

Guðlaug Erlendsdóttir, doktorsnemi og grunnskólakennari, MVS HÍ

My research is based in Mangochi District, Malawi. I explored different aspects of the school community, such as teachers' living and working conditions, parental involvement with their

children's education and the community's attitude towards teachers and teaching. Having obtained permission for my research from the Ministry of Education in Malawi and district authorities, four rural primary schools were selected for participation. I used a qualitative approach for my research and collected data through semi-structured interviews and focus group discussions. In total, 124 participants contributed directly to my research, including the director for primary education at the Ministry of Education, the District education manager, teachers, headteachers, primary education advisors, parents, local leaders, and members of the communities through various groups associated with the participating schools. Embarking on research can bring various complications and potential difficulties which need to be addressed. In this presentation, I will limit my discussion to some comparatively complex aspects which I encountered in the data collection phase of my research, namely: The role of the researcher as an outsider and an insider. In data collection, I had to use two languages, English and the local language. Thus, interview questions were translated and verified for situational relevance and translated back into English and independently verified. These approaches helped me to establish trust, good teamwork, and collaboration between my two research assistants and myself.

Doing participatory action research with children – challenges, experiences, and learning

Ruth Jörgensdóttir Rauterberg, aðjúnkt, MVS HÍ

The presentation builds on my experience of doing participatory action research with children in a compulsory school in my PhD-study. It is the aim of the study to identify, develop and strengthen inclusive practices within the school and promote children's participation in school development. The methodology of PAR builds on the participation of all stakeholders. Participants research their own professional and social sites, investigate practices, engage in dialogue and collaborative inquiry, produce knowledge, change current practices, and develop solutions. Doing PAR in cooperation with children can provide valuable insight into children's experiences of inclusive and exclusive school practices and lead to successful solutions that respond to issues brought up by the children. However, collaboration with children in PAR also implies various methodological, ethical, and conceptual challenges, and various questions arise: How can children be involved in creating a feasible research framework and finding suitable methods? How can we safeguard children's interests and wellbeing, deal with power-imbalances and ensure equal opportunities for all children to participate? How do we engage with children in iterative data analysis? How do we collaborate in finding solutions and evaluating success? In the presentation, I will outline how we tried to meet these challenges in the study and what we have learned from the process so far. I will then discuss the upcoming challenge of making changes and developments sustainable within a framework and how the PAR methodology could come in useful for creating the framework.

Whose story is this? On the importance of awareness of one's own biases and preconceptions while conducting a qualitative study

Soffía Valdimarsdóttir, lektor, FVS HÍ

Qualitative research is characterized by a process of methodological reconsiderations and adaptations as an understanding of the research subject develops. The interpretive nature of that process must account for the researcher's biases and preconceptions. Awareness of these factors as well as critical self-reflection is key to establishing rigor in qualitative research. This presentation is based on my experience while conducting a qualitative study among self-employed craft makers as part of my PhD-project. The aim of the study was to identify the experience of those who have chosen to utilize craft knowledge as a means of making a living. In the presentation, I will discuss two methodological challenges I have struggled with in the study. Firstly, doubts about my research design/criteria for participation. Secondly, probable preconceptions about the participants experiences due to my positive biases towards crafts activities. For a critical reflection, I applied content analysis to the interview data and field notes looking for examples of it and then looking

especially for how my preconceptions may have influenced the research design and outcome. Findings indicate that doubts about criteria were unnecessary but also that my preconceptions were influential in the early stages of the study. Guidelines for the interviews lack critical questions about e.g., income and workload. My biases therefore might have ended up influencing research outcomes. In the presentation I will discuss how I met these challenges and established rigor for my research by applying methods of hermeneutical interpretations, enabling me to adapt further data collecting and analysis.

Methodological challenges encountered in research: Symposium II

Hafdís Guðjónsdóttir

SVANHAF samfélag leiðbeinenda og doktorsnema

Fostering researcher's reflexivity in research with immigrant students

Anna Katarzyna Wozniczka, doktorsnemi, MVS HÍ

Reflexivity is an ongoing process of being self-aware of own assumptions and beliefs and examine how these may influence the research process. In other words, reflexivity is a form of an inner dialogue and evaluation of the impact of researcher's behavior, values and perceptions on data collection and analysis. This presentation examines my role as a reflexive researcher while negotiating issues that may arise while preparing and conducting research with immigrant students. It is a personal narrative from my experience of doing a multiple-case study in Iceland. The purpose is to present the path of self-development as a reflexive researcher. I applied critical autobiography which helps a researcher to deconstruct a story in terms of audiences of the research, purposes for telling story and social critique of one's subjectivity. Data collection included my journal, interviews with students, story-crafting, video-recordings and field notes from observations. During the analytical process, I located four themes that present the stages of development of my reflexivity. Findings indicate that to develop the research, I needed first to learn about myself as a researcher. Giving participants time to gain trust and using diverse data collection tools allowed me to capture stories that otherwise might have been omitted. It was important to constantly renegotiate my role and be careful not to position participants according to personal experience. With the growing number of students with multicultural background in Iceland, there is a need for a further dialogue on how to do research with these students in a conscientious way.

Swimming against the current: A self-study of a preschool teacher

Ásta Möller Sívertsen, doktorsnemi, MVS HÍ

Nearly ten years ago, starting work at a preschool, I was thrown into the deep end of the pool. I did not know what was expected of me. I had a vague idea of the school values, but I did not know how to work according to those values. Soon I realized that I wanted to become a qualified preschool teacher, to be able to make decisions based on professional knowledge and reflection. I worked as a preschool teacher for a year and a half after graduating with a masters' degree as a preschool teacher. When I took on a new position, I felt there was something lacking. I wasn't working according to my values and my heart wasn't in it. I thought that after graduation I would be recognized as one of the professional teachers but that did not happen. My values and ideas were not in harmony with the preschool's values and I found myself alone. I am designing and will be conducting a study into my development as a preschool teacher, building on the self-study methodology. Through conducting this study, I aim to enhance my own professional leadership abilities and to gain a deeper understanding of my personal transition from being an unqualified teacher to a qualified preschool teacher. I am the main subject, other participants are children, administrators, head teachers, teachers, and assistants. In this presentation I will discuss ethical challenges I have come across in the early stages of myself study journey.

Making it challenging, or saving it from the challenge: The need for methodological inventiveness in self-study research

Megumi Nishida, doktorsnemi, MVS HÍ

In this presentation, I discuss the necessity of methodological inventiveness in research while reflecting on my own self-study experience from 2014 to the present. Self-study is a qualitative methodology which supports educators' exploration of their own practice through various creative methods for the purpose of improving their practice as a goal. However, it took me five years to make meaning of my self-study because I did not know how inventiveness would save me from a challenge. To make my argument valid in the context of my experience, I took a retrospective approach for analyzing my artefacts – including my teaching journal, reflective short stories, and the publication of book chapters and journal articles – I employed literary arts-based methods of metaphor and Haiku. When I started studying my practice at an Icelandic preschool in 2014, I kept writing my teaching journal. A year later, I coded my journal to understand my experiences as I did for my master's project interview data. I found some themes and edited some stories to capture the related moments, but I could not solve my frustration. Five years later, I learned about arts-based methods. I found that metaphors could help me express the complexity of my practice through the narrative story of building the boat. Literature of methodological inventiveness expanded my interest for employing Haiku to examine my teaching with student teachers in Japan and my own practice. It was a challenge to initiate literary-arts methods, but in the end, it saved me from a challenge I was trapped in for many years.

Byrjendur í lestri: Áhættuþættir, skimun og stuðningur

Auður Björgvinsdóttir

Til að vita hvert á að fara þarf fyrst að vita hvar maður er. Mat á stafa- og hljóðþekkingu nemenda í 1. bekk

Auður Björgvinsdóttir, doktorsnemi, MVS HÍ. Leiðbeinandi: Anna Lind Pétursdóttir, prófessor, MVS HÍ

Í umfjöllun um læsi og lestrarkennslu á Íslandi undanfarin ár hefur meðal annars verið rætt og ritað um kennsluaðferðir, færni nemenda og skort á henni. Lítið hefur borið á umræðu um hvernig upplýsingum um færni nemenda er aflað í ólíkum grunnskólum og hvernig þær niðurstöður eru nýttar. Til að varpa ljósi á lestrartengt mat við upphaf 1. bekkjar og framvindu nemenda í læsi fyrsta skólaárið, var spurningakönnun send út til 78 grunnskóla um allt land. Kerfisbundið slembival var notað til að velja úrtak skóla sem höfðu nemendur í 1. bekk veturinn 2021–2022 og þess gætt að dreifing væri hlutfallslega jöfn yfir landið. Könnunin var send á skólastjóra hvers skóla og hann beðinn um að velja þann starfsmanna sem væri best til þess falinn að svara. Svarhlutfall var um 82%. Meðal spurninga sem svara var leitað við eru: Hvaða matstæki eru nýtt til að kanna forsendur nemenda 1. bekkjar til lestrarnáms og framvindu þeirra fyrsta skólaárið? Hvernig eru niðurstöður matsins nýttar til kennslu og upplýsinga? Hvað ræður því hvaða mat er framkvæmt innan hvers skóla og hvernig það er framkvæmt? Í erindinu verður lýsandi tölfræði notuð til að gera grein fyrir þeim hluta niðurstaðna sem lúta að stafa- og hljóðþekkingu og þær tengdar við fræði um mat á lestrarfærni byrjenda. Meðal þess sem rannsóknin leiddi í ljós er að yfirgnæfandi meirihluti grunnskóla sem svöruðu meta stafa- og hljóðþekkingu nemenda og nýta Lesskimun fyrir 1. bekk sem er hluti af Lesferli Menntamálastofnunar. Þó kom í ljós nokkur munur á framkvæmd bæði milli einstakra skóla og einnig milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar, til að mynda varðandi fjöldi nemenda sem eru metnir og hve oft er metið

Identifying risk factors for poor reading performance among 1st graders in Iceland

Amelia Larimer, doktorsnemi, MVS HÍ. Leiðbeinandi: Anna Lind Pétursdóttir, prófessor, MVS HÍ

Students with exceptional learning needs are entitled to a high-quality equitable education. To provide this, schools need to identify students requiring moderate and intensive support to be successful early on in their education. This study examined the reading performance and growth scores of approximately 300 1st graders in eight schools in the capital area of Iceland across the 2021-22 school year. The data was analyzed to identify predictive risk factors of students who may require a more intensive level of support to improve reading performance. Analyses indicated that the youngest students, students with a native language other than Icelandic and students with initial low letter naming knowledge had significantly lower oral reading fluency growth and achievement than their peers. The gap between these at-risk student groups and their peers widened as the year went on. No significant differences in reading performance were observed between girls and boys. Implications for changes to practices as well as additional research will be discussed. Early identification and effective instruction are the key to improving educational outcomes for at-risk students.

Samvinna við foreldra til að styðja við heimalestur barna í lestrarvanda

Jónína Helga Ólafsdóttir, doktorsnemi, MVS HÍ, Auður Björgvinsdóttir, doktorsnemi, MVS HÍ og Anna Lind Pétursdóttir, prófessor, MVS HÍ

Þegar börn eiga erfitt með að ná tökum á lestri þarf að leggja allt kapp á að aðstoða þau. Mikilvægt er að sníða lestrarkennslu betur að þeirra þörfum og einnig heimalestur, enda rík hefð fyrir heimaþjálfun á Íslandi. Margar leiðir eru færar en í þessari rannsókn var foreldrum kennt að nota æfingar Grunn-PALS (e. 1st grade Peer-Assisted Learning Strategies) við lestrarþjálfun heima með börnum í lestrarvanda. Námsefnið hentar vel til að einstaklingsmiða lestrarkennslu og veita nauðsynlega þjálfun, þar sem auðvelt er að velja verkefni á réttu erfiðleikastigi og verkefni fela í sér skýrar leiðbeiningar, jákvæða endurgjöf, uppbyggilega leiðréttingu, og endurteknar æfingar. Foreldrar þriggja nemenda í 2. bekk með slaka lestrarfærni tóku upp heimalestrarstundir, bæði fyrir og eftir að þeir fengu leiðsögn á myndskreiði um notkun Grunn-PALS verkefna. Með upptökum foreldra var lagt mat á hvernig framkvæmd heimalestrarstunda þróaðist. Einnig var grundvallar lestrarfærni barnanna metin reglulega. Notað var margfalt grunnskeiðssnið yfir þátttakendur til að meta áhrif af myndbandskenndu á framkvæmd foreldra á heimalestrarstundum og áhrif beitingar Grunn-PALS aðferða á lestrarfærni barnanna. Helstu niðurstöður voru þær að foreldrum fannst þjálfunaraðferðir gagnlegar og auðveldar í framkvæmd. Beiting Grunn-PALS við heimalestur varð til þess að börnin fengu fleiri tækifæri til réttar svörunar (e. opportunities to respond), tíðari jákvæða endurgjöf og aukna leiðsögn um réttan lestur. Við lok þjálfunartímabils hafði hljóðþekking nemenda aukist ásamt lestrarnákvæmni. Álykta má að Grunn-PALS æfingar á viðeigandi erfiðleikastigi geti verið raunhæfur kostur fyrir kennara sem vilja styðja foreldra í lestrarþjálfun barna sinna heima fyrir og stuðla þannig að bættu lestrarnámi þeirra.

Málþroski leikskólabarna: Íhlutun og mat

Jóhanna Einarsdóttir

Rannsóknarstofa um þroska, læsi og líðan barna og ungmenna

Orðaheimur – málörvunarefni fyrir leikskólabörn

Sædís Dúadóttir Landmark, meistaranemi, MVS HÍ, Svava Heiðarsdóttir meistaranemi, HVS HÍ, Kathryn Crowe, aðjúnkt, HVS HÍ og Þóra Másdóttir, lektor, HVS HÍ. Leiðbeinandi: Jóhanna Einarsdóttir, prófessor HVS/MVS HÍ

Markmið: Meginmarkmið þessarar rannsóknar var að kanna fýsileika málörvunarefnis Orðaheimsins (World of Words) í íslensku leikskólaumhverfi. Efnið var þýtt úr ensku og staðfært en kemur upphaflega frá Bandaríkjunum. Aðferð: Fýsileikarannsóknin (e. viability study) fór þannig fram að tvær mismunandi útfærslur efnisins voru prófaðar í tveimur leikskólum í Reykjavík. Annar leikskólinn fylgdi kennslustýrðri nálgun með nákvæmum kennsluleiðbeiningum um framkvæmd og innlögn efnis

Orðaheimsins. Hinn leikskólinn þjónaði hlutverki samanburðarhóps. Niðurstöður: Niðurstöður verkefnisins úr sérsniðnu matstæki úr áhersluatriðum Orðaheimsins fyrir og eftir íhlutunarskeið sýndi að efnið var árangursríkt og mældist 22% aukning stiga á mælingum barna frjálsu aðferðarinnar fyrir og eftir íhlutunarskeið en meiri árangur náðist með kennslustýrðu aðferðinni eða 30% að meðaltali. Niðurstöður dagbókarfærslna og gátlista leikskólakennara, sem skýrðu frá innlögnum og notkun efnisins, leiddu í ljós að þeir leikskólakennarar sem nýttu kennslustýrðu aðferðina notuðu málörvunarefni Orðaheimsins oftast og var magn (e. dosage) íhlutunarinnar því meira innan þess hóps. Leikskólakennararnir töldu efnið gagnlegt og að það gæti nýst bæði ein- og fjölgngdum börnum sem þurfa á aukinni málörvun að halda. Ályktanir: Í framhaldi þessarar rannsóknar og áður en stærri fyrirhuguð rannsókn fer fram verður nýtsamlegt að rýna í og nýta athugasemdir leikskólakennara um efnivið málörvunarefnisins í þeim tilgangi að aðlaga það enn frekar að börnum á Íslandi.

LANIS skimunarlisti á málþroska 3 ára barna – orðaforði

Rannveig Gestsdóttir, meistaranemi HVS HÍ. Leiðbeinandi: Jóhanna Thelma Einarsdóttir, prófessor HVS/MVS HÍ, Þóra Másdóttir, lektor, HVS HÍ

Markmið: Markmið rannsóknarinnar var að kanna réttmæti LANIS skimunarlista sem metur málþroska og orðaforða barna með því að kanna fylgni listans við tvö málþroskapróf sem meta svipaða hugsmíð. Aðferð: LANIS var lagður fyrir foreldra og leikskólakennara 110 barna á aldrinum 2;9-3;9 ára. Foreldrar og kennarar fylltu jafnframt út málþroskaprófið Orðaskil. Málþroskaprófið Málþærni ungra barna (MUB) var lagt fyrir 105 börn. Niðurstöður: Helstu niðurstöður rannsóknarinnar eru að fylgni LANIS við MUB var $r=0,55$ þegar foreldrar svöruðu listanum og $r=0,63$ þegar kennarar svöruðu listanum. Fylgni LANIS við Orðaskil var $r=0,89$ þegar foreldrar svöruðu listanum og $r=0,39$ þegar kennarar svöruðu listanum. Fylgni milli svara foreldra og kennara var $r=0,58$ á LANIS á mál- og talþroska barns og $r=0,45$ á LANIS við þann hluta sem metur orðaforða sérstaklega. Fylgnistuðlar voru marktækir miðað við $p < 0,01$. Ályktanir: Niðurstöður sýna viðunandi hugsmíðaréttmæti og samræmi matsmanna á LANIS: Það bendir til að foreldrar og kennarar séu áreiðanlegir þegar kemur að því að meta málþroska barna. Jafnframt benda niðurstöður til að spurningar á listanum séu misvel til þess fallnar að skima fyrir frávikum í málþroska. Greining á einstaka atriðum bendir til að fækka megi spurningum á listanum og með því móti stytta hann.

LANIS skimunarlisti – framburður þriggja ára barna

Karen Inga Bergsdóttir, meistaranemi HVS HÍ. Leiðbeinendur: Þóra Másdóttir, lektor HVS HÍ og Jóhanna Thelma Einarsdóttir, prófessor, HVS/MVS HÍ

Markmið: Markmið rannsóknarinnar var að kanna réttmæti framburðarhluta LANIS skimunarlistans en listinn er ætlaður foreldrum og leikskólakennurum 3 ára barna. Aðferð: LANIS var lagður fyrir foreldra og leikskólakennara 110 barna á aldrinum 2;9-3;9 ára. Málhljóðapróf PM (MHP) var lagt fyrir 103 börn í 12 leikskólum í Reykjavík. Skoðuð var fylgni milli framburðarspurninga á LANIS og hlutfall réttmyndaðra samhljóða (HRS) á Málhljóðaprófi Þóru Másdóttur (MHP). Niðurstöður: Helstu niðurstöður voru þær að miðlungs há jákvæð fylgni var á milli svara foreldra um skiljanleika tals barna LANIS og HRS gilda á MHP ($r=0,64$) og einnig þegar leikskólakennarar svöruðu sömu spurningum ($r=0,69$). Há jákvæð fylgni var milli skors á framburði stakra orða á LANIS listanum hjá bæði foreldrum ($r=0,75$) og svo leikskólakennurum ($r=0,82$) við HRS gildi barnanna. Fylgni milli svara foreldra og leikskólakennara var miðlungs há og jákvæð á mælingum innan LANIS, þ.e. fyrir skiljanleika tals ($r=0,60$) og mat á framburði stakra orða ($r=0,63$). Allir fylgnistuðlar voru marktækir ($p < 0,01$). Ályktanir: Niðurstöður benda til að réttmætt geti verið að skima fyrir framburði 3 ára barna á öllum hlutum í framburðarhluta LANIS. Einnig gefa niðurstöður til kynna að foreldrar og leikskólakennarar séu nokkuð áreiðanlegir matsmenn á framburð 3 ára barna. Svör þeirra á framburðarorðum á LANIS voru þó áreiðanlegri þegar skorun miðaðist við rétt og röng svör en þegar þeir voru beðnir um nákvæma greiningu á hvaða frávík voru til staðar.

Sögur barna: Þróun starfshátta til eflingar hlustunarskilnings og tjáningarfærni leikskólabarna.

Hrefna Böðvarsdóttir, meistaranemi, MVS HÍ. Leiðbeinandi: Sigríður Ólafsdóttir, dósent, MVS HÍ

Í fyrirlestrinum verður fjallað um meistaraverkefni sem fólst í starfendarannsókn á leikskóladeild í Reykjavík. Markmiðið var að þróa lærdómssamfélag starfsmanna í því skyni að efla leikskólastarf með sögum og fjölga þannig tækifærum tveggja og þriggja ára barna til að efla hlustunarskilning sinn og tjáningarfærni. Hlustunarskilningur er undanfari lesskilnings og hefur sömu eiginleika og lesskilningur að undanskildri umskráningu bókstafa sem æfist þegar börn hefja formlegt lestrarnám. Börn þurfa að kynast þeim heimi sem býr að baki rituðu máli til þess að upplifa þá eftirvæntingu að nota táknmálið til að afla sér upplýsinga um það sem þau hafa áhuga á. Það eru sögurnar eða merkingin að baki stöfunum og orðunum sem veitir aðgang að ævintýraheimum. Að segja börnum sögur er því mjög árangursríkt fyrir hlustunarskilning þeirra en auk þess geta sögur gefið börnum hugmyndir og ný orð sem geta orðið kveikja að ríkulegri tjáningu þeirra í leik. Í starfendarannsókninni var lögð áhersla á að segja börnunum sögur á fjölbreyttan hátt í gegnum gagnkvæm tjáskipti og leikriti með sögusviði og handgerðum brúðum. Börnunum var síðan gefinn kostur á tíma og rými til tjáningar og leiks með fjölbreyttum efnivið sem tengdist sögunum. Gagna var aflað með dagbókarfærslum, fundargerðum, skráningum ásamt myndbandsupptökum og ljósmyndum. Eftir því sem leið á rannsóknina varð starfsfólk í síauknum mæli einhuga um mikilvægi þess að gefa börnunum ríkuleg tækifæri til að efla hlustunarskilning sinn og tjáningarfærni, og því léku sögur sífellt stærra hlutverk í leikskólastarfinu. Í tjáningu barnanna mátti greina góðan skilning á sögunum og sögurnar endurspegluðust í leik þeirra.

Hagnýt atferlisgreining í skólastarfi og uppeldi

Anna-Lind Pétursdóttir

Rannsóknarstofa um þroska, læsi og líðan

Áhrif hvatningarkerfis með Beanfee hugbúnaðinum á námsástundun og hegðun nemenda með sögu um langvarandi hegðunarvanda

Silja Dís Guðjónsdóttir, atferlisfræðingur MVS HÍ. Leiðbeinendur: Anna-Lind Pétursdóttir, prófessor, MVS HÍ og Helgi Karlsson, sálfræðingur, Lækjarskóli

Þessi rannsókn kannaði áhrif einstaklingsmiðaðra hvatningarkerfa með Beanfee hugbúnaðinum á truflandi hegðun og námsástundun fjögurra karlkyns nemenda á aldrinum 7 til 10 ára í fjölmennum grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu. Allir þátttakendur höfðu sögu um langvarandi hegðunarvanda og skort á námsástundun. Einstaklingsmiðuð hvatningarkerfi voru sett upp með Beanfee forritinu fyrir hvern þátttakanda með hegðunarmarkmiðum um að vinna vel í tímum, vera á sínu svæði og fylgja fyrirmælum kennara. Kennarar mátu og gáfu endurgjöf á hegðun þátttakenda í lok bóklegra kennslustunda með Beanfee hugbúnaðinum, sama gerðu þátttakendur. Foreldrar fylgdust með matinu heima við í gegnum Beanfee hugbúnaðinn og veittu stuðningsstyrki þegar markmiðum var náð. Íhlutun varði 4-6 vikur fyrir hvern þátttakanda. Gæði framkvæmdar var metin 26 sinnum og var að meðaltali 95,4%. Truflandi hegðun var mæld með hlutbilaskráningu og námsástundun með heilbilaskráningu, samræmi matsmanna var metið í 25,3% tilvika og var að meðaltali 94%. Margfalt grunnskeiðssnið yfir þátttakendur sýndi fram á að truflandi hegðun minnkaði (66,9% að meðaltali) og námsástundun jókst (150% að meðaltali) í kjölfar innleiðingar á einstaklingsmiðaðri Beanfee íhlutun. Spurningalisti um Beanfee hugbúnaðinn og áhrif þess sýndi fram á hátt félagslegt réttmæti. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að einstaklingsbundin Beanfee tákstyrkingarkerfi, sem kennarar stjórna í samvinnu við nemendur og foreldra þeirra, geta dregið úr viðvarandi truflandi hegðun og stuðlað að námsástundun nemenda í kennslustofum á grunnskólastigi.

„Má ég fá meiri tíma til að leika?“ Háskólanemum kennt að ýta undir tjáningu nemenda til þess að veita þeim aukin áhrif á námsumhverfi sitt, bæta líðan og þol fyrir kröfum

Bára Denny Ívarsdóttir, atferlisfræðingur, LSH. Leiðbeinendur: Anna-Lind Pétursdóttir, prófessor, MVS HÍ og Karl Fannar Gunnarsson, lektor, HVS HÍ

Atferlismiðuð færniþjálfun er gagnreynd þjálfunaraðferð til að kenna fólki nýja færni og hefur verið notuð til að kenna umönnunaraðilum og starfsfólki margs konar færni sem tengist aðferðum hagnýtrar atferlisgreiningar. Markmið þessarar rannsóknar var að nota atferlismiðaða færniþjálfun í uppsettum aðstæðum til að kenna þremur háskólanemum í starfsþjálfun að framkvæma færni miðaða boðskiptaþjálfun í sex skrefum og meta yfirfærslu þeirrar færni í kennslustofu sérskóla með 11 ára einhverfum nemanda. Háskólanemarnir voru þrjár konur á aldrinum 24-26 ára. Tvær þeirra voru í meistaranámi í hagnýtri atferlisgreiningu við Háskóla Íslands með BS gráðu í sálfræði og eins til fjögurra ára starfsreynslu með fötluðu fólki. Ein var með BA gráðu í þroskaþjálfun að klára viðbótardiplómanám til starfsréttinda með sjö ára reynslu í störfum með fötluðu fólki. Margfalt grunnskeiðssnið yfir þátttakendur með stikkprufum var notað til að meta áhrif inngripsins á færni háskólanemanna til að framkvæma færni miðaða boðskiptaþjálfun. Helstu niðurstöður voru að atferlismiðuð færniþjálfun bætti framkvæmd allra sex skrefa boðskiptaþjálfunar hjá öllum þátttakendum, þannig að rétt framkvæmd jókst úr 7,4% að meðaltali upp í 98% að meðaltali. Við mat á yfirfærslu á færni í boðskiptaþjálfun með nemanda í raunaðstæðum reyndist framkvæmdin að meðaltali 99% rétt. Þessar niðurstöður gefa vísbendingar um að atferlismiðuð færniþjálfun sé árangursrík aðferð til að kenna háskólanemum færni miðaða boðskiptaþjálfun í uppsettum aðstæðum og í raunaðstæðum. Þá var mat þátttakenda á félagslegu réttmæti þjálfunar hátt.

Forathugun á foreldraviðtölum til að bæta daglegar rúttínur á heimilum barna með ADHD og áhrif þeirra á mótþróa, styrk- og veikleika

Arnar Baldvinsson, meistaranemi, HVS HÍ. Leiðbeinandi: Urður Njarðvík, prófessor HVS HÍ

Heimilislíf barna með ADHD einkennist að jafnaði af færri daglegum rúttínum í samanburði við önnur börn. Rannsóknir sýna að rúttínur í daglegu lífi geta haft jákvæð áhrif á hegðun og tilfinningastjórnun. Tilgangur þessarar rannsóknar var að athuga hvort foreldraviðtöl um daglegar rúttínur gætu minnkað hegðunarvanda barna með ADHD. Foreldrar 21 barns með ADHD á aldrinum 6-12 ára var skipt í tilrauna- og samanburðarhóp. Foreldrar svöruðu Child Routines Questionnaire (CRQ-IS), Devereux Behavior Rating Scale (DBRS, mótþróa hluta) og Strengths and Difficulties Questionnaire (SDQ) fyrir og eftir inngrip. Tilraunahópur mætti í foreldraviðtöl við upphaf rannsóknar og eftirfylgni viðtöl tveimur vikum seinna. Báðir hópar svöruðu spurningalistum aftur fimm vikum eftir inngrip. Niðurstöður benda til þess að rúttínuviðtöl geti aukið tíðni/gæði daglegra rúttína og því fylgi minnkun í mótþróa hjá börnum með ADHD. Takmarkað alhæfingargildi er sökum lítils úrtaks en inngripið lofar góðu. Frekari rannsókn er þörf til að ákvarða áhrif og notagildi foreldraviðtala einna og sér sem og samhliða öðrum inngripum.

Áhrif beinnar kennslu og fimpiþjálfunar á sjálfsmynd nemenda í lestrarvanda

Guðrún Björg Ragnarsdóttir, doktorsnemi, MVS HÍ og Kristján Ketill Stefánsson, lektor, MVS HÍ. Leiðbeinendur: Anna-Lind Pétursdóttir, prófessor, MVS HÍ og Zuilma Gabriela Sigurðardóttir, HVS HÍ

Fjallað verður um langtímarannsókn með runubundnu árgangasniði (e. cohort sequential study) þar sem skoðuð var almenn sjálfsmynd, námsleg sjálfsmynd og sjálfsmynd í lestri og stærðfræði hjá nemendum með námserfiðleika. Þátttakendur (N = 63) voru nemendur með námserfiðleika í 4.-8. bekk sem fengu sérkennslu í tveimur grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu. Um helmingur nemendanna (n = 30) fékk sérkennslu í upphafi rannsóknartímabils þar sem lögð var áhersla á gagnreyndar aðferðir (beina kennslu og fimpiþjálfun). Hinir þátttakendurnir (n = 33) fengu hefðbundna sérkennslu. Markmið rannsóknarinnar var að skoða hvernig almenn sjálfsmynd, námsleg sjálfsmynd og sjálfsmynd í lestri og stærðfræði þróaðist á rannsóknartímanum og hvort munur yrði á hópunum

eftir sérkennsluháttum. Spurningalistinn Self-perception profile for learning disabled students var lagður fyrir þátttakendur rannsóknarinnar alls sex sinnum á þriggja ára tímabili. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að inngrip með beinni kennslu og fimipjálfun hafði tölfræðilega marktæk ($p = 0,02$) og veruleg jákvæð áhrif á námslega sjálfmynd nemenda með námserfiðleika á rannsóknartímabilinu. Einnig voru áhrif inngripsins á sjálfmynd nemenda í stærðfræði umtalsverð en einungis á mörkum þess að vera tölfræðilega marktæk ($p = 0,05$). Áhrif inngripsins á aðra þætti sjálfsmýndar reyndust ekki tölfræðilega marktæk. Fjallað verður um niðurstöðurnar í tengslum við niðurstöður erlendra rannsókna og tilhögun sérkennslu í íslenskum grunnskólum.

Málþroski og læsi grunnskólabarna: Þróun, íhlutun og mat

Freyja Birgisdóttir

Rannsóknarstofa um þroska, læsi og líðan barna og ungmenna

Segðu mér sögu; persónulegar frásagnir 10 ára íslenskra barna

Erna Þráinsdóttir, meistaranemi, HVS HÍ. Leiðbeinandi: Jóhanna Thelma Einarsdóttir, prófessor HVS/MVS HÍ

Markmið: Markmið rannsóknarinnar var að skoða persónulegar frásagnir 10 ára barna. Greindir voru mállegir þættir, hvernig börnin brugðust við hvatningu og skoðað hvaða umræðuefni þau völdu að fjalla um. Aðferð: Þátttakendur rannsóknarinnar voru 27 íslensk börn sem voru valin af handahófi. Þau voru eintyngd og ekki með grun um frávík í máli og tali. Hvert barn sagði sex persónulegar sögur um þætti eins og hvenær þau voru hamingjusöm eða reið. Eftirfarandi mállegir þættir voru skoðaðir; Heildarfjöldi segða (HFS), Meðallengd segða (MLS), Fjöldi mismunandi orða (FMO), Heildarfjöldi orða (HFO) og hlutfall málfræðivillna. Auk þess var athugað val á umræðuefni. Niðurstöður: Niðurstöður sýndu mikinn einstaklingsmun á frásögnum 10 ára barna á öllum mælieiningum sem voru athugaðar. HFS var að meðaltali 53 segðir (frá 32 til 95 segðir), MLS var að meðaltali 10 orð (frá 5 til 20 orð), HFO var 550 orð (frá 199 til 991 orð), FMO var 206 orð að meðaltali (frá 94 til 336 orð) og hlutfall málfræðivillna var að meðaltali 2 orð (frá 0 til 10 orð). Frásagnir barnanna lengdust þegar þau voru hvött áfram að segja frá einhverju fleiru. Algengustu umræðuefni barnanna voru tengd afrekum í íþróttum, ósætti hjá systkinum eða hvernig þeim tókst að laga eða bæta fyrir eigin mistök. Ályktanir: Rannsóknin bendir til að 10 ára börn séu almennt komin með gott vald á því að segja frá; þau nota langar setningar og gera fáar málfræðivillur en breytileiki innan hópsins er mikill.

Áhrif íslenskrar þýðingar á námsefninu Story Champs á frásagnarfærni nemenda með námsörðugleika

Anna Ágústsdóttir, meistaranemi, HR, Hanna Steinunn Steingrimsdóttir, dósent, HR, Freyja Birgisdóttir, dósent HVS HÍ, Rafn Emilsson, skólustjórnandi

Markmið: Markmið rannsóknarinnar var að meta áhrif íslenskrar þýðingar á námsefninu Story Champs á frásagnarfærni nemenda með námsörðugleika. Stuðst var við kennsluáætlun sem miðar að því að efla þekkingu nemenda á grunnuppbyggingu frásagna, byggt á beinni kennslu, markvissri endurgjöf og stuðningi. Aðferð: Þrír 12 til 13 ára nemendur sem sækja sérskóla á höfuðborgarsvæðinu tóku þátt í rannsókninni. Notast var við þátttakendabætt grunnskeið (multiple-baseline across subjects) og margþætt könnunarsnið (e. multiple probe design) til þess að meta áhrif inngripsins. Kennslan fór fram á einstaklingsgrundvelli í skóla nemenda á venjulegum skólatíma. Eftir grunnskeiðsmælingar fengu þátttakendur kennslu í endursögn einfaldra frásagna sem fólu í sér fimm grunnþætti: kynningu á aðalpersónu, meginatburð eða vandamál, lýsingu á tilfinningu í kjölfar atburðar, úrlausn og endi. Þjálfunin byggðist á beinni kennslu (direct instruction) og markvissum stuðningi sem smám saman var dregið úr. Fyrir hverja kennslustund var gerð könnun (e. probe) á yfirfærslu nemenda. Niðurstöður: Marktækur munur kom fram á færni nemenda til að endursegja sögu sem innihélt fimm grunnþætti frásagna. Eftirfylgni gaf einnig til kynna að framfarir héldust yfir tíma. Yfirfærsla var þó takmörkuð hjá flestum nemendum. Ályktun: Niðurstöður rannsóknarinnar

benda til þess að íslensk þýðing á námsefninu Story Champs hafi marktæk áhrif á frásagnarhæfni nemenda með námsörðugleika, en huga þarf að leiðum til þess að efla yfirfærslu frásagnarhæfni yfir á nýjar aðstæður.

Íslenskur námsorðaforði

Ásdís Björg Björgvinsdóttir, meistaranemi, MVS HÍ. Leiðbeinandi: Sigríður Ólafsdóttir, dósent, MVS HÍ

Fjölmargar rannsóknir hafa sýnt sterk tengsl á milli lesskilnings og orðaforða, en góður lesskilningur er forsenda farsællar námsframvindu. Komið hefur í ljós að íslenskur orðaforði er drifkraftur framfara í lesskilningi hjá íslenskum grunnskólabörnum, og á það bæði við um börn sem eiga íslensku sem móðurmál og annað mál. Í íslensku tungumáli eru ótal mörg orð og því er mikilvægt að vita hvaða orð liggja til grundvallar námsárangri. Markmið meistaraverkefnisins sem hér er kynnt var að þróa *Lista yfir íslenskan námsorðaforða* (LÍNO) og komast að því hver íslenskur námsorðaforði er, orð sem mikilvægt er fyrir nemendur að þekkja. Þegar orð eru valin til náms og kennslu er mikilvægt að byggja á málheildum. Ný málheild fyrir íslenskan námsorðaforða (MÍNO) var sett saman úr völdum málheildum Íslensku risamálheildarinnar og Markaðrar íslenskrar málheildar, en auk þess var bætt við námsefni sem Menntamálastofnun hefur gefið út. Fyrirmyndin var enska málheildin sem New Academic Word List byggir á. Samtals telur MÍNO 31.680.235 lesmálsorð og eru allir textar frá þessari öld. Afkastur þessa meistaraverkefnis er LÍNO sem telur 1.515 orð. Orðin eru umfram algengustu orð málheildarinnar en mikið notuð í ýmsum tegundum texta og þvert á fræðasvið (orð í lagi 2). Námsorðaforðalistinn mun nýtast nemendum hér á landi við að efla orðaforða sinn, lesskilning og ritunarfærni og samhliða verður með LÍNO mögulegt að halda lífi í íslenskum orðum með komandi kynslóðum. Verkefnið er fyrsta meistaraverkefnið af þremur sem styrkt var af Rannsóknasjóði Háskóla Íslands, en íslenskur orðaforði er viðfangsefni þeirra allra.

Málstofa verkefna unnin í samstarfi Menntamálastofnunar og Sálfræðideildar HÍ

Sigurgrímur Skúlason
Menntamálastofnun

Einkunnaverðbólga í lokamati grunnskóla á árunum 2016-2022

Bergrós Skúladóttir, meistaranemi, HVS HÍ. Leiðbeinandi: Sigurgrímur Skúlason, aðjúkt, HVS HÍ og sérfræðingur, MMS

Á undanförunum árum hefur verið notaður hæfnimiðaður einkunnakvarði við lokamat á stöðu nemenda í grunnskóla. Slíkir einkunnakvarðar byggja lýsingar á hæfni sem nemendur ráða yfir. Umræddur einkunnakvarði var tekinn upp 2015 og var talinn ónæmar fyrir tilhneigingu til að hækka undan kröfu um háar einkunnir, svokallaðri einkunnaverðbólgu (e. grade inflation). Einkunnaverðbólga felst í að nemendur með sömu kunnáttu fái hærri einkunnir ár frá ári. Vísbendingar hafa verið um að einkunnaverðbólga hafi engu að síður verið í einkunnum við lok grunnskóla. Niðurstöður marglaga aðhvarfsgreiningar (e. multilevel regression) sýndu marktæk einkunnaverðbólguáhrif, bæði í summu lokamats í fimm námsgreinum og einnig í aukningu hæstu einkunna í þrem námsgreinum. Áhrifin afmörkuðust þó við höfuðborgarsvæðið. Verkefnið var styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna.

Kennslustundaathuganir: Hver er staðan og hvað hefur breyst frá árinu 2013?

Gunnhildur Harðardóttir, sérfræðingur, MMS

Menntamálastofnun hefur umsjón með ytra mati á grunnskólum fyrir hönd mennta- og barnamálaráðuneytisins. Fjallað verður um niðurstöður sem unnar voru út frá gögnum ytra mats 143 grunnskóla á árabílinu 2013-2022. Á tímabilinu 2013 til og með 2017 voru að jafnaði metnir átta til tíu

skólar á hverju skólaári en 2018 til 2022 voru 17 til 27 skólar metnir á hverju skólaári. Mat á kennslustundum fer fram í öllum kennslugreinum og er heildarfjöldi metinna kennslustunda 4666. Leitað er svara við eftirfarandi spurningum: Hver er þátttaka nemenda í kennslustundum? Byggja kennslustundir á markvissri samvinnu eða einstaklingsvinnu? Hvaða kennsluhætti nota kennarar? Hver er aðkoma nemandans að náminu? Hefur eitthvað breyst í kennslustofunni? Helstu niðurstöður sýna að breytingar á kennsluháttum og vinnulagi nemenda eru litlar.

Athugun á samræmi og ósamræmi í lokamati grunnskóla og niðurstöðum samræmdra könnunarprófa

Rúnar Helgi Haraldsson, sérfræðingur MMS, Sigurgrímur Skúlason, aðjúnkt, HVS HÍ og sérfræðingur hjá Menntamálastofnun og Bergros Skúladóttir, meistaranemi, HVS HÍ

Mikilvægur hluti af gæðamati á námsmatskerfum er samræmi mill ólíkra sjónarhorna við mat á einstaklingum eða stofnunum. Greining Menntamálastofnunar á gögnum um árgang nemenda sem lauk grunnskóla árið 2016 sýndi að í meginatriðum var gott samræmi milli lokamats grunnskóla (LGM) og samræmdra könnunarprófa (SKP), en jafnframt að talsverður munur var á niðurstöðum í hluta af skólum. Rannsóknin byggir um námsmati á árunum 2016 til 2022. Notuð voru meðaltöl skóla með 15 eða fleiri nemendur á tímabilinu á lokamati grunnskóla (LGM) og meðaltöl skóla á samræmdum könnunarprófum (SKP) (þrjár námsgreinar), samtals 135 skólar. Meðaltöl LGM og SKP yfir nokkurra ára tíma endurspegla stöðuga eiginleika á námsmati skóla annars vegar og breytileika í nemendahóp skólanna hins vegar. Fylgni milli meðaltals þessara mælinga var 0,56 og fylgni námsgreina í LMG innbyrðis var 0,57 til 0,79. Þáttalíkan fyrir niðurstöður á bæði LMG og SKP hafði slök mátgæði. Þegar niðurstöður fyrir LMG á öllum árum voru þáttgreindar komu fram þrjú þættir og endurspegluðu einn þeirra útskriftarár og virðist hann tengjast einkunnaverðbólgu. Samræmi í matinu birtist í að mismunur LMG og SKP var innan við 0,75 staðalfrávik hjá 59% skóla (65% nemenda), en ósamræmi birtist í því að í 18% skóla (með 19% nemenda) var meðaltal LMG umtalsvert hærra en meðaltal SKP og í 23% skóla (með 23% nemenda) var meðaltal LMG umtalsvert lægra en meðaltal SKP. Þetta þýðir að 35 % nemenda býr við það að LGM í þeirra skóla er að meðaltali umtalsvert lægra eða hærra en hefði gerst í öðrum skóla.

Hvernig breytast tengsl lesfimi og lesskilnings yfir skólagöngu nemenda?

Auðun Valborgarson, doktorsnemi, HVS HÍ og sérfræðingur hjá Menntamálastofnun og Freyja Birgisdóttir, dósent HVS HÍ. Leiðbeinendur: Sigurgrímur Skúlason, aðjúnkt, HVS HÍ og sérfræðingur MMS og Fanney Þórsdóttir, prófessor, HVS HÍ

Tengsl lesfimi og lesskilnings hafa verið lengi þekkt og deilt hefur verið um hvort lesfimi hafi áhrif á lesskilning eða öfugt. Markmið rannsóknarinnar er að draga fram mynd af því hvernig tengsl lesfimi og lesskilnings þróast yfir skólagöngu grunnskólabarna. Frammistaða nemenda í lesfimi og lesskilningi var skoðuð í lok grunn-, mið- og unglingastigs. Nemendum í fjórða bekk (N = 1034) var fylgt eftir í fimm ár og breytingar í lesfimi og lesskilningi voru skoðaðar með krosstengdu tímaraðalíkani sem tekur tillit til einstaklingsmunar í færni nemenda (e. random intercept cross-lagged panel model). Líkanið skiptir dreifni mældu breytanna í tvennt, annars vegar í almennan færniþátt sem lýsir breytileika milli einstaklinga (e. between-person variance) og hins vegar sértækum breytileika á milli tímamarkna (e. specific within-person variances). Niðurstöður líkansins sýna að færni nemenda í lesfimi og lesskilningi skýrist fyrst og fremst af almennu færniþáttunum og eru tengslin á milli færniþáttanna, lesskilnings og lesfimi, sterk. Staða nemenda borin saman við jafnaldr, í lesfimi og lesskilningi, breytist lítið á milli skólastiga. Nemendur í lægstu röð á grunnstigi eru líklegir til að vera áfram í lægstu röð við lok grunnskóla. Samkvæmt líkaninu breytast tengsl lesfimi og lesskilnings innan einstaklinga á milli skólastiga. Á grunnstigi hefur færni nemanda í lesfimi áhrif á færni í lesskilningi en þessi áhrif snúast við þegar komið er á unglingastig, en þá hefur færni í lesskilningi áhrif á lesfimi nemandans.

Hegðun og tilfinningar barna og ungmenna: Mikilvægi gagnreyndra aðferða í skólastarfi

Bergljót Gyða Guðmundsdóttir

Af innleiðingu og viðhaldi SMT skólafærni í einu sveitarfélagi: Áskoranir en vel unnið verk

Leifur S. Garðarsson, grunnskólakennari, Mosfellsbær. Leiðbeinandi: Margrét Sigmarsdóttir, dósent, MVS HÍ

Mikilvægt er að skólar búi yfir árangursríkum aðferðum til þess að mæta þörfum allra nemenda og móta jákvæðan skólabrag. Meðal annars þarf starfsfólk skóla að hafa yfir sannreyndum leiðum að ráða til að efla jákvæða hegðun nemendahópsins og fyrirbyggja óæskilega hegðun. SMT skólafærni er dæmi um slíka aðferð en hún hefur verið notuð hérlandis í tvo áratugi. Í þessu erindi verður sagt frá niðurstöðum eigindlegrar rannsóknar á stöðu SMT skólafærni í einu sveitarfélagi og viðhaldi hennar 20 árum eftir innleiðingu. Kannað var hvernig þjálfun og fræðsla starfsfólks er háttað, hvernig gæðaeftirlit fer fram og hvort nægur stuðningur við verkefnið sé fyrir hendi. Viðtöl voru tekin við fimm skólastjórnendur í sveitarfélaginu með mikla reynslu af SMT skólafærni og svör þemagreind. Niðurstöður bentu til þess að grunnskólar sveitarfélagsins hafi haldið vel utan um SMT skólafærni frá innleiðingu. Mikil þekking hafi skapast innan skólanna og SMT skólafærni sé almennt talin ákjósanlegur kostur til þess að mæta þörfum allra nemenda. Niðurstöður eru þó einnig ákall á aðstoð því skólastjórnendurnir töldu að stuðningi sveitarfélagsins við SMT skólafærni væri ábótavant. Fræðsla og handleiðsla starfsfólks og stjórnenda væri nánast alfarið að frumkvæði starfsfólks hvers skóla, án þátttöku sveitarfélagsins. Eina aðkoma sveitarfélagsins að SMT skólafærni væri við mat á fylgni skólanna við aðferðina, en að eftirfylgni með niðurstöðu matsins skorti. Fjallað verður um þýðingu niðurstaðna fyrir sveitarfélagið og íslenskt skólasamfélag í heild, sérstaklega með tilliti til varðveislu þekkingar á gagnreyndum aðferðum í skólastarfi og áframhaldandi rannsókna og þróunar.

Félags- og tilfinningafærni í skólum: Kerfisbundin samantekt rannsókna á ART-þjálfun

Freyja Jónsdóttir, stuðningsfulltrúi, velferðarsvið Reykjavíkurborgar og Ingibjörg Ásta Guðmundsdóttir, leiðbeinandi, Arnarskóli. Leiðbeinandi: Bergljót Gyða Guðmundsdóttir, dósent, MVS HÍ

Rannsóknir benda til þess að stuðningur í skólum með gagnreyndum aðferðum við félags- og tilfinningafærni (þ.e. geðrækt) barna og ungmenna auki líkur á farsælum þroska þeirra. Fræði- og fagfólk á sviði menntavísinda hefur því í auknum mæli beint sjónum sínum að mikilvægi markvissrar geðræktar sem eins þáttar skólastarfs. ART-þjálfun (e. aggression replacement training) er nýtt í mörgum skólum hérlandis í þessum tilgangi og því ástæða til að meta stöðu þekkingar á þessu sviði. Hér verður sagt frá niðurstöðum kerfisbundinnar samantektar á rannsóknum á ART-þjálfun innan skólaumhverfis. Markmiðið var að kanna hvað rannsóknaniðurstöður segðu um möguleg áhrif ART á félags- og tilfinningafærni og hegðun nemenda og hvernig ART nýtist sem kennsluáðferð. Rannsóknirnar þurftu að hafa farið fram innan skólaumhverfis meðal þátttakenda á skólaaldri, verið ritaðar á íslensku, ensku, norsku eða sænsku og birst á tímabilinu 2001-2021. Gögnum var safnað úr gagnagrunnum Google Scholar, ProQuest og Skemmunar og stuðst við viðmiðunarreglur PRISMA 2020. Alls uppfylltu níu rannsóknir inntökuskilyrði og náðu samtals til 641 þátttakanda. Helstu niðurstöður leiddu í ljós að ART tengist aukinni félags- og tilfinningafærni og bættri hegðun, sérstaklega hjá yngri nemendum. ART virðist jafnframt nýtast vel í kennslu í skólaumhverfi, að mati þátttakenda rannsóknanna. Annmarkar rannsóknanna voru m.a. fáir þátttakendur og hugsanleg skekkja í rannsóknahópum, skortur á rannsóknum með tilraunasniði og á mati á framkvæmd. Mikilvægt er að starfsfólk skóla hafi greitt aðgengi að upplýsingum um stöðu rannsókna á því geðræktarefni sem valið er til kennslu og geti þannig tekið mið af bæði styrkleikum og takmörkunum þess.

„Ef við náum ekki bekkjarstjórn þá getum við gleymt þessu“: Mat á námskeiði í bekkjarstjórnun fyrir grunnskólakennara

Sara Bjarney Ólafsdóttir, meistaranemi MVS HÍ. Leiðbeinendur: Margrét Sigmarsdóttir, dósent, MVS HÍ og Bergljót Gyða Guðmundsdóttir, dósent, MVS HÍ

Skólastarfsfólk þarf að ná til fjölbreytts hóps nemenda og styðja við nám, hegðun og líðan hvers og eins. Mikilvægt er að samskipti kennara og nemenda séu farsæl, en þar skiptir bekkjarstjórnun miklu máli. Árangursrík bekkjarstjórnun eykur gæði kennslu og námsástundun og stuðlar að bættri líðan kennara og nemenda. Ef hún er ómarkviss getur það hins vegar valdið álagi og streitu, bæði fyrir nemendur og kennara. Þetta erindi fjallar um niðurstöður rannsóknar á námskeiði í gagnreyndum bekkjarstjórnunaraðferðum fyrir grunnskólakennara. Þátttakendur, alls ellefu talsins, voru starfandi grunnskólakennarar sem luku námskeiðinu „Félagsfærni og sjálfsefning með áherslu á hegðun og bekkjarstjórnun“ og mátu afrakstur þess. Blönduðum rannsóknaraðferðum (þ.e. eigind- og megindegum) var beitt, meðal annars spurningalistum, mati á mætingu og þátttöku og rýnihópaviðtölum við þátttakendur. Áhersla var lögð á að kanna upplifun þátttakenda af aðferðunum sem þeir lærðu á námskeiðinu og nýttu á vettvangi með nemendum sínum, svo sem gagnsemi þeirra og hvaða aðferðir þeir sæju fyrir sér að nota áfram. Samhljómur virtist vera um að það sem þátttakendur lærðu á námskeiðinu hefði borið árangur á vettvangi og að þeir myndu halda áfram að nýta aðferðirnar. Þá töldu þátttakendur þjálfun sem þessa nauðsynlega fyrir kennara, sérstaklega nýliða í stéttinni. Niðurstöður samræmast fyrri íslenskum rannsóknum á þessu sviði og benda til þess að þörf sé fyrir og áhugi á þjálfun í gagnreyndum bekkjarstjórnunaraðferðum meðal grunnskólakennara hérlendis. Rætt verður almennt um aðferðirnar og mikilvægi þeirra þar sem rannsóknir sýna að þær geti stuðlað að betri árangri og líðan nemenda og kennara.

Áhrif endurgjafar kennara á námsástundun: Rannsóknir í tveimur grunnskólum

Helga Maggý Magnúsdóttir, atferlisráðgjafi, Urriðaholtsskóli, Erla Sif Sveinsdóttir, atferlisráðgjafi, Urriðaholtsskóli og Zuilma Gabriela Sigurðardóttir, prófessor, HVS HÍ

Tengsl markvissrar námsástundunar barna og ungmenna við velferð þeirra eru skýr. Rannsóknir benda til þess að ákveðnar gerðir yrtrar endurgjafar kennara tengist aukinni námsástundun. Þessa þekkingu má hagnýta í skólum og efla þannig námsárangur og jákvæða hegðun. Mikilvægt er kanna stöðuna hérlendis og hvort tækifæri sé til að styðja við starfsfólk skóla í notkun hvetjandi endurgjafar. Í þessu erindi verður sagt frá niðurstöðum rannsókna í tveimur skólum á endurgjöf kennara og sambands hennar við námsástundun. Mælingar fóru fram þrisvar sinnum yfir skólaárið í öllum árgöngum og umsjónarþekkingum, með beinu áhorfi í náttúrulegum aðstæðum. Í öðrum skólanum fóru mælingar einnig fram í verklegum greinum. Stuðst var við íslenska þýðingu skráningarblaðsins *MICRO Recording Sheet* við mælingar. Í ljós kom að námsástundun í báðum skólum hafði aukist, samanborið við niðurstöður fyrri rannsóknar sem gerð var hér á landi. Hlutfall jákvæðrar endurgjafar kennara til nemenda í öðrum skólanum hafði sömuleiðis aukist miðað við fyrri rannsókn. Í hinum skólanum hafði dregið úr neikvæðri endurgjöf miðað við fyrri rannsóknaniðurstöður, þótt hlutfall neikvæðrar endurgjafar mældist hærra en jákvæðrar. Í báðum rannsóknum beindist jákvæð endurgjöf aðallega að námi en neikvæð að félagslegri hegðun nemenda. Fylgni endurgjafar við námsástundun var misjöfn milli skóla; í öðrum skólanum mældust meðal annars marktæk tengsl milli neikvæðrar endurgjafar og minni námsástundunar. Í hinum skólanum mældist marktækt samband milli aukinnar jákvæðrar endurgjafar og námsástundunar. Niðurstöður benda til þess að endurgjöf kennara skipti máli fyrir nám og hegðun nemenda. Rætt verður um styrkleika og takmarkanir rannsókna og leiðir til hagnýtingar þessarar þekkingar í skólstarfi.

Viðhorf, aðferðir og kennsluefni: Hlutverk kennara í siðferðilegri menntun

Elsa Haraldsdóttir
Rannsóknarstofa í mannkostamenntun

Forsendur siðfræðimenntunar

Elsa Haraldsdóttir, doktorsnemi, HUG HÍ

Í erindinu er gerð grein fyrir hvernig Upplýsingin og skynsemishyggjan sem hún tilheyrði stuðlaði að upphafningu rökvisinnar, hins hlutlæga og „auð“mælanlega, á kostnað þess órökvísa, huglæga og „ómælanlega“. Aðgreining vísinda í raun- og hugvísindi (og síðar félagsvísindi) er ein birtingarmynd þessara viðhorfa en vísindin og háskólasamfélagið mótar síðan og hefur áhrif á samfélagsleg viðhorf, gildi og viðmið. Þau samfélagslegu gildi og viðmið sem ríkja í samfélaginu hverju sinni hafa óhjákvæmilega áhrif á viðhorf til hlutverks og markmiðs siðfræðimenntunar, ekki síður en menntunar almennt. Markmið erindisins er þannig að gera grein fyrir hvernig siðfræðimenntun er óhjákvæmilega hug- og félagsvísindaleg, og á þeim forsendum bundin sömu áskorunum þegar kemur að stöðu þeirra í og fyrir samfélagið. Það er ályktun höfundar að siðfræðimenntun sé best skilgreind sem samofin hvers konar menntun í hug- og félagsvísindum í formi heimspekilegrar samræðu og ígrundunar um efni hennar. En til að siðfræðimenntun fái það pláss og þá stöðu sem henni er ætlað, samkvæmt núverandi Aðalnámskrá, þarf til aukinn skilning á forsendum þeirra viðhorfa sem vinna gegn henni eða telja hana ekki eiga erindi í menntun almennt. Höfundur er doktorsnemi í heimspeki við Háskóla Íslands, leiðbeinandi er próf. Ólafur Páll Jónsson. Erindið byggir á doktorsrannsókn viðkomandi en meginaðferðafræði rannsóknarinnar er fræðileg greining á ólíkum kenningum innan hug- og félagsvísinda um menntun, siðferði og mennskuna, ásamt eigindlegum og megindlegum rannsóknum á heimspekimenntun.

Vöxtur í gegnum tungumál sem menntatæki hugans

Kristian Guttesen, sjálfstætt starfandi rannsakandi í menntavísindum

Markmið þessa fyrirlestrar er að kanna líkindin á milli viðhorfa til og nálgunar Wittgensteins og Dewey á menntun, sem framlag til heimspeki menntunar. Þetta verður gert í gegnum þrjú undirmarkmið. Í fyrsta lagi er ætlunin að rannsaka hugtakið menntun. Þetta markmið fjallar almennt um menntahugtakið og leggur grunninn að fyrirlestrinum. Annað undirmarkmiðið felst í að skilgreina tungumál náms og hlutverk þess í upplifun nemenda af menntun. Þetta markmið rannsakar hugmyndir Wittgensteins um tungumál og það hvernig Dewey fjallar um reynslu. Slíkt er mikilvægt vegna þess að innan menntamála hefur tiltölulega lítið verið talað um tungumál náms. Þriðja undirmarkmiðið er að taka saman niðurstöður fyrri markmiða til að byggja upp kenningu um aðgerðar-/atferlishæfni í menntun. Þetta markmið byggir á hugmyndum Wittgensteins um leiðir til að lifa og pragmatisma Dewey. Þó að gagnrýni þeirra á þekkingu sé svipuð, ætti þetta markmið að fela í sér höfnun þeirra á sýn áhorfandans á þekkingu, að hætti Quine, og einnig að leiða í ljós heildstætt kerfi eða nálgun fyrir útfærslu menntunar sem byggir á tungumáli náms og (innri og ytri) reynslu af menntun.

Mannkostamenntun í myndmenntastofunni: Hlutverk kennarans andspænis áskorunum og sóknarfærum

Ingimar Ólafsson Waage, lektor, LHÍ

Í erindinu verður kynnt rannsóknargrein sem er þriðji hluti af doktorsrannsókn höfundar sem byggð er á blandaðri aðferð. Sagt verður frá niðurstöðum rýnihópaviðtala við nemendur og kennara sem tóku þátt í íhlutunarverkefni sem byggði á hugmyndafræði Aristótelískrar mannkostamenntunar og hlutverki myndlistarkennslu í því samhengi. Íhlutunin fólst í því að vinna með nemendahópum í

myndmennt að skapandi verkefnum á grundvelli hugmynda þeirra um dygðir. Samhliða skapandi vinnu tóku nemendur þátt í heimspekilegum samræðum um valin listaverk. Áður en íhlutunin fór fram og eftir að henni lauk voru lögð fyrir sérhönnuð próf til að meta framfarir nemenda hvað snertir orðaforða og færni í greiningu og tjáningu um listaverk sem talin eru hafa siðferðilegt inntak. Nákvæmt mat á greiningarprófunum sýndi ekki óyggjandi fram á að nemendur hefðu tekið framförum við íhlutunina. Að íhlutun lokinni voru tekin rýnihópaviðtöl við nemendur og kennara sem voru afrituð orðrétt og þemagreind. Viðtölin drógu fram mikilvæg atriði sem hafa þarf í huga þegar lagt er upp með íhlutun af þessu tagi. Þrátt fyrir að kennurum og nemendum almennt hafi líkað vel að taka þátt í íhlutuninni, þá kom í ljós að margvíslegir þættir, bæði innlægir og utanaðkomandi, geta haft talsverð áhrif. Þar má nefna félagslega þætti, áhugasvið nemenda, innri áhugahvöt, vilja nemenda til að vinna skólaverkefni og hópdyamik – ekki síst með hliðsjón af kyni, aldri og árgangi. Þær ályktanir má draga að mikilvægt er að kennarar og rannsakendur hafi í huga merkingarbærni verkefna, að horft sé í auknum mæli til lýðræðislegrar nálgunar og hlutur neðansækinna vinnubragða verði aukinn.

Íslendingasögurnar — frá sál til sálar

Þóra Björg Sigurðardóttir, doktorsnemi, MVS HÍ. Leiðbeinendur: Ólafur Páll Jónsson og Atli Harðarson

Erindið byggir á rannsókn um siðferðilegt uppeldi í skólum þar sem blönduðum aðferðum í heimspeki, bókmenntum og hugtaka- og orðaforðakennslu var beitt við lestur á Gísla sögu Súrssonar. Íslendingasögurnar hafa verið kenndar í grunnskólum landsins um árabil. Öðru hverju heyrast raddir um að þær séu fornar og tyrfnar fyrir unglunga og það eigi að hætta að kenna þær. Ein mótbáran er sú að tvítyngd börn og börn af erlendum uppruna tengi illa við sögurnar og veruleika þeirra. Að auki séu ýmis börn með málþroskaraskanir og ýmsar takmarkanir sem geri þeim erfitt fyrir að vinna með fornan og framandi texta, flókna atburðarrás og margar persónur. Um skeið voru þessar sögur notaðar til að prófa úr á samræmdum prófum, þá var gjarnan spurt út í ýmis þekkingaratriði, nöfn, ættartengsl, staðhætti eða þýðingar á fornum orðatiltækjum. Það má ætla að þessi leið hafi verið mörgum börnum illfær og lærdómurinn byggst á utanbókarlærdómi. Ef Íslendingasögurnar eru hins vegar lesnar út frá siðferðilegu sjónarhorni opna þær möguleika fyrir fleiri nemendur til að njóta þeirra. Tvítyngd börn, börn með málþroskaraskanir eða aðrar takmarkanir/greiningar hafa alveg jafn flókinn innri veruleika og mannlegar tilfinningar og önnur börn. Það getur því verið dýrmætt að fá aðgang að þessum menningarverðmætum sem hafa bæði siðferðilegt menntagildi og eru forsenda skilnings á ýmsu í tungumáli og hugsunarhætti þjóðar. Það er ekki þar með sagt að sú leið sé fyrirhafnarlaus af hálfu kennarans en hún gæti verið þess virði.

Lystigarður möguleikanna

Hanna Ólafsdóttir

Astrid Loftslagsfræðsla – tilurð, markmið og framtíðarsýn

Ásta Magnúsdóttir, verkefnastjóri, Gagarín ehf.

Astrid Loftslagsfræðsla er kennsluefni um Loftslagsmál fyrir skóla. Áhersla er lögð á getuna til að grípa til áhrifarikra aðgerða og að veita nemendum þekkingu og úrræði til að skilja og rökræða lausnir við loftslagsvandannum. Kennsluefnið sjálft er m.a. í formi sýndarveruleika, viðbótarveruleika, kennslubóka, borðspila, myndbanda og fleiri gagnvirkra miðla. Verkefnið er leitt af hönnunarfyrirtækinu Gagarín ehf. Stuðst er við rannsóknir í loftslags- og menntavísindum í gegnum öflugt samstarf við helstu vísinda-, mennta- og háskólastofnanir Íslands, þar með talið Umhverfisstofnun, Veðurstofu Íslands, Hafrannsóknastofnun, Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík. Með þessu verkefni er því verið að vinna markvisst að nýstárlegu og metnaðarfullu kennsluefni sem uppfyllir kröfur Aðgerðaráætlunar í loftslagsmálum á vegum ríkisstjórnar Íslands: G4. Fræðsla um loftslagsmál fyrir almenning og G5. Menntun um loftslagsmál í skólum. Garden of Choices er hlutverkaleikur í sýndarveruleika þar sem nemendahópur stendur frammi fyrir aðgerðum

og ákvarðanatöku um loftslagsmál. Upplifunin krefst samvinnu, lýðræðis og gagnrýnnar hugsunar. Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla getur stafræn tækni veitt fjölbætta merkingarsköpun í skólalastarfi en þegar nemendur upplifa hluti sjónrænt á áhrifaríkan hátt geta þeir átt auðveldara með að framkalla reynsluna síðar. Á síðustu mánuðum hefur leikurinn verið prófeyndur með grunnskólanemum, kennurum og sérfræðingum í loftslagsmálum.

Skapandi leiðir í Lystigarði möguleikanna. Aðgerðir og áhrif loftslagsbreytinga

Anna Kristín Valdimarsdóttir, meistaranemi, MVS HÍ. Leiðbeinandi: Hanna Ólafsdóttir, lektor, MVS HÍ

Lystigarður möguleikanna er fræðsluleikur í sýndarveruleika sem tilheyrir Astrid loftslagsmál menntaseríunni. Markmið hennar er að veita ungmennum verðug verkefni í baráttunni gegn loftslagsvandannum, ýta undir hegðunarbreytingu hjá þeim og meðvitund um áhrif daglegra athafna. Leikurinn er hannaður af Gagarín í nánu samstarfi við Veðurstofu Íslands, Háskólann í Reykjavík, Háskóla Íslands, Umhverfisstofnun og Environics. Heimurinn stendur frammi fyrir áskorunum vegna loftslagsbreytinga sem ekki hefur tekist að sporna gegn þrátt fyrir samhentar aðgerðir. Ungt fólk er meðvitað um vandann en það vefst fyrir því hvernig best sé að bregðast við vandanum og koma á jafnvægi milli efnahags, samfélags og umhverfis. Rannsóknin byggir á eigindlegri rannsóknarhefð (e. qualitative) með fyrirbærafræðilegu sniði (e. phenomenology). Viðfangsefnið var kannað í víðu samhengi út frá rannsóknarspurningum og þrengt með tilliðslu. Markmið verkefnisins er að rannsaka menntagildi Lystigarðs möguleikanna og þróa námsefni sem byggir á skapandi kennsluaðferðum og menntun til sjálfbærrar þróunar. Í ljós kom að nemendur vilji hafa áhrif á námið á skapandi og rannsakandi hátt. Niðurstöðurnar benda til þess að þátttaka í Lystigarði möguleikanna auki færni og getu þátttakenda til að greina vandamálið frá fjölbreyttum sjónarhornum. Ungmennunum þótti upplifunin skemmtileg með tilkomu sýndarveruleikans sem jók á áhuga þeirra. Greina mátti aukinn vilja til að fræðast meira um umhverfisvandann. Reynslan veitir einnig fjölbreytta sýn á margþætt vandamál á þverfaglegan hátt. Alþjóðasamfélagið þarfnast ungmenna sem eru upplýst og hæf til að leggja mat á eigin ákvarðanatöku og áhrif hennar út frá ólíkum sjónarhornum. Verkefnið er að hluta til styrkt af Gagarín, Rannís, Nýsköpunarsjóði námsmanna og Loftslagssjóði.

Lystigarður möguleikanna: Loftslagsfræðsla í sýndarveruleika

Pórunn Björg Guðmundsdóttir, meistaranemi, HVS HÍ og Ragna Benedikta Garðarsdóttir, prófessor, HVS HÍ

Í fyrri hluta er fjallað um kenningar félagssálfræðinnar um sálfræðilegar hindranir sem koma í veg fyrir að fólk grípi til aðgerða gegn loftslagsógninni og útskýrt hvernig loftslagsfræðslan Lystigarður möguleikanna getur tekið á þessum hindrunum. Meðal annars verður fjallað um hugtökin sálfræðileg fjarlægð, trú á eigin getu, venjur, afneitun ábyrgðar, svartsýni, vanþekkingu, ótta og ábyrgðardreifingu. Í seinni hluta er fjallað um niðurstöður rannsóknar sem var gerð til að árangursprófa Lystigarð möguleikanna út frá þessum félagssálfræðilegu kenningum. Nemendur (n = 75) í tveimur 10. bekkjum grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu tóku þátt í loftslagsfræðslu í sýndarveruleika (n = 23) og með spilastokk (n = 21), en þriðji bekkurinn (n = 30) var hafður til samanburðar. Allir svöruðu spurningalistum í tvígang. Tilgátur stóðust ekki allar en niðurstöður sýndu þó að þátttakendur í sýndarveruleika reyndust bjartsýnni, með sterkari umhverfistengda sjálfsmynd og sterkari hegðunaráætlun en nemendur sem fengu spilastokk. Slíkar niðurstöður benda til þess að þróa mætti Lystigarð möguleikanna áfram og hagnýta í skólum og öðrum stofnunum til þess að undirbúa nemendur undir að takast á við loftslagsbreytingar.

Háskólar: Fjölbreyttur nemendahópur

Amalía Björnsdóttir

Rannsóknarstofa um háskóla

Er fjarnám lykillinn að inngildandi háskólaumhverfi?

Amalía Björnsdóttir, prófessor, MVS HÍ og Þuríður Jóna Jóhannsdóttir, prófessor emerita, MVS HÍ

Markmið rannsóknarinnar sem kynnt verður var að kanna hvernig þættir í bakgrunni og aðstæðum háskólanema á Menntavísindasviði spá fyrir um líkur á því að þeir kjósi að stunda fjarnám. Með því er verið að kanna hversu mikið fjarnám leggi af mörkum við að skapa inngildandi háskólaumhverfi á Menntavísindasviði sem styðji við jafnrétti og margbreytileika í hópi háskólanema. Gagna var aflað með spurningakönnun meðal stúdenta í bakkalárnámi á Menntavísindasviði haustið 2020. Búseta áður en námið hófst hafði vissulega tengsl við val á fjarnámi en aðrir þættir, til að mynda mikil vinna með námi, börn á heimilinu og aldur höfðu sterkari tengsl við val á fjarnámi. Niðurstöður benda til þess að fjarnám laði að fjölbreyttari hóp en staðnám og að í fjarnámi séu frekar eldri stúdentar, þeir sem eru komnir á vinnumarkað, með fjölskyldu og fyrsta kynslóð í sinni fjölskyldu til að fara í háskólanám. Þetta er hópur sem oft er kallaður óhefðbundnir stúdentar og ólíklegt verður að teljast að þessir einstaklingar færu í háskólanám væri það ekki í boði sem fjarnám. Hlutfall óhefðbundinna stúdenta var mjög hátt í leikskólakennarafræðum og þroskþjálfanámi en mun lægra á námsleiðum þar sem fjarnám var ekki í boði eða aðeins hluta námstímans. Fjarnám er því lykill að aðgengi að háskólanámi fyrir þennan hóp óhefðbundinna stúdenta en síðan þarf HÍ að tryggja gæði námsins og það verður ekki gert nema með því að taka mið af kringumstæðum stúdenta og laga fyrirkomulag náms og kennslu að þeim að einhverju leyti.

Samanburður á tengslamyndun og brotthvarfi nemenda úr námi á tveimur sviðum Háskóla Íslands fyrir og eftir COVID-19

Anna Helga Jónsdóttir, dósent, VoN HÍ, Magnús Þór Torfason, dósent, FVS HÍ og Margrét Sigrún Sigurðardóttir, dósent, FVS HÍ

Haustið 2017 hófst rannsókn á tengslamyndun nýnema á tveimur sviðum Háskóla Íslands, Félagsvísindasviði og Verkfræði- og náttúruvísindasviði. Nemendur voru m.a. spurðir hvaða samnemendur þeir þekktu við upphaf náms og svo aftur hvaða samnemendum þeir eyddu tíma með síðar á námsferlinum. Samhliða var framvinda nemenda í náminu rannsökuð. Meginmarkmið rannsóknarinnar er að varpa ljósi á tengslamyndun nemenda við upphaf háskólanáms og rannsaka hversu víðtækt brotthvarf nemenda úr námi er á sviðunum tveimur. Að auki er áhugavert að skoða hvort fylgni sé á milli tiltekinna bakgrunnsbreyta og brotthvarfs, svo sem kyns, aldurs og framhaldsskóla. Haustið 2020 var ákveðið að endurtaka leikinn og sams konar gagna aflað í þeim tilgangi að geta borið saman tengslamyndun, brotthvarf og námsframvindu nemenda í námi fyrir og eftir COVID-19. Niðurstöður sýna að nemendur sem hófu nám í faraldrinum tilgreindu færri tengsl í upphafi náms en nemendahópurinn sem hóf nám haustið 2017. COVID-19 nemendahópurinn myndaði einnig mun færri ný tengsl á fyrsta misserinu sínu í skólanum en um helmingur nemenda myndaði engin ný tengsl á meðan hlutfallið var aðeins um 9% haustið 2017. Í erindinu verður farið í gegnum helstu niðurstöður greininga og hvernig þær geti mögulega nýst deildum til að bregðast við áhrifum Covid á tengslamyndun og námsframvindu nemenda í námi.

Viðhorf nemenda til fjarkennslu/fjarnáms og tengslamyndun nemenda og kennara í slíkum aðstæðum

Helga Jóna Eiríksdóttir, lektor, HUG HÍ

Markmið verkefnisins var annars vegar að skoða viðhorf nemenda til fjarkennslu með það að markmiði að bæta kennsluhætti og þróa fjarnámskennslu áfram til að bæta upplifun nemenda. Hins vegar að kanna tengslamyndun milli kennara og nemenda í fjarnámi m.t.t. áhugavata (e. Motivation) og hvort og þá hvaða þættir eru til staðar í fjarkennslu sem ýta undir áhuga nemenda. Spurningalisti var lagður fyrir nemendur í námskeiðinu Opinber skjalavarsla og skjalastjórn í fortíð og nútíð haustið 2021. Helstu niðurstöður sýna að nemendur eru almennt jákvæðir gagnvart fjarnámi og fjarkennslu og líkar vel að geta stýrt tíma sínum sjálfir. Vel uppsett og skipulagt vefsvæði

námskeiðsins ásamt aðgengilegu námsefni virkar hvetjandi á nemendur og fjarnámsformið hentar þeim almennt vel. Nemendur kunna að meta að geta hlustað á námsefnið á eigin hraða og tíma. Þeir segja þó að þeir myndu kjósa að hafa tækifæri til að hitta samnemendur og kennara í raunheimum þó námskeiðið væri aðallega í fjarnámi. Áhyggjur af tengslamyndun nemenda er óþörf, nemendur mynda tengsl bæði við kennara og aðra nemendur og upplifa umhyggju kennara fyrir velferð þeirra. Til þess að svo megi verða þarf þó að tryggja að ákveðnir þættir séu til staðar. Rannsóknin er fyrst og fremst innlegg í umræðuna um bættari og fjölbreyttari kennsluhætti. Hún er tilraun til að fanga upplifun nemenda á núverandi kennsluháttum og reyna að beina sjónum að því hvað það er sem nemendur vilja þegar kemur að kennslu og þeirra eigin námi.

Háskólar: Að efla nám nemenda

Benjamín Ragnar Sveinbjörnsson
Rannsóknarstofa um háskóla

Notkun litvísá til að auka skilning á þvotti og útdrætti í verklegri efnafræði

Benjamín Ragnar Sveinbjörnsson, lektor, VON HÍ

Verklegt nám er grunnhluti í námi margra raungreina, en þar fá nemendur tækifæri til að þjálfa vinnubrögð fagsins við framkvæmd tilrauna sem veitir nemendum annað sjónarhorn að fræðigreininum. Verklegar æfingar eru hins vegar misárangursríkar í að styrkja tengsli milli þess hvernig maður framkvæmir tiltekna tilraunir, hvað er að gerast, af hverju maður notar tiltekna aðferðir og hvernig maður myndi hanna sambærilegar tilraunir til að þær væru skilvirkar. Í þessari rannsókn var ný verkleg æfing í lífrænni efnafræði þróuð. Æfingin gekk út á að hreinsa óþekkt sýni með því að nota svokallaða þvottaaðferð, og bera síðan kennsl á óþekkta sýnið með eimingu. Nýi hluti æfingarinnar snéri fyrst og fremst að því að auka skilning nemenda á því hvernig þvottaaðferðin virkaði og voru litvísar notaðir til þess. Skýrslur nemenda voru bornar saman við könnun sem hafði verið gerð fyrir æfinguna og virtist samanburðurinn sýna að skilningur nemenda á efninu jókst töluvert. Könnun sem var gerð eftir æfinguna sýndi líka að almennt var mikil ánægja með æfinguna og nemendum fannst æfingin skemmtileg og auka skilning þeirra á efninu. Í lok könnunarinnar var síðan spurning um hvernig þau myndu hanna svipaða tilraun en þar voru svörin því miður mjög handahófskennd. Nýja tilraunin virtist því hjálpa nemendum að skilja betur aðferðina, en leiddi ekki til nógu djúprar þekkingar til að nemendur gætu sjálf hannað sambærilega tilraun. Æfingin verður því þróuð áframhaldandi með það að markmiði að dýpka skilning nemenda enn frekar svo að þau geti einnig hannað nýjar tilraunir sem nýta þvottaaðferðina.

Development of Flip Lab Teaching in Environmental Engineering Major Courses and its Effectiveness on Students' Lab Performance

Bing Wu, dósent, VON HÍ

In Environmental Engineering programme, laboratory practice is an essential part for students to apply theoretical knowledge into real-world expertise. In recent years, as a new pedagogical method, flip teaching has received great attention in higher education, especially during COVID-19 pandemic. In this project, we aim to examine the effectiveness of flip lab teaching on students' lab performance in the Environmental Engineering programme. The flip lab teaching materials (videos, documents) for four BS/MS-level courses were developed and applied in 2021 Fall and 2022 Spring semesters. Seventeen survey questions focusing on preparation of lab teaching materials (teacher's behaviour), students' action before lab teaching, students' performance during and after lab teaching, were prepared. After collecting 32 survey responses, the key factors relating to improvement of students' learning outcomes were identified by qualitative and quantitative analysis (i.e., linear regression model with multi-independent numerical variables). It was found that the students' attitude towards the lab teaching method had a positive effect on their academic grades ($p < 0.1$). While the quality of flip teaching materials (i.e., teacher's behaviours) and students' activities during flip lab teaching

process appeared not to be significantly influence their grades ($p > 0.1$). Thus, the solutions for further improvement of flip lab teaching materials and motivation of students during flip lab teaching process will be highlighted in future. For example, providing background details in recording videos and lab instruction materials; giving online quiz questions for students' self-evaluation before coming to the lab.

Hefur inngangsnámskeið í lögreglusálfræði áhrif á ranghugmyndir nemenda?

Ólafur Örn Bragason, doktorsnemi, MVS HÍ

Hugmyndir almennings og sérfræðinga um sálfræði eru mjög misjafnar en ranghugmyndir meðal lögreglumanna virðast sérstaklega viðteknar. Markmið rannsóknarinnar er að kanna ranghugmyndir nemenda í námskeiðinu Lögreglusálfræði við Háskólann á Akureyri en flestir nemendur eru á fyrsta ári í lögreglufraeði og þriðja ári í sálfræði. Bæði var leitast við að kanna að hve miklu leyti nemendur styðja við ranghugmyndir bæði við upphaf og við lok námskeiðsins auk þess að kanna hverjar þeirra eru lífseigastar. Spurningalisti var lagður fyrir nemendur í upphafi og lok námskeiðs þar sem nemendur tóku afstöðu til 22 staðhæfinga um réttarsálfræðileg málefni. Í ljós kom að af 22 ranghugmyndum voru nemendur með að meðaltali um 15 ranghugmyndir við upphaf náms. Þá var ekki munur á fjölda ranghugmynda eftir kyni, aldri eða námslínu og bendir þessi niðurstaða til þess að ranghugmyndir séu nokkuð viðteknar meðal nemenda. Þegar stuðningur við ranghugmyndir var skoðaður fyrir allar staðhæfingarnar dró úr stuðningi við þær um 2%, úr 28,7% í 26,7%. Heilt yfir veitir þessi rannsókn mjög góðar upplýsingar um hvaða ranghugmyndir nemendur eru líklegir til að koma með inn í námskeið í lögreglusálfræði þannig að hægt sé að fjalla um þessar ranghugmyndir beint, sérstaklega þær sem eru lífseigar. Þar sem aðeins lítillega dró úr stuðningi við ranghugmyndir er ljóst að niðurstöður rannsóknarinnar gefa tilefni til að rýna áherslur í kennslu, ígrundunarverkefni, ritgerð og umræðutíma með hliðsjón af líkani um hugtakabreytingu. Hugmyndir um breytingar á kennsluaðferðum og frekari rannsóknir verða reifaðar.

The use of student generated multiple choice questions (MCQs) in an undergraduate 1st year psychology course

Martin Bruss Smedlund, stundakennari, HR og John Baird, kennsluráðgjafi, HR

Assessing learning in high-enrollment or „over-sized“ classes is a persistent and significant challenge for teachers as they try to balance their own workload with offering students opportunities to actively engage with course content. Asking students to create their own questions as a formative assessment strategy is one potential approach to addressing this issue. In this presentation, we will describe an intervention in a class of 77 first-year undergraduate psychology students which required them to create weekly multiple-choice questions (MCQs) based on assigned course topics. These questions were then used to create quizzes in our institution's learning management system, Canvas, and made available to students for formative assessment purposes. We investigated, via an end-of-course survey, whether the MCQ-writing task was acceptable to students, whether they could feasibly complete it, and whether it engaged students in desirable learning behaviours. In addition, we examined Canvas data to determine how students accessed and used the Canvas quizzes during the semester.

Háskólar: Háskólanám og samfélag

Anna Magnea Hreinsdóttir
Rannsóknarstofa um háskóla

Mannfræði; Til prófs, starfs og lífs

Sveinn Guðmundsson, jafnréttisfulltrúi, HÍ

Markmið rannsóknarinnar snýst um að finna leiðir til að bæta grunnnámskeið í mannfræði við HÍ sem hugsað er til að undirbúa nemendur undir að finna sér starf að námi loknu. Nemendur með BA í mannfræði ganga ekki beint inn í ákveðið starf eða inn á ákveðinn starfsvettvang eins og í ýmsum öðrum fögum. Grunnhugmyndin með námskeiðinu er að fá nemendurna til að finna sitt áhugasvið innan mannfræðinnar og rannsaka hvernig störf mannfræðingar innan þess áhugasviðs vinna. Notast var við eigindlega aðferðafræði og aðallega stuðst við viðtöl og starfendarannsókn í bland við mannfræðilegar vettvangsaðferðir. Ýmsar kenningar úr kennslufræði og mannfræði eins og samsköpun, ígrundun og kenningar kenndar við fræðimennsku náms og kennslu voru notaðar til að greina gögnin. Niðurstöður rannsóknarinnar, byggðar á gögnum upp úr kennslukönnun námskeiðsins, viðtölum við fyrrum nemendur þess, mannfræðinga í atvinnulífinu og rannsóknardagbók rannsakanda sýna að þó það sé ekki alltaf ljóst hvernig störf mannfræðingar enda í þá er námið að gagnast þeim í framtíðarstörfum sem og öðru námi. Þörf er á að auka hlut námskeiðsins sem snýr að heimsóknum mannfræðinga úr atvinnulífinu í námskeiðið og tækifærum nemenda til að fá að fylgjast með mannfræðingum innan þeirra áhugasviðs að störfum. Einnig má minnst á hvernig námið gagnist í hinum ýmsu störfum í öllum þáttum náms í mannfræði. Mannfræðin er, samkvæmt gögnum rannsóknarinnar, góður undirbúningur fyrir ýmis störf en nemendur þurfa að fá þjálfun og hvatningu á fleiri stigum námsins til að finna sitt áhugasvið innan fagsins til að geta fundið starf við hæfi að námi loknu.

„Þetta er highlightið í mínu námi!“ - Samvinna Eistlands og Íslands E-CBA's

Hafdís Björg Hjálmarsdóttir, lektor, HA og Vera Kristín Vestmann Kristjánsdóttir, aðjúnkt, HA

Undanfarna mánuði hafa höfundar unnið með kollegum úr TTK háskólanum í Tallinn í Eistlandi. Kennarahópurinn hefur hannað verkefni (e. case) í samstarfi við fyrirtæki á Íslandi og í Eistlandi. Hópurinn hefur hist reglulega á zoom og haldið einn vinnufund á haustmánuðum í Reykjavík. Afrakstur vinnunnar eru verkefni sem voru unnin af nemendum í svokallaðri Study-Week, sem haldin var 4.-8. apríl í Háskólanum á Akureyri. Nemendur unnu saman í blönduðum fimm manna hópum að lausn verkefna, þau heimsóttu fyrirtæki og fengu áhugaverða fyrirlestra á staðnum sem og í zoom. Nemendur kynntu lausnir sínar á ensku og unnu einstaklega vel saman. Í lok vikunnar var lögð fyrir könnun þar sem spurt var út í upplifun þeirra, lærdóm og fengnar upplýsingar um það sem mátti betur fara og var mjög ánægjulegt að þeirra mati. Nemendur voru heilt yfir mjög ánægðir með vikuna, sögðust hafa lært mikið og voru þess fullviss um að þessi vika stæði upp úr í þeirra námi við háskólana. Næsta Study Week mun fara fram dagana 19.-23. september í Tallinn og er ætlunin að kynna einnig niðurstöður þeirrar viku á málstofunni.

Erum við að gleyma að leggja áherslu á mjúkri færni í viðskiptafræði?

Vera Kristín Vestmann Kristjánsdóttir, aðjúnkt, HA og Hafdís Björg Hjálmarsdóttir, lektor, HA

Haustið 2020 var farið af stað með verkefni sem ber yfirskriftina Vaken. Verkefnið er styrkt af Nordplus og því lauk í júní, 2022, framhaldsumsókn var samþykkt af Norplus og verður þetta verkefni í gangi eitt ár til viðbótar. Kennarahópurinn, sem samanstendur af höfundum, ásamt kollegum frá Finnlandi, Danmörku og Eystrasaltsríkjunum, hefur útbúið verkfærakistu sem nýtist bæði í skólastofu og í rafrænni kennslu. Verkfærakistan inniheldur tæki og leiðir til þess að þjálfar og meta mjúka færni nemenda. Haustið 2021 var verkferlið prófað í Óðinsvéum með þátttöku 36 nemenda, þar af 6 frá Íslandi. Annað rennsli var í Kaunas, Litháen vorið 2022, og fyrirhugað er að framkvæma þriðja rennslið á Akureyri haustið 2022. Í erindinu munu Vera og Hafdís gera nánar grein fyrir verkefninu, prufukeyrslunum og upplifun nemenda sem var sérstaklega jákvæð. Nemendur unnu í blönduðum hópum að raunverulegu verkefni fyrir fyrirtæki sem þau heimsóttu. Þau kynntu lausnir sínar í tvígang og fengu endurgjöf frá forsvarsmönnum fyrirtækisins sem og kennurum. Í lok vikunnar var lögð fyrir könnun og er ánægjulegt að segja frá því að nemendur voru mjög ánægðir með að fá tækifæri til að taka þátt í þessari alþjóðlegu samvinnu.

Háskólar: Háskólar og rafræn kennsla

Próstur Olaf Sigurjónsson
Rannsóknarstofa um háskóla

Raundæmi sem grunnur fyrir gervigreind í formi spjallmennis

Próstur Olaf Sigurjónsson, prófessor, FVS HÍ

Háskólar víða breyttu kennsluháttum vegna COVID-19 faraldursins. Breytingarnar miðuðu flestar að innleiðingu tæknilausna. Þó hafa lausnir byggðar á tækni verið í þróun lengi. Að baki gervigreind býr tækni sem margir háskólar horfa til. Ýmsu í innleiðingu gervigreindar í kennslu er enn ósvarað, þar á meðal hvernig eigi að líta til siðferðilegra áskorana sem geta komið upp við notkun hennar. Markmið þessarar rannsóknar er að varpa ljósi á möguleika til að beita gervigreind í formi spjallmennis í kennslu eins og væri um kennslu með raundæmi að ræða. Rannsóknin var unnin í samvinnu við nemendur í námskeiðinu viðskiptasiðfræði haustið 2021, en rannsóknin tók yfir tímabilið september 2021 til maí 2022. Aðferð við gagnaöflun fólst í framkvæmd vefkönnunarinnar og viðtöl voru tekin. Þá vann rannsakandi að gerð og útgáfu raundæma í samvinnu við nemendur. Er sú reynsla nýtt sem gagn í rannsókninni. Niðurstöður eru þær að nemendur í viðskiptasiðfræði kjósa námsform þar sem þeir hafa virku hlutverki að gegna. Þeir vilja eiga í beinu samstarfi við kennara um hagnýtingu fræða og aðferða. Þeir kjósa einnig að vinna að raunhæfum verkefnum og kjósa raundæmi umfram aðra kennsluhætti. Nemendur eiga þó í erfiðleikum með að beita aðferðarfræði við lausn siðferðilegra áskorana sem birtast í raundæmum. Bein þátttaka í gerð raundæma virðist auka getu nemenda til að leysa siðferðilegar áskoranir. Spjallmenni í formi gervigreindar er lausn sem nemendur horfa til sem aðferð við að leysa siðferðilegar áskoranir þar sem þeir kalla eftir leiðbeinandi aðferð þegar kemur að úrlausn raundæma. Notkun gervigreindar ber með sér siðferðilegar áskoranir.

Providing formative assessment opportunities using the online math learning platform Möbius in mathematics and physics teaching in Frumgreinadeild at Reykjavik University

Snjólaug Steinarsdóttir, Þorgerður Jónsdóttir, Kristinn Torfason, og Þorgerður Jónsdóttir, frumgreinakennarar í HR

Digital technologies can offer powerful tools and environments to enhance the practice of assessment, particularly formative assessment, in mathematics education. Möbius is an online mathematics learning platform that the Department of Preliminary Studies (Frumgreinadeild) at Reykjavik University piloted in their math and physics teaching during the Summer 2021, Fall 2021, and Spring 2022 semesters. The implementation of Möbius involved the creation of a comprehensive Question Bank that was then used to build assignments for students to complete. While these assignments contributed to students' final grades, their primary focus was formative. Students could work on the assignments at their own time and pace, receiving instant, automated feedback on their performance while having the opportunity to repeat the assignment, with the system retaining the highest grade achieved. Möbius offers a high degree of flexibility in terms of question design. It is possible to create variables based on algorithms, random parameters and mathematical formulas, graphics, and even animated plots. Thus, questions appear different from student to student, and different on each attempt. Additionally, the system supports multi-part questions whereby the answer to part 1 of the question informs part 2 of the question etc. In this presentation, we describe how we implemented Möbius in teaching, share our own reflections and discuss feedback gathered from students on their experience of using Möbius and its impact on their learning.

Prófun á fýsileika rafræns kennsluefnis um verki (PEIR)

Sigríður Zoëga, dósent, HVS HÍ, Mike McGillion, dósent, McMaster háskólinn í Kanada, Leila Lax, prófessor, Háskólinn í Toronto, Shaunattonie Henry, doktorsnemi, Carley Ouellette, meistaranemi, McMaster háskólinn í Kanada og Judy Watt-Watson, prófessor, Háskólinn í Toronto

Markmið: Pain Education Inter-Professional Resource (PEIR) kennsluefnið er gagnvirkt, rafrænt kennsluefni sem ætlað er nemendum í grunnnámi heilbrigðisvísinda. Markmið rannsóknarinnar var að kanna fýsileika kennsluefnisins við íslenskar aðstæður. Kynningarbréf um rannsóknina var sett á Facebooksíður og í tölvupósti til nemenda á öðru og þriðja ári í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands. Þátttakendur sátu kynningarfund um rannsóknina og uppbyggingu kennsluefnisins. Þeir fóru síðan í gegnum efnið á eigin tölvu á þremur vikum. Að því loknu tóku þeir þátt í rýnihópi um kennsluefnið. Ekki var greitt fyrir þátttöku. Þrír nemendur af fimm sem lýstu áhuga á þátttöku kláruðu námsefnið, einn af öðru ári og tveir af þriðja. Þátttakendur töldu að einhvers konar ívilnun hefði mögulega aukið áhuga á þátttöku. Þátttakendur lentu í tæknilegum vandræðum sem truflaði þá við að komast í gegnum efnið. Mismunandi var hvort nemendum fannst kennslan tímafrek. Þá lýstu þátttakendur því að þeir hefðu átt erfitt með að skilja ákveðin hugtök og þá sérstaklega skammstafanir á ensku. Þá hefðu þeir kosið að skrifa svör við verkefnum á íslensku. Þátttakendum fannst efnið áhugavert og í takt við það sem þeir höfðu lært í náminu. Þá lýstu þeir mikilli ánægju með kennsluaðferðina, einkum fjölbreytnina og verkefni sem þeir sögðust læra meira af en fyrirlestur. Þeir hefðu þó viljað fylgja efninu eftir með hópvinnum til að ræða efnið og dýpka skilning. PEIR kennsluefnið er fýsilegt til kennslu við íslenskar aðstæður en fyrirbyggja þarf tæknilega örðugleika til að tryggja að nemendur komist í gegnum kennsluefnið. Frekari rannsóknir á kennsluefninu eru fyrirhugaðar.

Heilbrigði og vellíðan með gleði, hamingju og bjartsýni að leiðarljósi

Soffía Vagnsdóttir, skrifstofustjóri á skóla- og frístundasviði Reykjavíkur

Menntastefna Reykjavíkur, „Látum draumana rætast“, var samþykkt 2018 en stefnan gildir til ársins 2030. Almennar aðgerðir til stuðnings innleiðingu stefnunnar eru lagðar fram til þriggja ára í senn og lauk fyrstu þremur árunum í innleiðingu stefnunnar 2021. Í nóvember sama ár voru samþykktar 10 almennar aðgerðir sem unnar voru af framtíðarhópi skóla- og frístundaráðs sem í sátu fulltrúar helstu hagsmunahópa menntunar í borginni og víðar. Meðal þeirra aðgerða sem unnið verður að á næstu þremur árum er að bæta heilbrigði og auka vellíðan. Sérstök áhersla verður lögð á verkefni sem lúta að geðheilbrigði, aukinni þrautseigju og getu barna og fullorðinna til að takast á við áföll og áskoranir í daglegu lífi en niðurstöður kannana sýna meðal annars að líðan þessara einstaklinga er lakari að loknum heimsfaraldri en áður. Eitt af þeim verkefnum sem ráðist verður í er að skoða hvernig gleði, hamingja og bjartsýni getur aukið vellíðan og dregið úr kvíða og neikvæðum hugsunum en rannsóknir sýna að þessir þættir hafa jákvæð áhrif á líðan barna og fullorðinna.

A Conceptual Model for increasing joy, happiness and optimism among staff and children within the Reykjavik Department of Education and Youth

Seth Sharp verkefnastjóri á grunnskólaskrifstofu skóla- og frístundasviðs

Students who are happy in school are likely to be more engaged in school, function optimally and learn more efficiently. Happy students, who feel connected in school, are less likely to engage in bullying or be bullied. Students who feel well have a greater chance of having productive adult lives and are less likely to suffer from depression or other mental health crises as adults. Optimistic students are much more likely to stay in school and show persistence in achieving their academic goals. Teachers who have good relationships with their students are likely to engage in advanced teaching methods which benefit their students academically. Teachers who feel satisfied in their workplace are likelier to remain as teachers in the school system and be effective teachers. In the best-case scenario, schools are safe and productive institutions which have positive social climates, where there is mutual respect between teachers and administrators, where teachers feel supported, and students feel motivated and connected. The Department of Education and Youth (skóla- og frístundasvið Reykjavíkur SFS) is endeavoring to use a research-based approach to moving closer to ideal conditions for staff and students in relation to implementing Reykjavík's Educational Policy and the general actions supporting the implementation. This approach is to promote joy, happiness and optimism in schools and

recreational centers in Reykjavik and to enjoy all the benefits that come with joyful, happy, optimistic and socially connected staff and students. In this talk, we will look at some of the ways to accomplish this ambitious and important goal.

Leyndarmál Rauðhólsgleðinnar

Sigríður Sigurjónsdóttir, leikskólakennari og verkefnastjóri í leikskólanum Rauðhól

Á vormánuðum 2018 fékk leikskólinn Rauðhóll styrk frá skóla- og frístundasviði Reykjavíkur fyrir þróunarverkefni sem ber nafnið Leyndarmál Rauðhólsgleðinnar. Í lýðræðislegri kosningu starfsfólks um val á þróunarverkefni var kallað eftir skýrari lýsingum á faglegu hlutverki starfsfólks. Gildi þróunarverkefnisins, sem ber heitið Leyndarmál Rauðhólsgleðinnar, er að auðga og skilgreina starfið með skýrum hætti. Sett voru fram þrjú markmið vegna vinnu við þróunarverkefnið. Fyrsta markmiðið var að styrkja og þróa starfshætti leikskólans með því að innleiða aðferðafræði Csikszentmihalyi um flæði (e. Flow) og jákvæða sálfræði. Í öðru lagi að allt starfsfólk öðlist frekari skilning á aðferðafræðinni og geti þar af leiðandi nýtt styrkleika sína sem best í starfi. Í þriðja lagi að greina og skapa námsumhverfi þar sem hverju barni er gefin rödd og því er mætt á eigin forsendum óháð kyni, uppruna, sérstökum þörfum og félagslegri stöðu. Markmið þróunarverkefnis náðust öll og því er ályktun höfunda að niðurstöður geti nýst öðrum leikskólum sem vilja breytingu í takt við stefnur og strauma samfélagsins þar sem börnum er í auknum mæli gefin rödd og frelsi til ákvarðanatöku.

Hvað veitir níu ára gömlum börnum gleði árið 2022?

Harpa Rut Hilmarisdóttir, verkefnastjóri Nýsköpunarmiðju menntamála hjá skóla- og frístundasviði

Á vormisseri sendi sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur hvatningu til starfsfólks í skóla- og frístundastarfi um að leggja sérstaka áherslu á gleðina í starfinu í anda menntastefnu borgarinnar. Ákveðið var að hafa þessa hvatningu að leiðarljósi í skipulagi Barnamenningarhátíðar 2022 og í undirbúningi við lag hátíðarinnar sem samið er í samstarfi fjórðubekkinga og kennara þeirra sem taka þátt í opunarviðburði hátíðarinnar í Hörpu. Í lok febrúar og byrjun mars fékk hátíðin ungt listafólk, þau Króla og Kötlu Njálisdóttur, til að vinna myndband sem sent var fjórðubekkjara kennurum og nemendum sem innblástur að verkefni um hvað veitir börnunum gleði. Unnin voru drög að verkefnalýsingu fyrir kennara þar sem þeir leiddu umræður með börnunum út frá spurningunum; Hvernig skapa ég gleði? Hvað gerir mig glaða, glaðan, glatt? Hvernig sköpum við gleði í heiminum? Að því loknu voru tónlistarmennirnir Jói Pé og Króli fengnir til að semja lag út frá hugmyndum barnanna. Þá var unnið tónlistarmyndband með laginu sem börnin og kennararnir fengu sent viku fyrir opunarviðburðinn til að geta æft og undirbúið þátttöku í opunarviðburðinum. Lagið var hressilegt, krakkarnir voru búnir að læra það og það var hreint út sagt magnað þegar lagið var frumflutt í kröftugum samsöng í Eldborgarsal Hörpu. Verkefnið er dæmi um skapandi og lýðræðislega leið til að vinna með hugmyndir barna um það sem veitir þeim gleði. Með verkefninu tókst að fá heilan árgang barna í borginni til að rýna í hvað það er sem veitir þeim gleði og veitir texti lagsins góða innsýn í þá þætti árið 2022. [Hér er hægt að sjá tónlistarmyndbandið.](#)

Language policy, practice, and participation at school and at home

Rannsóknarstofa í fjölmennings- og fjölyngisfræðum

As the population of Iceland becomes increasingly diverse, a variety of educational opportunities and challenges become relevant points of discussion in schools, classrooms, universities, and society at large. The [Research Center for Multiculturalism and Plurilingualism](#) promotes and disseminates research relating to teaching, learning, culture and language and is thus pleased to present a two-part symposium concentrating on contemporary research in these areas.

Part One of the symposium concentrates on the interaction between language policy and practice and how it supports or restricts participation in different educational contexts. The influence of multicultural and multilingual policy on students, families, teachers, and schools is discussed in the following presentations:

- **Language policies and practices of diverse immigrant families in Iceland and their impact on education**
- **The participation of multilingual children in the formulation of the language policy of families and schools**
- **Communication between teachers and parents of foreign origin about academic performance and children's well-being: Examples from formal and informal learning spaces in the capital area**

Part Two of the symposium investigates prevailing cultural perspectives and considers current language practices as well as linguistic experiences across multiple generations. The influences of language on learning and/or teaching within multicultural schools and homes are discussed in the following presentations:

- **Icelandic student teachers' perspectives on culture-based teaching methods and their ideas about ways to use the children's languages in teaching**
- **Competency frameworks in Icelandic for multilingual children in kindergarten**
- **Vietnamese Refugees' heritage in Iceland: Their Children's culture, language, and identity**

Tungumálastefna og starfshættir fjölbreyttra fjölskyldna innflytjenda á Íslandi og áhrif þeirra á menntun

Samúel Lefever, dósent, MVS HÍ, Hanna Ragnarsdóttir, prófessor, MVS HÍ, Renata Emilsson Peskova, lektor, MVS HÍ og Kristín Jónsdóttir, dósent, MVS HÍ

Flutningur fólks til Íslands hefur aukist hratt á undanförunum árum og þær breytingar hafa haft áhrif á samfélagið og menntakerfið. Markmið eiginlega rannsóknarverkefnisins *Tungumálastefna og starfshættir fjölbreyttra fjölskyldna innflytjenda á Íslandi og áhrif þeirra á menntun (LPP)* er að rannsaka með gagnrýnum hætti tungumálastefnu og starfshætti fjölbreyttra fjölskyldna innflytjenda. Verkefnið beinir athygli að samspili tungumálastefnu fjölskyldnanna og menntunar barnanna og tengsl þessara fjölskyldna, móðurmálssamfélaga þeirra, skólastjóra og kennara barnanna. Þátttakendur í LPP rannsóknarverkefninu eru 16 fjölskyldur innflytjenda í fjórum sveitarfélögum sem hafa fjölbreytt tungumál, menntun og félags- og efnahagslegan bakgrunn og börn þeirra af ólíku kyni, svo og skólastjórar og kennarar barnanna í leik- og grunnskóla, og móðurmálsskennarar þeirra. Gögnum er safnað í hálf-skipulögðum viðtölum við kennara, skólastjóra, foreldra og börn (10-16 ára), og að auki eru barnmiðaðar rannsóknaraðferðir notaðar með börnunum. Fræðilegur grunnur verkefnisins er í skrifum um tungumálastefnu fjölskyldna, svo og kennsluáðferðum með fjöltyngdum nemendahópum í skólum. LPP rannsóknarverkefnið er fyrsta víðtæka íslenska rannsóknin á tungumálastefnu og starfsháttum fjölbreyttra fjölskyldna innflytjenda og helsta gildi þess er að veita innsýn í þær og áhrif þeirra á menntastefnu og starfshætti. Kortlagning á tví- og fjöltyngi fjölskyldna á Íslandi og þróun læsis barna þeirra mun veita mikilvægar upplýsingar fyrir skóla um hvernig er best að vinna með fjölskyldum að virku tví- og fjöltyngi, auk þess að veita foreldrum upplýsingar um skilvirka tungumálastefnu og starfshætti.

Þátttaka fjöltyngdra barna í mótun tungumálastefnu fjölskyldna og skóla

Hanna Ragnarsdóttir, prófessor, MVS HÍ

Fjölbreytni í íslensku samfélagi hefur aukist verulega undanfarin ár, þar á meðal tungumálafjölbreytni. Í erindinu er fjallað um niðurstöður rannsóknar með fjöltyngdum börnum,

fjölskyldum þeirra og skólum. Markmiðið er að athuga hvernig fjöltyngd börn taka þátt í að móta tungumálastefnu fjölskyldna sinna og skóla. Fræðilegur grunnur rannsóknarinnar er í fjöltyngisfræðum og nýlegum skrifum um þátttöku og rödd barna í skólastarfi. Rannsóknin er eigindleg og hófst árið 2020 með viðtölum við foreldra í níu fjölskyldum, kennara og skólustjóra barna þeirra í þrem sveitarfélögum. Gögnum frá börnunum sjálfum var safnað 2021 og 2022 með samtölum, upptökum af notkun þeirra á tungumálum sínum í mismunandi aðstæðum, svo og dagbókarskrifum foreldra um tungumálanotkun barna sinna. Niðurstöðurnar benda til þess að börnin séu virkir þátttakendur í að velja tungumál til notkunar í mismunandi aðstæðum á heimilum sínum. Þau koma m.a. með hugmyndir um hvaða tungumál sé best að nota á hvaða tíma og sum barnanna hafna því að nota tiltekin tungumál heima. Börnin leitast einnig við að stjórna tungumálanotkun sinni í skólunum, en þar gilda aðrar reglur um tungumálanotkun en á heimilunum. Foreldrarnir í rannsókninni vilja allir styðja við fjöltyngi barna sinna, en gengur það misvel. Skólarnir leggja áherslu á að styðja við fjöltyngi barnanna en skortir suma þekkingu og aðferðir til að gera það með markvissum hætti. Rannsóknin beinir athygli að stöðu fjöltyngdra barna í skólum á Íslandi og hvernig styðja má betur við þau með aukinni þekkingu og þjálfun kennara, svo og góðu samstarfi fjöltyngdra fjölskyldna og skóla.

Samskipti kennara við foreldra að erlendum uppruna um námsárangur og vellíðan barna: Dæmi úr formlegum og óformlegum námsrýmum á höfuðborgarsvæðinu

Renata Emilsson Peskova, lektor, MVS HÍ

Árangursrík skólaganga fjöltyngdra nemenda er að miklu leyti háð stuðningi foreldra og samskiptum heimila og skóla. Samskipti kennara við foreldra af erlendum uppruna og þátttaka þeirra í skólastarfi eru talin flókin því þau fela í sér ólík gildi og væntingar, ójöfn valdatengsl, og tungumála-hindranir. Þessi rannsókn er hluti af doktorsritgerð sem kannaði samspil tungumálaforða og skólareynslu fjöltyngdra nemenda í grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu. Markmið rannsóknarinnar var að skoða samskipti bekkjarkennara og móðurmálskennara fjöltyngdra nemenda við foreldra þeirra og leitast var svara við rannsóknarspurningu: Hvernig stuðla árangursrík samskipti bekkjar- og móðurmálskennara við foreldra af erlendum uppruna að árangursríku námi og vellíðan fjöltyngdra nemenda? Þátttakendur voru fimm bekkjarkennarar, fimm móðurmálskennarar og fimm foreldrar af erlendum uppruna. Í þessari þverfaglegri fjöltilviksrannsókn var notuð þemagreining og samskipti milli kennara og foreldra skoðuð með tilliti til tungumálanotkunar, valda(ó)jafnvægis og gagnkvæms skilnings. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna hvernig ónóg upplýsingaflæði í báðar áttir leiddi til misskilnings, ágreinings eða hlédrægni foreldra, en á móti traust, tíð samskipti og samstarf stuðluðu að bættum árangri og vellíðan nemenda. Samskipti móðurmálskennara í óformlegum námsrýmum við foreldra einkenndust af jafnari valdatengslum, persónulegri upplýsingaflæði og samskiptum á sama tungumáli. Það er grundvallaratriði að kennarar komi á fót samvinnu sem byggir á gagnkvæmu trausti og ræði opinskátt um menntunarmarkmið fyrir börn, t.d. í íslensku og móðurmáli barna. Virðingarfull samskipti kennara og foreldra af erlendum uppruna eru valdeflandi fyrir alla og eru órjúfanlegur hluti af kennslufræði sem stuðlar að námsárangri og vellíðan fjöltyngdra nemenda.

(Multi)cultural and linguistic perspectives in Icelandic education

Rannsóknarstofa í fjölmennningar- og fjöltyngisfræðum

Sjónarhorn íslenskra kennaranema á menningarmiðaðar kennsluaðferðir og hugmyndir þeirra um leiðir til notkunar tungumála barnanna í kennslu

Artëm Ingmar Benediktsson, nýdoktor, Inland Norway University of Applied Sciences / Høgskolen i Innlandet

Erindið byggir á niðurstöðum rannsóknarverkefnis sem ber heitið „Fjölmenningarleg menntun: Útópía eða hagnýtur rammi fyrir árangursríkar kennsluaðferðir?“ Verkefnið er eigindleg samanburðarrannsókn sem felur í sér greiningu á viðtölum við kennaranema í þremur löndum; Íslandi, Danmörku og Noregi. Tilgangur verkefnisins er að kanna sjónarhorn þátttakenda á fjölmenningarlega menntun og skoða hversu vel þeir eru undirbúnir til að vinna með börnum af mismunandi uppruna í framtíðinni. Fræðilegur grunnur verkefnisins byggir á gagnrýnum fjölmenningarfræðum og hugmyndafræði fjölmenningarlegrar menntunar. Á Íslandi hefur gögnum verið safnað með ítarlegum hálf-skipulögðum einstaklingsviðtölum við tíu meistaranema á öðru ári í tveim háskólum sem bjóða upp á kennaranám. Í erindinu eru kynntar niðurstöður sem varpa ljósi á sjónarhorn íslenskra kennaranema á menningarmiðaðar kennsluaðferðir sem leggja áherslu á að nýta menningu og tungumál barna í kennslu. Enn fremur greina niðurstöður frá hugmyndum kennaranemanna um hvernig slíkar kennsluaðferðir geta stutt við fjölbreytileikann, byggt upp jákvæða sjálfsmýnd fjölmenningarlegra barna og upphafið stöðu þeirra í íslenskum grunnskólum. Greining viðtalanna leiddi í ljós að þátttakendur séu jákvæðir gagnvart því að beita menningarmiðuðum kennsluaðferðum. Þrátt fyrir jákvætt viðhorf sakna þátttakendur djúps skilnings á hugmyndafræðinni sem liggur á bak við slíkar aðferðir og virðast þeir aðallega leggja áherslu á samþættingu inntaks í kennslu. Enn fremur benda niðurstöður til þess að fjölmenningarleg menntun hafi viðbótarstöðu innan kennaranámsins frekar en grunnhugmynd í náminu.

Hæfniramar í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla

Halldóra Sigtryggisdóttir, leikskólastjóri í leikskólanum Ösp, Reykjavík og Saga Stephensen, verkefnastjóri fjölmenningar fyrir leikskóla, skóla- og frístundasvið Reykjavíkur

Fjöltyngdum börnum í leikskóla-, grunnskóla- og frístundastarfi hefur stöðugt fjölgað á undanförunum árum og í dag eru þar töluð yfir 100 tungumál. Í leikskólum Reykjavíkur eru að meðaltali 30% barna fjöltyngd. Í júlí 2021 tilkynnti mennta- og barnamálaráðuneytið um breytingar á aðalnámskrá leikskóla frá 2011. Breytingarnar miða að því að mæta betur þörfum barna með annað móðurmál en íslensku og öðrum fjöltyngdum börnum í leikskólum. Samhliða breytingum á aðalnámskrá leikskóla voru unnir *Hæfniramar í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla*. Hæfnirömmunum er fyrst og fremst ætlað að vera uppspretta fjölbreytilegs leikskólustarfs sem styður við framfarir barna í íslensku. Þá er þeim ætlað að auðvelda mat á stöðu og framförum fjöltyngdra barna í íslensku. Hæfnirammarnir eru hugsaðir þannig að allt leikskólustarfsfólk geti nýtt þá til skráningar en þeir eru ekki matstæki. Í þessu erindi verða *Hæfniramar í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla* kynntir, vinnan að baki þeim og notkun þeirra í leikskólustarfi. Börn á leikskólaaldri eru á máltökuskeiði og geta náð góðri færni í íslensku með réttum stuðningi og málörvun. Algengt er að gerðar séu of litlar kröfur til fjöltyngdra barna; geta þeirra og hæfni til að læra íslensku oft vanmetin. Fjöltyngd börn á aldrinum 1-3 ára eru í samtíða máltöku, á heimamáli/heimamálum og íslensku, á meðan 4-6 ára fjöltyngd börn eru komin með grunn í heimamáli. Mikilvægt er að gefa börnum verkfæri, t.d. myndir, tákni o.fl., strax í upphafi leikskólagöngu til að þau geti orðið virkir þátttakendur í leikskólustarfi frá byrjun.

Vietnamese Refugees' heritage in Iceland: Their children's culture, language, and identity

Anh-Dao Tran, researcher, School of Education, UI

After the war in Viet-Nam ended in 1975, refugees began resettling in different Western countries. In 1979, at the behest of the Icelandic government, the Icelandic Red Cross helped resettle 34 Vietnamese refugees in Reykjavik. The refugees experience assimilation; a common acculturation strategy is to accept it as a way of life. This paper reports on their descendants' culture, language, and identity. The study is grounded in theories related to multicultural education and multiculturalism. Such theories emphasise inclusion issues, insisting on valuing diversity and equal opportunity regardless of gender, religion, ethnicity, race, socioeconomic status, or other aspects of personal identity. Assimilation, on the other hand, is about a multidimensional process that erases

ethnic distinction, social and cultural differences, and identities. The research presented here applied a narrative inquiry approach to construct the participants' perspectives and capture their personal experiences within a cultural context. Semi-structured interviews were conducted with 12 refugees' descendants in Icelandic, Vietnamese, or both. Thematic analysis was applied to analyse the data. The findings revealed that the children and grandchildren of the refugees spoke little or no Vietnamese. They also had little knowledge of its traditions and culture, even though some who had experienced prejudice or racism for their appearance perceived themselves as Icelandic.

Framtíðaráform og skólaval ungmenna í ljósi félagslegs réttlætis

Málstofustjóri: Berglind Rós Magnúsdóttir

RannMennt: Rannsóknarstofa um menntastefnu, alþjóðavæðingu og félagslegt réttlæti

Í málstofunni er varpað ljósi á hvernig val á námi og skólum á framhalds- og háskólastigi markast af félags-, menningar- og landfræðilegum þáttum. Engu að síður er gengið út frá því í stefnu stjórnvalda að kerfið byggji á verðleikaræði (meritocracy) og skapi jöfn tækifæri óháð búsetu, stétt, uppruna og ríkisborgararétti og ýti undir félagslegan hreyfanleika (e. social mobility) en ekki endursköpun forrættinda til næstu kynslóðar (e. social reproduction). Í þessari fyrstu málstofu af þremur á vegum RannMenntar er áherslan á nemendur sem falla vel að ríkjandi kerfi. Hjalti Jón Sveinsson skólameistari mun bregðast við erindunum.

Val fyrir hvern? Framhaldsskólaval í ljósi félagslegs réttlætis

Elsa Eiríksdóttir, MVS HÍ, Kristjana Stella Blöndal, FVA HÍ og Guðrún Ragnarsdóttir, dósent, MVS HÍ

Íslensk menntastefna leggur áherslu á samfellu á milli skólastiga, jafnrétti til náms og inngildingu. Þrátt fyrir það geta framhaldsskólar sett sín eigin inntökuskilyrði og sumir þeirra velja inn nemendur út frá frammistöðu í einstaka bóknámsgreinum. Hefðbundnir bóknámsskólar hafa sterkari samkeppnisstöðu þegar kemur að vali á nemendum en fjölbrautaskólar sem bjóða bæði upp á bók- og starfsnám. Markmið rannsóknarinnar er að kortleggja hvernig inntökuskilyrði framhaldsskóla höfuðborgarsvæðisins og skóla- og námsbrautarval viðheldur og endurspeglar félagslega mismunun. Skóla- og námsbrautarval eins árgangs nemenda á höfuðborgarsvæðinu var greint á grundvelli félags- og efnahagslegrar stöðu þeirra og bakgrunns, námsgengi í grunnskóla og væntinga þeirra um áframhaldandi skólagöngu. Byggt er á gögnum úr langtímarannsókn á nemendum á höfuðborgarsvæðinu fæddum 1999. Þátttakendur svöruðu spurningalista í lok grunnskólagöngu sinnar árið 2014 ($N = 1.956$ eða 82% af þýði). Í framhaldinu voru upplýsingar frá Hagstofu Íslands um einkunnir á samræmdum prófum og skráningu í framhaldsskóla tengdar við gögnin. Niðurstöðurnar sýna skýrt mynstur skólavals þar sem sumir skólar geta valið nemendur sem hafa sýnt góðan námsárangur í bóklegum greinum. Þessir nemendur hafa gjarnan sterka félags- og efnahagslega stöðu í þjóðfélaginu og stefna á frekara nám á háskólastigi. Fjölbrautaskólar sem bjóða upp á starfsnám eru ekki á meðal þessara skóla. Niðurstöðurnar sýna því skýrt stigveldi framhaldsskóla þar sem félagslegri lagskiptingu er viðhaldið af inntökukerfi sem í reynd stangast á við yfirlýst markmið íslenskra menntayfirvalda um jafnrétti til náms og inngildingu.

Framtíðaráform stúdentsefna: Náms- og skólaval á háskólastigi

Berglind Rós Magnúsdóttir, prófessor, MVS HÍ og Unnur Edda Garðarsdóttir, aðjúnkt, MVS HÍ

Í erindinu er fjallað um hvernig framtíðaráætlanir ungmenna sem eru að ljúka stúdentsprófi markast af búsetu, auðmagni og svo stofnanalegum veruhætti framhaldsskólans þeirra. Rannsóknin er hönnuð út frá hugtakalíkani Bourdieu, þ.e. hvernig samspil veruháttar, vettvangs og auðs markar valdatengsl milli einstaklinga og stofnana. Meginefniviður rannsóknarinnar eru djúpvíðtöl við 48 stúdentsefni sem eru meðal toppnemenda í sínum framhaldsskóla við innritun. Tekin voru viðtöl við 4-5 nemendur úr hverjum þeirra 10 skóla sem þátt tóku í rannsókninni og stjórnendur/kennara þeirra sem höfðu starfað lengi við skólann. Skólarnir 10 dreifðust þannig að sex voru staðsettir á

höfuðborgarsvæðinu en aðrir dreifðust um landið. Helmingur þátttökuskóla hafði ströng inntökuskilyrði og töldust virtir og rótgrónir en aðrir tóku við nær öllum nemendum sem sóttu um í skólann. Í erindinu er varpað ljósi á hvernig sumir nemendur búa við kjörskilyrði sem birtist m.a. í tilfinningalegu öryggi þegar rætt er um framtíðina og úthugsuðum athafnaáætlunum sem byggja á yfirgripsmikilli þekkingu um háskólavettvanginn. Stúdentsefni sem eiga sér ættarsögu úr „æðri“ menntastofnunum hafa svipuð gildi og framtíðarhugmyndir óháð framhaldsskólavali. Stofnanalegur veruháttur hefur í sumum tilfellum afgerandi áhrif á hugmyndir nemenda um hvaða fög og háskólar koma til greina. Framtíðin er síður meitluð hjá stúdentsefnum sem eiga sér bláflibbauppruna þar sem skólafélagar og auðmagn fjölskyldu nýtist síður. Landfræðileg fjarlægð frá Reykjavík og þar með háskóla- og valdastofnunum samfélagsins hefur áhrif á líðan gagnvart framtíð og yfirsýn yfir leikreglur vettvangsins.

Frjálst að velja hvaða framhaldsskóla sem er? Tilviksathugun á innritun í framhaldsskóla

Magnús Þorkelsson, skólameistari emeritus og doktorsnemi, MVS HÍ

Stuttu fyrir síðustu aldamót var aflétt svæðaskiptingu sem íslenskir framhaldsskólar bjuggu við og landið kallað eitt markaðssvæði. Þar með mætti hvaða nemandi, sem var að ljúka grunnskóla, sækja um í/velja sér hvaða framhaldsskóla sem væri. Kerfið myndi tryggja nemandanum pláss einhvers staðar ef hann fengi ekki fyrstu valkosti sína. Haldið er fram af stjórnvöldum að með gildandi kerfi hefði tekist að tryggja að 95% umsækjenda fái inni í þeim skóla sem þeir völdu. Málið er skoðað út frá ólíkum sjónarhornum, annars vegar markaðsvæðingarsinna sem telja að samkeppni um nemendur skapi réttlátara skólakerfi og tryggi verðleikaræði og hins vegar gagnrýnendur þeirra sem hafa fært rök fyrir því að þeir fáu nemendur sem eigi raunverulegt val séu börn efnameiri einstaklinga, börn sem eigi vel menntaða foreldra, eða aðrir nemendur sem eru með háar einkunnir úr grunnskóla. Í fyrirlestrinum verða reifuð gögn, annars vegar frá a) Menntamálastofnun um innritun nýnema árið 2014 og dreifingu þeirra á skóla til að fá fram yfirlit og b) frá ótilgreindum skóla sem eru ekki persónurekjanleg en sýna innritunarupplýsingar eins árgangs í þann skóla. Sýnt er fram á að nemendur velja skóla í takt við einkunnir og það veldur því að skólarnir eru með mjög ólíkt samsetta nemendahópa og að ákveðinn hluti skólanna getur valið sér nemendahóp sem þeim hentar en aðrir eru láttnir taka því sem að höndum ber. Lögð er til hugmynd um flokkun skólanna samkvæmt þessum gögnum, skoðað líkan um það hvernig spilast saman einkunnir úr grunnskóla, námslegar þarfir og valkostir sem nemendur hafa og ræddar tillögur að úrbótum.

Áskoranir framtíðar til að inngilda nemendur í hættu á jaðarsetningu

Berglind Rós Magnúsdóttir

RannMennt : Rannsóknarstofa um menntastefnu, alþjóðavæðingu og félagslegt réttlæti

Í málstofunni er áherslan á að skilja val og gildi ungmenna sem eiga meiri hættu á jaðarsetningu eða útilokun úr framhaldsskólakerfinu en aðrir. Í fyrstu tveimur erindunum er sjónum einkum beint að nemendum með annað móðurmál en íslensku og í þriðja erindinu er nemendum fylgt eftir sem beint var inn á framhaldsskólalabaut. Framhaldsskólalabaut er sniðin að þeim nemendum sem hafa ekki uppfyllt skilyrði hæfniviðmiða úr grunnskóla og var lengst af meinaður aðgangur að framhaldsskóla. Í lokaerindinu er framtíðin fyrir þessi ungmenni skoðuð í gegnum nýleg stefnumið sem birtust í viðamikilli skýrslu UNESCO um framtíðina.

Uppruni, námsval og afdrif í framhaldsskólum

Kolbeinn Hólmur Stefánsson, dósent, FVS HÍ

Tilgangur rannsóknarinnar er að greina námsval og afdrif nemenda með erlendan bakgrunn í íslenskum framhaldsskólum til að meta hvort það megi greina innflytjendabjartsýni „immigrant optimism“ á meðal innflytjenda á Íslandi. Innflytjendabjartsýni vísar til algengs mynsturs í rannsóknum í nágrannalöndum okkar þar sem nemendur með innflytjendabakgrunn eru líklegri til að

velja krefjandi námsleiðir en innfæddir nemendur með sama námsárangur í grunnskólum. Þetta hefur reynst tvíeggja sverð, þar sem sumir þessara nemenda ljúka námi og njóta betri stöðu á vinnumarkaði en aðrir hverfa úr námi og uppskera verri stöðu á vinnumarkaði en ef þeir hefðu valið minna krefjandi námsleið. Í þessari megindelegu rannsókn er notast við skráargögn frá Hagstofu Íslands. Gögnin innihalda upplýsingar um tvo árganga, fæddir 1995 og 1996, svo sem búsetu, heimilistekjur, menntun foreldra, námsval, námsframvindu, brotthvarf og námslok. Niðurstöður verða birtar sem tvíunda aðhvarfsgreiningar og staðleysugreiningar (e. counterfactual analysis) til að greina bein áhrif erlends bakgrunns á námsval og afdrif sem og óbein áhrif sem er miðlað í gegnum námsárangur í grunnskóla. Niðurstöðurnar benda til þess að innflytjendur á Íslandi sýni ekki merki um innflytjendabjartsýni þegar kemur að námsvali. Þeir eru að auki líklegri en innfæddir nemendur til að hverfa brott úr námi. Mynstrin eru þó ekki þau sömu fyrir alla innflytjendahópa. Þannig virðist fjárhagsstaða heimilis hafa umtalsverð áhrif á nemendur með pólskan bakgrunn umfram aðra en nemendur með asískan bakgrunn eru síður líklegir til að hverfa úr námi og jafnframt að ljúka námi á réttum tíma.

Brothættir menntunarmöguleikar nemenda af erlendum uppruna við lok grunnskóla: Málamiðlanir gagnvart framtíðinni

Eva Dögg Sigurðardóttir, sérfræðingur, Barna- og fjölskyldustofa

Síðastliðna þrjú áratugi hefur einstaklingum af erlendum uppruna fjölgað hratt á Íslandi og hefur samfélagið farið frá því að vera fremur einsleitt yfir í að vera fjölbjóðlegt. Slíkum breytingum fylgja áskoranir fyrir íslenskt skólakerfi sem rannsóknir hafa sýnt að margir skólar séu illa í stakk búnir til að mæta. Þá virðist nemendum af erlendum uppruna oft vegna verr í skóla og brottfall úr framhaldsskóla hlutfallslega hærra en hjá samnemendum þeirra af íslenskum uppruna. Vekur það spurningar um hversu opið íslenskt skólakerfi er í raun. Markmið þessarar rannsóknar er að skilja framtíðaráform unglunga af erlendum uppruna til náms eftir grunnskóla. Rannsóknin er með blönduðu sniði og byggist annars vegar á spurningalistum sem dreift er á meðal nemenda með íslenskan og erlendan bakgrunn í 17 grunnskólum, og hins vegar á viðtölum við 32 nemendur með erlendan bakgrunn. Þessi rannsókn sýnir hvernig framtíðaráform nemenda af erlendum uppruna markast af málamiðlunum, sem m.a. birtast í hugmyndum þeirra um skort á eigin tungumálagetu, óháð búsetu eða heimilisaðstæðum. Að auki má sjá hve brothætt framtíðaráform nemenda geta verið, þar sem nemendur meta tækifæri sín eftir því hvernig þau upplifa stöðu sína í íslensku samfélagi. Hér er sjónum beint að stöðu fjölskyldna af erlendum uppruna sem og á mikilvægi þess að skilja hvernig framtíðaráform eru mótuð á meðal nemenda af erlendum bakgrunni svo hægt sé að þekkja þær hindranir sem kunna að vera á þeirra vegi.

Framhaldsskólabraut: Upplifun og reynsla nemenda og fagaðila

Helga Rós Einarsdóttir, námsráðgjafi, Háskólinn á Bifröst og Inga Guðrún Kristjánsdóttir, aðjúnt, FVS HÍ

Markmið rannsóknarinnar var að skoða upplifun og reynslu nemenda sem innritast höfðu á framhaldsskólabraut og væntingum þeirra til framtíðar. Framkvæmd var eigindleg tilviksrannsókn þar sem leitað var til níu ungmenna og fjögurra fagaðila á sviði framhaldsskólabrautar, til að kynnast þeirra sýn á stöðu ungmennanna við brautina. Helstu niðurstöður varpa ljósi á að frelsi nemendanna til námsvals er afar takmarkað. Fagfólk sammælist þessu og hvetja til fjölgunar styttri námsleiða til að mæta þörfum þeirra nemenda sem ljúka ekki framhaldsskólabraut eða hverfa á brott að henni lokinni. Vert væri að fjölga styttri námsleiðum á þessu skólastigi með það fyrir augum að mæta áhuga þeirra og réttindum til að efla þroska sinn. Tvískipting var í svörum nemenda um ánægju þeirra varðandi það að innritast á þessa braut. Sum skildu stöðu sína vel og áttu ekki von á öðru en að þurfa að fara á framhaldsskólabraut. Hinn hópurinn var ósáttur við hlutskipti sitt sem samræmdist ekki sjálfsmýnd þeirra og sum töldu veru á brautinni jaðarsetja sig. Þær neikvæðu hugmyndir breyttust

fljótt í afar jákvæða upplifun af brautinni. Þau töldu veru sína þar hafa styrkt trú sína á eigin getu og sjálfsöryggi. Framtíðarsýn nemendanna var í þróun og endurspeglaði virka hugsun, en umfram allt lögðu þau upp með að áhugi myndi ráða vali, án þess að vita hvert stefnan væri sett. Styrkleikar brautarinnar að mati fagaðila eru góð og skilvirk teymisvinna sem og kennarar brautarinnar. Meginlærdómur þessarar rannsóknar er að betur þarf að koma til móts við nemendur sem glíma við námslegar hindranir ef ætlunin er að draga úr brotthvarfi frá námi.

Framtíðaráherslur UNESCO og stefnumótun á Íslandi

Valgerður S. Bjarnadóttir, lektor, MVS HÍ og Eva Harðardóttir, doktorsnemi, MVS HÍ

Ýmsar alþjóðastofnanir leggja reglulega fram stefnu, mælikvarða og leiðandi ráðleggingar sem sérstaklega er ætlað að styðja við menntastefnumótun innan ólíkra þjóðríkja, meðal annars hér á Íslandi. UNESCO er ein þeirra, en stofnunin leggur reglulega fram stefnumótandi framtíðarsýn um menntun á grunni þess leiðtoga hlutverks sem hún sinnir á sviðinu. Þar má sérstaklega nefna þrjár grundvallarskýrslur þar sem lögð er áhersla á lýðræði, menningu og mannúð sem grundvöll menntunar. Sú fyrsta, sem yfirleitt er kennd við Faure, kom út árið 1972, næsta, sem ber nafn Delors, árið 1996 og sú þriðja og nýjasta í nóvember 2021. Tvær fyrri útgáfurnar hafa sett mark sitt á fræði, stefnumótun og starf víða um heim á sviði menntunar. Í nýjustu skýrslunni er lögð áhersla á mikilvægi víðtækrar samvinnu við að skapa nýjan samfélagssáttmála um menntun, svo takast megi á við áskoranir framtíðarinnar með mannúð og sjálfbærni að leiðarljósi. Í erindinu verður sjónum beint að bakgrunni og tilurð stefnumótunarplaggs af þessu tagi, meginskilaboðum þess og þeim mótsögnum sem þau kunna að fela í sér. Inntak og skilaboð skýrslunnar verða sett í samhengi við ný íslensk stefnumótunarskjöl um menntun, hlutverk og framtíðarsýn. Jafnframt verður umfjöllun og viðbrögð fjölmiðla, fræðafólks og stefnumótunaraðila um skýrsluna og skilaboð hennar kortlögð og greind. Höfundar þessa erindis telja skýrsluna og efni hennar eiga mikilvægt erindi við stefnumótunaraðila, rannsakendur og kennara á öllum sviðum menntunar hér á landi og kalla eftir gagnrýninni umræðu um hlutverk menntunar til stuðnings lýðræði, menningu og mannúð í samfélagslegu tilliti.

Critical Pedagogy

Eva Harðardóttir

RannMennt: Rannsóknarstofa um menntastefnu, alþjóðavæðingu og félagslegt réttlæti

Kennsla í framhaldsskólum í ljósi inngildingar, menningarlegs margbreytileika og mannréttinda

Tilgangur málstofunnar er að leiða saman kennara og rannsakendur í öruggu rými til að fjalla um og kanna möguleika og mikilvægi umbreytandi kennslufræði í tengslum við inngildingu, menningarlegan margbreytileika og mannréttindi. Hugmyndin um öruggt rými gefur til kynna stað þar sem kennarar geta þróað siðferðilega og pólitíska sannfæringu sína í starfi, m.a. í gegnum fjölbreyttar og skapandi aðferðir í anda grunnþátta menntunar hér á landi og alþjóðlegrar menntastefnumótunar s.s. Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna og mannréttindasáttmála. Að skapa öruggt rými gerir kennurum kleift að gera tilraunir í umhverfi sem styður við þá og veitir þeim endurgjöf. Til að skapa slíkt rými er mikilvægt að hlusta á og bregðast við sögum kennara, reynslu þeirra og upplifunum.

The purpose of the seminar is to bring educators and researchers together to find a safe space to explore transformative pedagogies that engage with cultural diversity and human rights concerns. The notion of a safe space suggests a place where teachers can develop their moral and political convictions to address social justice, in line with the fundamental pillars in the national curriculum guides. The national curriculum is informed by international education frameworks including the sustainable development goals and human rights conventions. Providing safe spaces allows teachers to experiment and take risks. However, in order to create such a space, it becomes important to hear teachers' stories and critically respond.

Teachers' pedagogic practices: challenges and possibilities for transformative human rights education in Icelandic upper secondary schools

Sue Gollifer, lecturer, School of Education, UI

Transformative human rights education (HRE) implies a pedagogic intention to generate human rights cultures to protect against and prevent human rights violations. This paper identifies five core principles underpinning Freirean critical pedagogy, providing a valuable framework for transformative HRE: explicit pedagogic intention; a multifaceted approach; cosmopolitanism informed by diverse content and contexts; and the creation of safe spaces for dialogic learning. The six fundamental pillars in the general section of the Icelandic national curriculum guide include democracy and human rights. The descriptions of the pillars imply social and ecological transformation is a core purpose of schooling. Drawing on a narrative study that draws on the perspectives of ten upper secondary school teachers who self-identify as working with human rights and social justice concerns, this paper aims to answer the question: *What do upper secondary school teachers' pedagogic practices suggest about the challenges and possibilities for HRE as a transformative pedagogy in Icelandic upper secondary schools?* Thematic analysis of data suggests two main challenges: narrow interpretations of HRE pedagogies and lack of safe spaces for teachers to collaborate and cooperate on social justice as a purpose of education. The analysis further points to possibilities in the form of teachers' strong moral and political convictions towards social justice and the power of narratives to provide diverse content and contexts to develop teachers' human rights knowledge and critical consciousness to act against injustice. The paper concludes with insights for teacher education, raising questions of significance for teacher education in Iceland and internationally.

Að þróa sjónrænar og þáttökumiðaðar aðferðir í anda hnattrænnar borgaravitundar með fjölbreyttum nemendahópi í ólíkum framhaldsskólum

Freyja Rós Haraldsdóttir, framhaldsskólakennari, Menntaskólinn á Laugarvatni, Steinunn Hrafnisdóttir, framhaldsskólakennari, Tækniskóli Íslands, Viðar Hrafn Steingrímsson, framhaldsskólakennari, Tækniskóli Íslands og Eva Harðardóttir, doktorsnemi, MVS HÍ

Kennarar úr þremur framhaldsskólum fjalla um tækifæri og áskoranir í tengslum við þróun sjónræna og þáttökumiðaðra kennsluáferða. Kennararnir eru öll þátttakendur í rannsóknarverkefninu I-PIC sem unnið er innan Rannsóknarstofu um menntastefnu, alþjóðavæðingu og félagslegt réttlæti á Menntavísindasviði Háskóla Íslands <https://rannmennt.hi.is/i-pic/>. Í verkefninu er unnið með kennsluefnið Myndamattur <https://mms.is/namsefni/myndamattur> sem byggir á rannsóknaraðferðum Photovoice og miðar að því að nýta ljósmyndir í kennslu til að skapa nemendum aukið rými til þátttöku, tjáningar og athafna. I-PIC verkefnið er unnið í samstarfi við fræðafólk frá Cambridge háskólanum í Englandi og OsloMetropolitan háskólanum í Noregi auk þriggja kennara úr tveimur framhaldsskólum í Osló. Fræðilegur grunnur verkefnisins byggir á gagnrýnum hugmyndum um hnattræna borgaravitund í námi og kennslu (e. critical global citizenship education) þar sem áhersla er lögð á að kennarar jafnt sem nemendur þroski með sér gagnrýnið læsi á eigin stöðu og samfélag þar sem sérstök áhersla er lögð á fjölbreytta þekkingu, reynslu og bakgrunn nemenda.

A reflection on developing transformative pedagogical approaches within the IPIC project

Eva Harðardóttir, doctoral student and I-PIC project manager

In this presentation light will be cast on the process of the IPIC project from beginning to this date focusing specifically on the cooperation between researchers and teachers. The aim of the project was to develop visual and participatory teaching and research methods and pedagogical approaches to better include and engage with students with diverse cultural backgrounds from three different upper-secondary schools in Iceland. Drawing on current frameworks on critical global citizenship education and classical theoretical concepts from John Dewey and Hannah Arendt, concerning the purpose of

education, the aim is to understand more deeply if and how the approaches used within the IPIC project may be supporting the global goal of transformative and inclusive education while also recognizing the challenges teachers face in pursuing such educational goals while working within normative and nationally oriented educational structures.

Háskólar: Starfsþróun háskólakennara

Guðrún Geirsdóttir

Rannsóknarstofa um háskóla

Samræður og samfélög – viðhorf fastráðinna kennara til þróunar eigin kennslu

Matthew Whelpton, prófessor, HUG HÍ

Í þessari rannsókn er viðhorf fastráðinna kennara á Hugvísindasviði og Félagsvísindasviði Háskóla Íslands til þróunar eigin kennslu og stuðnings við kennsluþróun á sviðunum kannað. Kannað er að hve miklu leyti kennarar taka þátt í merkingarbærum samræðum (e. significant conversations) um kennslu eða tilheyrta starfssamfélagi (e. community of practice) og hvort stuðningur við kennsluþróun nýtist þeim. Rannsóknin notar eigindlega aðferðarfræði með þemagreiningu á rýnihópum. Þrjú meginþemu komu fram: misjöfn þátttaka í samtölum um kennslu; áhersla á hagnýtan og aðgengilegan stuðning við kennsluþróun; og hindranir fyrir virkri þróun eigin kennslu. Töluverður munur var á þátttöku í samtölum um kennslu þvert á báða skólana, bæði persónubundna og stjórnsýslulega. Helstu þættir sem nefndir voru með tilliti til stuðningsþjónustu voru: stefna og fyrirmyndarstarfsvenjur (e. best practice); stuðningur og markþjálfun í eigin umhverfi; kennsluheimsóknir og jafningjamat kennara; og umræðufundir. Áhersla var á hagnýtingu og þægilegt aðgengi. Sektarkennd og vanmáttartilfinning einkenna lýsingar á kennsluþróun, þó í flestum tilfellum hafi þeir þættir sem nefndir voru verið stofnanalegs eðlis: áhersla á rannsóknir, stjórnsýsluskuldbindingar, kennsluálag, undirmönnun o.s.frv. En sumir kennarar viðurkenndu hins vegar að þeir hefðu einfaldlega ekki áhuga á kennslu sem slíkri. Aðstæður innan sviðanna tveggja eru sláandi svipaðar og þessi rannsókn verður mikilvægt innlegg í stefnumótun um kennsluþróun á sviðunum.

Viðhorf umsækjenda og stjórnenda til Kennsluakademíu opinberu háskólanna

Guðrún Geirsdóttir, dósent, MVS HÍ

Í nóvember 2021 var háskólakennurum veitt innganga inn í Kennsluakademíu opinberu háskólanna. Undirbúningur að stofnun akademíunnar hafði þá staðið yfir í þrjú ár og voru fyrirmyndir m.a. sóttar til sambærilegra eininga á Norðurlöndum. Markmiðið með stofnun Kennsluakademíunnar er að veita háskólakennurum viðurkenningu og umbun fyrir fagmennsku í kennslu, gera kennslu hærra undir höfði innan háskólanna og efla kennsluþróun með því að auka samtál um kennslu og kennsluhætti. Kennsluakademían er fjármögnuð af menntamálayfirvöldum og þátttökuskólunum fjórum sem með framlagi sínu undirstrika trú sína á mikilvægi akademíunnar til að hafa áhrif á kennsluhætti innan stofnananna. Við stofnun Kennsluakademíunnar eru starfshættir og framlag hins vegar ómótað og hlutverk meðlima að stýra og þróa þær leiðir sem farnar verða. Tilgangur þessarar rannsóknar var að kanna viðhorf stjórnenda opinberu háskólanna svo og fyrstu meðlima Kennsluakademíunnar til hlutverks hennar og starfsemi og helstu áskorana. Gagna var annars vegar aflað með viðtölum við níu stjórnendur háskóla og svo með því að greina viðtöl sem tekin voru við umsækjendur í umsóknarferlinu. Niðurstöður sýna að stjórnendur þekkja vel til þeirrar hugmyndafræði sem Kennsluakademían byggir á og sjá margvíslegan ávinning af starfsemi hennar. Helstu áskoranir töldu þeir vera vinnuálag kennara, óljóst hlutverk akademíu og stærðarmun þátttökuskólanna. Umsækjendur nefndu sem ávinning af aðild að Kennsluakademíunni samstarf við aðra sem brenna fyrir kennslu, jákvæð áhrif á nám nemenda, löggildingu til að hafa áhrif á umræðu um kennslu og

möguleika á að vinna að mikilvægum verkefnum í kennslu. Niðurstöður rannsóknar munu nýtast sem innlegg við áframhaldandi mótun Kennsluakademíu opinberu háskólanna.

Hvað þarf til að komast inn í Kennsluakademíu opinberu háskólanna?

Margrét Sigrún Sigurðardóttir, dósent, FVS HÍ

Hugmyndin um kennsluakademíur eða *excellent teaching practicioners program* kom fram í Tækniháskólanum í Lundi um síðustu aldamót og hefur þaðan breiðst út um Norðurlöndin. Kennsluakademía opinberu háskólanna á Íslandi var stofnuð að þessari norrænu fyrirmynd árið 2021 og fyrstu meðlimirnir teknir inn í nóvember sama ár. Markmið með Kennsluakademíunni er að lyfta upp umræðu um kennslu og umbuna framúrskarandi kennurum. Umsóknir í Kennsluakademíuna eru metnar af innlendum og erlendum sérfræðingum eftir áherslu á nemendamiðaða kennslu, færni umsækjanda til að setja fagþekkingu fram í samhengi náms, sýn umsækjanda á kennsluþróun til framtíðar og þátttöku umsækjanda í samtali um nám og kennslu. Undirliggjandi þráður í mati á umsóknum er áhersla á ígrundun og akademíska nálgun til kennslu (Scholarship of teaching and learning – SOTL). En hvað felst í því að nálgast kennslu á ígrundaðan hátt og hvernig tengist það markmið opinberu háskólanna að lyfta umræðu um kennslu? Í erindinu verður fjallað um grundvallar hugtök í SOTL og hvernig þau tengjast þeim atriðum sem litið er til við mat á umsóknum um inngöngu í Kennsluakademíu opinberu háskólanna.

Félags- og tilfinningahæfni leikskólabarna sem lykill að fullgildri þátttöku

Í þessari málstofu verður í þremur erindum kynnt evrópskt samstarfsverkefni um þróun náms og kennslu í félags- og tilfinningahæfni barna á aldrinum 0-6 ára (BE-CHILD). Háskóli Íslands leiðir verkefnið en Heilsuleikskólinn Krókur í Grindavík tekur einnig þátt fyrir Íslands hönd. Þáttökulönd auk Íslands eru Ítalía, Rúmenía, Búlgarí, Tékkland og Eistland. Verkefnið er unnið með styrk úr menntaáætlun Evrópusambandsins, Erasmus+.

Félagsleg hæfni er mikilvægur grunnur fyrir þátttöku í lýðræðissamfélagi

Jóhanna Einarsdóttir, prófessor, MVS HÍ

Félagsleg hæfni er mikilvæg undirstaða fyrir þátttöku í lýðræðissamfélagi og grunnur frekara náms. Í stefnu Evrópuráðsins um menntun ungra barna er áhersla lögð á að leikskólar gegni mikilvægu hlutverki við að kenna börnum að lifa saman í fjölbreyttum samfélögum. Leikskólinn geti styrkt samstöðu og fullgildi á margvíslegan hátt. Í gegnum leik og barnmiðaðar aðferðir læri börn samlíðan, umburðarlyndi og jafnrétti (Evrópuráðið, 2019). Þessar áherslur eru samhljóða þeirri stefnu sem birtist í Aðalnámskrá leikskóla. Félagleg hæfni skipar veigamikinn sess í námskránni. Þar kemur fram að félagsleg hæfni þjálfist og lærist í daglegum samskiptum í samfélagi leikskólans þar sem hinir fullorðnu veita stuðning og leiðsögn. Í námskránni er lögð áhersla á leik sem meginnámsleið barna sem skapar börnum tækifæri til að læra og skilja umhverfi sitt, tjá hugmyndir sínar, reynslu og tilfinningar og þróa félagsleg tengsl við önnur börn. Hlutverk og starfshættir leikskólakennara geta skipt sköpum við þjálfun félags- og tilfinningahæfni í gegnum leik. Markmið BE-Child verkefnisins er að styrkja og auka færni leikskólakennara til að styðja við og efla félags- og tilfinningalega hæfni barna. Í þessu erindi verður fjallað um fræðilegan bakgrunn verkefnisins og samsvörun hans við núgildandi íslensk lög og reglugerðir.

Efling félags- og tilfinningahæfni leikskólabarna: viðhorf starfsfólks

Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir, dósent, MVS HÍ

Til að varpa ljósi á sjónarmið starfsfólks leikskóla varðandi þá félags- og tilfinningahæfni sem þeir telja mikilvægt að vinna með í leikskólastarfi og hvaða hæfni starfsfólkinu finnst það sjálft þurfi að hafa til að bera til að efla þessa þætti voru tekin rýnihópaviðtöl við leikskólakennara og annað starfsfólk leikskóla. Fimmtán viðtöl voru tekin og voru 2-3 þátttakendur í hverju viðtali, alls 34 viðmælendur. Viðtölin voru hljóðrituð og síðan afrituð og kóðuð í fjórum skrefum. Bráðabirgðaniðurstöður benda til þess að þátttakendur telji mikilvægt að efla félags- og tilfinningahæfni barna á leikskólaaldri. Það skipti máli fyrir velferð þeirra og menntun. Félags- og tilfinningahæfni sem starfsfólk taldi mikilvæga fyrir ung börn tengist bæði einstaklingshæfni og færni í félagslegu samhengi. Margar aðferðir voru nefndar sem væru góðar til að efla félags- og tilfinningahæfni barna en þar bar leikur barnanna hæst. Meðal eiginleika sem þátttakendur nefndu að starfsfólk þyrfti að hafa til að bera til að geta eflt félags- og tilfinningahæfni barna í leikskólastarfi voru umburðarlyndi, þolinmæði, hlýja, jákvæðni og gleði. Rannsóknin er mikilvægt framlag til fræðsamfélagsins og eykur skilning á gæðum menntunar yngstu borgaranna og hvernig efla megi félags- og tilfinningahæfni þeirra.

Verkfærakista til að efla félags- og tilfinningahæfni barna

Björg Guðmundsdóttir Hammer, sérkennslustjóri Heilsuleikskólanum Króki og
Dagmar Lilja Marteinsdóttir, deildarstjóri Heilsuleikskólanum Króki

Í Heilsuleikskólanum Króki í Grindavík hefur verið unnið að þróun náms og kennslu í félagsfærni leikskólabarna og stuðningi við kennara í að vinna að þróun félags- og tilfinningalegrar færni leikskólabarna. Eitt af viðfangsefnum Be-Child verkefnisins er að útbúa hugmyndabanka um leiðir til að efla félagslega hæfni. Það hefur ávallt verið eitt af aðalmarkmiðum leikskólans að vinna að andlegri og líkamlegri heilsuefningu allra í skólasamfélaginu með áherslu á velferð og vellíðan. Í leikskólanum hefur verið þróuð samskiptastefna fyrir skólann sem kallast *Rósemd og umhyggja (RogU)*, með það að markmiði að skapa jákvæða og uppbyggjandi skólamenningu, sem er undirstaða velferðar í skólastarfi. Samskiptastefnan byggir á aðferðum sem finna má í jógafræðum, núvitund, jákvæðri sálfræði og umhyggju. Unnið er með fjóra þætti í stefnunni sem eru: Virðing og jákvæð viðhorf, samkennd og hjálpsemi, innri ró og vellíðan, sjálfstæði og jákvæð sjálfsmynd og allt eru þetta þættir sem styðja við félagslega færni. Í gegnum vinnuna við að móta RogU höfum við þróað ýmsar námsaðferðir í gegnum leik. Með því að taka þátt í Be-Child verkefninu hefur gefist tækifæri til að þróa þær aðferðir enn frekar, læra af öðrum og fá fleiri hugmyndir. Í erindinu er farið yfir þær leiðir sem verið er að þróa sem hluta af verkefninu og hvernig gengið hefur.

Áskoranir og skólakerfið

Upplifun og líðan grunnskólakennara í upphafi starfs

Álfheiður Tryggvadóttir, meistaranemi, FVS HÍ og **Sigrún Gunnarsdóttir**, prófessor, FVS HÍ

Vísbendingar eru um að vanlíðan í starfi kennara sé að aukast og eru helstar ástæður taldar vera aukið álag í starfi og skortur á stuðningi. Umfangsmikið hlutverk kennara reynist oft mikil áskorun fyrir nýja kennara og mikilvægt er að veita nýjum kennurum stuðning í starfi og draga þannig úr líkum á vanlíðan eða brottfalli. Markmið þessarar rannsóknar var að skoða upplifun og líðan grunnskólakennara í upphafi starfs. Notuð var eigindleg aðferð með viðtölum við níu kennara sem allir eru starfandi grunnskólakennarar. Leitast var við að varpa ljósi á reynslu kennaranna og líðan í sambandi við móttökufæri í upphafi starfs, samskipti og stuðning stjórnenda og samstarfsfólks. Niðurstöðurnar sýna að kennarastarfið sé fjölbreytt og krefjandi, oft er skortur á upplýsingum og stuðningi við upphaf starfs en góð samskipti, góðar vinnuaðstæður og uppbyggileg teymisvinna hafa góð áhrif og geta vegið upp á móti skorti á skipulögðu aðlögunarferli sem víða koma fram og takmörkuðum aðgangi að stuðningi og samskiptum við stjórnendur sem var upplifun margra viðmælenda. Niðurstöðurnar gefa til kynna að styrkja þarf móttökufæri nýrra kennara til að minnka líkur á álagi og óvissu í upphafi og styðja þannig við sjálfstraust þeirra og vellíðan í starfi. Styðja þarf jákvæða vinnustaðamenningu, uppbyggileg samskipti og teymisvinnu sem og stuðning stjórnenda

bæði í upphafi starfs sem og almennt í starfi kennarans. Niðurstöðurnar nýtast kennurum, skólastjórnendum og mannauðsstjórum sveitarfélaga til að efla heilbriggt starfsumhverfi skóla og að bæta móttöku nýrra kennara og stuðla þannig að vellíðan þeirra og árangri í starfi.

Einhverfar konur, hvað segja þær sjálfar? Umbreytandi rannsókn

Sigrún Þórsteinsdóttir, doktorsnemi, MVS HÍ. Leiðbeinandi: Kristín Björnsdóttir, prófessor, MVS HÍ

Tilgangur rannsóknar: Skoða líf einhverfra fullorðinna kvenna, hvaða áskoranir þær standa frammi fyrir og hvernig þær upplifa líf sitt. Hvað finnst þeim um þann stuðning sem þær fá, eða skort á honum, frá fjölskyldu, vinum, skólakerfinu, heilbrigðiskerfinu og félagskerfinu? Þessi rannsókn er umbreytandi rannsókn (Transformative) og er gerð í samvinnu og samstarfi við sex einhverfar konur sem eru á ýmsum aldri og búa við ólíkar fjölskyldugerðir. Þessar konur mynda ráðgjafahóp og byrjaði ég á því að ræða við þær um þeirra reynslu og hvað brennur á þeim varðandi mál einhverfra á Íslandi. Í samstarfi við þær verður til spurningalisti sem ég kem til með að leggja fyrir fleiri einhverfar konur. Rannsóknaraðferðin sem ég nota hefur verið notuð til þess að koma af stað breytingum varðandi minnihlutahópa sem ég tel að geti komið fram breytingum á aðstæðum einhverfra hér á landi. Niðurstöður úr fyrstu viðtölum eru helst þær að mikil þörf er á meiri skilningi varðandi skólagöngu og atvinnumál einhverfra. Þær áttu það allar sameiginlegt að hafa glímt við þunglyndi, streitu og kulnun. Þær voru með ýmsar hugmyndir um hvernig væri hægt að gera betur en finnst þær lenda í því að ekki sé hlustað á þær. Mikið verk er óunnið í sambandi við einhverfa og þörf á því að heyra hvað þeim sjálfum finnst og hvort og þá hvaða úrbóta er þörf. Þessi rannsókn er gerð í samvinnu við Einhverfusamtökin á Íslandi.

Supporting student neurodiversity in our teaching design

Grischa Liebel, assistant professor, UR and Steinunn Gróa Sigurðardóttir, UR

Neurodiversity is an umbrella term that includes autism, specific learning difficulties (e.g., dyslexia, dyspraxia, dyscalculia), and ADHD. While each of these differences has its own characteristics, the concept of neurodiversity views them as variations in how human brains can work - human brain diversity. They may be diagnosed or undiagnosed, and may or may not have been communicated to us as teachers. In this presentation, we will describe a number of interventions to show how content was presented in four courses in the Department of Computer Science in order to improve accessibility for neurodiverse students. The focus of these interventions was primarily on small, economic changes that have large impact. We will also share student feedback on the impact of these changes on student perceptions of the learning environment and the impact on their learning.

Skólakerfið og COVID-19 heimsfaraldurinn

Samheldni og umburðarlyndi kom okkur í gegnum COVID-19

Hjördís Sigursteinsdóttir, dósent, HA og Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, prófessor, FVS HÍ

Fyrri rannsókn á heilsu og líðan íslenskra leikskólakennara leiddi í ljós versnandi heilsu og líðan þeirra í kjölfar efnahagshrunsins á haustdögum 2008. Einnig kom í ljós að á árunum 2019 til 2021 jókst hlutfall leikskólakennara sem haldnir voru vinnutengdri streitu, fór úr 20% í 26%, og hlutfall með alvarleg kulnunareinkenni fór úr 26% í 30%. Markmið rannsóknarinnar er að öðlast dýpri skilning á því hvað það er í starfi leikskólakennara sem veldur aukinni streitu og kulnun í starfi. Tekin voru sex hálf stöðluð einstaklingsviðtöl við leikskólalækjóra frá tveimur sveitarfélögum. Notuð var þemagreining til að greina gögnin. Helstu niðurstöður sýna að komin er mikil þreyta, bæði líkamleg og andleg, í leikskólakennara en þó virðist gæta ákveðinnar tilhlökkunar um að fara inn í eðlilegt skólastarf að sumarfríi loknu. Samheldni og umburðarlyndi er það sem kom leikskólakennurunum í gegnum þessi síðustu tvö ár sem COVID-19 hefur staðið yfir. Leikskólakennararnir unnu í minni hópum og þar mynduðust góð tengsl og margir urðu nánari fyrir vikið. Stjórnendur telja almennt að leikskólastigið eigi við mönnunarvanda að stríða, yngra starfsfólkið staldri stutt við og sé ekki eins helgað í starfi og

þeir sem hafa menntað sig til starfsins. Hrósi er mikilvægt og að umbuna fyrir vel unnin störf. Rannsóknin sýnir mikilvægi jákvæðs hugarfars og að hrósa og umbuna fyrir vel unnin störf. Niðurstöðurnar geta orðið ávinningur sveitarfélaganna með tilliti til vinnuverndar og tengist ekki einungis efnahagskreppum eða alheimsfaröldrum, því álykta má að aukið álag og óöryggi vegna ýmissa annarra þátta geti alið af sér sambærilegt ástand.

Tengsl COVID-19 við heilsu og líðan grunnskólakennara

Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, prófessor, FVS HÍ og Hjördís Sigurjónsdóttir, dósent, HA

Rannsóknir hafa sýnt fram á viðvarandi starfsbundna streitu meðal grunnskólakennara. Heilsa og líðan þessa hóps er gríðarlega mikilvæg, ekki einungis fyrir kennarana sjálfa, heldur einnig nemendur þeirra og fjölskyldur. Að stuðla að vinnutengdri vellíðan kennara er því mikilvægt menntapólitískt mál. Meðan á COVID-19 faraldrinum stóð voru kennarar oft í kastljósinu vegna vinnuaðstæðna þeirra. Því er mikilvægt að rannsaka hvort faraldurinn hafi tengsl við vinnutengda líðan kennara. Tilgangur rannsóknarinnar er að skoða sjálfmetna heilsu og líðan grunnskólakennara frá 12 íslenskum sveitarfélögum rétt fyrir og rúmu ári eftir að COVID-19 faraldurinn kom upp. Við spyrjum: Hver var sjálfmetin streita meðal grunnskólakennara árið 2021 samanborið við árið 2019? Urðu breytingar á sjálfmetinni andlegri og líkamlegri heilsu grunnskólakennaranna á þessum tíma? Urðu breytingar á sjálfmetnum andlegum og líkamlegum einkennum? Rafrænn spurningalisti var sendur grunnskólakennurum árin 2019 og 2021. Sömu einstaklingum var fylgt eftir á þessu tímabili og þannig hægt að sjá þróun svara. Alls 920 grunnskólakennarar svöruðu báðum spurningalistunum. Helstu niðurstöður panelrannsóknarinnar sýna aukna streitu, versnandi andlega og líkamlega heilsu og aukin andleg og líkamleg einkenni árið 2021 samanborið við 2019. Niðurstöðurnar sýna einnig að hærra hlutfall kvenna en karla segist upplifa mikla streitu. Kynjamynstur fyrir andlega og líkamlega heilsu eru óljósari. Niðurstöðurnar sýna þannig að COVID-19 faraldurinn hafði neikvæð tengsl við heilsu og líðan grunnskólakennara. Sú ályktun er dregin að mikilvægt sé fyrir yfirvöld menntamála, hagsmunasamtök kennara og sérhvern grunnskóla að hafa vakandi auga með velferð og líðan kennara í kjölfar COVID-19 heimsfaraldursins. Einnig að stutt sé markvisst við heilsueflandi þætti starfsins.

Skyggst í reynslu og umboð skólameistara og aðstoðarskólameistara framhaldsskólanna til nýrra afskipta í heimsfaraldri

Guðrún Ragnarsdóttir, dósent, MVS HÍ og Jón Torfi Jónasson, prófessor emeritus, MVS HÍ

COVID-19 faraldurinn hefur haft víðtæk áhrif á skólastarf um allan heim og skólastjórnendur hafa verið undir miklu álagi. Markmið erindisins er að öðlast skilning á verkefnum og samstarfi skólameistara og aðstoðarskólameistara við ólíka hagaðila úr ytra og innra umhverfi framhaldsskólanna á fyrsta ári faraldursins og spegla niðurstöðurnar í umboði þeirra til aðgerða. Stuðst er við gögn úr tveimur spurningalistakönnunum frá Menntavísindastofnun ásamt sex viðtölum við skólameistara og aðstoðarskólameistara úr þremur framhaldsskólum. Gögnin voru greind út frá nýstofnanakenningum (e. neo-institutional theories). Niðurstöðurnar sýna að vissir þættir skólastarfs afstofnanavæddust og breyttust mikið í faraldrinum. Í því samhengi juku skólastjórnendur umboð sitt til áhrifa. Áherslur ytri hagaðila styrktu aftur á móti stofnanaumgjörð skólanna og sem aftur dró úr umboði þeirra til áhrifa annarra þátta skólastarfsins. Mikið álag var á skólastjórnendum á tímabilinu. Samskiptaform milli ólíkra aðila breyttust og verkefni og verkaskipting þróuðust eftir því sem á leið. Samhliða auknu ákalli um kennslufræðilegan stuðning af hálfu kennara tóku stjórnendur forystu um vissa tæknilega skipulagsþætti kennslunnar. Þeir gengu þó ekki lengra en umboð þeirra náði. Þannig báru þeir virðingu fyrir faglegu sjálfstæði kennara. Viss gjá myndaðist á milli stjórnenda og annarra, einkum í upphafi faraldursins, sem aftur ýtti undir einangrun stjórnenda í starfi. Niðurstöðurnar draga athygli að eðli skóla sem stofnana annars vegar og skipulagsheilda hins vegar og vekja áleitnar spurningar m.a. um álag, verkaskiptingu og umboð stjórnenda til aðgerða. Að auki dregur rannsóknin fram veikleika í samskiptum á milli ólíkra hópa utan og innan skólasamfélagsins í faraldrinum.

Heilsa á tímum COVID-19

Svefnvenjur og hreyfing íslenskra háskólanema á tímum COVID-19: Þversniðsrannsókn mæld með svefn- og hreyfimælum

Rúna Sif Stefánsdóttir, lektor, MVS HÍ, Vaka Rögnvaldsdóttir, lektor, MVS HÍ, Þórdís Gísladóttir, dósent, MVS HÍ, Erlingur Jóhannsson, prófessor, MVS HÍ, Sunna Gestsdóttir, lektor, MVS HÍ og Gréta Jakobsdóttir, MVS HÍ

Markmið þessarar rannsóknar var að kanna svefnmynstur og hreyfingu íslenskra háskólanema á tímum Covid-19. Einnig var skoðaður munur kynjanna og samband milli svefns og hreyfingar. Úrtak rannsóknarinnar voru neman á fyrsta námsári við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Alls tóku 118 nemendur þátt í rannsókninni (46% þátttökuhlutfall), 92 nemendur fengu svefn- og hreyfimæla og í heildina voru 76 þátttakendur með gild svefn- og hreyfigögn (57% karlar). Ein vika af svefni og hreyfingu var mælt með actigraph hreyfimæli, staðsettur á úlnliði og við mat á gögnunum var stuðst við ýmsar tölfræðilegar greiningar, keyrðar í Jamovi tölfræðiforritinu. Meðalaldur þátttakenda var 24.4 ± 3.49 ár. Yfir alla vikuna var meðalsvefnlengd úrtaksins $6,5 \pm 0,9$ klst, háttatími var kl. $01:41 \pm 1,6$ klst. en fótaferðatími var kl. $08:56 \pm 1.3$ klst. Karlar sváfu marktækt styttra og fóru seinna að sofa og vöknuðu seinna miðað við konur. Hins vegar hreyfðu konur sig marktækt meira en karlar yfir vikuna. Nemendur sem hreyfðu sig að meðaltali meira yfir vikuna fóru seinna að sofa og sváfu lengur en ekki voru marktæk tengsl milli hreyfingar og svefnlengdar hjá nemendum yfir vikuna. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að svefn- og hreyfivenjur háskólanema breyttust á tímum Covid-19 sem er í samræmi við niðurstöður rannsókna víða um heim. Mikilvægt er að fylgjast með hvernig heimsfaraldur sem þessi getur haft áhrif á svefnvenjur og hreyfingu ungs fólks á Íslandi á tímum COVID-19, sérstaklega í ljósi mikilvægis svefns og almennrar hreyfingar á heilsu.

Hreyfing háskólanema á tímum heimsfaraldurs

Vaka Rögnvaldsdóttir, lektor, MVS HÍ, Gréta Jakobsdóttir, lektor, MVS, HÍ, Þórdís Lilja Gísladóttir, dósent, MVS HÍ, Sunna Gestsdóttir, dósent, MVS HÍ, Rúna Sif Stefánsdóttir, lektor, MVS HÍ og Erlingur Jóhannsson, prófessor, MVS HÍ

Hreyfing er stór þáttur í heilsu fólks og mikilvægt er að skoða hreyfingu háskólafélks á tímum heimsfaraldurs. Markmið rannsóknarinnar var að bera hreyfingu háskólanema saman við fyrir tíma COVID-19 sem og meta hreyfingu þeirra á tímum COVID-19. Alls svöruðu 118 nemendur á fyrsta ári við Menntavísindasvið Háskóla Íslands spurningalista í janúar 2021, af þeim áttu 92 nemendur gögn úr hreyfimælum en gild gögn áttu 76 þátttakendur (57% karlar). Þátttakendur voru beðnir um að meta hreyfingu sína á tímum COVID-19 auk þess sem þeir báru hreyfimæli sem mældi magn hreyfingar. Þátttakendur voru beðnir um að bera hreyfingu sína saman við fyrir tíma heimsfaraldursins. Meðalaldur þátttakenda var $24,4 \pm 3,5$ ár. Um 25% háskólanema stundaði íþróttir með íþróttafélagi og 76% stundaði líkams- eða heilsurækt á eigin vegum. Um 67% töldu hreyfingu sína vera minni og 37% töldu hreyfingu sína vera eins eða meiri en fyrir tíma COVID-19. Yfir alla vikuna var meðalhreyfing háskólanema, mæld með hreyfimæli, 1570 ± 362 slög/mín/dag. Konur hreyfðu sig marktækt meira en karlar alla vikuna, virka daga og um helgar ($p < 0,05$). Þeir sem hreyfðu sig meira yfir vikuna hreyfðu sig einnig meira virka daga og um helgar en hreyfing var marktækt minni um helgar en virka daga. Almennt hafa venjur fólks breyst á tímum heimsfaraldursins með tilfærslu á námi skólafélks inn á heimilin. Íþróttafélög og líkamsræktarstöðvar störfuðu undir takmörkunum sem dregur almennt úr hreyfingu hjá fólki. Mikilvægt er að fylgjast með venjum ungs fólks og þróun þeirra bæði á tímum og eftir tíma heimsfaraldurs.

Netsamskipti og andleg líðan meðal 15 ára ungmenna árin 2003 og 2015

Óttar Guðbjörn Birgisson, doktorsnemi, MVS HÍ, Guðrún Sunna Gestsdóttir, dósent, MVS HÍ og Erlingur Jóhannsson, prófessor, MVS HÍ

Á síðustu árum hafa netsamskipti orðið órjúfanlegur hluti af lífi ungs fólks og vísbendingar eru um áhrif slíkra samskipta á geðheilsu barna og ungmenna. Í þessari rannsókn var skoðað hvernig netsamskipti og einkenni þunglyndis og kvíða hafa breyst hjá 15 ára ungmönnum frá árinu 2003 til 2015. Einnig var skoðað hvort sambandið milli netsamskipta og einkenna þunglyndis og kvíða hafi breyst á þessum árum. Rannsóknin studdist við gögn úr spurningalistum fyrir árgang 1988 frá 2003 (N=385, 51% drengir) og fyrir árgang 1999 frá 2015 (N=302, 42% drengir). Til að meta mun á þunglyndis- og kvíðaeinkennum milli drengja og stúlkna og milli ára var stuðst við marghliða dreifigreiningu. Formgerðargreining milli hópa var notuð til að meta hvort tengslin milli netsamskipta og andlegrar líðanar hefði breyst frá 2003-2015 eftir kyni. Niðurstöður sýndu að drengir og stúlkur vorðu jafnmiklum tíma í netsamskipti árið 2003 en árið 2015 voru stúlkur að eyða marktækt meiri tíma en drengir. Árið 2003 voru stúlkur með marktækt meiri kvíða en drengir en kvíðinn jókst ekki milli ára. Stúlkur voru með marktækt meiri þunglyndiseinkenni en drengir árið 2003 og jukust einkennin milli ára hjá stúlkum en ekki drengjum. Árið 2003 var ekkert marktækt samband milli netsamskipta og geðheilsu en árið 2015 var komið á marktækt samband milli netsamskipta og bæði þunglyndis- og kvíðaeinkenna hjá stúlkum. Ástæða er til að hafa áhyggjur af versnandi geðheilsu og tengslum við netsamskipti, einkum meðal stúlkna. Þörf er á ítarlegri skoðun á eðli tengslanna milli geðheilsu og netsamskipta.

Faggreinakennsla í grunnskólum

Tilgangur og gildi náttúruvísindamenntunar samkvæmt gildandi Aðalnámskrá grunnskóla

Haukur Arason, dósent, MVS HÍ og Meyvant Þórólfsson, prófessor, MVS HÍ

Í erindinu eru metin þau rök sem núgildandi Aðalnámskrá grunnskóla færir fyrir náttúruvísindamenntun barna og unglinga. Sérstaklega er rýnt í hvernig gildi og mikilvægi almennrar þekkingar á náttúruvísindum eru útskýrð í námskránni og áherslur hennar varðandi tilgang náttúruvísindamenntunar. Jafnframt er sjónum beint að atriðum sem ekki koma fyrir í námskránni en eru samt þekkt úr umræðu um náttúruvísindamenntun og ættu að þykja sjálfsgöð. Í því samhengi er gerður samanburður á þeim meginhugmyndum og rökum (rationale) sem greina má í texta námskrárinnar og alþjóðlegri umfjöllun um rök fyrir menntun í náttúruvísindum. Slík rök má flokka á eftirfarandi hátt: Hagnýtt gildi fyrir hvern einstakling, hagrænt gildi fyrir samfélagið, menningarlegt gildi, gildi fyrir lýðræðislega umræðu, gildi fyrir nýsköpun og tækniþróun og gildi fyrir félagslegt réttlæti. Við þetta má bæta að taka þarf tillit til tveggja meinsjónarmiða, þ.e. náms og kennslu sem ætla þarf öllum til að lifa og starfa í nútímasamfélagi og náms og kennslu sem tekur mið af undirbúningi fyrir áframhaldandi nám í náttúruvísindum. Mikilvægi náttúruvísinda og tækni hefur sjaldan verið meira en nú og mun velferð samfélaga markast af þekkingu á þessum sviðum í framtíðinni. Má nefna að viðbrögð við heimsfarðrum svo sem COVID-19, viðbrögð við loftslagsbreytingum, viðbrögð við náttúruhamförum, nýjar lausnir varðandi orkuvinnslu og nýtingu, og að hæfni til að takast á við fjórðu iðnbyltinguna byggja á slíkri þekkingu. Vegna formlegrar stöðu aðalnámskrár í menntakerfinu og þeirrar leiðsagnar sem hún á að veita kennurum, skólastjórnendum og námsefnishöfundum er mikilvægt að aðalnámskrá grunnskóla sé skýr hvað varðar tilgang og gildi náttúruvísindamenntunar.

Hvað varð um færur hvalsins? Forhugmyndir nemenda um þróun lífs

Þórdís Arna Guðmundsdóttir, meistaranemi, MVS HÍ og Edda Elísabet Magnúsdóttir, lektor, MVS HÍ

Rannsóknir hafa sýnt að nemendur byggja nám sitt að miklu leyti á forhugmyndum sem þeir hafa myndað sér út frá hversdagslegri reynslu áður en skólaganga hefst. Þessar forhugmyndir eru oft á skjön við vísindalegar staðreyndir. Rannsóknir hafa sýnt að ranghugmyndir um þróun lífs eru algengar meðal nemenda og almennings. Algeng forhugmynd er að nemendur telji að umhverfi hafi bein áhrif á eiginleika lífveru og að einstaklingar geti þróast á sinni lífsleið. Slíkar hugmyndir eru á skjön við náttúrulega ferla sem hafa áhrif á þróun lífs. Tilgangur rannsóknarinnar var að skoða forhugmyndir

nemenda í 7. og 10. bekk. Markmiðið var að kanna algengi fimm þekktra ranghugmynda um þróun lífs hjá þessum aldurshópum. Gögnum var safnað með spurningakönnun þar sem hver þessara fimm ranghugmynda var könnuð með nokkrum fjölvalsspurningum. Forhugmyndir þeirra nemenda sem tóku þátt í rannsókninni um þróun lífs voru að miklu leyti rangar. Rannsóknin leiddi jafnframt í ljós að nemendur í 10. bekk voru nánast jafn líklegir til að búa yfir sömu forhugmyndum og nemendur í 7. bekk en aðeins mátti sjá marktækan mun milli aldurshópanna hjá bæði drengjum og stúlkum sem tengdist einni forhugmynd. Niðurstöðurnar benda því til þess að kennsla í þróunarfræði skili ekki tilskildum árangri á unglingastigi. Þar sem nemendur byggja nám sitt á eigin forhugmyndum er mikilvægt að kennarar kanni forhugmyndir nemenda sinna til að auðveldara sé að leiðrétta þær. Rannsóknir hafa sýnt að ef forþekking er ekki könnuð og kennslan ekki mótuð út frá fyrri hugmyndum nemenda skili hún ekki tilætluðum árangri.

Tilgangur og gildi náttúruvísindamenntunar samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla 1999

Meyvant Þórólfsson, prófessor, MVS HÍ og Haukur Arason, dósent, MVS HÍ

Tilgangur þessa erindis er að varpa ljósi á tilurð og einkenni Aðalnámskrár grunnskóla 1999 í náttúruvísindum. Niðurstöður rannsóknar á texta námskrárinnar verða ræddar með tilliti til gildis og tilgangs náttúruvísinda í almennri menntun. Þar vekur ýmislegt athygli, einkum með hliðsjón af fyrri og seinni tíma námskrám hérlendis í náttúruvísindum, en jafnframt í ljósi áhrifa TIMSS rannsóknarinnar á tilurð námskrárinnar. Rúmur aldarfjórðungur er liðinn frá því Ísland tók í fyrsta sinn þátt í alþjóðlegri samanburðarrannsókn á þekkingu í náttúruvísindum. Það var rannsókn IEA, Third International Mathematics and Science Study (TIMSS). Slakur árangur íslenskra grunnskólanemenda í rannsókninni vakti spurningar um skipulag náttúruvísindanáms hérlendis undir lok síðustu aldar. Athyglin beindist að námsefni, kennsluháttum, vægi náttúruvísinda í viðmiðunarstundaskrá og síðast en ekki síst þágildandi aðalnámskrá. Af 40 þátttökupjóðum í TIMSS reyndist Ísland meðal fárra þjóða þar sem skólar höfðu frjálsar hendur um val á efni, markmiðum og útfærslu námskrár. Aðalnámskráin 1989 birtist í einu hefti en kaflinn Náttúrufræði (Eðlis-, efna- og líffræði) spannaði aðeins níu blaðsíður. Hann var almennt orðaður og þótti óljós hvað varðaði miðlun og inntak þekkingar. Ný aðalnámskrá, sem spannaði 76 blaðsíður, tók gildi hér árið 1999 með áherslu á sömu svið og TIMSS, þ.e. lífvísindi, eðlisvísindi (þ.m.t. efnafræði), jarðvísindi (þ.m.t. stjörnufræði) og umhverfismál. Markmiðin voru nemendamiðuð (Nemandi á að geta, þekkja, gera sér grein fyrir ...) og snerust um þekkingu af framangreindum sviðum auk þess sem þau snerust einnig um vinnubrögð og færni ásamt hlutverki og eðli náttúruvísinda. Námskráin var mun ítarlegri en fyrri námskrá bæði varðandi markmið og inntak.

Að leika á als oddi: Fjölmenningarleg áhersla á hugtakanám í hönnun smíði

Finnur Jens Númason, aðjúnt, MVS HÍ

Mig langar að kynna orðabók sem ég skrifaði en orðabókin fjallar um smíðaverkfæri og notkun þeirra. Heiti verkfæranna eru þýdd á sjö erlend tungumál til að auðvelda innflytjendum og tvítyngdum nemendum að læra heiti þeirra og skilja hvernig þau virka. Jafnframt er orðabókinni ætlað að auðvelda innflytjendum að aðlagast nýjum aðstæðum og vera vingjarnleg nálgun í kennslu. Gott getur verið að grípa til slíkra handbóka við upphaf kennslu bæði við innlagnir nýrra verkefna og verkfæra. Þá geta nemendur séð mynd af verkfærinu og lesið heiti þess á sjö tungumálum. Þeir geta því um leið bætt orðaforða sinn í íslensku sem og öðrum tungumálum, hvort sem um er að ræða nemendur með íslensku að móðurmáli eða nýbúa, sem tala erlent tungumál. Með hverju verkfæri í handbókinni fylgir stuttur skýringartexti, sem útskýrir hlutverk þess, auk mynda.

Farsæld barna og unglunga

Virk þátttaka og farsæld barna

Hervör Alma Árnadóttir, doktorsnemi, MVS HÍ og Guðrún Kristinsdóttir, prófessor emerita, MVS HÍ

Víða í íslensku lögnum er lögð áhersla á að veitt þjónusta sé unnin í samráði við og með notendum, þar á meðal börnum. Þessar áherslur eru skýrar í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem lögbundinn var á Íslandi árið 2013 og í nýjum lögum um farsæld barna. Til þess að fá að tala við börn þurfa rannsakendur gjarnan leyfi og aðstoð fagmanna og forsjáaraðila svokallaðra hliðvarða. Markmiðið hér er að fjalla um virka þátttöku barna í rannsókum á síðustu árum og í því samhengi leitast við að greina hvort breytingar hafi orðið á virkri þátttöku barna sem skilgreind eru í viðkvæmri stöðu. Því er spurt; hvaða breytingar má greina er varða virka þátttöku barna í rannsóknum á síðustu árum? Til að leita svara var skoðuð staða þekkingar á viðfangsefninu frá árinu 2015 til 2022. Fyrstu niðurstöður benda til þess að almenn þátttaka barna hafi aukist en þátttaka barna sem skilgreind eru í viðkvæmri stöðu hafi síður aukist. Viðhorf hliðvarða til hæfni barna og þátttöku hafi mikil áhrif á það hvort hliðverðir aðstoði rannsakendur við það að fá aðgengi að börnum. Hliðverðir telja að rannsakendur þurfi að leggja meiri vinnu í umsóknir sínar og rökstuðning þegar þeir óska eftir aðstoð þeirra. Mikilvægt er að rannsakendur og fagmenn sem starfa með börnum séu meðvitaðir um mikilvægi þess að fjölbreyttur hópur barna fái tækifæri til þátttöku í rannsóknum til þess að bæta þjónustu og þá farsæld barna.

Sólin vermi blessuð skólabörnin – Barnafræðsla í Fljótum í Skagafirði 1880-1946

Kristín Sigurrós Einarsdóttir, skjalavörður og MA í menntavísindum, Héraðsskjalasafn Skagfirðinga og Bragi Guðmundsson, prófessor, HA

Tilgangur rannsóknarinnar var að varpa ljósi á sögu barnafræðslu í Fljótum í Skagafirði frá 1880–1946. Við rannsóknina var beitt hinni sögulegu aðferð. Litlar skrásettar heimildir er að hafa fram til 1894 en eftir það eru skýrslur sem tengjast styrkveitingum til farkennara mikilvæg heimild um fræðslu í byggðarlaginu. Úrvinnsla þessara gagna leiddi í ljós að eftir að styrkhæf farkennsla hófst í Fljótum var hún regluleg fram að setningu fræðslulaganna 1907. Opinbera barnafræðslu í Fljótum má að flestu leyti telja sambærilega því sem gerðist utan kaupstaða á landsvísi 1903–1904 og sambærilega við barnafræðslu í héruðum við Húnaflóa á sama tíma. Sama má segja um menntun og bakgrunn sveitakennara. Allir nema einn þeirra sem kenndu þar til fast skólalald komst á í Fljótahreppunum höfðu formlega menntun að baki, ýmist kennarapróf, gagnfræðapróf eða búfræðinám. Athygli vekur að aðeins þrjár konur voru í hópi þessara kennara. Um helmingur sveitakennaranna var lengi við kennslu og einn þeirra áratugum saman. Fast skólalald komst á í tveimur þinghúsum í Holtshreppi kringum 1930 en í Haganeshreppi var byggður heimavistarskóli í byrjun fimmta áratugarins. Átti sú ráðstöfun sér langan og stormasaman aðdraganda sem meðal annars einkenndist af pólitískum deilum og trúmálum. Deilan leystist svo farsælega þegar skóli var byggður í landi Barðs í Flókadal, í samstarfi Haganeshrepps og kvenfélagsins Vonar á Siglufirði. Árið 1973 gerðist Holtshreppur aðili að skólanum. Skólalald var á Sólgorðum allt þar til skólalald í byggðarlaginu lagðist af vorið 2018.

Lýðræðisleg forysta í leikskólum

Anna Magnea Hreinsdóttir, aðjúnkt, MVS, HÍ og Arna H. Jónsdóttir, dósent, MVS, HÍ

Markmið rannsóknarinnar er að varpa ljósi á lýðræðislega forystu í leikskólum í þeim tilgangi að greina hvað hvetur og hindrar leikskólastjóra í að beita lýðræðislegum stjórnunarháttum. Rannsóknir sýna að lýðræðisleg forysta hvetur til samvinnu. Hana má skilgreina sem heilveldi (e. holarchy) sem mótvægi við stigveldi (e. hierarchy). Slík forysta hvetur þá sem að starfinu koma til að vera virkir þátttakendur í skólalaginu. Það felur í sér skuldbindingu starfsfólks og barna gagnvart sameiginlegum gildum lýðræðis og félagslegs réttlætis. Mikilvægir þættir lýðræðislegrar forystu í skólum er virk hlustun og að virkja fólk í umræðu, en þannig er komið á lýðræðislegum skólabrag og lærdómssamfélagi í leikskólanum, hvatt til frjálsra skoðanaskipta og umræðu og leitað eftir sjónarmiðum og viðhorfum kennara, foreldra og barna. Hálf-opin einstaklingsviðtöl voru tekin við átta leikskólastjóra víðs vegar um landið, en þau henta vel til að athuga reynslu, skynjun og fyrirætlanir fólks. Tveir rannsakendur skiptu á milli sín viðtölunum og tóku þeir fjögur viðtöl hver. Niðurstöður leiða í ljós að öllum viðmælendum fannst mikilvægt að beita lýðræðislegri og

Þáttökumiðaðri forystu í leikskólunum. Viðmælendur töldu helstu kosti þess að beita lýðræðislegri forystu að þú færð fólkið með þér, starfið verður skemmtilegra og starfsánægjan meiri. Eigin viðhorf, þankagangur, getuleysi, áhuga- og ábyrgðarleysi var nefnt sem helstu hindranir þess að beita lýðræðislegri forystu. Einnig að gefa frá sér vald og frelsi. Fræðilegt gildi rannsóknarinnar felst í aukinni þekkingu á lýðræðislegri forystu og tengslum hennar meðal annars við þátttöku og félagslegt réttlæti í leikskóla.

Fjölmennung: kennsluhættir og frístund

Kennarar sem skapa námsrými fyrir alla í fjölbreyttum nemendahópum og fjölmenningu

Jóhanna Karlsdóttir, lektor, MVS HÍ

Á tímum aukins flóttta fólks á milli landa er nauðsynlegt að vita meira um hvernig kennarar í grunnskólum bregðast við námi og kennslu í fjölbreyttum nemendahópum og fjölmenningu. Með rannsókninni eru aðferðir kennara í sex grunnskólum á Íslandi, sem beita fjölbreyttum náms- og kennsluaðferðum til að koma til móts við alla nemendur, skoðaðar og kynntar. Tilgangur rannsóknarinnar var að skoða hvernig kennarar bregðast við fjölbreyttum nemendahópum og fjölmenningu og skipuleggja nám og kennslu allra nemenda í menntun fyrir alla. Kastljósinu var einkum beint að börnum flóttamanna og þeirra sem hafa beðið um alþjóðlega vernd ásamt nemendum með íslensku sem annað tungumál. Rannsóknarspurning: Hvað einkennir skipulag náms og kennslu hjá kennurum sem skapa námsrými fyrir alla í fjölbreyttum nemendahópum og fjölmenningu? Aðferðafræði: Í rannsókninni var eigindlegum rannsóknaraðferðum beitt. Gögnum var safnað með vettvangsathugunum og hálf-opnum viðtölum við 41 kennara í sex grunnskólum sem valdir voru með markmiðabundnu vali. Gagnaöflun fór fram árið 2021. Niðurstöður benda til þess að kennarar leggja aukna áherslu á sjónræna þáttinn í námi og kennslu þannig að nemendur skilji og muni viðfangsefni og hugtök tengd þeim. Það gera þeir með aukinni áherslu á verklega kennslu og fjölbreytt viðfangsefni. Einnig kemur fram að kennarar sem tóku þátt í rannsókninni leggja aukna áherslu á samvinnu nemenda, samhjálp og samskipti. Álykta má að niðurstöðurnar nýtist kennurum og skólum til að vinna að skólaþróun og skipulagi náms og kennslu með hagsmunum allra nemenda að leiðarljósi, ekki síst nemendum sem hafa íslensku sem annað mál.

Tengsl, þátttaka og virkni barna og unglunga í Breiðholti

Eyrún María Rúnarsdóttir, lektor, MVS HÍ

Rannsóknir benda til þess að börn og unglingar með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn séu líklegri til að vera félagslega einangruð, útilokuð eða jaðarsett en jafnaldrar þeirra. Aðstæður í skólahverfi geta haft umtalsverð áhrif á það hvers konar tengsl myndast milli barna, til dæmis þeirra sem eru af ólíkum uppruna. Að sama skapi eru víða tækifæri í umhverfi barna til að ýta undir félagsleg tengsl, samfélagslega þátttöku og virkni þeirra til að mynda í íþrótt- og frístundastarfi. Í erindinu verður brugðið upp svipmyndum í tengslum við tilraunaverkefnið Frístundir í Breiðholti. Verkefninu var hleypt af stokkunum haustið 2020 til að auðvelda nemendum með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn félagslega þátttöku og auka íslenskunotkun og samfélagslega virkni þeirra. Tekin voru alls níu viðtöl við framkvæmdaaðila verkefnisins og börn sem stunda frístundir í Breiðholti. Sjónum verður annars vegar beint að sýn framkvæmdaaðila á tilgang og gagnsemi úrræðisins fyrir aukna þátttöku og virkni barna og unglunga og sýn barna á þátttöku í íþrótt- og tómstundastarfi. Brýnt er að tryggja aðgengi og virka þátttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn að samfélaginu enda getur sú þátttaka skilið á milli þess hvort þeim er búin staða á jaðri samfélagsins eða félagsauð og tengsl sem endurspeglar virka þátttöku og áhrif í íslensku samfélagi til jafns við aðra.

Gripið til eigin ráða: Gagnrýnin ígrundun mæðra á menningarbakgrunni sínum í tengslum við þáttaskil leik- og grunnskóla

Björn Rúnar Egilsson, aðjúnkt, MVS HÍ

Þáttaskil leik- og grunnskóla eru almennt talin fela í sér margvíslegar umbreytingar og áskoranir fyrir foreldra. Uppeldishlutverk foreldra, ábyrgð þeirra og sjálfsmynd tekur breytingum og ný sambönd myndast innan grunnskólasamfélagsins. Þó er lítið vitað um reynslu foreldra barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn af þessum tímamótum og um viðhorf foreldranna til þeirra. Í þessu erindi verður könnuð reynsla tveggja mæðra barna sem hafa slíkan tungumála- og menningarbakgrunn af flutningi barna þeirra úr leikskóla í grunnskóla. Þátttakendum var boðið í fjögur hálfstöðluð viðtöl á 12 mánaða tímabili frá því að börn þeirra voru að ljúka leikskólagöngu sinni og allt til loka fyrsta árs grunnskólalagöngunnar. Frásagnargreiningu var beitt á gögnin, sem fól í sér að hlusta gaumgæfilega á hljóðupptökur og skipta frásögnum mæðranna í stönsur. Frásagnirnar voru einnig skoðaðar í ljósi hugmynda Paulo Freire um gagnrýna ígrundun. Niðurstöðurnar benda til þess að afskipti mæðranna af íslensku skólakerfi hafi orðið til þess að þær hafi gripið til sinna ráða þegar þeim fannst skólafirvöld ekki taka áhyggjur þeirra af velferð barnanna alvarlega. Þessi reynsla vakti þær enn fremur til gagnrýnnar ígrundunar á menningarbakgrunni þeirra og þeim gildum sem haldið var að þeim í æsku. Í gögnunum er að finna vísbendingar um að mæðurnar hafi að mestu leyti þurft að takast á við þessar áskoranir á eigin spýtur og að tækifæri til samráðs við skólafirvöld hafi ekki nýst sem skyldi.

Vefurinn tengjumst.hi.is til að styðja foreldra grunnskólabarna af erlendum uppruna

Kristín Jónsdóttir, dósent, MVS HÍ

Markmiðið með vefnum tengjumst.hi.is er að efla foreldra af erlendum uppruna í að styðja við menntun barna sinna. Vefurinn á líka erindi við grunnskólakennara, stjórnendur og fleiri fagaðila sem vilja kynna sér og geta vísað á gott fræðsluefni um tengsl heimila og skóla. Tilgangur þessa erindis er að kynna vefinn og þá kennslufræðilegu sýn sem hann þjónar. Á vefnum eru nú birt fjögur meistaraverkefni nemenda í kennara- og stjórnendanámi sem unnin voru skólaárið 2020-21 við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Nemendurnir unnu saman og hver fyrir sig að fjórum myndböndum. Myndböndin voru framleidd á arabísku, íslensku, pólsku og spænsku, ásamt tilheyrandi fræðsluefni. Verkefnin eru Samskipti heimila og grunnskóla á Íslandi eftir Valdimar Unnar Jóhannsson, Samstarf heimila og skóla um nám og góða líðan grunnskólabarna eftir Dagmar Ólafsdóttur, Þátttaka foreldra í íslenskunámi og lestrarþjálfun barna sinna eftir Stefaníu Láru Ólafsdóttur og Réttindi og skyldur foreldra vegna skólalagöngu barna sinna eftir Láru Bergljótu Jónsdóttur. Í erindinu verður fjallað um kennslufræðilegar forsendur sem lagðar voru til grundvallar við gerð myndbandanna og reifað hvaða kennslufræðilega sýn þau mynda og vefurinn birtir. Þá verða notkunarmöguleikar vefsins kynntir og sagt frá næstu skrefum við þróun hans; að talsetja myndböndin á úkraísku og kynna þau. Tengjumst-verkefnið hlaut styrk við fyrstu úthlutun úr sjóði Háskóla Íslands sem ætlaður er til að efla virka þátttöku vísindamanna í samfélaginu í krafti rannsókna og sérþekkingar.

Framhaldsskólinn: Fyrri hluti

Gulur, rauður, grænn – eða hvað?

Hafsteinn Óskarsson, framhaldsskólakennari, Menntaskólinn við Sund og Sigurrós Erlingsdóttir, framhaldsskólakennari, Menntaskólinn við Sund

Rannsóknin sem hér verður lýst er tilraun til breytingar á námsmati í anda leiðsagnarnáms. Um er að ræða samstarf tveggja framhaldsskólakennara í tveimur ólíkum greinum, hagfræði og íslensku. Breytingin er frá einkunnaskalanum 1-10 yfir í þrískiptan kvarða, litakóða með grænum, gulum og rauðum lit. Reynt var að finna út hvort litakóði, sem miðast við námsviðmið, stuðlaði að

námsmenningu þar sem nemendur ígrunduðu vinnu sína og vildu gera betur. Námsmatsaðferðir voru fjölbreyttar og leiðsögn til nemenda fólst í því að meta hvernig þeim gekk að ná námsviðmiðum, með áherslu á framgjöf. Fræðimennirnir Wiliam annars vegar og Hattie og Clarke hins vegar hafa fjallað um hvernig einkunnir geta gert nemendur fráhverfa því að skoða leiðsögn kennara um úrbætur. Einkunnir virðast í hugum nemenda jafngilda því að verki sé lokið og því ljóst að þörf er á breytingum. Rannsóknin er starfendarannsókn byggð á kenningum Jean McNiff og stóð yfir í tvær 12 vikna námsannir skólaárið 2021-2022, í einum áfanga á önn í hvorri grein. Gagnaöflun var margvísleg; dagbóarskrif kennara, viðhorfskannanir meðal nemenda og verkefni þeirra. Rannsóknarsjóður KÍ styrkti rannsóknina. Lögð var áhersla á að vera samstíga í innleiðingu litakóðans og námsviðmiða í áföngunum. Fjölbreyttum mats- og kennsluáðferðum var beitt, áhersla var á hópvinna og samvinnunám og að skapa traust í kennslustofunni. Niðurstaðan er sú að nemendur voru ánægðir með ýmsa þætti leiðsagnarnáms, m.a. fyrirmyndarlausn og námsviðmið en togstreita skapaðist á milli kennara og nemenda um litakóðann. Togstreitan stafar af því að litakóðinn er ekki í samræmi við meginreglu um einkunnagjöf í skólanum.

Nemendamiðuð málfræðikennsla: Í átt að jákvæðri og sjálfstæðri umfjöllun um tungumálið

Hanna Óladóttir, lektor, MVS HÍ og Helga Birgisdóttir, aðjúnt, MVS HÍ

Viðfangsefni fyrirlestrarins er kennslufræðileg nálgun eða hugmyndafræði sem kölluð er nemendamiðuð málfræðikennsla og var fyrst kynnt í doktorsritgerð Hönnu Óladóttur (2017). Nemendamiðuð málfræðikennsla gengur út á að hafa mál og málnotkun nemendanna í forgrunni við málfræðikennslu en ekki málfræðibækurnar, þar sem aðaláherslan hefur yfirleitt verið á rétt mál og rangt og greiningarvinnu ýmiss konar. Markmið nemendamiðaðrar málfræðikennslu er að auka áhuga nemenda á eigin tungumáli, fá þau til að nýta málfræðina betur til að efla eigin málbeitingu og almennt gera þau að ábyrgari málhöfum. Í fyrirlestrinum er fjallað um niðurstöður rannsóknar sem gerð var á kennslu íslenskuáfanga á þriðja hæfniprepi í íslenskum framhaldsskóla. Við allan undirbúning áfangans, kennslu og verkefnagerð var hugmyndafræði nemendamiðaðrar málfræðikennslu höfð að leiðarljósi og henni markvisst beitt í kennslu, verkefnagerð og samræðum við nemendur. Rannsóknargögnin eru verkefnalýsingar, verkefnaúrlausnir nemenda, kennslugögn hvers konar, kennslunótur kennara áfangans auk hópviðtala sem tekin voru við nemendur í upphafi kennslu. Í hópviðtölunum kemur í ljós að nemendur eru almennt neikvæð í garð hefðbundinnar málfræðikennslu sem þau hafa fengið í grunnskóla. Þau eru hins vegar mjög áhugasöm um verkefni sem lögð eru fyrir í nemendamiðuðu málfræðikennslunni og á það alveg sérstaklega við um þau verkefni þar sem mál þeirra er hvað mest í forgrunni. Einnig kom í ljós að sjálfstraust nemenda til að ræða um mál og hafa á því skoðun jókst eftir því sem leið á áfangann og þau fóru í auknum mæli að líta á sig sem hluta af málsamfélaginu þar sem rödd þeirra skipti máli.

Vinnustaðanám – samstarf skóla og vinnustaða VET@work

Hrafnhildur Sólrún Sigurgeirsdóttir, framhaldsskólakennari, Verkmenntaskólinn á Akureyri, Harpa Birgisdóttir, framhaldsskólakennari, Verkmenntaskólinn á Akureyri og Hulda Hafsteinsdóttir, verkefnastjóri

Kynning á Erasmus verkefninu VET@work þar sem þátttakendur komu bæði frá menntakerfinu og atvinnulífinu. Helsti tilgangur verkefnisins var að búa til rafræna handbók sem inniheldur leiðbeiningar um með hvaða hætti sé hægt að standa að samstarfi milli skóla og vinnustaða þegar kemur að þjálfun verknámsnema. Þróuð voru líkön til að innleiða nýjar og nýstárlegar aðferðir til að efla vinnustaðanám í samvinnu við vinnumarkaðinn. Tilvikskannanir voru notaðar í þessu verkefni en farið var í heimsóknir í fyrirtæki og skóla, tekin viðtöl við nemendur, atvinnurekendur, starfsmentora og skólafólk. Allir deildu reynslu sinni og bestu starfsháttum um það hvernig þeir töldu að koma ætti á samstarfi milli skóla og vinnumarkaðarins. Hönnuð var heimasíða <https://vetatwork-project.eu/is/> með niðurstöðum þessarar vinnu sem hægt er að nota sem hugmyndabanka. Sem dæmi um það sem þar kemur fram eru nokkrar gerðir af „Job dating“ eða „job fair“, skólastofan flutt á vinnustað,

starfsmaður vinnustaðar verður gestakennari í skólanum, hlutverk starfsmentora gert eftirsóknarvert, verkefni sem unnin eru í samstarfi skóla og vinnustaða og mat á því hvernig samstarfið gengur og jafnframt nám nemenda. Þessi heimasíða nýtist skólum, vinnustöðum og öðrum fræðsluaðilum sem standa að því að innleiða og efla vinnustaðanám og starfsþjálfun. Helstu ályktanir eru þær að mikilvægt er gefa sér tíma til að byggja upp traust og heiðarlegt samstarf þar sem sameiginlegt markmið allra er að útskrifa verknámsnemendur sem standast kröfur markaðarins til framtíðar.

Framhaldsskólinn: Seinni hluti

Væntingar um framtíðina og brotthvarf frá námi

Ingibjörg Jónsdóttir Kolka, doktorsnemi, MVS HÍ og Kolbeinn Stefánsson, dósent, FVS HÍ

Markmið rannsóknarinnar eru meðal annars að draga fram þá þætti í félagslegum og efnahagslegum aðstæðum ungs fólks sem auka hættuna á brotthvarfi frá námi. Rannsóknin er blönduð og byggir annars vegar á megindlegum gögnum og hins vegar á eigindlegum gögnum. Megindlegu gögnin eru skráargögn frá Hagstofu Íslands sem spanna tvo árganga, fædda 1995 og 1996, og innihalda ýmsar upplýsingar um félagslega og efnahagslega stöðu þeirra og fjölskyldna þeirra sem varpa ljósi á samband félagslegrar og efnahagslegrar stöðu við brotthvarf úr námi. Eigindlegu gögnin eru lífssöguleg viðtöl við fólk sem fékk tækifæri til að fara aftur í nám í kjölfar atvinnuleysis. Þetta átak var samstarfsverkefni aðila vinnumarkaðarins og ríkisins til að bregðast við atvinnuleysi í kjölfar efnahagshrunsins 2008. Notuð er þemagreining til að greina viðtölin. Niðurstöður rannsóknarinnar eru þær að ýmislegt í aðbúnaði ungs fólks og ekki síður aðbúnaði fjölskyldu þess skipti sköpum þegar kemur að hættu á brotthvarfi. Má þar nefna slagkraft heimilisins til að hvetja og styðja við sitt fólk. Atriði sem draga úr honum eru til dæmis langvarandi veikindi, neysla, litla tekjur, menntun foreldra, umönnunarábyrgð, búseta og síðast en ekki síst sjálfsmynd fjölskyldunnar og sjálfsmynd barna hennar. Sjálfsmyndin og þær fyrirmyndir sem börn hafa til að spegla sig í ráða miklu um væntingar þeirra um framtíðina og hvernig þeim mun vegna í framhaldsskóla.

Framhaldsskólinn: Inngildandi en samt aðgreinandi og starfar í anda félagslegs réttlætis en viðheldur samt ójöfnuði. Áskoranir, mótsagnir og tækifæri í útfærslu stefnunnar um skóla án aðgreiningar

Anna Björk Sverrisdóttir, aðjúnt, MVS HÍ

Í erindinu er sjónum beint að starfsbrautum fyrir fatlaða nemendur innan framhaldsskóla. Um er að ræða niðurstöður doktorsrannsóknar og var tilgangur hennar að kanna áskoranir, mótsagnir og tækifæri í tengslum við menntun fatlaðra nemenda í íslenskum framhaldsskólum með hliðsjón af fræðum um inngildandi menntun og félagslegt réttlæti. Viðfangsefnið var nálgast í þremur skrefum. Fyrsta skrefið fólst í því að greina orðræðu í opinberum skjölum varðandi menntun nemenda á framhaldsskólalastigi. Annað skrefið fólst í því að greina viðtöl sem tekin voru við mismunandi hagsmunaaðila innan framhaldsskólakerfisins. Í þriðja skrefinu var reynsla nemenda skoðuð. Niðurstöður gefa til kynna að uppbygging íslenska framhaldsskólakerfisins, þegar kemur að menntun nemenda með þroskahömlun, eigi meira sameiginlegt með hugmyndafræði um blöndun en inngildandi menntun. Enn fremur skapar og viðheldur kerfið, eins og það er byggt upp, ójöfnuði og félagslegu óréttlæti sem hefur ekki aðeins áhrif á fatlaða nemendur, heldur stærri hóp nemenda. Frásagnir nemenda varpa ljósi á ólíkar leiðir þeirra til að reyna að losna undan oki stimpilsins sem fylgir læknisfræðilegu greiningunni og festir nemendur í sessi sem staðlaða „sérdeildanemendur“. Niðurstöðurnar staðfesta fyrri niðurstöður um mikilvægi þess að skilgreina þurfi betur stefnuna um inngildandi menntun. Inngildandi menntun snýst um að mæta þörfum allra nemenda og af niðurstöðum má draga þá ályktun að endurskoða þurfi stuðningskerfi íslenska menntakerfisins og um leið skilgreina með skýrari hætti hugtakið stuðningur. Lykilatriði er að endurskoða hvernig styðja megi við fjölbreyttan hóp nemenda, sem þarfnast stuðnings af ólíkum ástæðum, með inngildandi hætti og fullgilda þátttöku að leiðarljósi.

„Lærdómssamfélag - samfélag til framtíðar“ Nýsköpunar- og listabraut í Fjölbrotaskólanum við Ármúla

Student's voices - Raddir nemenda

Hildigunnur Gunnarsdóttir, Alexandra Viðar, Ásdís Arnalds, Ásdís Ingólfssdóttir, Hildigunnur Gunnarsdóttir og Þórdís Eyvör Valdimarsdóttir, framhaldsskólakennarar í Kvinnaskólanum í Reykjavík

Verkefnið Students' Voices, sem fimm kennarar tóku þátt í á árunum 2017-2019 fyrir hönd Kvinnaskólans í Reykjavík, fékk ný evrópsk menntaverðlaun: 2021 European Innovative Teaching Award. Verkefnið var unnið í samstarfi við Landakotsskóla, skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar og skóla í Danmörku og Finnlandi. Í Kvinnaskólanum var stuðst við meginlegar og eigindlegar aðferðir til að kanna meðal nemenda viðhorf þeirra til kennsluaðferða og skilvirkni náms- og kennsluaðferða. Markmiðið var að nemendur taki virkan þátt í umræðu um nám og kennslu. Að gera nemendur að virkum þátttakendum í því að þróa kennslu og kennsluaðferðir. Að vinna gegn brotthvarfi nemenda, efla lýðræðislega kennsluhætti og auka ábyrgð og þátttöku nemenda í þróun kennsluhátta. Opnar spurningar voru lagðar fyrir um fimmtíu nemendur um hvernig kennslu- og námsaðferðir þeim fannst nýtast sér best. Einnig ræddu kennararnir við nemendur sína í rýnihópum, þar sem valdir voru nemendur af öllum brautum skólans. Niðurstöður kannananna voru notaðar til að þróa og prófa nýjar kennsluaðferðir og nemendur voru í kjölfarið spurðir um árangur þeirra og fengu að tjá sig í umræðuhópum. Niðurstöðurnar sýndu að nemendur höfðu mismunandi skoðanir á hvaða námsaðferðir þeim hentaði best til að mynda samvinnunám/einstaklingsnám, lestur námsefnis, umræður o.s.frv. Þó væri leiðinlegt til lengdar að kennari beitti alltaf sömu kennsluaðferðinni. Nemendur voru sammála um og lögðu flestir áherslu á að fjölbreyttar kennsluaðferðir skiptu mestu máli fyrir alla nemendur.

Háskólakennsla

Raunfærnimat í leikskólakennarafræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir, dósent, MVS HÍ og Anna Magnea Hreinsdóttir, aðjúnkt, MVS HÍ

Markmið rannsóknarinnar er að þróa aðferðir í raunfærnimati sem gagnast vel til að meta þá þekkingu og hæfni sem nemendur öðlast í starfi í leikskóla út frá hæfniviðmiðum námskeiða í grunnnámi í leikskólakennarafræði við Háskóla Íslands. Fjögur grunnhugtök tengjast raunfærnimati, ferilmappa, skimunarlisti, sjálfsmatslisti og matssamtöl. Sjónum er beint að þeim aðferðum sem stuðst er við í matssamtölunum og upplifun nemenda og matsaðila af þeim. Meginmarkmið raunfærnimats er að einstaklingur fái viðurkennda þá reynslu sem hann hefur öðlast utan veggja skóla þannig að hann þurfi ekki að sækja nám í því sem hann þegar kann. Raunfærnin ætti í kjölfar mats að leiða til styttingar á námi en um leið þarf að sjá til þess að ekki sé dregið úr mikilvægi og gæðum námsins. Stuðst var við fjölbreyttar aðferðir í matssamtölum sem tóku mið af hæfniviðmiðum, kennslu og verkefnum námskeiðanna sem voru til raunfærnimats, svo sem beinum frásögnum, verkefnum tengdum áætlanagerð, klípusögum, myndböndum, greinalestri og dæmum úr starfi. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar sýna að nemendum fannst matssamtölin krefjandi. Þeim fannst undirbúningur fyrir samtölin góður og töluðu um að allir sem að ferlinu komu hafi verið hjálpsamir og hvetjandi. Nemendum fannst matsaðilar taka sér góðan tíma til að hlusta á sig í samtalinu. Að mati matsaðila sýndu samtölin og verkefni þeim tengdum vel þá þekkingu og hæfni sem nemendur höfðu öðlast í starfi. Niðurstöðurnar styðja við þá hugmynd að mikilvægt er að gefa ófaglærðu starfsfólki leikskóla tækifæri til þess að fá reynslu sína og þekkingu metna til styttingar á leikskólakennaranámi.

Læra nemendur af því að fá einkunnir fyrir heimaæmi?

Ásdís Helgadóttir, dósent, VoN HÍ

Í verkfræði eru regluleg heimadæmi oft notuð til gefa nemendum tækifæri til að spreyta sig á verkefnum tengdum efni námskeiðs. Flestir eru sammála um að tilgangur heimadæmanna er að aðstoða nemendur við að tileinka sér námsefni og ættu því að vera leiðsagnarmat (sem einnig er ætlað til að læra af). Þrátt fyrir það er algengt að einkunn sé gefin fyrir heimadæmin og að þau gildi til lokaeinkunnar í námskeiði. Heimadæmin eru því í huga nemenda og kennara lokamat fremur en leiðsagnarmat líkt og eðlilegra væri. Nemendur kunna oft að meta að fá erfiði sitt metið til hækkunar á lokaeinkunn en það getur líka aukið hvatann til að svindla. Vinni nemendur ekki sjálfstætt í heimadæmum læra þeir þó lítið af þeim því lærdómurinn kemur frá því að reyna að leysa dæmin (og jafnvel frá því að mistakast það). Því ákvað kennari að hætta að gefa einkunn fyrir heimadæmi en gefa í staðinn ítarlega persónulega umsögn. Áhrif breytinganna eru að mestu metin út frá opnum svörum í kennslukönnun (þemu flokkuð og greind) en einnig út frá áhrifum á lokaeinkunn og út frá ígrundun kennara. Við að sleppa einkunn finnst nemendum þeir læra meira, upplifa minni pressu, finnst það hvetjandi til að vinna sjálfstætt í dæmunum, telja að svindl minnki, kunna að meta að fá ítarlega og tímalega endurgjöf. Það er því til mikils að vinna að gefa umsögn í stað einkunnar fyrir heimadæmi. Erindið mun einnig fjalla um næstu skref og hvaða hindranir standa í vegi fyrir þessu fyrirkomulagi.

Raddir nemenda: „Intensive course“ námskeið í fjórum löndum 2017-2022

Steingerður Kristjánsdóttir, aðjúnkt, MVS HÍ

Námsbraut í tómtunda- og félagsmálafræði hefur verið í samstarfi við fjóra háskóla í þremur löndum undanfarin sex ár þar sem haldin hafa verið námskeið (e. Intensive course) með samvinnu kennara frá þessum háskólum. Markmið með rannsókninni var að kanna hvernig nemendur upplifðu þetta fimm daga námskeið sem haldin voru á árunum 2017-2022, eða alls fjögur námskeið í fjórum mismunandi löndum. Á námskeiðunum unnu nemendur í hópum sem voru blandaðir m.t.t. þjóðernis og skiluðu af sér niðurstöðum í lok námskeiðsins. Spurningar voru lagðar fyrir nemendur rafrænt eftir hvert námskeið og alls bárust svör frá áttatíu og tveimur nemendum. Rannsókninni var meðal annars ætlað að varpa ljósi á þýðingu námskeiðsins fyrir nemendur og hvort lærdómur nemenda var í samræmi við námsmarkmið hvers námskeiðs. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar eru að meirihluti nemenda er ánægður með fyrirkomulag námskeiðanna og innihald þeirra. Í opnum spurningum kom einnig fram að nemendur töldu sig hafa dýpkað reynslu sína í viðkomandi viðfangsefni og víkkað sjóndeildarhringinn. Rannsóknin gefur sterklega til kynna að nemendur upplifa og læra mikið af því að hittast á alþjóðavísu, deila reynslu sinni og þekkingu. Það er nauðsynlegt að rannsaka enn frekar gildi alþjóðlegrar samvinnu þar sem þessi rannsókn veitir einungis innsýn í reynsluheim fárra nemenda en gefur engu að síður til kynna að samstarf af þessu tagi skili sér margfalt til nemenda. Bæði sem aukin þekking og víðsýni en ekki síst sem persónuleg reynsla sem nemendur búa að í sínu námi og störfum.

Dante – menntahugsuður fyrir okkar tíma

Jón Ásgeir Kalmannsson, aðjúnkt, MVS HÍ

Ýmsir hafa haldið því fram að við lifum á tímum vaxandi upplausnar á sviði menningar, siðferðis og stjórn mála. Sumir, til dæmis kanadíski vitsmunavísindamaðurinn John Vervaeke, tala um víðtæka merkingarkreppu í þessu sambandi, sem birtist meðal annars í aukinni tíðni þunglyndis, kvíða og sjálfsmorða hjá ungu fólki, vaxandi einmanaleika og tilfinningu fólks fyrir að lifa í heimi firringar og falsfrétta, minnkandi þátttöku almennings í trúarlegu starfi og stofnunum samfara tilbeiðslukenndu sambandi við tæki á borð við snjallsíma og samfélagsmiðla, og svo framvegis. Eigi þessi lýsing við rök að styðjast vaknar sú spurning hvernig sé best að bregðast við slíku ástandi; hvernig sé hægt styrkja trú fólks á að veruleikinn hafi merkingu og lífið sé sannarlega þess virði að lifa því. Í fyrirlestrinum verður sú tillaga tekin til heimspekilegrar greiningar og rökræðu að skáldskapur og heimspekileg hugsun ítalska skáldsins Dantes komi að góðum notum í þessu sambandi. Varpað verður ljósi á hvernig margvíslegar hliðar á höfuðverki Dantes, Gleðileikum guðdómlega, hjálpa okkur að hugsa

um merkingu og gildi, dygðir og lesti, sælu og synd. Meðal þema sem tekin verða fyrir er sú mannlega tilhneiging að rata í (merkingar)kreppu eða blindgötu, lífið sem ferðalag eða píligrímsför, afstaðan til þjáningar, alltumlykjandi mikilvægi langana og ástar, mikilvægi þess að sjá heiminn undir öðru sjónarhorni en hversdagslega, og mörg fleiri. Leitast verður við að sýna hvernig höfuðverk Dantes er eitthvert áhrifamesta meðal gegn merkingarleysi og tómhyggju sem um getur og hvernig það á því erindi við okkur í samtímanum sem aldrei fyrr.

Heilsa og líðan nær og fjær

Langtímarannsókn á líkamlegri og andlegri heilsu íslenskra ungmenna

Puríður Helga Ingvarsdóttir, doktorsnemi, MVS HÍ, Erlingur Jóhannsson, prófessor, MVS HÍ og Nanna Ýr Arnardóttir, lektor, HA

Sýnt hefur verið fram á jákvæð áhrif hreyfingar á líkamlega og andlega heilsu barna og unglunga, en langtímarannsóknir þar sem notast er við hlutlægar mælingar á hreyfingu eru þó enn af skorum skammti. Tilgangur þessa doktorsverkefnis er að kanna þróun langtímabreytinga á hreyfingu íslenskra ungmenna fæddum árið 1999 og samband við þrek, líkamssamsetningu, efnaskiptaþætti og andlega líðan þeirra. Þátttakendur í rannsókninni voru reykvísk ungmenni sem rannsökuð voru á fjórum tímamökum, þ.e. árið 2006 (7 ára, fjöldi = 268), 2008 (9 ára, fjöldi = 256), 2015 (16 ára, fjöldi = 315) og 2017 (18 ára, fjöldi = 236). Í fyrstu vísindagreininni verður notast við lýsandi tölfræði til að kanna hvernig hreyfing ungmennanna breytist frá 7 til 18 ára aldurs og hvort greina megir mun á kynjum. Þá verður mögulegt tvístefnusamband hreyfingar og líkamssamsetningar kannað (vísindagrein II) og hvort breytingar á hreyfingu frá barnæsku til unglingsára tengist efnaskiptaþáttum (vísindagrein III) og andlegri líðan (vísindagrein IV) á unglingsárum. Að framkvæmdar séu langtímarannsóknir á lífnaðarháttum ungs fólks er ótvírætt mjög dýrmætt og skapar mikilvæga þekkingu í vestrænum þjóðfélögum. Því er augljóst að niðurstöður þessarar rannsóknar munu auka vitneskju okkar um þróun ýmissa heilsufarslegra þátta meðal íslenskra ungmenna og skila mikilvægum upplýsingum til heilbrigðis- og menntastofnana á Íslandi.

Einmanaleiki, hamingja, hreyfing og streita hjá ólíkum aldurshópum: Heilsa og líðan Íslendinga

Þröstur Hjálmarsson, meistaranemi, MVS HÍ og Erlingur Jóhannsson, prófessor, MVS HÍ

Markmið rannsóknar var að kanna einmanaleika-, streitu- og hamingjusvörun út frá lýðfræðilegum breytum svo sem kyni, aldri, menntun og tekjum. Auk þess að skoða áhrif rösklegrar hreyfingar á einmanaleika, streitu og hamingju og breytingar á magni hreyfingar með hækkandi aldri. Notuð voru gögn úr könnuninni Heilsa og líðan Íslendinga sem Embætti landlæknis framkvæmdi og er frá árinu 2017. Spurningalisti var sendur til 9.887 Íslendinga og af þeim svöruðu 6.776 einstaklingar könnuninni. Gagnlíkindahlutfallið fyrir streitu, einmanaleika og hamingju var reiknað og notuð voru vigtuð gildi þar sem vigtað var eftir kyni, aldri og búsetu. Þýðinu var skipt niður í fjóra aldurshópa (18-30 ára, 31-43 ára, 44-66 ára og 67 ára og eldri). Niðurstöður sýna að konur upplifðu oftari einmanaleika og streitu en karlar (p-gildi: <0,001) en enginn munur greindist á hamingjusvörun milli kynja. Tíðni einmanaleika og streitu lækkaði með hækkandi aldri (p-gildi: <0,001) á meðan hamingjusvörun hækkaði með auknum aldri (p-gildi: <0,001). Allt framhaldsnám hafði jákvæð áhrif á hamingjusvörun (p-gildi: <0,001) og verndandi áhrif gegn einmanaleika (p-gildi: <0,001). Tíðni einmanaleika lækkaði með hækkandi tekjum (p-gildi: <0,001) og hamingjusvörun hækkaði með hækkandi tekjum (p-gildi: <0,001). Hreyfing hafði verndandi áhrif gegn streitu og einmanaleika (p-gildi: <0,001) og jákvæð áhrif á hamingjusvörun (p-gildi: <0,001). Engar marktækar breytingar urðu á magni hreyfingar með hækkandi aldri. Efla þarf stuðning við yngsta aldurshópinn í íslensku samfélagi. Einstaklingar sem hreyfa sig lítið og eru með lágar tekjur eru í hættu að upplifa einmanaleika, streitu og að vera óhamingjusöm.

Notkun tóbaks meðal unglunga sem ganga í skóla í Bissá, Gíneu-Bissá

Jónína Einarsdóttir, prófessor, FVS HÍ, Thomas A. Whitehead, meistaranemi, FVS HÍ, Aladje Baldé, rektor, Jean Piaget háskólinn í Gíneu-Bissá, Zeca Jandi, doktorsnemi, Universidade Federal da Bahia, Brasilíu, Hamadou Boiro, doktorsnemi, FVS HÍ og Geir Gunnlaugsson, prófessor, FVS HÍ

Algengi tóbaksreykinga er lægra í Afríku sunnan Sahara samanborið við aðra heimshluta, enda horfa tóbaksfyrirtækin á álfuna sem tækifæri fyrir aukna markaðshlutdeild. Rannsóknin miðar að því að lýsa og greina reykingar sigarettna og notkun vatnspípa meðal unglunga sem sækja skóla í höfuðborginni Bissá. Í júní 2017 var spurningalisti, byggður á Planet Youth samstarfinu, lagður fyrir handahófskennt úrtak unglunga í 16 skólum; alls svöruðu 2.039 nemendur á aldrinum 14-19 ára spurningalistanum (52% stúlkur). Gögnin voru greind með lýsandi tölfræði, kí-kvaðrat prófið var notað ($p < 0,05$) og líkindahlutföll (OR) reiknuð með 95% öryggisbili (CI). Lífsreynsla af sigarettureykingum var 15% og um 2% fyrir daglegar reykingar þar sem marktækt fleiri strákar reyktu en stúlkur; aftur á móti höfðu tæplega 18% reykt vatnspípu, án kynjamunar. Mikilvægir áhrifaþættir fyrir alla þrjá hópana (reykingar alla ævi, daglegar reykingar og lífstíðarnotkun vatnspípa) voru að hafa verið drukknir og eiga vini sem reyktu og fjölskyldumeðlimi sem reyktu daglega. Gögn benda til þess að þeir sem reyktu daglega hefðu reynslu af ofbeldi og að foreldrar sýni daglegu lífi þeirra takmarkaðan áhuga. Þeir sem höfðu reynslu af því að reykja vatnspípu voru marktækt líklegri til að hafa reynslu af neyslu áfengis og kannabis, verið reknir úr skóla og eiga foreldra sem þekktu ekki foreldra vina þeirra. Í samanburði við önnur lönd sunnan Sahara og víðar, þá er algengi sigarettureykinga í Bissá í lægri kantinum meðal unglunga. Lágt algengi daglegra reykinga gefur einstakt tækifæri til að huga vel að tóbaksvörnum meðal unglunga með sérstaka athygli á kynjamun neyslunnar.

Velsældarmenntun – virkar hún? Áhrif íhlutunar á lífsánægju/velsæld og sjálfsvinsemd framhaldsskólanemenda í Flensburg 2017-2022 – auk samanburðarhóps 2022

Borghildur Sverrisdóttir, framhaldsskólakennari, Flensborgarskólinn í Hafnarfirði

Tilgangur rannsóknar er að skoða hvort íhlutun á velsældarkennslu með aðferðum jákvæðrar sálfræði og núvitundar auki lífsánægju/velsæld og sjálfsvinsemd framhaldsskólanemenda í Hafnarfirði. Markmið rannsóknar er að sýna fram á mikilvægi velsældarkennslu á framhaldsskólastigi og jafnvel á öllum skólastigum fyrir lífsánægju, sjálfsþekkingu og námsárangur nemenda. Gerð var íhlutunarrannsókn 2017-2022 í áfanganum Jákvæð sálfræði og núvitund við Flensburg í Hafnarfirði. Þátttakendur í rannsókninni (sem svöruðu kvörðunum) voru 115 (Lífsánægjukvarði) og 104 (Sjálfsvinsemdarkvarði). Vorið 2022 var svo gerð samanburðarrannsókn (SH), þar sem samanburðarhópur (N=15) fékk enga íhlutun en tók kvarðana tvo í upphafi og lok annarinnar. Rannsóknin er megindleg. Mælitækin voru tveir sjálfsmatskvarðar; Lífsánægjukvarði Dieners (e. Subjective well-being scale - SWLS) og Sjálfsvinsemdarkvarði Neff (e. Self-compassion scale). Kvarðarnir voru lagðir fyrir þátttakendur í upphafi og í lok annar og niðurstöður bornar saman. Helstu niðurstöður eru að lífsánægja tilraunahópa (TH) jókst að meðaltali um rúm 11 prósentustig eftir íhlutun þessi sex ár, en lífsánægja SH árið 2022 dróst saman á tímabilinu um 2 prósentustig. Langflestir í TH (80%) juku lífsánægju sína eftir íhlutun. Helstu niðurstöður eru að sjálfsvinsemdin jókst að meðaltali um 11 prósentustig eftir íhlutun hjá TH en var nánast sú sama í upphafi og lok annar hjá SH 2022. Langflestir í TH (94%) juku sjálfsvinsemd sína eftir íhlutun. Niðurstöðurnar sýna góðar vísbendingar um jákvæð áhrif velsældarkennslu og hversu mikilvæg hún sé til að efla lífsánægju og velsæld nemenda og þar með námsárangur og um leið til að draga úr kvíða og þunglyndi. Unnið er að marktektarprófi fyrir niðurstöður og nánari tölfræðiútreikningi.

Hreyfing og heilsa

Áhætta á hlutfallslegum orkuskorti meðal íslenskra íþróttakvenna, metin út frá LEAF-Q spurningalistanum

Birna Varðardóttir, doktorsnemi, MVS HÍ, Anna Sigríður Ólafsdóttir, prófessor, MVS HÍ og Sigríður Lára Guðmundsdóttir, prófessor, MVS HÍ

Low Energy Availability in Females Questionnaire (LEAF-Q) spurningalistinn hefur víða verið notaður í rannsóknum á hlutfallslegum orkuskorti í íþróttum (e. Relative Energy Deficiency in Sport, RED-S). LEAF-Q var upphaflega prófaður og þróaður til rannsókna meðal fullorðinna úthaldsíþróttakvenna, en til þessa hefur skort mat á áreiðanleika og réttmæti listans fyrir aðrar íþróttagreinar og ólíka aldurshópa. Markmið RED-í rannsóknarverkefnisins er að meta algengi og áhættuþætti RED-S meðal íþróttafólks á Íslandi sem æfir og keppir á afreks- og framhaldsstigi. Í fyrri hluta RED-í var íþróttafólki sem náð hafði 15 ára aldri boðið að svara rafrænum spurningalista sem samanstóð af LEAF-Q auk viðbótarspurninga sem tóku til svefns, endurheimtar og vellíðunar. Alls svaraði 121 íþróttakona (aldur $21,8 \pm 7,5$ ár) spurningalistanum. Þátttakendum var skipt í eftirfarandi flokka út frá íþróttagreinum: fagurfræðilegar-, bolta-, úthalds-, kraft-, þyngdarflokka- og aðrar íþróttagreinar. Meðal LEAF-Q heildarskor var $7,5 \pm 4,5$ og 43,8% skorðu = 8 (viðmið fyrir áhættu á RED-S). Ekki var munur á LEAF-Q heildarskori milli íþróttagreina. Þátttakendur í boltaíþróttum voru með marktækt hærra meiðslaskor en þátttakendur í fagurfræðilegum ($p=0,032$) og öðrum ($p<0,001$) íþróttagreinum. Þátttakendur í fagurfræðilegum íþróttum höfðu hæst skor fyrir blæðingatruflanir, en munur milli íþróttagreina reyndist ekki marktækur. Niðurstöður okkar benda til þess að ekki sé munur á heildarskori LEAF-Q milli ólíkra íþróttagreina eða flokka þeirra. Frekari rannsókna er þörf til að hægt sé að ákvarða að hve miklu marki undirskor LEAF-Q endurspeglar RED-S áhættu í mismunandi íþróttum og aldurshópum. Taka þarf tillit til tegunda og/eða orsaka meiðsla og annarra áskorana, og mögulegrar tengingar við RED-S eða skorts þar á.

Hugardans, hvað gerist ef við setjum hreyfingu sem er byggð á hreyfiþroskamynstrum barna inn í kennslustofuna?

Guðrún Óskarsdóttir, skólastjórnandi, Skólastjóri dansskólans Óskanda

Hugardans, hvað gerist ef við setjum hreyfingu sem er byggð á hreyfiþroskamynstrum barna inn í kennslustofuna? Notast var við kennsluáðferðina Brain-compatible dance education frá Anne Green Gilbert til að leitast við að svara rannsóknarspurningunni. Hugardans er byggður á átta hreyfimyndum sem barnið fer í gegnum fyrsta æviárið. Rannsóknin fór fram í einum grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu á haustönn 2021. Á hverjum degi, í um það bil 3-7 mínútur, gerðu nemendur hugardansinn undir leiðsögn umsjónarkennara. Þátttakendur voru 52 nemendur í 1., 3. og 5. bekk ásamt umsjónarkennurum. Í hverri viku fengu kennarar nýja nálgun um hvernig ætti að gera hugardansinn út frá dansþemum. Notast var við eiginlega rannsóknaraðferð þar sem rannsakandi kom í heimsókn tvisvar sinnum í viku á tímabilinu, hélt rannsóknardagbók, tók viðtöl við kennara, átti samtöl við nemendur, lagði fyrir spurningalista ásamt því að taka upp myndbandsbrot af nemendum að gera hugardansinn. Niðurstöðurnar benda til þess að hugardansinn bjóði upp á tækifæri í skólastarfi. Þær gefa til kynna að skólaumhverfið hafi rými og stund til að gera hugardansinn, kennarar geti leitt hann og hægt sé að nýta hreyfingu inni í kennslustofunni í meira mæli en nú er. Nemendur voru almennt jákvæðir og fundu fyrir breytingum eftir að hafa gert hugardansinn, nokkrir fundu fyrir þreytu en flestir nefndu breytingar í formi aukinnar orku og einbeitingar, vellíðan og ró, sem og aukið sjálfstraust, atriði sem geta haft jákvæð áhrif á frekari námsframvindu. Kennarar öðluðust ný verkfæri til að beita í kennslu og nemendur verkfæri sem nýtast bæði innan og utan kennslustofunnar.

Schoolyard Affordances for Physical Activity: A Pilot Study in 6 Nordic–Baltic Countries

Pórdís Lilja Gísladóttir, dósent, MVS HÍ, Renata Rutkauskaitė, associate professor, Lithuanian Sports University, Ingunn Fjortoft, professor, University of South-Eastern Norway, Maret Pihu, assistant professor, University of Tartu, Lise Kjonniksen, assistant professor, University of South-Eastern Norway, Terhi Huovinen, assistant professor, University of Jyväskylä, Irinja Lounassalo, assistant professor, University of Jyväskylä

The aim of the study was to explore and describe the main characteristics of schoolyards in six Nordic–Baltic countries, and how they afforded PA and motor skills in 7–16-year-old pupils and how the schoolyards met the pupils' preferences. The study examined schoolyards in six different Nordic–Baltic countries: Estonia, Finland, Iceland, Latvia, Lithuania, and Norway. One compulsory school (grades 1–9) in urban or sub-urban districts was selected from each country. The schoolyard environments, facilities, and equipment for PA in the six schoolyards were described and identified through Orto-Photo maps and standard registration forms for field observations. Registration was made of available materials and equipment for different activities and sport facilities and landscape design in the schoolyard. Qualitative data collection on pupils' preferences for PA was performed by group interviews in selected groups at each school. The interviews were done in groups of 2–6 pupils. The interview included pre-structured questions about schoolyard and PA during school day. In total 85 (N) pupils were interviewed (51% girls). Across nationalities, the responses from pupils regarding their schoolyard were similar: they liked their schoolyards though they wished for more variety of activities and things to do during recess. A common design of schoolyards indicated mostly flat topography with sparse vegetation and green areas dominating by large traditional sport arenas such as football field, different ball game areas and areas suitable for track and field activities. Green areas and varied topography were more prominent in the Nordic countries.

Íslenska sem annað mál

Íslenskuþorpið í grunnskólum í Grafarvogi og Kjalarnesi: Reynsla og tækifæri

Karen Rut Gísladóttir, prófessor, MVS HÍ, Hanna Ragnarsdóttir, prófessor, MVS HÍ og Guðlaug Stella Brynjólfssdóttir, verkefnastjóri Íslenskuþorpsins

Börnum með önnur móðurmál en íslensku hefur fjölgað hratt í íslenskum skólum á undanförunum árum. Auk þess að stutt sé við móðurmál þeirra er mikilvægt að þau nái góðum tókum á íslensku til að styrkja þau í námi og þátttöku í íslensku samfélagi. Íslenskuþorpið byggir á rannsóknum á því hvernig tungumál lærast í félagslegum samskiptum. Íslenskuþorpið er kennsluverkefni í íslensku sem öðru máli þar sem boðið er upp á markvisst og sérsniðið æfingumhverfi í raunverulegum aðstæðum. Kennsluaðferðin myndar brú úr kennslustofunni yfir í dagleg samskipti á íslensku og virkrar þátttöku í skólasamfélaginu. Í Íslenskuþorpinu er samið við velviljaða einstaklinga um að taka þátt í verkefninu og eiga samskipti við nemendur, þannig er íslenskunámið gert aðgengilegt, hagnýtt og skemmtilegt. Markmið rannsóknarinnar var að skoða tækifæri til málnotkunar í raunverulegum aðstæðum sem felast í kennsluverkefnum Íslenskuþorpsins og hvernig kennurum og skólastjórnendum gengur að halda utan um, tileinka sér og þróa þessi verkefni. Eftirfarandi rannsóknarspurning var höfð að leiðarljósi: Hver er reynsla kennara (þorpsstjóra) og skólastjóra af Íslenskuþorpinu? Rannsóknin fór fram á árunum 2020 til 2022. Gögnin sem aflað var á þessu tímabili eru; verkefnalýsingar, verkefni nemenda, upptökur af samtölum, spurningakönnun, viðtal við verkefnastjóra og rýnihópaviðtöl við kennara og skólastjórnendur. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að kennarar taka eftir framförum í íslensku hjá nemendum sem rekja má til Íslenskuþorpsvinnunnar. Kennarar tileinkuðu sér ný verkefni og nýjar leiðir sem ýta undir málnotkun og efla samstarf og tengsl við aðra kennara.

Viltu tala íslensku við mig? Kennsluverkefni í íslensku sem öðru máli

Guðlaug Stella Brynjólfssdóttir, verkefnastjóri Íslenskuþorpsins, HVS

Grunnskólarnir í Grafarvogi og á Kjalarnesi leituðu til Íslenskuþorpsins sem er kennsluverkefni í íslensku sem öðru máli við Háskóla Íslands við mótun verkefnisins „Viltu tala íslensku við mig?“ Töluðu máli hefur ekki verið gert nægjanlega hátt undir höfði í kennslu íslensku sem annars máls. Megintilgangur og markmið með verkefninu Viltu tala íslensku við mig? er að skapa aukin tækifæri fyrir nemendur til að tala íslensku og jafnframt styrkja félagsfærni og sjálfstraust þeirra í skólasamfélaginu. Í Íslenskuþorpinu er boðið upp á markvisst og sérsníðið æfingaumhverfi fyrir nemendur í raunverulegum aðstæðum þar sem gengið er út frá því að tungumál lærist í félagslegum samskiptum. Aðferðin myndar brú úr kennslustofunni yfir í dagleg samskipti á íslensku og virkrar þátttöku í skólasamfélaginu. Samið er við velviljaða einstaklinga um að taka þátt í verkefninu og eiga samskipti við nemendur, þannig er íslenskunámið gert aðgengilegt, hagnýtt og skemmtilegt. Fræðilegur grundvöllur Íslenskuþorpsins byggir m.a. á doktorsrannsókn Guðrúnar Theodórsdóttur, dósents í íslensku sem öðru máli við Háskóla Íslands frá 2010. Þar sýna niðurstöður hvernig hægt er að nýta hversdagsleg samskipti utan kennslustofunnar til tungumálanáms. Nýjar rannsóknir í máltileinkun ganga út frá því að máltileinkun geti ekki orðið og verði ekki án málnotkunar. Rannsóknir sýna jafnframt að það sem skiptir mestu máli er að tala við einhvern sem kann meira í nýja málinu en nemandinn sjálfur og að tungumálanámið fari fram í samhengi við aðstæður. Í fyrirlestrinum verður greint frá Íslenskuþorpinu og umfangi þess í grunnskólum Grafarvogs og á Kjalarnesi, sagt frá kennsluaðferðinni, verkefnum nemenda og stuðningsnetinu.

Hagnýtt íslenskunámskeið fyrir foreldra barna með fjölmennningarlegan bakgrunn á grunnskólaaldri: Þróunarverkefni í Sveitarfélaginu Árborg

Aneta Figlarska, kennsluráðgjafi í fjölmenningu, Sveitarfélagið Árborg, Anna Linda Sigurðardóttir, deildarstjóri fjölmenningardeildar í Vallaskóla, Sveitarfélagið Árborg og Anna Katarzyna Wozniczka, verkefnastjóri í málefnum flóttamanna hjá Sveitarfélaginu Árborg og doktorsnemi, MVS HÍ

Í erindinu verður fjallað um rannsókn á ávinningum íslenskunámskeiðs fyrir foreldra barna með fjölmennningarlegan bakgrunn á grunnskólaaldri sem haldið var haustið 2021. Um var að ræða þróunarverkefni hjá Fjölskyldusviði Árborgar styrkt af Íslenskusjóðnum Háskóla Íslands. Rannsóknir sýna að tungumálaörðugleikar geta hindrað þátttöku foreldra í námi barna sinna og þeir geta upplifað sig einangraða. Aðalnámskrá grunnskóla gerir ráð fyrir að foreldrar séu virkir þátttakendur í skólasamfélaginu í samvinnu við starfsmenn skóla. Veturinn 2021/22 voru 12% grunnskólanema í Árborg með fjölmennningarlegan bakgrunn. Tilgangur rannsóknarinnar var að skoða hvort og hvernig námskeiðið eflði notkun foreldranna á íslensku máli sem og þekkingu þeirra á íslensku skólakerfi. 12 foreldrar og 11 börn þeirra tóku þátt í námskeiðinu en boðið var upp á málörvun fyrir börn í samstarfi við Rauða krossinn. Kennnt var tvö kvöld í viku í fimm vikur. Að kennslu stóðu deildarstjóri fjölmenningardeildar, kennsluráðgjafi í fjölmenningu og verkefnastjóri í málefnum flóttamanna hjá sveitarfélaginu. Safnað var skriflegum upplýsingum um íslenskukunnáttu foreldranna og viðhorf þeirra til námskeiðsins í upphafi og lok námskeiðsins. Einnig var stuðst við dagbækur kennaranna. Nemendahópurinn var fjölbreyttur hvað varðar bakgrunn og þarfir. Niðurstöður benda til þess að í lok námskeiðsins voru foreldrarnir betur upplýstir og sjálfstæðari, m.a. í foreldraviðtölum, skráningu barna í frístundir og við notkun Mentor-kerfisins. Námskeiðið var stutt en þátttakendurnir fengu engu að síður gott rými til tjáningar og spurninga. Brýn þörf er fyrir námskeið af þessu tagi en það eykur hlutdeild foreldra í námi barna sinna, styrkir samstarf á milli heimilis og skóla og eflir tengslanet milli foreldra.

[Leiðir til læsis](#)

Kerfisbundinn og markviss stuðningur við lestrarnám

Fjóla Björk Karlsdóttir, aðjúntkt, HA og Guðmundur Engilbertsson, lektor, HA

Í lestrarkennslu þarf að halda vel utan um marga þræði og fylgja þeim eftir til þess að lestrarnámið verði sem farsælast. Í mörgum tilvikum þarf að einstaklingsmiða kennslu og veita viðeigandi og

markvissan stuðning. Hluta nemenda reynist erfitt að ná tökum á lestri og árangur þeirra veltur gjarnan á því að greina stöðu þeirra sem fyrst og veita þeim þann stuðning sem þarf. Í erindinu verður gerð grein fyrir rannsókn á því hvernig mati á lestri á yngsta stigi grunnskóla er háttað og hvernig því er fylgt eftir. Leitast er við að skilja hversu markviss og kerfislægur stuðningurinn er, hvað einkennir starf í þeim efnum og hvernig megi styrkja það. Tekin voru viðtöl við átta starfandi sérfræðinga á sviði lestrarkennslu (tilgangsrúttak). Niðurstöðurnar sýna að innan skólanna er lögð áhersla á lesskimun og mat á lestrarfærni strax á fyrstu mánuðum lestrarnámsins í grunnskóla og áfram út 2. bekk en formleg lesgreining á sér þó ekki stað fyrir en í 3. bekk. Skimun, greining og kennsla virðast fylgja kerfisbundnu ferli en niðurstöður benda þó til ákveðins veikleika er varðar ábyrgð, verkaskiptingu og kennslu svo best verði haldið utan um nám allra nemenda og að þeir fái viðeigandi stuðning í lestri. Niðurstöðurnar dýpka þekkingu á starfsháttum er varða lestrarkennslu fyrstu árin í grunnskóla og stuðning við nemendur sem standa höllum fæti í lestrarnámi. Niðurstöðurnar geta nýst sem leiðarljós við stefnumörkun og þróun skipulags og starfshátta í þágu lestrarnáms barna.

Læsi til náms: læsislíkan á þremur stigum

Guðmundur Engilbertsson, lektor, HA

Á undanförunum árum hefur John Hattie gert grein fyrir niðurstöðum viðamikillar rannsóknar á tengslum ýmissa þátta og aðferða við námsárangur. Jafnframt hefur Hattie ásamt fleirum sett hluta niðurstaðna í samhengi við líkan af læsi á þremur stigum. Stigin þrjú mynda ákveðið ferli, frá grunnnámi (e. surface literacy learning), til djúpnáms (e. deep literacy learning) og til yfirfærslunáms (e. transfer literacy learning). Grunnám felur í sér öflun grunnþekkingar, djúpnám stuðlar að dýpri eða sértækari þekkingu og yfirfærslunám snýr að merkingarsköpun – að tengja saman ýmsa þætti þekkingar og endurbirta á nýjan hátt. Þetta eru gagnleg fræði sem gefa góða mynd af læsi í víðum skilningi og lýsa því í hvaða samhengi árangursríkar kennsluaðferðir virka best. Fræðin sýna t.d. hvenær er árangursríkast að huga markvisst að eflingu lesskilnings og orðaforða, að nota aðferðir eins og hugræna kortagerð, samræðu til náms eða gagnvirkan lestur, ítarlestur, þrautalausnaaðferðir o.s.frv. Eðli og aðgreining hvers læsisstigs skýrir hvers vegna aðferðir eins og bein kennsla virka best á grunnnámsstigi, og þrautalausnaaðferðir á yfirfærslunámsstigi. Í erindinu verður gerð grein fyrir læsislíkaninu, hvað einkennir hvert stig og hvers konar aðferðir hæfa á hverju stigi. Þessi fræði er skynsamlegt að hagnýta í þágu læsis, náms og kennslu og þau skýra að hluta til hvers vegna niðurstöður rannsókna á gildi aðferða eru oft eins misvísandi og raun ber vitni.

Áhrif tónlistarnáms á lestrarfærni og lesblindu: Samantekt á niðurstöðum nýlegra rannsókna á áhrifum tónlistariðkunar á skynjun og úrvinnslu máhljóða

Helga Rut Guðmundsdóttir, prófessor, MVS HÍ

Rannsóknin fólst í því að taka saman rannsóknir síðustu 20 ára á sviði heila- og taugavísinda, skynjunarsálfræði, tónlistarsálfræði og lestrarfræða þar sem viðfangsefnið var áhrif tónlistarnáms eða tónlistariðkunar á vitsmunalega færni sem tengist og hefur áhrif á textalestur. Rannsóknin er innblásin af kenningum sem halda því fram að tungumálanám (máltaka) og tónlistarnám deili sömu taugabrautum í heilanum, að einhverju leyti, sem leiði til þess að tónlist og tungumál skarist þannig að hvort um sig hafi óumflýjanlega áhrif á hitt. Slíkar kenningar hafa mikilvæga þýðingu fyrir hlutverk tónlistar í máltöku barna en ekki síður fyrir skilning og nám á táknrænu formi tungumálsins þegar kemur að textalestri og textalæsi. Samkvæmt UNESCO fellur færnin að lesa og skrifa undir grundvallarmannréttindi. Niðurstöður margra ólíkra rannsókna benda til þess að tónlist hafi í eðli sínu einstök áhrif á skynjun máhljóða og úrvinnslu þeirra. Í erindinu er gert skýrt grein fyrir því hvað átt er við með hugtakinu tónlist og tónlistariðkun í þessu samhengi og einnig útskýrt nákvæmlega hvaða þættir tónlistar s.s. rytmi eða laglína geta (samkvæmt rannsóknum) haft áhrif á hvaða þætti heyrnrænnar og vitsmunalegrar greiningar þegar kemur að skynjun og úrvinnslu máhljóða. Þar sem máhljóð og skynjun þeirra eru undirstaða góðrar færni í lestri er mikilvægt að skilja til hlítar hvaða leiðir eru færar til að stuðla að og styðja við öfluga máhljóðagreiningu. Þetta á bæði við um ung börn

á máltökualdri en einnig getur þessi þekking nýst til að styðja við nemendur sem eiga erfitt uppdráttar í lestrarnámi vegna meðfæddra skynjunarvandamála, s.s. lesblindu.

Felast töfrar í tölum?

Anna Söderström, doktorsnemi, FVS HÍ

Lestrarkennsla grunnskólabarna er ekki bara spurning um að ná tökum á bókstöfum heldur koma tölur einnig töluvert við sögu. Í menntastefnu eru sett fram lestrarmarkmið sem mælast í tölum, lestrarhraði er ítrekað mældur og tölfraði úr PISA-könnunum rædd. Jafnvel heimalestur er mældur og skráður í fjölda mínútna eða blaðsíða. Tölur og tölfraði er auðvelt að skilja og ræða þar sem slík framsetning býr oft til skýra mynd af flóknum veruleika. En hvað segja þessar tölur um lestrarmenningu og skilning á hvað læsi er og gæti verið? Í þessu erindi verður sjónum beint að sambandi lesturs og talna í þeim tilgangi að skoða afleiðingar þess sem kalla má talnavæðingu læsis. Um er að ræða eigindlega rannsókn sem er unnin með gagnrýninni orðræðugreiningu á stefnuskjöllum, skýrslum og opinberri umræðu um lestur ásamt þemagreiningu á 12 opnum hálfstöðluðum djúpvíðtölum við foreldra barna í 1.-6. bekk grunnskóla um reynslu þeirra af heimalestri. Þær niðurstöður sem hér eru kynntar eru hluti af yfirstandandi doktorsrannsókn í þjóðfræði þar sem lestrarmenning í íslensku samfélagi er tekin til skoðunar. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna m.a. að talnavæðing læsis hefur í för með sér auknar áherslur á þætti sem er auðvelt að mæla, eins og lestrarhraða og fjölda daga sem heimalestur er stundaður, á kostnað annarra þátta læsis, t.d. skilnings og áhuga. Tölurnar gegna því ekki eingöngu því hlutverki að kortleggja lestur nemenda heldur hafa þær mótandi áhrif á hvað talið er felast í lestri og læsi. Slíkar áherslur geta virkað fráhrindandi og fælt ákveðinn hóp nemenda frá ástundun lesturs.

Leikskólastarfið og rannsóknir

Að skrá og meta leikskólastarf í undirbúningstíma

Kristín Karlsdóttir, dósent, MVS HÍ, Sara Margrét Ólafsdóttir, dósent, MVS HÍ, Anna Magnea Hreinsdóttir, aðjúnt, MVS HÍ, Margrét Sigríður Björnsdóttir, aðjúnt, MVS HÍ

Hér verða ræddar rannsóknarniðurstöður um nýtingu aukins undirbúningstíma leikskólakennara samkvæmt nýlegum kjarasamningum. Aðallega snýr umfjöllunin að þeim hluta undirbúningstímans sem fjallar um mat og skráningu í leikskólastarfi. Leikskólakennarar nýta undirbúningstíma sinn til að auka fagmennsku í starfinu; m.a. að byggja upp og leiða lærdómssamfélag, sem felur í sér að stuðla að virkri þátttöku samstarfsfólks og hlusta á raddir barna. Byggt er á hluta gagna rannsóknar sem fram fór í átta leikskólum með það að markmiði að skoða skipulag, framkvæmd og áhrif undirbúningstíma leikskólakennara. Byggt er á viðtölum við 24 viðmælendur: leikskólastjóra, deildarstjóra og leikskólakennara í átta leikskólum. Í niðurstöðum kom fram að meirihluti viðmælendanna sögðust nota skráningalista, m.a. TRAS, til að meta og fá yfirsýn yfir stöðu barna og þróa faglegt starf. Skráningar (s.s. Uppeldisfræðilegar skráningar, Námsgögur) voru notaðar í einum þátttökuleikskólanna. Flestir viðmælenda sögðust ekki nýta þess konar skráningar, en nokkrir vonuðust til að fljótlega myndi skapast rými til þess í undirbúningstímanum, sem væri þegar yfirfullur af verkefnum. Í nokkrum leikskólanna var lögð áhersla á að vinna með starfsmannahópnum, til að styðja við samvinnu meðal leikskólakennara og annars starfsfólks. Afar sjaldan nefndu viðmælendur að þeir nýttu hluta undirbúningstímans til að vera inni á deild, t.d. til að leiðbeina og vinna með samstarfsfólki eða til að vinna skráningar með börnum og komast þannig nær sjónarmiðum þeirra. Álykta má að betri nýting skráninga í leikskólastarfi geti gert sjónarmið barna sýnilegri, aukið skilning á því sem gerist í leik og með því móti þróað matsaðferðir sem styðja við áhrifamátt barna.

Reynsla og styrkleikar einstaklinga sem sinna stuðningi í leikskólum

Magnea Arnardóttir, leikskólakennari, Leikskólinn Rauðhóll

Rannsóknin var gerð á persónustyrkleikum einstaklinga sem sinna stuðningi við börn á leikskóla og hvaða bjargir hafa reynst þeim einstaklingum vel til þess að sinna störfum sínum sem best. Markmið rannsóknarinnar var að komast að því hvaða bjargir, styrkleikar eða annað geri það að verkum að starfsfólk sem sinnir stuðningi geti gert það vel og lengi. Rannsóknin var eigindleg og tekin voru einstaklingsviðtöl við einstaklinga sem starfað hafa að minnsta kosti í tvö ár sem stuðningur á leikskóla hjá Reykjavíkurborg. Einnig voru nýttar niðurstöður persónustyrkleikaprófa einstaklinganna. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar eru að stuðningur stjórnenda, húmor og sveigjanleiki einstaklinga auk jafningjahandleiðslu, formlegrar og óformlegrar, á vettvangi hefur reynst þessum einstaklingum best í sinni vinnu í leikskólanum. Ályktanir út frá niðurstöðum eru þær að velja þurfi fólk vel í stuðning í leikskóla og horfa megi til þess að fólk sé sveigjanlegt, hafi húmor fyrir sjálfu sér og sinni vinnu. Einstaklingar sem hafa óbilandi lærdómsást og manngæsku í sínum persónustyrkleikum. Virðingu fyrir fólki, skilning á snemmtækri íhlutun og þörfum barna með sérþarfir og nægan stuðning frá stjórnendum, samstarfsfólki og öðrum sem sinna stuðningi.

Flæði og samþætting – þróunarverkefni fjögurra leikskóla

Sigrún Grétarsdóttir, skólastjórnandi, Leikskólinn Hólaborg, Anna Magnúsdóttir, skólastjórnandi, Leikskólinn Sunnufold, Agnes Jónsdóttir, Leikskólinn Funaborg, skólastjórnandi og Pála Pálsdóttir, skólastjórnandi, Leikskólinn Engjaborg

Markmið verkefnisins er að styrkja kennara og annað starfsfólk leikskólanna í að vinna að sjálfsefningu og félagsfærni í leikskólunum í daglegu starfi og að efla kerfisbundin vinnubrögð í flæðandi starfi leikskólanna. Tilgangurinn er að undirstrika mikilvægi þess að koma auga á hugmyndir barnanna og bregðast við þeim með því að huga að skipulagi leikumhverfis, leikefnis, tíma og þeim möguleikum sem börnin hafa til að þróa hugmyndir sínar og leik. Verkefnið var unnið í anda náms- og samstarfssamfélags leikskólanna og var fléttað saman við daglegt starf og viðfangsefni. Reglulega voru sameiginlegir fundir stjórnenda leikskólanna sem byggðu á fræðslu og samræðu um daglegar athafnir og samskipti innan leikskólanna. Var efnið síðan rætt nánar á deildarfundum með öllu starfsfólki. Niðurstöður verkefnisins sýna að þátttakendum fannst mikilvægt að vera til staðar fyrir börnin í leik, kenna og leiðbeina, ekki stýra of mikið. Þeim fannst börnin eiga að stýra leiknum í samræmi við eigin hugmyndir. Starfsfólk þyrfti að vera meðvitað um námið sem á sér stað í leik, að virða leikreglur barnanna og hugmyndir þeirra. Þeim fannst mikilvægt að bera virðingu fyrir hugmyndum barnanna og grípa þær og leyfa þeim að þróa leikinn. Einnig að börnin upplifi að lifa þar sem er hlustað á þeirra raddir. Verkefnið hefur gefið þátttakendum tækifæri til að hugsa upp á nýtt það sem verið er að gera og annaðhvort styrkja það eða breyta og allir vita og skilja hvers vegna verið er að breyta.

Á milli stúdentsprófs og heimsreisu

Gerður Magnúsdóttir, leikskólakennari, Leikskólinn Sólhvörf

Markmið þessarar rannsóknar er að skoða þann hóp ungs fólks sem velur að vinna tímabundið í leikskóla fljótlega eftir stúdentspróf. Lagt var upp með að svara eftirfarandi spurningum: Hver eru viðhorf níu ungra leiðbeinenda sem starfa tímabundið í leikskólum til leikskólastarfsins? Og hins vegar: Hverjar eru helstu ástæður þess að það leggur ekki fyrir sig leikskólakennaranám? Rannsóknin var unnin með eigindlegum rannsóknaraðferðum þar sem tekin voru hálfopin viðtöl við níu unga einstaklinga sem starfa sem leiðbeinendur eða leiðbeinendur með stuðningi á fimm leikskólum á höfuðborgarsvæðinu. Niðurstöðurnar sýna skýrt að áhrif foreldra á náms- og starfsval viðmælenda eru mikil og bendir allt til þess að þær skoðanir byggji mikið á hugmyndum um laun og mismikilvæg störf og menntun. Auk þessa spila fyrirmyndir stórt hlutverk því að viðmælendur sjá ekki framtíðina í því að sækja í leikskólakennaranám og upplifun þeirra af leikskólaumhverfinu mótar einnig skoðanir þeirra og viðhorf. Þessi rannsókn sýnir að vert er að skoða þetta efni enn betur, ekki síst hvaðan skoðanir foreldranna koma og hvernig leikskólaumhverfið hefur áhrif á unga leiðbeinendur. Þær

upplýsingar sem verða til við þessa rannsókn og framhaldsrannsóknir á sama efni gætu nýst í ímyndarvinnu leikskólakennara og til þess að ná betur til þessa hóps á framhaldsskólastigi.

What characterizes Icelandic preschool education research in the 21st century

Anna Árnadóttir, aðjúkt, MVS HÍ and Brynja Elísabeth Halldórsdóttir, associate professor, School of Education, UI

Icelandic educational research has in the past 40 years increased significantly. In this presentation we discuss a systematic review of research on preschools in the Icelandic educational context. A previous review of educational research conducted 2003-2005, by Kaldalóns and Macdonald (2005) based on publication data from 1998-2002, examined educational research and publications from preschool to upper secondary education. Our goal in this presentation is to extend this previous survey to better understand what types of research have been prevalent on Icelandic preschools in the past 20 years. Understanding the development trajectories of education research allows for critical understanding of research trends and characteristics, which can then illuminate the gaps. Our data show that there has been significant development of research and subsequent academic publications related to the preschool level. The focus of the articles is highly diverse and include topics such as language acquisition, gender identity development and multicultural education (including immigrants and refugees). Preliminary findings further indicate that methodological descriptions have become more developed and detailed in qualitative research (which is the primary methodological choice) and that action research has become increasingly popular as a research methodology, reflecting a trend of teacher actively working in the field while conducting their research. Findings also reflect a gendered difference in authors, where women have published significantly more than men about preschool research, which reflects the profession's gender disparity as 93% of employees in preschools are women.

Mál og samskipti leikskólabarna

Lengi býr að fyrstu gerð – Málörvunarstundir í leikskóla

Theodóra Mýrdal, leikskólakennari, Leikskólinn Tjarnarsel

Markmið þessarar starfendarannsóknar er að skoða hvernig 3 leiðbeinendur með ólíkan bakgrunn og starfsreynslu ásamt einum kennara nota kennslugagnið Málörvunarstundir – lengi býr að fyrstu gerð til að undirbúa sig fyrir markvissar málörvunarstundir í litlum hópum í hópastarfi. Rannsóknin fór fram í einum leikskóla frá desember 2021 fram í febrúar 2022. Kennslugagnið sem um ræðir eru spjöld sem hafa forskrift að málörvunarstundum fyrir börn á aldrinum 2-6 ára. Málörvunarstundirnar eru settar saman á fjölbreyttan hátt og snúa að því að efla málþroska barna, þ.e. skilning og tjáningu með því að vinna með hljóðkerfisvitund, hljóðavitund, orðaforða og frásagnarhæfni. Einnig miða þær að því að styrkja félagsþroska barna með leikjum og fjölbreyttum spilum. Markmiðið með því að útbúa spjöldin var að gefa starfsfólki leikskóla tækifæri til að auka gæði málörvunarstunda. Starfsfólk og kennarar velja sér spjald og undirbúa stundina án þess að það taki of langan tíma. Einnig að reynsluminni kennarar og leiðbeinendur tileinki sér fagleg vinnubrögð í málörvunarstundum á skýran og skjótan hátt. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að málörvunarspjöldin efla alla þátttakendur. Þau hjálpuðu kennaranum við að undirbúa og framkvæma málörvunarstundir á markvissan hátt þar sem áhersla var lögð á alla þætti sem koma fyrir í málþroska. Spjöldin voru hjálpargagn við val á aðferðum og efni. Einnig sköpuðu þau ramma um skipulag, sérstaklega þegar lítill tími gafst til undirbúnings. Leiðbeinendurnir öðluðust allir meiri faglegri sýn og lærðu hvernig ætti að byggja upp markvissa málörvunarstund og öðluðust skilning á mikilvægi markvissrar málörvunar.

Leikur sem meginnámsleið barna

Sara M. Ólafsdóttir, dósent, MVS HÍ og Kristín Karlsdóttir, dósent, MVS HÍ

Í þessu erindi verður fjallað um gildi leiks í námi leikskólabarna en samkvæmt aðalnámskrá leikskóla á leikur að vera hornsteinn leikskólastarfs. Fjölmargar rannsóknir hafa sýnt fram á mikilvægi leiks fyrir börn en á sama tíma hefur áhersla aukist á bóknám þar sem jafnframt er lagt mat á afmarkaða færniþætti. Hætt er við að áhersla á bóknám verði á kostnað leiks og því þarf að standa vörð um hann. Til þess að öðlast betri skilning á leik sem meginnámsleið barna var rýnt í fyrri rannsóknir um leik þar sem notaðar hafa verið fjölbreyttar aðferðir við gagnaöflun og byggt á mismunandi fræðilegum grunni og sjónarhornum. Helstu niðurstöður sýna að leikur barna hefur fjölbreyttar birtingarmyndir og hefur verið túlkaður á mismunandi hátt út frá ólíkum sjónarmiðum. Leikur og nám er háð því hvort hugmyndir, áhugamál og athafnir barnanna innan leiks séu „í brennidepli“. Börn nota fleiri aðferðir við lausnaleit, eru virkari þátttakendur og sýna meiri ánægju/gleði en í aðstæðum þar sem kennsluhættir eru formlegri eða meiri stýring er af hálfu leikskólakennara. Álykta má að leikskólakennarar þurfi að þekkja mismunandi skilgreiningar á leik barna, vita hvernig skoða má leik út frá mismunandi sjónarhornum og móta leiðir til þess að taka þátt í leik barna á þeirra forsendum. Með þátttöku í leik barna þróa leikskólakennarar skilning sinn á leik sem þeir geta nýtt til að ígrunda starf sitt, styðja við áhrifamátt barna og samskipti við þau. Með því móti geta þeir nýtt þekkingu sína til þess að styðja við nám barna í gegnum leik.

Vinsælustu ljóðabækurnar í leikskólanum

Helga Birgisdóttir, aðjúnkt, MVS HÍ

Í leikskólum landsins er unnið fjölbreytt og metnaðarfullt starf sem tengist bókmenntum á breiðum grundvelli; hvort sem um er að ræða sögur eða ljóð. Í fyrirlestrinum verður fjallað um niðurstöður rannsóknar á því hvaða ljóðabækur leikskólakennarar kjósa að lesa og vinna með í starfi sínu og hvaða ljóðabækur það eru sem börnin sjálf helst velja í skólanum. Tilgangurinn er sá að afla upplýsinga um bókakost leikskólanna, fjölda og tegund bóka sem nefndar eru og fá fram samanburð á vali kennara og nemenda. Rannsóknargögnin sem stuðst er við eru könnun sem gerð var á vormánuðum 2022 þar sem kennarar og nemendur voru meðal annars spurðir að því hvaða bók þau vildu helst lesa í skólanum eða væri lesin fyrir þau. Jafnframt voru tekin viðtöl við fimm leikskólakennara og fimm leikskólabörn um ástæður þeirra fyrir vali sínu. Alls voru 60 bókatitlar nefndir en allra vinsælasta bókin reyndist vera Vísnaabókin sígilda og langvinsælasti höfundurinn Þórarinn Eldjárn. Langflestar bækurnar sem nefndar voru samanstanda af hefðbundnum vísnum og kvæðum þar sem stuðlar, höfuðstafir og rím leika stór hlutverk. Niðurstöðurnar gefa til kynna að bókakostur leikskólanna skipti höfuðmáli þegar kemur að vali kennara á bókum og margir myndu kjósa fleiri bækur og nýrri en velji það „besta“ úr því sem til er. Þá er ljóst af viðtölunum, og greiningu gagna, að val kennara og hvernig þeir vinna með bækurnar hefur mikil áhrif á val barnanna sjálfra.

Óyrt tjáskipti tveggja ára barna: Samtalsgreining

Bryndís Gunnarsdóttir, doktorsnemi, MVS HÍ

Þessi rannsókn er hluti af doktorsverkefni höfundar í menntunarfræðum við Háskóla Íslands. Tilgangur rannsóknarinnar sem kynnt er hér er að skoða hvaða óyrtu tjáskiptaaðferðir tveggja ára börn nota helst til að hefja samskipti við félagasína. Rannsóknin er tilviksrannsókn sem fór fram á smábarnadeild í leikskóla á landsbyggðinni, gögnum var safnað með myndbandsupptökum á níu mánaða tímabili. Þátttakendur voru 19 börn en rannsóknin snýst um fjögur börn sem fylgt var eftir og tjáskipti þeirra við jafningja sína skrásett. Börnin fjögur voru 1,8 ára til 2,7 ára meðan á gagnaöflun stóð. Niðurstöður gefa til kynna að tveggja ára börn eru góð í að lesa í félagslegar aðstæður og þau geta breytt um stefnu, leiðrétt þær aðferðir sem þau nota og þannig komið af stað samskiptum. Þær tjáskiptaaðferðir sem þau nota mest til að hefja samskipti eru augnatillit og snerting en bros er einnig mikilvæg brú á milli þeirra. Niðurstöðurnar sýna einnig að þessi samskipti geta oft verið stutt en eru samt mikilvæg í sjálfu sér. Umhverfið í leikskólanum getur haft mikil áhrif á hvernig þessi samskipti ganga og hvaða tækifæri börnin hafa til að velja sér félagasína til að eiga í samskiptum við, og mikilvægt er að hafa það í huga þegar deildir fyrir yngstu börnin eru skipulagðar. Hlutverk kennarans er einnig

mikilvægt sem stuðningur við þessi samskipti og skiptir miklu máli að starfsfólk á yngstu deildunum þekki hvernig þessi tjáskipti líta út og hvernig hægt er að styðja við börnin.

Vinsælast í Vísnaabókinni

Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir, lektor, MVS HÍ

Árið 2021 fagnaði Vísnaabókin ástsæla 75 ára afmæli sínu og komin er út ný og vegleg útgáfa bókarinnar (2020), sú þrettánda frá árinu 1946 þegar bókin leit fyrst dagsins ljós. Bókin hefur orðið lífseig og selst í 500–1500 eintökum á ári. Ástæða er því til að rýna í innihald afmælisbarnsins og velta upp spurningum um efnisvalið, hlutverk bókarinnar, áhrif hennar og erindi við nútímabörn. Í erindinu verður sjónum fyrst og fremst beint að þeim hluta rannsóknarinnar sem varðar hvað af efni Vísnaabókarinnar er enn haldið að ungum börnum í öðrum útgefnum vísnaabókum fyrir börn, í vísnaabókum leikskóla, á rafrænum efnisveitum fyrir leikskóla og á vinsælum barnaplötum á Spotify. Niðurstöðurnar eru þær að af 153 titlum bókarinnar er um það bil 30–40 þeirra gegnumgangandi í því vísnaefni sem haldið er að börnum í framangreindum miðlum. Þar er fyrst og fremst um að ræða efni sem hægt er að syngja. Þessir titlar standa enn mjög sterkt í vísnaefni fyrir börn, þeim er enn haldið að þeim og eru þeim töm á tungu. Að því leyti eru áhrif Vísnaabókarinnar mikil. Enn fleiri ljóð bókarinnar, eða nærri helmingur, koma þar þó aldrei fyrir og vekur það óneitanlega spurningar um erindi bókarinnar í óbreyttri mynd. Ef til vill er því kominn tími til að gefa Vísnaabókina út fyrir snjalltæki þannig að börn geti flett henni sjálf, skoðað myndirnar og hlustað á upplestur, söng eða undirspil að eigin vali.

Mæður og feður

Fullkomin og frábær: Lýsingar mæðra á börnum sínum í opinberum viðtölum 1970-1979 samanborið við 2010-2019

Auður Magnús Auðardóttir, lektor, MVS HÍ

Í þessari rannsókn greini ég með hvaða hætti lýsingar mæðra á börnum sínum í opinberum viðtölum hafa breyst yfir 50 ára tímabil. Ég greindi 130 viðtöl við mæður í íslenskum fjölmiðlum, annars vegar á árunum 1970-1979 og hins vegar á árunum 2010-2019. Í greiningunni nota ég fræðilegan ramma ákafrar mæðrunar og hrifa í tengslum við nýfrjálshyggju. Einnig set ég niðurstöður greiningarinnar í samhengi við kenningar um andstyggilega bjartsýni (e. cruel optimism). Niðurstöður sýna að á fyrri tímabilinu (1970-1979) eru lýsingar á börnunum sjaldgæfar og stuttar. Börnum er þar lýst sem sjálfstæðum og jafnréttissinum sem endurspeglar opinbera orðræðu þessa tíma sem hverfðist mjög um þátttöku mæðra í atvinnulífinu og jafnrétti kynjanna. Á síðara tímabilinu (2010-2019) eru lýsingar á börnum algengari og nákvæmari. Börnum er þá lýst sem hæfileikaríkum, fullkomnum, hamingjusömum og andlega gefandi fyrir mæðurnar. Þessi mikli munur á lýsingum eftir tímabilum bendir til þess að tilfinningareglur nýfrjálshyggjunnar hafi núorðið áhrif á það með hvaða hætti mæður lýsa börnunum sínum opinberlega. Segja má að með lýsingum sínum á börnunum sem fullkomnum og hæfileikaríkum nái mæðurnar fram markmiðum nýfrjálshyggjunnar um samkeppnishæfni, fullkomnun og sýningu á jákvæðum tilfinningum fram yfir aðrar tilfinningar. Að auki er tilvist barnanna skilgreind sem persónuleg og andleg uppvakning fyrir mæðurnar sem vekur spurningar um með hvaða hætti við skiljum samband okkar við börn og hvaða áhrif nýfrjálshyggjan hefur á þann skilning.

Fósturbarn og hvað svo? Staða fyrrum fósturbarna á fullorðinsárum

Birgitta Rós Laxdal, félagsráðgjafi, Kvænnaathvarfið og Freydis Jóna Freysteinsdóttir, dósent, FVS HÍ

Þegar tekin hefur verið ákvörðun um að ráðstafa barni í fóstur fer af stað ferli sem hefur mikil áhrif á líf þess. Fósturbörn hafa oft en ekki þurft að alast upp við mikinn óstöðugleika, ofbeldi eða vanrækslu. Erlendar rannsóknir hafa sýnt að fyrrum fósturbörn standa höllum fæti þegar kemur að ýmsum þáttum á fullorðinsárum svo sem menntun, tekjum og geðheilsu. Markmiðið með þessari

rannsókn var að kanna stöðu fyrrum fósturbarna á Íslandi, auk þess að skoða hvernig þau upplifðu tímarn sem þau dvöldu í fóstri. Rannsóknin var megindleg og var sendur út rafrænn spurningalisti á 101 fyrrum fósturbarn sem höfðu lýst yfir áhuga á að fá að taka þátt í rannsókninni eftir að auglýst hafði verið eftir þátttakendum á Fésbók, og svöruðu 89 þeirra. Niðurstöðurnar sýndu að fyrrum fósturbörn eiga erfitt uppdráttar á fullorðinsárum eftir að fóstri lýkur. Meirihluti fyrrum fósturbarna var aðeins með grunnskólapróf og voru þau flest með langtum lægri tekjur en meðaltekjur í landinu. Þau höfðu langflest upplifað mikla geðræna og andlega erfiðleika og höfðu þau næstum öll annaðhvort upplifað sjálfsvígshugsanir eða gert tilraun til sjálfsvígs. Niðurstöðurnar sýna einnig að þau hefðu þurft á faglegri aðstoð að halda en flest þeirra voru að glíma við mikla erfiðleika en fengu engin boð um viðtöl til að hjálpa þeim að vinna úr sínum málum. Fósturbörn hafa oftast ekki stórt stuðningsnet í kringum sig og er því mikilvægt að þessi hópur tynist ekki og fái stuðning frá félagsráðgjöfum eða öðrum sem vinna með málefni þeirra.

„Allt í einu er bara kominn ... lítill einstaklingur ... og það snýst allt um hann“: Upplifun feðra af ábyrgð, þroska og breyttri lífssýn

Pála Margrét Gunnarsdóttir, aðjúnt, MVS HÍ, Hrund Þórarins Ingudóttir, lektor, MVS HÍ, Ingibjörg V. Kaldalóns, lektor, MVS HÍ

Lítið er um rannsóknir á áhrifum barneigna og barnauppeldis á þroska og lífssýn foreldra. Markmið þessarar rannsóknar var að öðlast aukinn skilning á því hvernig feður upplifa ábyrgð, þroska og breytta lífssýn við það að eignast og eiga börn. Fyrirbærafræðilegri nálgun var beitt, þar sem tekin voru opin viðtöl við níu feður. Þeir áttu tvö til þrjú börn, 13 ára eða yngri, og bjuggu allir með barnsmóður sinni. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að það að eignast og eiga börn hafði áhrif á þroska og lífssýn feðranna að þeirra mati. Líf feðranna breyttist mikið við að eignast barn, þá sérstaklega vegna þeirrar miklu ábyrgðar sem föðurhlutverkinu fylgdi. Þessi ábyrgð hvatti feðurna til að gera breytingar á eigin lífi í samræmi við það hvernig feður þeir vildu vera og til að hugsa betur um sjálfa sig. Feðurnir voru meðvitaðir um þann áhrifamátt sem þeir höfðu í lífi barna sinna og mikilvægi þess að vera góð fyrirmynd. Greinilegt var að börnin voru í fyrsta sæti í þeirra lífi, en í orðum feðranna mátti greina breyttar hugmyndir um lífið og hvað skipti þá máli. Daglega lífið með börnunum gaf feðrunum tækifæri til að bæta ýmislegt hjá sjálfum sér og hafði þannig áhrif á þeirra persónulega þroska. Feðurnir töluðu um að verða betri í hlutverki sínu með aukinni reynslu, þar sem þeir urðu afslappaðri, mildari, þolinmóðari og sveigjanlegri. Á heildina litið var föðurhlutverkið einstök upplifun sem hvatti feðurna til aukins þroska og breyttrar lífssýnar. Rannsóknin er mikilvægt framlag til rannsókna á upplifun feðra af hlutverki sínu.

Hvernig næ ég að vera fyrirmyndarforeldri og halda öllum boltum á lofti?

Ragný Þóra Guðjohnsen, lektor, MVS HÍ

Frá upphafi alda hafa bæði almenningur og spekingar af ýmsu tagi haft uppi margvíslegar hugmyndir um uppeldisaðferðir sem foreldrar eiga að styðjast við. Ekki gefst tími í þessu erindi til að reifa sögu uppeldis í fjölmennningarlegu samhengi, heldur verður sjónum beint að uppeldisaðferðum sem notaðar hafa verið hér á landi í áranna rás. Upp í hugann koma margs konar myndir og minningar sem sumar hverjar byggja á eigin reynslu eða sögusögnum frændgarðsins en aðrar byggja á lýsingum í bókum, blöðum, kvikmyndum eða þáttum í sjónvarpi og útvarpi. Ein myndin sem kemur upp í hugann er barnið í sveitasamfélaginu sem fékk frelsi en samhliða skýrt hlutverk á heimilinu þar sem verkefni eru mörg. Önnur mynd er borgarbarn sem elst upp á heimili þar sem móðirin er heimavinnandi ásamt flestöllum konum í hverfinu. Barnið nýtur frelsis og móðirin notar innsæið í uppeldinu ásamt fáum en skýrum reglum. Næstu myndir sem koma upp í hugann tengjast upplýsingaöldinni þegar mæður og síðar foreldrar leita sér ráða í tímaritum, bókum og síðar netmiðlum. Samhliða þeirri þróun byggist upp ofurtrúin á sérfræðingana sem geta „lagað“ barnið þitt. Tilgangur erindisins er í fyrsta lagi að reifa þessa sögu og á hvaða fræðilega grunni þessar hugmyndir byggja. Í öðru lagi verður sagan sett í

samhengi við hugmyndir og leit nútímans að töfralausn í uppeldi sem gerir nútímaforeldrum kleift að vera fyrirmyndarforeldrar en halda samhliða öllum boltum á lofti.

Næring og heilsa

Bragðlaukaþjálfun: Rannsókn á matvæðni barna með og án taugaþroskaraskana og fjölskyldum þeirra – Breytingar á hegðunarfunda barna í tengslum við máltíðir

Sigrún Þorsteinsdóttir, nýdoktor, MVS HÍ og Anna Sigríður Ólafsdóttir, prófessor, MVS HÍ

Börn með matvæðni eða annan fæðutengdan vanda geta sýnt erfiða hegðun í kringum máltíðir, verið pirruð, með móþróa og jafnvel tekið skapofsaköst. Hegðunarfundi barna í kringum máltíðir getur leitt til minni fjölbreytni í fæðuvali og þannig dregið úr næringargildi máltíðanna. Einnig er algengt að foreldrar upplifi streitu og áhyggjur vegna erfiðrar hegðunar barnanna, ekki síst þeirra sem eiga börn með taugaþroskaraskanir á borð við einhverfurófsröskun og ADHD en algengt er að börn með þessar raskanir séu matvandari en börn án þessara raskana. Nokkuð algengt er líka að foreldrar noti mat sem umbun til að stýra hegðun barna og reyni þannig að draga úr erfiðri hegðun. Samt sem áður er lítið af rannsóknum á hegðunarfunda barna í tengslum við máltíðir og hvaða aðferðum má beita til að draga úr vandanum. Til að rannsaka áhrif bragðlaukaþjálfunar á hegðunarfunda barna í tengslum við máltíðir tók 81 fjölskylda með börn með taugaþroskaröskun ($n = 33$), og án ($n = 48$), á aldrinum 8-12 ára, þátt í 7 vikna íhlutun. Börnin voru þöruð út frá taugaþroskaröskun, kyni og aldri og síðan slembiraðað í íhlutunarróp og seinkaðan íhlutunarróp sem gegndi hlutverki viðmiðunarróps. Niðurstöður sýndu að í íhlutunarróp dró úr hegðunarfunda í tengslum við máltíðir og foreldrar notuðu mat síður sem umbun. Einnig dró úr áhyggjum foreldra af takmarkaðri fæðufjölbreytni barna. Niðurstöður voru svipaðar óháð greiningum barnanna. Bragðlaukaþjálfun gefur góð fyrirheit sem einföld og mild langtímaleið til að draga úr hegðunarfunda barna í tengslum við máltíðir og áhyggjum foreldra á fæðufjölbreytni barna með og án taugaþroskaraskana.

Household food security and nutrition knowledge – examining barriers and enablers to food choice

Brittany Marie Repella, master student. Leiðbeinendur: Gréta Jakobsdóttir, lektor, MVS HÍ og Bryndís Eva Birgsdóttir, prófessor, HVS HÍ

Research from other countries, such as the US and Australia, have found food and nutrition knowledge (FNK) to help enable and empower individuals to make more affordable, healthier and safer choices within their food environments. This includes cooking skills, meal planning, recipe development and simple budgeting in addition to the understanding of basic nutrition concepts. Additionally, there is a strong importance for nutritional, health and cooking education to help achieve Sustainable Development Goals 1 and 2, ending poverty and hunger, and 3, good health and wellbeing, by 2030. The aim of the research was to collect data on a small group of adults residing in Iceland through the Food Gift Survey (FGS). Questions were asked about household food security status, nutritional intake and dietary and food choice behaviors. The results of this research broadly suggested an opportunity to address FNK for food insecure and secure individuals, particularly for the improvement of dietary intakes and adherence to the dietary guidelines, among others. Updates and improvements to the current food assistance landscape in Iceland was also shown to need improvement, which was revealed through open-ended responses from the respondents. Further, more in-depth research in Iceland is needed. Hands-on FNK education courses may be a solution for those experiencing household food insecurity. These courses can be used to connect individuals with appropriate resources to empower them to become self-sufficient and, for those utilizing food assistance, provide more support beyond food donations.

Fæðuöryggi í íslenskum háskólum

Gréta Jakobsdóttir, lektor, MVS HÍ, Brittany Marie Repella, meistaranemi, MVS HÍ og Bryndís Eva Birgisdóttir, prófessor, HVS HÍ

Fæðuöryggi er skilgreint sem ótryggur aðgangur að næringarríkum og öruggum mat, sem nálgast má á viðunandi máta. Einstaklingar lenda í því að matur klárast, ekki séu til nægir fjármunir til frekari kaupa ásamt tilheyrandi áhyggjum eða að láta sér nægja fæðu af verri gæðum. Að búa við fæðuöryggi í lengri eða skemmri tíma getur haft skaðleg áhrif á heilsuna og líðan, m.a. næringarskort, einbeitingarleysi, heilsubrest og vanlíðan. Rannsóknir sýna að grunnþekking á mat og næringu styrkir einstaklinga til að taka hagkvæmari, heilsusamlegri og öruggari ákvarðanir í eigin matarumhverfi. Tíðni fæðuöryggis hefur aukist á heimsvísu síðastliðin ár og með tilkomu heimsfaraldursins. Staða og tíðni fæðuöryggis meðal íslenskra háskólanema hefur ekki verið rannsökuð. Markmiðið var að meta tíðni fæðuöryggis meðal nemenda í íslenskum háskólum, ásamt því að kanna næringarþekkingu og fæðuval sem og hindranir og hvata. Rafrænn spurningalisti var útbúinn í Qualtrics og sendur nemendum í tölvupósti (janúar 2022). Fjöldi svara var 924. Fjöldi háskólanema sem flokkuðust með fæðuöryggi voru 13,3% (n=123). Flestir svarenda voru konur (74%), Íslendingar (75,4%) og búsettir á höfuðborgarsvæðinu (82,9%). Neysla á grænmeti, ávöxtum og kjöti var meiri meðal fæðuöruggra, en neysla á fiski, baunum, mjólkurvörum og heilkorni var áþekkt. Tíðni skipulagðra máltíða var mun hærri meðal fæðuöruggra. Þeir sem búa við fæðuöryggi hafa jafnframt mun minna stuðningsnet aðstandenda sem veitt geta aðstoð. Fyrstu niðurstöður benda til að tíðni fæðuöryggis meðal háskólanema sé umtalsverð. Rannsóknir hafa sýnt mikilvægi þess að auka næringarþekkingu meðal bæði fæðuöruggra og fæðuörugga einstaklinga, en niðurstöður þessarar rannsóknar benda til ólíkrar neyslu meðal hópanna.

Bragðlaukaþjálfun: Fæðumiðuð íhlutun í leikskólum með þátttöku leikskólastarfsfólks og foreldra

Berglind Lilja Guðlaugsdóttir, doktorsnemi, MVS HÍ og Anna Sigríður Ólafsdóttir, prófessor, MVS HÍ

Matvendi hjá börnum er algeng og yfirleitt í hámarki á leikskólaaldri (2-6 ára). Oft einskorðast fæðuvalið við fáar eða einhæfar fæðutegundir og skortir fjölbreytileika, ekki hvað síst er varðar fjölda tegunda og magn af grænmeti og ávöxtum. Fyrir utan að hafa áhrif á mataræði barna getur matvendi jafnframt valdið streitu og kvíða foreldra og barna í kringum matmálstíma. Foreldra skortir oft úrræði þegar kemur að matvendi barna þeirra en mataruppeldið einskorðast þó ekki við heimilin heldur einnig leikskólann. Bragðlaukaþjálfun er aðferð þar sem börn eru markvisst þjálfuð í að upplifa mat með öllum skynfærum sínum en margt bendir til þess að draga megi úr matvendi með aðferðum bragðlaukaþjálfunar eins og nýleg íslensk rannsókn á grunnskólabörnum sýndi. Ný rannsókn sem fer fram í leikskólum er í undirbúningi þar sem leitast verður við að nota bragðlaukaþjálfun sem fæðuáhlutun frá upphafi leikskólagerð barna á öðru aldursári, sem er áður en hápunktur matvendi kemur yfirleitt fram. Leitast verður við að skoða áhrif bragðlaukaþjálfunar á fæðuval, þróun matvendi og vaxtaferla (e. growth curves) ásamt umhverfi í kringum matmálstíma á heimilum og í leikskólum. Bragðlaukaþjálfun verður hluti af daglegu skólastarfi og styður við heilsueflandi umhverfi leikskólanna en nálgunin sem verður notuð til að flétta efninu inn í daglegt starf leikskólanna mun verða samhönnuð (e. co-created) með starfsfólki leikskólanna. Fjölskyldur barnanna verða einnig virkjaðar til þátttöku enda eru þær mikilvægur þáttur þegar kemur að breyttri fæðuhegðun barna. Rannsókn sem þessi skapar nýja þekkingu og úrræðið getur gagnast breiðum hópi í samfélaginu en sambærilegar langsniðsrannsóknir hafa ekki verið gerðar.

Sköpun, kennsla og stuðningur

Family musicking as a tool for fostering the identity of immigrant families with young children in Iceland

Adam Switala, PhD student, School of Education UI and Helga Rut Guðmundsdóttir, professor, School of Education UI

The purpose of this research project is to build on a popular method for family music classes developed in Iceland and adapt it to the language, culture, and traditional music of the Polish and Ukrainian immigrant populations. Further, the aim is to broaden the current state of knowledge of social integration and well-being of immigrant families. A Polish language version of the method was launched in the fall of 2019 and the Ukrainian version will be led by native Ukrainian-speaking teachers. This approach will be described in further detail. The study uses mixed methods including questionnaires and semi-structured parent interviews analysed using reflexive thematic analysis. The respondents emphasized the importance of attending events in the native language with their children for cultivating culture and traditions of their home country, albeit no correlation was found between their previous participation in cultural events in Iceland and Icelandic language proficiency. The opportunity to establish new and cultivate existing friendships, and the opportunity to foster social skills of the children, were brought up as the main benefits from the program. The Polish participants observed a link between the classes and the children's daily use of their native language, as well as ability to memorise Polish traditional songs and rhymes. The participating families continued to use the Tónagull activities in their daily routine during the covid-period when in-person classes could not be held and perceived them as useful tools for parenting. Discussions will include the difference between language-specific music methods versus non-language specific methods.

The Concept of the Faroese in Music Education - Negotiating Identity and Notions of Tradition

Knút Háberg Eysturstein, doktorsnemi, Fróðskaparsetur Føroya/University of the Faroe Islands

This is an introductory presentation and reflection on the PhD project which will be undertaken by Knút Háberg Eysturstein at University of the Faroe Islands starting in September 2022. The project's main objective is to examine how notions of tradition are negotiated in curriculums in a music educational context. In order to do this the project must both discuss the concept of the Faroese as it pertains to music, i.e., the role of notions of tradition and identity, and uncover how music education is practiced in the Faroes educational system. Therefore, this project will be done as a two-part study. First, a theoretical part will construct the conceptual map of the project including key terms, concepts and theory which will be further outlined in a literature review. Second, an interview part where the project leader will conduct qualitative in-depth interviews both individually and in focus groups with teachers and musicians selected across age and gender groups on the issues of negotiation between traditional music and contemporary approaches to music education and practice. The interviewees' answers will then be subjected to theoretical analysis, interpretation and reflection based on the conceptual map put forth in the first part of the project. These questions and matters will furthermore be discussed, analyzed and put to the test through lectures, seminars and workshops at the University of the Faroe Islands and at relevant institutions abroad.

„Mér finnst miklu skemmtilegra að nota ímyndunarflið. Þá er maður frjálst“ Austur-Vestur verkefnið á þriðja ári.

Svanborg R. Jónsdóttir, prófessor, MVS HÍ, Skúlína Kjartansdóttir, aðjúnkt, MVS HÍ, Svala Jónsdóttir lektor, MVS HÍ og Torfi Hjartarson, lektor, MVS HÍ

Þriggja ára þróunarverkefnið Austur-Vestur - Sköpunar- og tæknismiðjur í Ingunnarskóla, Vesturbæjarskóla og Selásskóla hófst vorið 2019. Tilgangur verkefnisins er að bregðast við ákalli skólasamfélagsins um námsumhverfi sem eflir atbeina nemenda og stuðlar að aukinni færni þeirra til nýsköpunar. Leitast er við að þróa kennsluhætti í takt við nýja tíma, ýta undir fjölbreytni, nýta upplýsingatækni, auka samþættingu námsgreina og tengja viðfangsefni við daglegt líf til að vekja áhuga og efla fjölbreytta færni. Rannsakendur frá rannsóknarstofunum RASK og RANNUM á Menntavísindasviði HÍ hafa sinnt ráðgjöf við skólana og hafa safnað gögnum um þróunarstarfið öll þrjú árin og nýtt niðurstöður til ráðgjafar. Í mars og apríl 2022 voru skólarnir heimsóttir, tekin rýnihópaviðtöl við kennarateymi og nemendahópa. Í þessu erindi verður greint frá niðurstöðum úr greiningu gagnanna sem safnað var í vor. Fyrstu niðurstöður sýna að nemendur kannast við

sköpunarsmiðjur og finnst gaman að verkefnum sem kennarar velja. Þeim gefast tækifæri til að útfæra verkefni eftir eigin höfði og nota ímyndunaraflíð. Áhugi kennara á sköpunarsmiðjum er mismikill en afstaða flestra kennara til þróunarstarfsins jákvæð. Við alla þátttökuskóla og á öllum aldurstigum eru hópar eða teymi kennara sem sýna verkefninu mikinn áhuga, hafa lagt sig fram um að tileinka sér tækni, þróa kennsluhugmyndir sem kenna má við sköpunarsmiðjur og leggja fyrir nemendur verkefni sem reyna á sköpun með hjálp tækni. Lýst er áhuga á að dýpka smiðjuverkefni og ýta á markvissari hátt undir lausnaleit og ígrundaða sköpun. Höfundar álykta að mikilvægt sé að viðhalda þeim góða árangri sem hefur náðst þó verkefninu sé lokið.

Stjórnun á mismunandi skólastigum

„Þetta er bara djúpa laugin“: Reynsla leikskólakennara af upphafi deildarstjóraferilsins

Ester Jóhanna Sigurðardóttir, leikskólakennari, Leikskólinn Sólhvörf

Markmið rannsóknarinnar var að kanna reynslu leikskólakennara af því að hefja störf sem deildarstjórar. Tekin voru viðtöl við átta leikskólakennara sem höfðu starfað sem deildarstjórar í eitt til þrjú ár. Stuðst var við hálf-opinn viðtalsramma en í samtölunum var leitast við að skoða upplifun deildarstjóranna af upphafi deildarstjóraferilsins, undirbúningi fyrir starfið og áskorunum sem mættu þeim. Leitast var við að fá fram sjónarhorn deildarstjóranna á lærdómsferlið sem þeir fóru í gegnum á fyrstu tímabilum í starfinu. Margir leikskólakennarar upplifa takmarkaðan undirbúning fyrir deildarstjórahlutverkið í námi sínu en fjölbreytt reynsla nýtist þeim í starfinu. Stuðningur við deildarstjóra getur komið frá ólíkum aðilum en mikilvægt er að þeir fái tækifæri til að ígrunda starf sitt með öðrum. Deildarstjórnarnir sem rætt var við sögðu starfsmannamál helstu áskorun sína í starfinu og töldu reynslu mikilvæga til að takast á við slík mál. Þeir töldu sig hljóta mikilvægan undirbúning fyrir deildarstjórastarfið bæði í námi sínu og af reynslunni en fannst erfiðast að takast á við aðstæður í fyrsta skipti. Mikilvægur undirbúningur fólst í því að starfa við hlið annars deildarstjóra og læra af reynslu annarra. Deildarstjórnarnir leituðu eftir stuðningi, meðal annars frá leikskólalærdómshópum og öðrum deildarstjórum. Nokkrir töldu þó um að þörf væri á samræðuvettvangi fyrir deildarstjóra í ólíkum skólum þar sem þeir gætu deilt reynslu sinni og stutt við hver annan. Þrátt fyrir að deildarstjórnarnir hafi lítið rætt um lærdómssamfélag var ljóst að þeir lögðu áherslu á einkenni lærdómssamfélags í starfi sínu og fannst mikilvægt að stjórnendur vinni að uppbyggingu lærdómssamfélags.

Samskipti í grunnskólum – Reynsla stjórnenda og kennara

Sædís Guðmundsdóttir, ráðgjafi og Sigrún Gunnarsdóttir, prófessor, FVS HÍ

Starfsfólk grunnskóla gegnir mikilvægu hlutverki við að þjálfa með börnum og ungmönnum jákvæð og heilbrigð samskipti og vera þeim góðar fyrirmyndir. Uppeldis- og menntunarfræðingur og skólameistari bendir einmitt á í nýlegri blaðagrein að ef heilsa og hamingja og góð samskipti eru meðal þátta sem er flestra ósk og takmark í lífinu – því hefur þá ekki verið meiri áhersla á þá þætti í skólum? Markmið þessarar rannsóknar var að fá innsýn í reynslu stjórnenda og kennara af samskiptum í grunnskólum og skoða hvort áherslurnar endurspegli hugmyndafræði þjónandi forystu. Rannsóknin var eigindleg og viðtöl tekin við níu stjórnendur og kennara í grunnskólum víðs vegar um landið. Niðurstöður lýsa samskiptum miðað við áherslur sem snúa að stjórnendum, kennurum og nemendum og tengjast hlustun, dreifðri forystu, samvinnu, virkri þátttöku, tengslum og vera góðar fyrirmyndir til að sýna nemendum virðingu, byggja upp jákvæða sjálfsmynd og auka trú þeirra á eigin getu. Vísbendingar eru um að áherslurnar sem komu fram endurspegli þjónandi forystu og má þar helst nefna einlæga hlustun, traust, virðingu, opin og heiðarleg samskipti og gildi teymisvinnu. Einnig kom fram sérstakt gildi samskipta til að nemendur hefðu sem veganesti við lok grunnskólagöngu jákvæða sjálfsmynd, virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum sem og samskiptahæfni sem gæti jafnvel vegið þyngra en annað námsefni eins og einn viðmælandi lýsti: „... kennimyndir sagna eða þjálfa seiglu, eða þú veist sjálfsmynd ...“. Niðurstöður benda til þess að mikilvægt sé að efla góð samskipti í

grunnskólum og þar gæti hugmyndafræði þjónandi forystu nýst til að styrkja uppbyggileg samskipti stjórnenda, kennara og nemenda.

Þjónandi forysta í grunnskólum – úr íslenskum og enskum raunveruleika

Magnús Þór Jónsson, meistaranemi, Kennarasamband Íslands. Leiðbeinandi: Sigrún Gunnarsdóttir, prófessor, FVS HÍ

Tilgangur rannsóknarinnar var að varpa ljósi á gildi forystu fyrir árangur og farsæld skóla með því að greina stöðu þjónandi forystu í grunnskólum sem hafa verið farsælir í ytra mati í sínu heimalandi, Naustaskóli á Akureyri og Ardleigh Green í Romford. Gerð var meginleg spurningalistakönnun meðal starfsmanna skólanna tveggja, sem höfðu ekki unnið meðvitað með þjónandi forystu. Vægi þjónandi forystu í starfi skólanna var metið út frá OLA matstæki Jim Laub sem nær til mats þátttakenda á forystu á ýmsum stigum starfsins. Auk þess var starfsánægja könnuð og þátttakendur lögðu mat á gæði skólastarfs og tengsl skóla við nærsamfélagið. Þá voru tengsl þjónandi forystu og starfsánægju metin. Niðurstöðurnar sýna að í báðum skólum voru skýr merki um hugmyndafræði þjónandi forystu, þó sterkari í enska skólanum. Sterk jákvæð fylgni kom fram milli stöðu þjónandi forystu og starfsánægju sem er í takt við niðurstöður fyrri rannsókna um slík tengsl. Niðurstöðurnar gefa vísbendingar um að farsælt skólastarf ber merki þjónandi forystu og að starfsánægja helst í hendur við hugmyndafræði þjónandi forystu. Starfsánægja á ríkan þátt í farsæld starfa, þ.á m. í skólastarfi eins og rannsóknir sýna og því vert að horfa til þess að auka vægi hugmyndafræði þjónandi forystu í skólastarfi. Aðferðafræði OLA-matstækisins gæti nýst við mat á skólastarfi hér á landi enda felur matstækið í sér þætti sem samrýmast þáttum í matsaðferðum sem bundnar eru í íslensk grunnskólalög, innra mati sem unnið er af hverjum skóla og ytra mati á vegum ráðuneytisins.

Reynsla stjórnenda og gæðastjóra í framhaldsskólum af innleiðingu og notkun gæðakerfis

Anna Jóna Kristjánsdóttir, forstöðumaður Háskólagáttar og Endurmenntunar, Háskólinn á Bifröst og Börkur Hansen, prófessor, MVS HÍ

Gæðastjórnun er hugmyndafræði sem nýtt hefur verið í stjórnun fyrirtækja og stofnana. Færð hafa verið rök fyrir gagnsemi gæðastjórnunar í skólastarfi bæði á hugmyndafræðilegum og hagnýtum forsendum. Nokkrir íslenskir framhaldsskólar eru að feta þann veg að innleiða gæðastjórnunarkerfi til að styðja við stjórnun skólans. Þetta erindi byggist á rannsókn í fjórum framhaldsskólum þar sem gagna er aflað frá stjórnendum sem eru á þeirri vegferð. Í erindinu er dregin fram reynsla þeirra og lærdómur af ferlinu. Tveir skólanna hafa þegar skilgreint og innleitt verklag um nám og kennslu í gæðahandbók og tveir vinna að gerð og innleiðingu gæðahandbókar. Allir skólarnir nýta „verkfæri“ gæðastjórnunar fyrir sína starfsemi. Helstu áskoranir sem viðmælendur nefndu voru að vinna þessu tengd væri mikil og tímafrek og það væri flókið að laða fram skilning starfsfólks á gæðastjórnun og að fá það með sér í lið. Það sem helst hefur stutt við árangur við innleiðsluna er að þeir sem leiða hana séu framsæknir, leiti aðstoðar og afli sér þekkingar, hafi gott teymi í kringum sig, og eigi í virku samtali um gæðastjórnun við starfsfólk. Öllum stjórnendum sem rætt var við fannst vera ávinningur af notkun á gæðakerfi. Helstu atriði sem þeir tóku fram var að verklag væri skýrt og leiðbeinandi, samræmi væri í því sem gert væri við úrlausnir mála, þekkingin varðveitist innan skólanna, verklagið stuðlaði að umbótum og skólaþróun, sem og eflingu faglegra vinnubragða.

Hringborðsumræður

Hringborðsumræða um stöðu náttúruvísindamenntunar í almenna skólakerfinu

Stefán Bergmann, fyrrverandi dósent við MVS HÍ, Haukur Arason, dósent, MVS HÍ og Meyvant Þórólfsson, prófessor emeritus, MVS HÍ

Námskráfræði snúast meðal annars um eftirfarandi spurningar:

1. Hvað á að læra og kenna í skólum?
2. Hvers vegna?
3. Hvernig?
4. Hvernig á að meta árangurinn?

Flestir eru án efa sammála um að „náttúruvísindi“ eða „náttúrufræði“ hljóti að felast í svarinu við fyrstu spurningunni, auk ýmissa annarra mikilvægra námssviða almenna skólakerfisins. Hins vegar má vænta að samhljómurinn reynist ekki eins sterkur þegar spurt er hvað á að kenna í náttúruvísindum, hvers vegna og hvernig. Og ekki síður þegar spurt er hvað á að leggja til mats á því sviði og hvernig. Þessi álitamál verða rædd við hringborðið í október með hliðsjón af íslenskum aðalnámskrám frá mismunandi tímum.

Hringborð náttúrunnar - um menntun og meðferð

Jakob Frímann Þorsteinsson, aðjúkt, MVS HÍ, Hervör Alma Árnadóttir, doktorsnemi, MVS HÍ, Jón Ásgeir Kalmansson, aðjúkt, MVS HÍ, Hrafnhildur Sigurðardóttir, kennari, Sjálandsskóli, Ólafur Oddsson og Ingibjörg Valgeirsdóttir, Saga Story House

Litið er á viðfangsefnið frá ólíkum sjónarhornum og spurningum varpað fram varðandi hlutdeild náttúrunnar í menntun. Ljósi verður varpað á niðurstöður rannsókna um gildi náttúrunnar í lífi og starfi og reynslu af útmenntun í háskóla. Í samræðunni verður leitast við að koma inn á hugmyndir að baki þess að virkja náttúruna í menntun og um áherslur fagfólks á vettvangi og innan Háskóla Íslands á „græna, hvíta og bláa“ þætti í menntun á háskólastigi. Velt verður upp spurningum sem tengjast því hvernig við notum uppeldislega nálgun í náttúrulegri kennslu við að ferðast um, með og í náttúrunni. Einnig rætt hvernig hægt sé að vinna með fjölbreytta hópa í náttúrunni með þverfaglegri nálgun. Markmiðið með hringborðsumræðunum er að leita saman, í gegnum stuttar hugvekjur og samtal, að færum leiðum til gera nám í háskóla náttúrulegra. Þátttakendur í hringborðinu er starfsfólk frá HÍ og fagfólk á vettvangi sem tengir náttúru við starf sitt.

Veggspjöld

Preschool children's assessment of participating in a case study

Anna Elísa Hreiðarsdóttir, lektor, HA

The poster presents research concerning preschool children's assessment of participating in a study where a temporary makerspace was set up in their preschool. After each workshop, the children filled out an evaluation form, first alone using emojis and then with their teacher, who wrote down comments. The poster shows the results of analyses of the data from the focus group and the evaluation forms from the children. The researcher's field notes were used to give a fuller account of the data. Ten weeks after the workshops, the children participated in a focus group interview where they discussed their experiences. The focus group interview with the children support materials, such as photos to revisit the children's time in the makerspace, was used. The main findings indicate that children are both able and have something to say about their experiences during the workshops and research. The children considered activities they had the most control over as most important and fun. The focus group interview showed that the children were both interested and had a lot of opinions about the project. They discussed, reflected, and made critical comments about their experiences. What stands out as learning is that children are able participants in research, but at the same time, the researchers must be careful in their roles and not overstep the children's boundaries. How the children used and understood the emoji triggered a lot of questions. Children's comments and explanations made the researchers aware that the children used the emoji in a complicated way.

„Næst því að missa móður sína sé fátt hollara úngum börnum en að missa föður sinn“: Staða barna sem hafa misst mæður sínar af völdum ofbeldis í nánu sambandi

Freydís Jóna Freysteinsdóttir, dósent, FVS HÍ

Markmiðið með þessari rannsókn var að rannsaka tiltekinn hluta kvenmorða (e. femicide) sem hafa verið framin á Íslandi. Í þessum málum höfðu mæður barna verið beittar ofbeldi sem leiddi til dauða þeirra. Verknaðinn framdi aðili sem þær höfðu verið í nánu sambandi við. Tilgangurinn var að öðlast þekkingu á því hvað einkennir slík mál með það fyrir augum að reyna að fyrirbyggja þau í framtíðinni. Könnuð voru slík mál á 35 ára tímabili hér á landi. Aðferðin var bæði meginleg og eigindleg og fól í sér innihaldsgreiningu dóma og fréttamiðla. Niðurstöður sýndu að átta mæður sem áttu samtals 14 börn tvítug eða yngri voru myrtar hér á landi á þessu tímabili. Verknaðaraðferðin virðist hafa verið tengd félagslegu umhverfi morðanna. Í tæplega helmingi tilfella voru barn eða börn viðstödd þegar móðir þeirra var myrt og urðu því vitni að verknaðinum með einhverjum hætti. Þegar um föður barnanna var að ræða fór hann í fangelsi eða var vistaður á geðdeild í kjölfar verknaðarins en í einu tilfalli svipti faðirinn sig lífi í kjölfar verknaðarins. Því má segja að flest börnin hafi misst báða foreldra sína þegar þetta gerðist. Þar sem um gríðarleg áföll er að ræða fyrir börnin og aðra aðstandendur er mikilvægt að fagfólk í félagslega geiranum og heilbrigðisgeiranum skimi fyrir ofbeldi. Jafnframt er mikilvægt að það þekki einkenni og aðdraganda slíkra atburða svo fremur sé hægt að koma í veg fyrir þá.